

Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970

Guðrún Harðardóttir



3

Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970

Guðrún Harðardóttir



Unnið með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og Vísindasjóði Rannís.
Ritstjóri: Inga Lára Baldvinsdóttir.

Ljósmynd á forsiðu: Morning milk, eftir Ralph Hannam. *Í eigu höfundar.*

- © Texti: Þjóðminjasafn Íslands/Guðrún Harðardóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Ívar Brynjólfsson og viðmælendur.
- © Myndir: Þjóðminjasafn Íslands/höfundar mynda og handhafar höfundaréttar.

Reykjavík 1999

Öll réttindi áskilin.

ISBN 9979-9005-8-x

ISSN 1560-8050

Prentun og umbrot: Steindórsprent - Gutenberg

Efnisyfirlit

I. Ágrip af sögu ljósmyndunar á Íslandi 1950-1970	5
Inngangur	5
Dreifing ljósmyndastofa á tímabilinu	5
Starfsemi atvinnuljósmyndara	6
Í átt til sérhæfingar	6
Verkaskipting á ljósmyndastofum	8
Tæknimál	8
Ljósmyndanáám	11
Starfsemi Ljósmyndarafélags Íslands	12
Starfsemi áhugamanna	15
Félag áhugaljósmyndara (Ljósmyndafélag Reykjavíkur)	15
Smáklúbbar áhugaljósmyndara	16
Sýningahald	19
Atvinnumenn	19
Áhugamenn	24
Að lokum	29
II. Viðtöl við ljósmyndara	31
Inngangur	31
Sævar Halldórsson	33
Jóhanna Sigurjónsdóttir	43
Hjálmar R. Bárðarson	51
Guðni Þórðarson	64
Rafn Hafnfjörð	72
Donald Ingólfsson	85
Leifur Þorsteinsson	98
III. Skrá yfir ljósmyndastofur sem starfræktar voru á árunum 1950-1970	115

I

Ágrip af sögu ljósmyndunar á Íslandi 1950-1970

Inngangur

Upplýsingum um þetta tímabil í ljósmyndasögu Íslands hefur ekki áður verið safnað saman í eina heild, en það var fyrir tilstilli Nýsköpunarsjóðs námsmanna að það verkefni var gert kleift, fyrir frumkvæði Ingu Láru Baldvinsdóttur, deildarstjóra myndadeildar Þjóðminjasafns.

Grein þessi er byggð á viðtölum við núlifandi ljósmyndara, sem störfuðu á tímabilinu og heimildum í dagblöðum frá þessum árum. Auk þessa var efni unnið upp úr fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, sýningarskrám ljósmyndasýninga og blaðaumsögnum um þær.

Rétt er að gera grein fyrir vali á heimildamönnum áður en lengra er haldið. Óvinnandi hefði verið að ræða við alla þá sem störfuðu innan tímabilsins, að svo búnu, enda eru margir þeirra nú látnir og vegna þess hve heildarmyndin er í rauninni smá, var ekki heldur hægt að notast við slembiúrtak. Það varð því úr að velja heimildamenn þannig að hægt væri að fá innsýn í störf þeirra sjálfra og einnig meistaranna sem þeir lærðu hjá. Einnig voru heimildamenn valdir með tilliti til þeirrar togstreitu sem ríkti milli atvinnumanna og áhugamanna á tímabilinu. Með þeim hætti var reynt að ná fram þverskurði af faginu á þessum tíma, bæði starfsemi atvinnumanna og áhugamanna.¹ Þetta er þannig fyrsti vísir að ljósmyndasögu þessa tímabils og verður vonandi hvati til frekari rannsókna á þessu efni.

¹ Rætt var við Donald Ingólfsson sem lærði hjá Sigurði Guðmundssyni, Guðna Þórðarson sem lærði í Bandaríkjunum, Hjálmar R. Bárðarson áhugaljósmyndara, Jóhönnu Sigurjónsdóttur sem lærði í Bandaríkjunum og hjá Ingibjörgu Sigurðardóttur, Leif Þorsteinsson sem lærði í Danmörku, Rafn Hafnfjörð áhugaljósmyndara og Sævar Halldórsson sem lærði hjá Jóni Kaldal.

Dreifing ljósmyndastofa á tímabilinu

Árið 1950 voru, eins og vænta má, flestar ljósmyndastofur atvinnumanna starfandi í Reykjavík, eða um 15 talsins. Nokkrar þeirra voru þá nýlega stofnsettar eins og t.d. Asis sem stofnuð var 1947 en aðrar rötgrónar eins og Ljósmyndastofur Sigurðar Guðmundssonar, stofnuð 1927 og Vigfúsar Sigurgeirssonar, stofnuð 1936. Starfstími hinna ýmsu stofa var ærið mismunandi, sumar voru einungis starfræktar í fáein ár eins og Ljósmyndastofan Erna og Eiríkur, í kringum 1950, en aðrar eru enn við lýði eins og Ljósmyndastofa Vigfúsar Sigurgeirssonar sem nú er rekin af Gunnari Geir Vigfússyni. Aldur margra stofanna endurspeglar hins vegar starfsævilengd þeirra sem stofnuðu þær. Dæmi um nýjar stofur á tímabilinu eru ljósmyndastofur Guðmundar A. Erlendssonar og Gests Einarssonar sem báðar nutu mikilla vinsælda. Dæmi um stofur sem hurfu af vettvangi, raunar allar í upphafi þessa tímabils, eru Ljósmyndastofur Carls Ólafssonar, Ólafs Magnússonar og Sigríðar Zoëga.²

Á Akureyri voru 5 ljósmyndastofur starfræktar á tímabilinu, tvær á Ísafirði, og á Siglufirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Hafnarfirði, Akranesi og Vestmannaeyjum var ein stofa í hverjum bæ. Þegar á heildina er litið kemur ekki beinlínis fram neitt mynstur annað en það sem hér var nefnt að lífaldur ljósmyndastofa fari oft saman við starfsaldur þeirra sem stofnuðu þær. Almenn fjölgaði ljósmyndastofum á öllu landinu á tímabilinu og nokkuð var um það að stofum væri komið upp í bæjum þar sem ekki voru neinar fyrir á þeim tíma, t.d. á Selfossi og í Keflavík.

² Upplýsingar frá Ingu Láru Baldvinsdóttur.



Ljósmyndarar að störfum í Alþingisgarðinum í Reykjavík 17. júní 1957. Talið frá vinstri: Pétur Thomsen, 2 óþekktir, Guðmundur L. Hannesson, Oddur Ólafsson (krjúpandi), Ólafur K. Magnússon, Hannes Pálsson og Kristján Magnússon. Fjallkonan er Bryndís Pétursdóttir leikkona.
Ljós. Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar. Safn SG, Þjms.

Starfsemi atvinnuljósmyndara

Í átt til sérhæfingar

Í upphafi þess tímabils sem hér um ræðir var starfsemi atvinnuljósmyndara nokkuð einsleit. Langmest var um mannamyndatökur á stofum og má segja að flestir hafi þeir haft atvinnu sína af slíku en frekari sérhæfingar gætti lítið sem ekkert. Ljósmyndarar urðu stundum að vera eins konar þúsundþjalasmiðir og gátu t.d. þurft að taka myndir fyrir auglýsendur eða iðnrekendur og bjargað sér í gegnum hvaðeina sem upp á kom.³ Dæmi eru um að stofuljósmyndarar hafi tekið myndir fyrir dagblöð, t.d. Sigurður Guðmundsson, og töluvert var um það að ljósmyndarar mynduðu fyrir leikhúsin og einnig í heimahúsum. Nokkrir ljósmyndarar störfuðu aðallega við myndatökur fyrir ákveðnar stofnanir og er í því sambandi helst að nefna Sigurhans Vigni sem myndaði fyrir Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Auk stofuvinnu sinnar tók Vigfús Sigurgeirsson allar

myndir fyrir forsetaembættið frá stofnun þess. Þá tók Pétur Thomsen myndir fyrir stjórnarráðið.⁴

Þrátt fyrir þennan fjölbreytileika í störfum stofuljósmyndara voru nokkur dæmi þess að ljósmyndarar sérhæfðu sig alfarið í portrettmyndum og ber þar hæst nafn Jóns Kaldals. Auk hans voru það Loftur Guðmundsson, Jón K. Sæmundsson og Ingibjörg Sigurðardóttir; Jóhanna Sigurjónsdóttir og Hanna Brynjólfsdóttir á Ljósmyndastofunni Asis⁵ og fleiri sem einbeittu sér að þessari gerð mynda.

Einkenni listrænna ljósmynda Kaldals er, eins og margir þekkja, hin sérstæða og í raun litla lýsing þeirra sem þó dregur svo skýrt fram þá persónu sem situr fyrir. Á Asis var ljósinnu aftur á móti beitt á annan hátt. Þar var notast við aðferð sem Jóhanna Sigurjónsdóttir, annar stofnenda stofunnar, hafði lært í ljósmyndanámi í Bandaríkjunum áður en hún tók til við sveinsnám í iðninni hér heima. Sú aðferð fólst í því að hver persóna var sérstaklega lýst upp með færanlegum

³ Viðtal við Sævar Halldórsson, 42.

⁴ Skv. uppl. frá Ingu Láru Baldvinsdóttur og Halldóri J. Jónssyni.

⁵ Viðtal við Jóhönnu Sigurjónsdóttur, 46.



Hinar glæsilega byggingur Mjólkursamskiptunar í Reykjavík. Myndin er tekin úr flugvell.

Nýja mjólkurstöðin í Reykjavík

Merkilegur árangur af samvinnu sunnlezkra bænda

Eftir GUÐNA ÞÓRÐARSON

MEÐ byggingu hinna nýju mjólkurstöðvar í Reykjavík er að merkilegum áfanga í mjólkurmáttum sunnlezkra bænda og raunar mjólkurmáttum í heild. Nú þegar hún nýja stöð er komin í notkun og farin að gegna þjónustuhlutverki sínu, hafa samtök bændanna unnið endanlegan



Fulltrúi gamla tímanns: Eini heitugættinn, sem nú flytur mjólk til samskiptunar.

sigur og sýni það, að miðturu samtakanna er það eina, sem að gagni getur komið þegar um alskiljar þag heillar stéttar er að ræða.

Á þeim tíma, sem margir aðilar höfðu með höndum sínu mjólkur, hver í samkeppni við annan, svo að stundum voru þeir mjólkurbóndar í sama húsinu, voru margir, sem vildu ekki trúa á gildi samvinnunnar í mjólkurmáttum og börðust óttleglega gegn hinum nýja samtökum bænda á Suðurlandi. En samvinnubyggjónin hefur þarna unnið einn af sínum glæsilegustu sigrum hér á landi og sannað það, að án samtakanna komast menn ekki nema skammt, þó að einbeittur einstaklingavilji sé líka nauðsyn fyrir hverri þjóðfélagi.

En nú hafa menn viðurkennt þann sigur, sem samvinnan í mjólkurmáttum

um hefur unnið, og á degi hverjum streyma um fjórtíu þúsund mjólkurlitrar til fimmátta og fjögur þúsund Reykjavíinga, um fullkomnu mjólk-



Mjólkurbílar við Mjólkurstöðina.

urstöðina á Norðurlöndum, sem bendur á Suðurlandi reistu við Laugaveginn í Reykjavík.

Ínni í þessum risavöxnu byggingum rennur mjólkinn svo að segja allan sólarhringinn um margbottar vélar og keldikerfi, en hvítkeiddir menn og




Frá rannsóknarstofunni.

konur vinna stöf sín við vélarnar. Og sögur en almenningur vaknar í höfðborginni, eru margir bílar með háa stalla af hvítum mjólkurtúlkum farnir út um heiminn til að færa reykviskum búnaðnum mjólk frá sunnlezkum bændum austanþjáls og vestan.



Húskupottur, Flúskur og flúskubútur koma á feribrotum frá posttaubunum.



Flúskurnar eru fylltar í vélum, sem svo loka þeim. Þær eru síðan fluttar á feribrotum inn í heilgymillana.

En hvað er það, sem gerir þá í þessu ævintýrarkí mjólkurinnar? Því skal nú stuttlega lýst.

ÖLL mjólk, sem kemur til mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, er gerilseydd. Á öllum tímum dagsins, og þó mest á morgnana, má sjá risastórar hlífðar með einleimistöfum utan af landi á tínu vöð aðhafnasvæði mjólkurstöðvarinnar. Þetta eru bílar,



Í heilgymillinu, flúskumillinni ekkir átt á hlösum.

mjólkina úr Borgarfirði. Hún er flutt á tankbilum, en úr nærveitum Reykjavíkur er flutt á brúsum frá bæjrunum.

Auk þess koma bendurnir frá næstu bæjum, ef svo mætti segja, með mjólkina, hver á sínu farartæki, nokkrir á jeppum, sumir á reiðhjólum, einn í sí eini fulltrúi gamla tímanns í mjólkurstöðvarportinu í Reykjavík.

Þegar inn kemur, er mjólkinn gill látin í stóra geyma. Eru þeir samtals þrjú á kjalaragólfri stöðvarinnar, og

Opna úr tímaritinu Samvinnunni en í því birtust margar ljósmyndafrásagnir Guðna Þórðarsonar í anda hugmyndafráttarinnar um „Photo-journalism“. Samvinnan, febr. 1958, 11-12. *Ljós. Lbs.*

Ljósnum en á flestum ljósmyndastofum sem þá voru starfandi voru eingöngu notuð föst ljós. Þetta virðist hafa verið nýjung hér á landi þegar stofan var stofnuð árið 1947.⁶

Blaðljósmyndun má líklegast telja einn af fyrstu vísunum að sérhæfingu á íslenskum ljósmyndamarkaði. Sá fyrsti sem eingöngu stundaði þessa tegund ljósmyndunar hér á landi var Ólafur K. Magnússon en hann var ráðinn til Morgunblaðsins árið 1947.⁷ Samkvæmt stöðlum Ljósmyndarafélagsins taldist hann þó ekki til atvinnuljósmyndara þar sem hann hafði lært í Bandaríkjunum en ekki hjá meistara hérna heima. Guðni Þórðarson hafði verið ráðinn sem blaðamaður til Tímans 1945 og hafði áhuga á ljósmyndun og tók mikið af myndum fyrir blaðið upp úr 1946. Hann fór um eða upp úr 1950 til náms hjá Life/Time útgáfunni í New York að læra svokallaða ljósmyndablaðamennsku (photo-journalism) þar sem ljósmyndin var notuð sem hluti af frásögninni, jafnvíg textanum. Það var svo raun-

verulega ekki fyrr en með nýjungum í prentækni sem bárust til Íslands á síðari hluta sjötta áratugarins að forsenda skapaðist fyrir því að öll dagblöðin hefðu fjárhagslegt bolmagn til að ráða til sín sérstaka ljósmyndara. Tækni þessi fólst í því að í stað þess að mynd væri unnin á málplötu var hún nú unnin á vinyllplötu. Þessi tækni-búnaður bæði flýtti fyrir myndvinnslu og gerði hana mun ódýrari en áður var.⁸ Það var því fyrst um 1960 að eiginlegir blaðljósmyndarar komu til starfa á dagblöðunum, og þá, a.m.k. að hluta til, menn sem Ljósmyndarafélagið viðurkenndi sem atvinnumenn í faginu, t. d. Oddur Ólafsson, en hann hafði tekið sveinspróf hjá Sigurði Guðmundssyni árið 1957 og hóf eftir það störf hjá *Alþýðublaðinu*.⁹

Annar vísir að sérhæfingu atvinnuljósmyndara kom tæpast fram fyrr en með heimkomu Leifs Þorsteinssonar frá Danmörku úr námi í auglýsingaljósmyndun 1963.¹⁰

⁶ Viðtal við Guðna Þórðarson, 71.

⁷ Inga Lára Baldvinsdóttir og Ívar Brynjólfsson: *Drög að ljósmyndaratáli 1946-1995. Handrit á myndadeild Þjóðminjasafns.*

¹⁰ Viðtal við Sævar Halldórsson, 42.

⁶ Viðtal við Jóhönnu Sigurjónsdóttur, 44.

⁷ Guðjón Friðriksson: „Icelandic Press Photographs“. *History of Photography* 23:1 1999, 41.

Róðurinn var þungur fyrst í stað á þeim miðum en eftir því sem nær dró árinu 1970 festist sú gerð ljósmyndunar í sessi hér á landi.¹¹

Verkaskipting á ljósmyndastofum

Verkaskipting milli starfsfólks á ljósmyndastofum um landið virðist hafa verið nokkuð margbreytileg og fór að sjálfsögðu eftir fjölda og samsetningu mannaflans á hverjum stað. Viða voru ljósmyndarar einir að störfum, sumir höfðu nema í greininni sem starfsmenn og enn aðrir höfðu aðstoðarfólk, oftast konur, til að vinna ákveðin verk í ferli mynda, allt frá tókum þeirra til þess að þær komust viðskiptavinunum í hendur.

Á Ljósmyndastofu Sigurðar Guðmundssonar virðist skýrt afmörkuð verkaskipting ekki hafa tíðkast. Sigurður hafði oft tvo starfsmenn hjá sér í ljósmyndavinnunni sjálfri, oftast nema, einn nýgræðing og annan lengra kominn, auk aðstoðarkonu við afgreiðslu og frágang mynda. Starfsrammi konunnar virðist hafa verið skýr en nemarnir og Sigurður sjálfur gengu í þau störf sem til féllu eftir því sem við átti hverju sinni, hvort sem var myndataka, framköllun, retouche eða útimyndatökur.¹²

Norður á Akureyri, á Ljósmyndastofu Jóns og Vigfúsar, var málum öðruvísi háttað, a.m.k. á árunum rétt um 1950. Þar sá Guðmundur Trjámannsson eingöngu um passa- og fjölskyldumyndatökur, Vigfús Friðriksson um polyfotötökur, Jón Sigurðsson um framköllun fyrir almenning (amatörþjónustuna), Sævar Halldórsson um myndatökur í skólum og Auður Jónsdóttir um stækkanir og retouche á myndum. Auk þeirra störfuðu allt að átta aðstoðarkonur á stofunni. Flestar þeirra unnu við amatörþjónustu og voru fjórar af þeim inni í myrkraklefa við að handkopia filmur. Aðrar sáu um að glansa og skera niður myndir fyrir almenning, einnig um retouche og frágang á myndum sem teknar voru á stofunni.¹³

Hjá Lofti mun hafa verið fremur svipað skipulag, nema hvað hann sá sjálfur nær eingöngu um allar myndatökur meðan hann var á lífi og hafði svo aðstoðarfólk í framköllun og retouche, t.d.

störfuðu Jóhanna Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir báðar á stofu Lofts áður en þær stofnuðu sína eigin og einnig Hanna Brynjólfsdóttir sem síðar gekk til liðs við þær.¹⁴

Svipuð verkaskipting virðist hafa verið hjá Guðmundi A. Erlendssyni sem hafði oftast nær nema hjá sér auk aðstoðarkvenna við framköllun og retouche. Hjá honum munu hafa starfað um 6-7 manns þegar mest var.¹⁵ Gestur Einarsson hafði minna umleikis, tók aldrei nema og hafði einungis eina aðstoðarkonu.¹⁶

Enn annað skipulag var við lýði hjá Jóhönnu og Ingibjörgu á Asis. Fyrstu sex árin voru þær bara tvær við stofureksturinn eins og nafn stofunnar gefur vísbendingu um en það er myndað úr upphafsstöfum gælunafna þeirra og föðurnafna, Adda Sigurjónsdóttir og Ibi Sigurðardóttir = Asis. Þær skiptu þannig með sér verkum að þær voru á víxl viku í senn í myndatökunum meðan hin sá um framköllun, retouche og frágang. Þegar þriðji meðeigandinn, Hanna, bættist í hópinn voru Jóhanna og Ingibjörg áfram í myndatökunum en Hanna vann eingöngu í myrkrakerberginu. Um tíma störfuðu tveir ljósmyndarar til viðbótar á stofunni og var þá vikuskiptingin í myndatökunum áfram við lýði nema hvað þá þurfti hver þeirra ekki að taka myndir nema í eina af hverjum fjórum vikum.¹⁷

Í ljósi þess hve fáar ljósmyndastofur voru úti um landið á þessum tíma tíðkaðist það nokkuð að ljósmyndarar færu í sérstakar myndatökuferðir frá Reykjavík út á land. Þær á Asis fóru t.d. til Vestmannaeyja, Selfoss og Hornafjarðar, Sigurður Guðmundsson m.a. til Neskaupstaðar, Flateyrar, Ólafsvíkur, Bolungarvíkur og Keflavíkur¹⁸ og Gestur Einarsson til Selfoss. Áfangastaðir ljósmyndaranna mörkuðust að einhverju leyti af því að þeir áttu skyldfólk á viðkomandi stað og má nefna Neskaupstað hjá Sigurði og Selfoss hjá Gesti í þessu sambandi.¹⁹

Tæknimál

Segja má að tvenns konar meginbreytingar eigi sér stað í tæknimálum atvinnuljósmyndara á tímabilinu. Annars vegar er það breytingin frá því að taka á glerplötur yfir í að taka á filmur en hins

¹¹ Viðtal við Leif Þorsteinnsson, 108.

¹² Viðtal við Donald Ingólfsson, 86.

¹³ Viðtal við Sævar Halldórsson, 35-36.

¹⁴ Viðtal við Jóhönnu Sigurjónsdóttur, 44-45.

¹⁵ Viðtal við Donald Ingólfsson, 87-88.

¹⁶ Viðtal við Donald Ingólfsson, 90.

¹⁷ Viðtal við Jóhönnu Sigurjónsdóttur, 45, 47.

¹⁸ Skráningarbækur Ljósmyndastofu Sigurðar Guðmundssonar, varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands.

¹⁹ Viðtal við Donald Ingólfsson, 89, 95.



Gestur Einarsson við störf á ljósmyndastofunni Stúdíó sem þeir Guðmundur A. Erlendsson starfræktu á árunum 1955-1961. *Ljós. óþekktur. Úr fórum Gestis Einarssonar, Þjms.*

vegar er það breytingin úr svart-hvítu yfir í lit. Eldri kynslóð atvinnumannanna hélt sig við glerið lengi vel og hætti Jón Kaldal t.d. aldrei að taka á glerplötur.²⁰ Merkja má breytingu úr gleri yfir í filmur um 1960 ef safn Sigurðar Guðmundssonar, sem varðveitt er í Þjóðminjasafni, er athugað. Yngri kynslóð atvinnumannanna, sem Gestur Einarsson og Guðmundur A. Erlendsson tilheyrðu, notuðu eingöngu filmuvélar, t.d. höfðu þeir báðir Linhof-vélar á stofum sínum í upphafi.²¹ Jóhanna Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir á Asis notuðu filmur frá upphafi en Jóhanna hafði keypt ýmis tæki og tól í Bandaríkjunum þar sem hún tók sín fyrstu skref í ljósmyndun.²²

Árið 1945 var gefin út í Maplewood í Bandaríkjunum bókin *Iceland and the Icelanders* eftir Helga P. Briem með litmyndum eftir Vigfús Sigurgeirsson og er hún að öllum líkindum fyrsta opinbera merki þróunar í átt til notkunar lit-

mynda hér á landi.²³ Litmyndatökur og litvinnsla öll var þó mjög lengi að festa rætur meðal íslenskra atvinnuljósmyndara og gætir í raun ekki að marki fyrr en með heimkomu Leifs Þorsteinsonar frá ljósmyndanámi í Danmörku 1963 er þeir Oddur Ólafsson settu stofu sína, Myndiðn, á stofn en Leifur var fyrsti atvinnuljósmyndarinn á Íslandi sem hafði litvinnslu sem hluta af sveinsprófi sínu.²⁴ Námskeið í litljósmyndun á vegum Ljósmyndarafélags Íslands var haldið árið 1952 og mun það hafa heppnast vel og töldu menn þá litmyndir eiga mikla framtíð fyrir sér.²⁵ Lítið virðist hins vegar hafa gerst í þeim efnum þar sem það er svo fyrst árið 1966 sem litmyndamál voru formlega rædd aftur hjá Ljósmyndarafélaginu.²⁶

²⁰ Viðtal við Sævar Halldórsson, 34.

²¹ Viðtal við Donald Ingólfsson, 88-89.

²² Viðtal við Jóhannu Sigurjónsdóttur, 46; samtal við hana í febr. 1998.

²³ Sumir íslenskir áhugaljósmyndarar höfðu fengist við litmyndatökur fyrir þennan tíma, t.d. Sigurður Tómasson og Evald Hemmert. Sbr. Inga Lára Baldvinsdóttir: „Icelandic Photography 1846-1946“ *History of Photography* 23:1 1999, 8.

²⁴ Viðtal við Leif Þorsteinsson, 105.

²⁵ Fundagerðabók Ljósmyndarafélagsins 17. okt. 1952. [Ljósrit í fórum myndadeildar Þjóðminjasafns Íslands.] Einnig hafði verið haldið litmyndanámskeið á vegum Ljósmyndarafélagsins árið 1949.

²⁶ Fundagerðabók Ljósmyndarafélagsins 24. janúar 1966.



Frá námskeiði í litljósmyndun árið 1952. Fyrirlesarinn er líklega danski skólastjórinn Justesen. Á myndinni eru talið frá vinstri: Guðmundur L. Hannesson, óþekktur, Justesen, Sigurður Guðmundsson, Carl Ólafsson, Óskar Gíslason og Ragnar Vignir. *Ljós. Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar. Safn SG, Þjms.*

Kostnaðarsamt var að koma sér upp framköllunarbúnaði fyrir litmyndir og fæstir því lagt í það auk þess sem menn hafa e.t.v. ekki almennilega komist upp á lagið með litmyndatökur fyrr en með nýrri kynslóð ljósmyndara sem kunni til verka í þeim efnum.

Í tæknimálum tímabilsins virðist hafa gegnt öðru máli um áhugamenn í faginu en atvinnumennina. Áhugamennirnir notuðu eingöngu filmuvélar, bæði með plötu- og rúllufilmubaki, t.d. hefur Rafn Hafnfjörð notað rúllufilmur alveg frá upphafi og í raun ekki plötufilmur fyrr en í tengslum við prentmyndagerð sína síðar meir.²⁷

Áhugamennirnir fóru einnig mun fyrr en atvinnumennirnir út í litmyndatökur, t.d. hefur Hjálmar R. Bárðarson stundað þær allt frá því á námsárum sínum í Kaupmannahöfn skömmu eftir 1940.²⁸

Auk þessara heildarbreytinga áttu merkar framfarir í framköllunarmálum innan ljósmyndunar

upphaf sitt hér á landi, nánar tiltekið á vinnustofu þeirra Leifs Þorsteinssonar og Ævars Jóhannessonar, svokallað „reversal-bað“. Þar lögðust á eitt staðgóð efnafræðileg Leifs og rannsóknarlöngun Ævars. Þannig var að í litframköllunarferli Kodak á þeim tíma (E4) (um 1965) var svo mikið eiturefni að varla var hægt að nota það og efnið var að auki illfánlegt hér á landi. Þeir Leifur og Ævar notuðu því aðrar aðferðir við framköllunina. Ævar tók að velta fyrir sér hvort ekki væri hægt að leysa þessi mál á annan hátt. Leifur hafði séð varað við því að nota tin í framköllunaráhöld þar sem það gæti verkað „foggandi“ á filmurnar. Honum datt því í hug hvort þetta mætti nota sem stoppefni í baðið og Ævari hugkvæmdist eftir allnokkrar tilraunir að blanda í það rétttri tegund af sýru svo það yrði stöðugt og komst niður á endanlega samsetningu vökvans. Ævar sótti um einkaleyfi á þessari uppfinningu en slíkt kostaði meira fé en hann gat aflað. Í umsókninni um einkaleyfið hafði uppskriftin náttúrlega komið fram og Kodak væntanlega nýtt sér hana því næsta útgáfa af framköllunarbaði frá fyrir-

²⁷ Samtal við Rafn Hafnfjörð 24. 3. 1998.

²⁸ Viðtal við Hjálmar R. Bárðarson, 59-60.



Frá ljósmyndastofu Sigurðar Guðmundssonar á sjötta áratugnum. Í forgrunni situr Hannes Pálsson við að retouchera en maðurinn sem er að tala í símann er Sigurður Guðmundsson. *Ljós. óþekktur. L. og pr. Þjms.*

tækinu (E6), sem notað er enn í dag, var samhljóða hinnu íslensku gerð þess.²⁹

Ljósmyndanáám

Nám í ljósmyndun fór í upphafi tímabilsins eingöngu fram hjá meistara og var það þriggja ára nám. Hjá Sigurði Guðmundssyni var það þannig að menn byrjuðu á að læra að blanda framköllunarefni og framkalla. Eftir u.þ.b. hálf t. ár við slíka iðju fengu nemarnir að taka myndir og retouchera þær. Námið virðist fyrst og fremst hafa verið fólgt í því að fylgjast með störfum meistarans og prófa sig svo áfram undir leiðsögn hans smátt og smátt.³⁰ Kristján Magnússon hefur áþekka sögu að segja af náminu hjá Pétri Thomsen um 1960.³¹ Á Asis deildu þær Jóhanna, Ingibjörg og Hanna kennslunni þó svo flestir nemar stofunnar hafi líklega verið skrifaðir á Ingibjörgu. Því miður er vitað til þess að það tíðkaðist sumstaðar áður fyrr að láta nemann vinna við eitthvað ákveðið mestallan námstímann, rjúka svo upp til

handa og fóta við að kenna honum það sem þurfti rétt áður en að prófi kom. Þetta ástand breyttist mjög til batnaðar þegar kennsla í ljósmyndun var tekin upp í Iðnskólanum í Reykjavík 1967.³²

Árið 1964 voru drög að reglugerð um fjögurra ára iðnnám ljósmyndara lögð fram á almennum fundi hjá Ljósmyndarafélagi Íslands. Þar var boðið upp á tvær leiðir í náminu:

A. Persónuljósmyndun og B. Almenna ljósmyndun og talað um að iðngreinin skiptist í þessa tvo hluta.³³ Þessi reglugerð um iðnnámið komst fljótlega í framkvæmd, og voru haldin námskeið í ljósmyndun við Iðnskólann frá og með marsmánuði 1967.³⁴ Var kennt með fullum vinnudegi um þriggja mánaða skeið. Þetta námskeið var ætlað byrjendum og kenndur grunnur að ljósmyndafræðum. Í því fólst kennsla í þriggja lita kenningunni sem litljósmyndun byggist á, sjón- glerjafræði (optík), efnafræði, bæði almennri og efnafræði framköllunar, næmnisfræði filmunnar, ljósmyndasögu og retouche. Þeir sem kenndu

²⁹ Viðtal við Leif Þorsteinsson, 101.

³⁰ Viðtal við Donald Ingólfsson, 85-86.

³¹ Kristján Frimann: „Svart hvítur veruleiki í lit. Kristján Magnússon ljósmyndari og tónlistarmaður sóttur heim.“ *Við karlmenn* 2. tbl. 2. árg. júní 1997, 14.

³² Viðtal við Jóhönnu Sigurjónsdóttur, 47.

³³ Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, 7. okt. 1964.

³⁴ Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, 14. feb. og 25. apríl 1967.



Stjórn Ljósmyndarafélags Íslands 1956: Talið frá vinstri: Óskar Gíslason, Sigurhans Vignir, Sigurður Guðmundsson, Vigfús Sigurgeirsson, Guðmundur L. Hannesson og Þórarinn Sigurðsson.
Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar. Safn SG, Þjms.

Þetta voru ljósmyndararnir Leifur Þorsteinsson, sem haft hafði frumkvæði að námskeiðshaldinu, Óli Páll Kristjánsson og Guðmundur L. Hannesson. Leifur kenndi þá litfræði, sjón- glerjafræði og efnafræði, Óli Páll retouche og Guðmundur ljósmyndasögu og almenna ljós- myndun. Á námskeið þetta var þá litið sem hluta af hefðbundnu námi hjá meistara en próf sem tekið var að því loknu gildi sem hluti af sveinsprófi nemanna.³⁵ Á svipuðum tíma og þessi námskeið í Iðnskólanum komust í gagnið fjölgaði jafnframt þeim sem leituðu í ljósmyndanáám erlendis.

Starfsemi Ljósmyndarafélags Íslands

Starfsemi Ljósmyndarafélagsins á árunum milli 1950 og 1970 var með svipuðu sniði og verið hafði fram að því. Samkvæmt fundagerðabókum og viðtölum við atvinnuljósmyndara kemur félagið fyrir sjónir sem fagfélag iðnaðarmanna fyrst og fremst, þeirra sem leggja stund á ljósmyndaíðn. Í samræmi við þetta átti félagið fulltrúa hjá Landssambandi iðnaðarmanna og virðast þau samskipti hafa verið farsæl. Mikil umræða var ávallt um verðlagsmál og tolla á ljósmyndavörum. Starfsemi félagsins snerist að miklu leyti um hin hagnýtu mál, þ.e. verðlagsmál, tilnefningu fólks í prófnefnd og að tryggja að aðrir en ljósmyndarar með íslenskt sveinspróf í iðninni hefðu ekki atvinnu

af því að taka myndir. Í samræmi við þessa hags- munagæslu sína lét félagið til skaras skrifa gegn þeim mönnum sem voru að taka myndir gegn greiðslu en höfðu ekki umrætt sveinspróf. Um og upp úr 1950 beindust aðgerðir félagsins m.a. að Pétri Thomsen og var hann kærður til sakadómara fyrir brot á iðnlöggjöfinni. Deilur þessar urðu nokkuð harðar og birtust m.a. hvassyrtaf yfirlýsingar frá báðum deiluaðilum í dagblöðum í júní 1950.³⁶ Auk Péturs kærði Ljósmyndara- félagið einnig Guðna Þórðarson, Hjálmar R. Bárðarson og Elías Hannesson. Þá bar félagið fram kvartanir vegna starfsemi Þorvalds Ágústssonar, Sigurðar Norðdahl, Andrésar Kolbeinssonar, Bjarnleifs Bjarnleifssonar og annarra „leikra“ ljósmyndara svo notað sé orðalag fundagerða- bókar.³⁷

Aðgerðir Ljósmyndarafélagsins virðast fyrst og fremst hafa helgast af því að verja starfsheiður félagsmanna sinna en spurnir eru af verri tækni- legum vinnubrögðum einhverra „amatöra“ en at- vinnumannanna. Þetta gat m.a. falist í lélegri „fixeringu“ mynda og seinum skilum á þeim til viðskiptavinanna.³⁸ Félagið stóð þannig vörð um starfsheiður stéttarinnar og varði atvinnutækifæri félagsmanna sinna fyrir utanaðkomandi aðilum. Í bréfi Haralds Ólafssonar til Hjálmars R. Bárðar-

³⁵ Viðtal við Leif Þorsteinsson, 105.

³⁶ Sjá t.d. *Alþýðublaðið* 11., 13. og 16. júní 1950, bls. 7, 3 og 11. Pétur tók síðar sveinspróf og gekk í Ljósmyndarafélagið 1961.

³⁷ Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands 9. apríl 1969.

³⁸ Viðtal við Donald Ingólfsson, 92.

F

-blaðið



2. tölublað
Apríl 1959
4. argangur

ÆVAR JÓHANNESSON:

Franköllun á „Gevacolor“ litfilmum

Í sumar fékkst um tíma litfilma frá „Gevacolor“-verksmiðjunum í Belgíu, sem nefnist „Gevacolor R-5“.

Þessi filma er gefin upp fyrir að vera 27 Scheiner, sem telst vera sama og 18/10 DIN eða 40 ASA.

Ég fékk mér nokkrar filmur til reynslu og tók fljótlega á eina þeirra og sendi hana til verksmiðjunnar í framköllun.

Þegar ég fékk hana aftur, varð ég að nokkru leyti fyrir vonbrigðum, af því að mér fannst hún ekki gefa fyllilega þann árangur, sem efni stóðu til, miðað við aðrar litfilmur, sem ég hef tekið á.

Það sem ég fann helst að henni var, að hún gaf of mikið af blágrænum lit, miðað við aðra lit. Einnig vantaði birtu og lif í myndirnar, þó að þær væru rétt lýstar sem heild. Í þriðja lagi fannst mér filman tæplega vera jafn ljósnæm og hún er gefin upp fyrir að vera.

Ég ákvað þá að reyna, hvort ekki mundi vera hægt að fá betra út með því að framkalla næstu filmu sjálfur, og nú held ég, að mér hafi tekið að ná árangri, sem að mörgu leyti er betri en með því að láta verksmiðjuna framkalla hana.

Til að byrja með, gerði ég nokkuð margar prófanir og gerði ýmsar breytingar á efnunum, eftir því, hvaða árangur þær gáfu.

Fundur F. Á.

verður haldinn að Lindargötu 50 þriðjudaginn 28. apríl kl. 8.30 e. h.

Fundarstjórn:

- 1) Venjuleg fundarstjórn.
- 2) Erindi: Björn Th. Björnsson.
- 3) Myndasamkeppni: Andlitsmyndir.
- 4) Myndamappa frá F. I. A. P.
- 5) Önnur mál.

STJÓRNIN.

Í aðalatriðum er notað sama aðferð og við framköllun á „Anso“ eða „Ferrania“ litfilmum. Þó eru nokkrar breytingar á efnunum nauðsynlegar ef viðunandi árangur á að nást.

Í fyrsta lagi þarf að nota Amidol-framkallara sem fyrri framkallara. Með breytingu á sulfítt innihaldi hans, getur maður stjórnað, hversu mikið gult verður í filmunni. Aukið sulfítt gefur minna gult, en minna hlýrti lit.

Í öðru lagi sýndi það sig, að hvorki má nota krómáttún né kaliáttún sem herðibað, vegna þess að það eyðilagði gulu litmyndunarefnið í filmunni. Ég notaði formaldehýd upplausn í þess stadi.

Í þriðja lagi kom það fram, að nauðsynlegt er að nota litíð eitt af hreinum natríum basa í litaframkallarann, því að annars urðu myndirnar of mikið blágrænar. Aukið magn af natr. hydroxíð, en minnað magn af natr. carbonat eykur rauðbláa litinn.

Forsíða 2. tbl. 4. árg. FÁ-blaðsins 1959. Þar má greina umfjöllun um tæknimál auk tilkynningar um félagsfund þar sem Björn Th. Björnsson listfræðingur heldur erindi.
Ljós. Lbs.

sonar frá árinu 1947, kemur reyndar fram að ráðandi menn í Ljósmyndarafélaginu á þeim tíma hafi verið alveg á móti áhugaljósmyndurum og ekki viljað eiga neitt sameiginlegt með þeim.³⁹ Óvíst er hins vegar hversu dæmigert þetta viðhorf var meðal atvinnumanna í faginu.

Það voru þó ekki eingöngu hin hagnýtu mál sem rædd voru innan Ljósmyndarafélagsins. Eini vísirinn að listrænni umræðu innan félagsins sem færður var inn í fundagerðabók þess var að menn komu með myndir sínar á fund í febrúar 1950, stilltu þeim upp og ræddu um þær.⁴⁰ Þrátt fyrir litla bókfærða listræna umræðu voru dæmi um að félagið héldi sýningar, tæki þátt í slíkum eða hefði milligöngu um erlendar sýningar en nánar verður greint frá sýningahaldi hér á eftir. Af og til virðast félagsmenn hafa sent myndir utan á sýningar, t.d. Jón Kaldal. Þá var stofnsettur sér-

stakur menningarsjóður að tillögu Sigurðar Guðmundssonar, Óskars Gíslasonar, Guðmundar Hannessonar og Carls Ólafssonar. Sjóðnum var ætlað að styrkja unga ljósmyndara til framhaldsnáms eða annars konar námsferða erlendis.⁴¹ Félagið átti töluverð samskipti við ljósmyndarafélög Norðurlandanna, t.d. voru Sigurhans Vignir og Hannes Pálsson fulltrúar íslenska félagsins á 60 ára afmælishátíð sænska ljósmyndarafélagsins árið 1955. Sama ár hafði Óskar Gíslason verið kosinn í stjórn norræna ljósmyndarasambandsins og árið eftir komu fulltrúar norrænu ljósmyndarafélaganna hingað á 30 ára afmælishátíð Ljósmyndarafélagsins 1956.⁴² Líklega hefur það verið í tengslum við þetta að danski ljósmyndarinn Inga Olsen hélt námskeið í retouche. Um 15 manns sóttu námskeiðið og þótti félagsmönnum mikið gagn þar að.⁴³

³⁹ Gögn Hjálmars R. Bárðarsonar. Bréf frá Haraldi Ólafssyni 20. febr. 1947. [Ljósrit í förum myndadeildar Þjóðminjasafns Íslands.]

⁴⁰ Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, 28. febr. 1950.

⁴¹ Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, 28. febr. 1950.

⁴² Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, 9. maí 1955 og 21. nóv. 1955.

⁴³ Fundagerðabók Ljósmyndarafélags Íslands, 31. okt. 1956.

⁴⁴ *Timinn* 15. mars 1952, 18.



Timbur, eftir Ralph Hannam. Þessi mynd er dæmi um áhrif abstrakt expressjónisma hjá áhugaljósmyndurum á Íslandi. Myndin var sýnd á sýningu Ljósmyndafélags Reykjavíkur 1954. Ralph Hannam tók þátt í mörgum sýningum FÁ og fékk auk þess birtar eftir sig myndir í árbókum FIAP 1956, 1958 og 1960. *Í eigu höfundar.*



Frá félagsfundi Félags áhugaljósmyndara, líklega um 1962. Fyrir miðri mynd takast Haukur Sigtryggsson, formaður FÁ, t.v. og Sigurður Þórarinnsson t.h. í hendur. Líklegt er að Haukur sé að þakka Sigurði erindi á fundi FÁ.
Ljós. Sigurður Harðarson en myndin er í eigu Félags áhugaljósmyndara.

Starfsemi áhugamanna

Félag áhugaljósmyndara (Ljósmyndafélag Reykjavíkur)

Starfsemi áhugamannafélaga í ljósmyndun stóð með miklum blóma á Íslandi á sjötta og sjöunda áratug þessarar aldar og má með sanni segja að þar hafi hinn listræni sproti fagsins dafnað. Segja má að formlegur blómatími meðal áhugaljósmyndara hafi hafist með sýningu sem haldin var í sýningarsal Ásmundar Sveinssonar við Freyjugötu, Listvinasalnum, í mars 1952 að frumkvæði þeirra sem að salnum stóðu.⁴⁴ Á sýningunni var 131 mynd eftir 40 áhugaljósmyndara víða að af landinu en aðallega þó frá Reykjavíkursvæðinu.⁴⁵ Sýning þessi virðist hafa vakið töluverða athygli ef marka má skrif í dagblöðum meðan á henni stóð.

Það var svo aðeins ári síðar eða 6. febrúar 1953 að Félag áhugaljósmyndara var stofnað í Reykjavík,

þá undir nafninu Ljósmyndafélag Reykjavíkur. Nafninu var breytt í Félag áhugaljósmyndara, Reykjavík (FÁ) árið 1956 því þess hafði gætt að menn rugluðu saman nöfnum Ljósmyndarafélags Íslands og Ljósmyndafélags Reykjavíkur. Til hagræðingar verður hér notast við nafnið Félag áhugaljósmyndara. Stofnfélagar FÁ voru 36 en árið 1957 voru meðlimir orðnir um 280.⁴⁶ Félagsstarfið virðist fljótlega hafa orðið mjög öflugt og ber FÁ-blaðið, sem félagið gaf út frá 1956, því gleggst vitni. Félagið var upprunalega hugsað sem vettvangur allra þeirra sem áhuga höfðu á ljósmyndun, hvort sem það voru byrjendur, lengra komnir eða jafnvel atvinnumenn. Félagsfundir voru haldnir á mánaðar fresti yfir vetrartímann en hlé var gert á þeim á sumrin. Á flestum fundum fóru fram myndasamkeppnir og erindi voru flutt af listamönnum eða listfræðingum um myndlist almennt eða myndlist ljósmynda. Áherslan var fyrst og fremst á hina

⁴⁵ Þjóðviljinn 15. mars 1952, 7-8.

⁴⁶ Félag áhugaljósmyndara, sýningarskrá 2. sýning, Listamannaskálanum nóvember 1957, 8.

listrænu hlið ljósmyndunar en minna bar á umræðu um tæknimál á félagsfundum ef marka má dagskrá fundanna. Fræðsla um tæknileg efni birtist þó reglulega í FÁ-blaðinu.⁴⁷ Útgáfa blaðsins virðist hafa liðið undir lok um 1965⁴⁸ en tilraun var gerð til að endurlífga blaðaútgáfu félagsins með Ljósmyndablaðinu sem út kom árið 1972. Því miður komu fleiri tölublöð þess rits aldrei út en fréttabréf var gefið út á árunum 1981-1982. Félagið er til ennþá að nafninu til þótt ekki hafi verið haldnir félagsfundir frá því um 1983.⁴⁹ Tengsl Félags áhugaljósmyndara við erlend ljósmyndafélög og sýningar eru aðallega einum manni að þakka, Hjálmar R. Bárðarsyni. Hann hafði orðið nafnkunnur ljósmyndari í Danmörku á námsárum sínum þar meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð en hann nam þar skipaverkfræði. Eftir að hafa tekið þátt í ljósmynda-samkeppnum í Danmörku með góðum árangri á þessu tímabili og fengið myndir birtar eftir sig á forsiðum danska tímaritsins *Mandens Blad*, sem þá var rit almenns efnis, sænska ritinu *FOTO* og hinu svissneska *Camera* var Hjálmar boðin þátttaka í samtökum atvinnu- og áhugaljósmyndara í Danmörku, Danske Camera Pictorialister (DCP). Það var valinn hópur manna og enginn komst inn í félagið nema vera boðin þátttaka. Einnig tók hann þátt í störfum áhugamannafélagsins Amager fotoklub.⁵⁰ Þessi góðu tengsl Hjálmars R. Bárðarsonar við danska ljósmyndara gerðu það að verkum að haft var samband við hann eftir að stofnuð höfðu verið alþjóðasamtök áhugaljósmyndara, Fédération Internationale de l'Art Photographique (FIAP).⁵¹ Í gegnum þessi samtök fóru fram viðtæk samskipti milli áhugamanna um ljósmyndun um allan heim. Samskiptin voru fyrst og fremst í því formi að sendar voru möppur með ljósmyndum ákveðinna aðila til annars lands þar sem umsagnir fengust um myndirnar en einnig var um sýningar að ræða. Hjálmar hafði staðið að stofnun Hins íslenska ljósmyndafélags (HÍL) í október 1952 og var félagið stofnað í þeim tilgangi að vinna að viðurkenningu listræns gildis ljósmynda og verða farvegur samskipta Íslendinga við erlend ljósmyndafélög.⁵²

⁴⁷ Sjá *FÁ-blaðið* 1956-1964.

⁴⁸ *Þjóðviljinn* 2. apríl 1965, 9.

⁴⁹ Samtal við Svavar G. Jónsson 17. 2. 1998.

⁵⁰ Viðtal við Hjálmar R. Bárðarson, 52-54.

⁵¹ Viðtal við Hjálmar R. Bárðarson, 56.

⁵² *Tíminn* 19. október 1952, 8.

Sem forsvarsmaður HÍL kynnti Hjálmar meðlimum Félags áhugaljósmyndara þau sýningaboð sem bærust HÍL í gegnum FIAP og sá um að senda íslenskar myndamöppur utan. Félagsmenn FÁ fengu á þennan hátt möppusendingar erlendis frá sem þeir skyldu láta í ljós álit sitt á og sendu á sama hátt möppur héðan til annarra landa.⁵³ Þátttaka Íslendinga í ljósmyndasýningum á alþjóðlegum vettvangi var nokkur, t.d. tóku nokkrir íslenskir áhugaljósmyndarar þátt í ljósmyndasýningu í sambandi við Ólympíuleikana í Róm 1960⁵⁴ og 10 myndir íslenskra áhugamanna voru sýndar á Europa photo sýningunni í Esslingen í Þýskalandi 1960.⁵⁵ Auk þess áttu Íslendingar stundum myndir í árbók FIAP⁵⁶ Samskiptin við útlönd hvíldu fyrst og fremst á herðum Hjálmars R. Bárðarsonar og þar kom að þessi vinna varð einum manni um megn og sagði HÍL sig úr FIAP í kringum 1965. Þar með hurfu myndamöppusamskipti Félags áhugaljósmyndara við erlenda ljósmyndaklúbba úr sögunni en einstakir meðlimir félagsins héldu þó áfram að senda myndir á sýningar í öðrum löndum í eigin nafni.⁵⁷

Smáklúbbar áhugaljósmyndara

Virkasta framlagið til listrænnar ljósmyndunar á árunum eftir 1950 var að finna innan lítilla ljósmyndaklúbba sem tengdust FÁ á þann hátt að flestir meðlimir þeirra voru einnig meðlimir FÁ. Merkastan þeirra má telja Litla ljósmyndaklúbbinn sem stofnaður var að frumkvæði Óttars Kjartanssonar þann 9. janúar 1953⁵⁸ og var hann því nokkrum mánuðum eldri en Félag áhugaljósmyndara og voru lög hans og reglur að hluta til fyrirmynd laga FÁ.⁵⁹ Aðrir félagar voru Guðjón B. Jónsson, Gunnar Pétursson, Kristinn Sigurjónsson, Magnús Daníelsson, Rafn Hafnfjörð og Þorsteinn Ásgeirsson. Guðmundur W. Vilhjalms-son slóst svo í hópin 1959.⁶⁰ Starfsemin var með

⁵³ Viðtal við Hjálmar R. Bárðarson, 56-57.

⁵⁴ *FÁ-blaðið*, 8. tbl. 6. árg. (febrúar 1962), 2.

⁵⁵ *FÁ-blaðið*, 5. tbl. 5. árg. (september 1960), 3.


⁵⁶ T.d. Gunnar Pétursson, Hjálmar R. Bárðarson og Ralph Hannam í árbók FIAP 1956, Karl Magnússon og Ralph Hannam 1958 og Hjálmar R. Bárðarson og Ralph Hannam 1960.

⁵⁷ Samtal við Hjálmar R. Bárðarson 19. 2. 1998.

⁵⁸ Gögn frá Litla ljósmyndaklúbbum, varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands; viðtal við Rafn Hafnfjörð, 74.

⁵⁹ *FÁ-blaðið* 3. tbl. 1. árg. (september 1956), 1.

⁶⁰ Gögn frá Litla ljósmyndaklúbbum.



Ljósmynd eftir Freddy Laustsen. Í eigu höfundar.

mjög formlegum hætti þar sem félagsmenn settu sér ákveðin verkefni fyrirfram sem þeir svo kynntu og ræddu á fundum sínum. Þeir höfðu þann ákveðna hátt á að safna myndum sínum saman á fundum undir nafnleynd, láta þær ganga á milli sín og svo gerði hver meðlimur skriflega greinargerð um myndirnar.⁶¹ Hópurinn fékk bæði listmálara og listfræðinga á sinn fund til að ræða um ljósmyndirnar og list almennt. Það kom fyrir að klúbburinn byði gestum að vinna ákveðin verkefni með sér og eru Jón Kaldal og Hjálmar R. Bárðarson dæmi um slíka.⁶² Klúbburinn skiptist einnig um tíma á myndum og umsögnum við ljósmyndaklúbb áhugamanna á Akranesi, Fótóklúbbinn, á árunum 1958-1959.⁶³

Sýningin sem Litli ljósmyndaklúbburinn hélt árið 1961 var afrakstur og uppskera nær 8 ára vinnu en eftir þetta dróst starfsemi klúbbsins saman samhliða því sem meðlimir hans höfðu í fleiri horn að líta í einkalífi sínu en áður var. Hópurinn hittist í mesta lagi í 1-2 ár eftir sýninguna en eftir það tóku áhugasvið félaganna að skiljast að svo að forsendan fyrir áframhaldandi samstarfi brast.⁶⁴ Á erlendum vettvangi mun ekki mikið hafa birst af myndum eftir félag Litla ljósmyndaklúbbsins. Fáeinar myndir munu þó hafa birst í tímaritum, einna helst norskum, en minna var um að þeir sendu myndir á sýningar.⁶⁵ Undantekningin frá því er líklega fyrst og fremst myndir Rafns Hafnfjörð í tengslum við Heimssýninguna í Montréal 1967.

Í klúbbnum Myndbræðrum voru þeir Árne H. Bjarnason, Guðfinnur Bergsson, Haukur Helgason, Svavar Jóhannesson og Þorvaldur H. Óskarsson.⁶⁶ Þetta var fremur óformlegur hópur kunningja sem þó hittist reglulega en klúbburinn var starfandi frá 1957 fram til 1965. Þeir settu sér fyrir ákveðin verkefni sem þeir síðan unnu og síðar gagnrýndi hver hjá öðrum. Þeir héldu ekki opinbera sýningu en sýndu aftur á móti myndverk sín á einum félagsfundi Félags áhugaljósmyndara 1959. Meðlimir klúbbsins sendu

stundum myndir á sýningar erlendis en þeir sýndu þó aldrei sem hópur á þeim vettvangi.⁶⁷ Dæmi um þessa sýningarstarfsemi á erlendum vettvangi er að bæði Árne og Þorvaldur sýndu á ljósmyndasýningu Ólympíuleikanna í Róm 1960.⁶⁸

Fotoklúbburinn Iris, var stofnaður af Freddy Laustsen um 1960. Meðlimir hans voru rúmlega 10 talsins og helst fjöldi þeirra svipaður þann tíma sem klúbburinn var við lýði og var Freddy driffjöðrin í hópnum. Fundir voru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann þar sem félagar mættu með myndir sínar, ræddu um þær og gagnrýndu. Megináherslan var lögð á listræna tjáningu í myndunum en síður á tæknileg atriði. Félagarnir hafa sem hópur og hver um sig átt myndir á alþjóðlegum ljósmyndasýningum. Starfsemi klúbbsins varð aldrei mjög formleg og lítur út fyrir að hún hafi fjarað út þegar dró fram undir 1970.⁶⁹

Ljósmyndaklúbbur var stofnaður við Menntaskólann á Akureyri í ársbyrjun 1957, Félag áhugaljósmyndara í Menntaskólanum á Akureyri (FÁLMA) og fékk myrkuraðstöðu í skólahúsinu. Starfsemi hans framan af er órannsökuð en eitt meginhlutverk hans eftir 1970 var að útbúa reglulega myndaspjöld fyrir skólann.⁷⁰ Vitað er til þess að ljósmyndaklúbbur hafi verið stofnaður við Menntaskólann í Reykjavík í kringum 1960 en starfsemi hans er ennþá órannsökuð.⁷¹ Einnig er vitað til þess að Félag áhugaljósmyndara hafi hvatt félagsmenn sína sérstaklega til að taka sig saman um að stofna eigin smáklúbba þar sem það hefði sýnt sig að á slíkum vettvangi nái menn betri árangri en ef þeir mæta einungis á fundi hjá FÁ. Æskilegt þótti að stofna eina 3-4 klúbba og bauðst félagið og Fotoklúbburinn Iris til þess að aðstoða menn við að koma þeim af stað.⁷² Það er hins vegar ekki hægt að sjá hvort eitthvað varð úr stofnun slíkra smáklúbba. Næsta víst er að fleiri ljósmyndaklúbbar hafi verið til á því tímabili sem hér um ræðir víða um land en tilvera þeirra ekki

⁶¹ Gögn frá Litla ljósmyndaklúbbnum.

⁶² Viðtal við Rafn Hafnfjörð, 75; gögn frá Litla ljósmyndaklúbbnum. Meðal þeirra gagna eru æfingamyndir sem merktar eru Jóni Kaldal.

⁶³ Gögn frá Litla ljósmyndaklúbbnum.

⁶⁴ Samtal við Óttar Kjartansson 11. 2. 1998.

⁶⁵ Samtal við Óttar Kjartansson 5. 3. 1998.

⁶⁶ *FÁ-bláðið*, 6. tbl. 4. árg. (nóvember 1959), 3.

⁶⁷ Samtal við Árna H. Bjarnason 12. 2. 1998.

⁶⁸ *FÁ-bláðið*, 8. tbl. 6. árg. (febrúar 1962), 2.

⁶⁹ Samtal við Freddy Laustsen 16. 2. 1998.

⁷⁰ Gísli Jónsson (ritstj.): *Saga Menntaskólans á Akureyri 1880-1980 II*. Akureyri 1981, 92-93.

⁷¹ Samtal við Guðmund Ingólfsson 17. 2. 1998.

⁷² *FÁ-bláðið* 6. tbl. 6. árg. (nóvember 1961), 3.



Frá opnun norrænu ljósmyndasýningarinnar í Listamannaskálanum 22. mars 1950.
Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar. Safn SG, Þjms.

farið hátt og því ekki aðgengilegar heimildir um þá.⁷³ Athygli vekur að í þeim ljósmyndaklúbbum sem vitað er um eru engar konur meðal félaga þó svo að nokkuð sé um þær í stétt atvinnuljósmyndara á þessum tíma og þær séu meðal sýnenda á sýningum áhugamanna.

Sýningahald

Atvinnumenn

Fyrir tilstuðlan Ljósmyndarafélags Íslands og samstarfs þess við ljósmyndarafélög Norðurlandanna var sett upp sýning Norrænna atvinnu-

ljósmyndara í Listamannaskálanum í Reykjavík árið 1950 og stóð hún yfir dagana 22.-31. mars. Þetta var vegleg sýning með yfir 400 myndum frá öllum Norðurlöndunum og var upphaflega haldin í tilefni af 70 ára afmæli danska ljósmyndarafélagsins og var fyrst opnuð í Kaupmannahöfn á afmælisdegi þess.⁷⁴ Fyrir Íslands hönd sýndu 18 aðilar en það voru þau Halldór E. Arnórsson, Ljósmyndastofan Asis, Guðmundur A. Erlendsson, Óskar Gíslason, Sigurður Guðmundsson, Guðmundur L. Hannesson, Jón Kaldal, Ólafur Magnússon, Carl Ólafsson, Hannes Pálsson, Eðvarð Sigurgeirsson, Vigfús Sigur-

⁷³ Síðasti virki áhugamannaklúbburinn í ljósmyndun á þessum árum kallaði sig Ljós og var stofnaður haustið 1970 í þeim tilgangi að halda ljósmyndasýningar og vera í því hvatning til annarra sem hygðu á sömu braut. (*Ljósmyndablaðið* 1:1 (1972), 21.). Hópurinn hélt sýningar árin 1971, 1973, 1975 og 1978 og virðist hafa tekist ætlunarverk sitt þar sem hann fékk allnokkra

umfjöllun í dagblöðum í tengslum við þær. Sjá t.d. *Vísir* 24. október 1973, 2-3; *Timann* 11. nóvember 1973, 16-17; *Timann* 6. september 1975, 9. Umfjöllun um þennan klúbb tilheyrir í raun öðrum og enn óskrifuðum kafla íslenskrar ljósmyndasögu.

⁷⁴ *Sýning Norrænna atvinnuljósmyndara í Reykjavík 22.-31. mars 1950*, 5. [Sýningarskrá]



Frá alþjóðlegu ljósmyndasýningunni Family of Man eða Fjölskyldu þjóðanna eins og hún var kölluð á íslensku. Sýningin var opnuð í lðnskólanum í Reykjavík 21. september 1957. *Ljósmynd. óþekktur. Safn Morgunblaðsins, Þjms.*

geirsson, Sigurhans E. Vignir og Sigríður Zoëga & Co. Aukamyndir á sýningunni áttu Anna Jónsdóttir, Alfreð D. Jónsson og Þórarinn Sigurðsson. Einnig var til sýnis fyrsta ljósmyndin sem gerð var á Íslandi með þriggja lita aðferðinni (Dye transfer) og unnin var á námskeiði Ljósmyndarafélags Íslands í september 1949.⁷⁵ Auk þessa var á sýningunni gefin innsýn í gamla myndastofu í Reykjavík til að kynna fólki þá þróun sem þá hafði orðið í tæknimálum frá þeim tíma er dagsljós og olíulampar voru einu ljósgjafar myndasmíðsins.⁷⁶

Sýning þessi fór hringferð um helstu borgir Norðurlandanna en Bergen var næsti áætlaður viðkomustaður hennar. Tilgang sýningarinnar töldu íslenskir atvinnuljósmyndarar tvíþættan, annars vegar að gefa almenningi kost á að kynnast

því á hvaða stigi atvinnuljósmyndarar á Norðurlöndunum voru á þessum tímamarki og hins vegar að gefa íslenskum ljósmyndurum tækifæri til að skoða vinnubrögð, leikni og listrænan skilning starfsbræðra sinna í þessum löndum ásamt því að hafa tök á að koma auga á hugsanleg séreinkenni ljósmyndara frá hverju Norðurlandanna.⁷⁷ Í gagnrýni sinni um sýninguna veltir Hjalmar R. Bárðarson fyrir sér stöðu íslensku ljósmyndaranna gagnvart starfsbræðrum þeirra á hinum Norðurlöndunum auk þess að benda á þær myndir sem honum þykja mest um verðar. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að hérlendir atvinnuljósmyndarar séu fyllilega samkeppnisfærir í portrettmyndatökum en leggi aftur á móti litla stund á myndræna ljósmyndun og gefi sér ekki tíma til að gera tilraunir með ljós og skugga, línur og fleti. Hann bendir á hinn takmarkaða

⁷⁵ *Sýning Norrænna atvinnuljósmyndara*, 20-21.

⁷⁶ Carl Ólafsson: „Gamla myndastofan“, *Sýning Norrænna atvinnuljósmyndara*, 9.

⁷⁷ *Sýning Norrænna atvinnuljósmyndara*, 5.



Eva, eftir Guðmund A. Erlendsson sem sýnd var á 35 ára afmælisýningu Ljósmyndarafélags Íslands í Listamannaskálanum 4.-16. mars 1961. Þarna voru í fyrsta skipti á Íslandi sýndar ljósmyndir af nöktu fólki. *Safn Guðmundar A. Erlendssonar, Þjms.*



Frá einkasýningu Jóns Kaldals í húsnæði Menntaskólans í Reykjavík árið 1966. Þetta var fyrsta einkasýning ljósmyndara á Íslandi. *Ljós. Gestur Einarsson. Úr fórum Gestis Einarssonar, Þjms.*

markað sem var hér á landi fyrir myndir af þessari tegund sem hluta af ástæðunni fyrir því hversu lítið ljósmyndarar leggi þetta fyrir sig.⁷⁸ Aðsókn að sýningunni virðist hafa verið góð en eftir að hún hafði staðið opin í viku höfðu um 2200 manns séð hana.⁷⁹

Fyrir tilstilli upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og sendiherra sama ríkis á Íslandi, John J. Muccio, kom farandsýningin Family of Man hingað til lands árið 1957. Þessi sýning hafði vakið gríðarlega athygli um allan heim en á henni gat að líta allt litróf mannlífsins frá vöggu til grafar, frá sárustu neyð til fyllstu hamingju hvar sem er í heiminum. Sýningin, sem gekk undir íslenska heitinu Fjölskylda þjóðanna, var sett upp í húsi Iðnskólans við Vitastíg og stóð yfir dagana 21. sept.-13. okt. Þetta var í raun samsýning fjölmargra ljósmyndara frá ýmsum löndum en um leið var hún höfundarverk bandaríska ljósmyndarans Edward Steichens, forstöðumanns ljósmyndadeildar Museum of Modern Art í New York, sem valdi myndirnar og raðaði þeim saman. Um var að ræða rúmlega 500 myndir frá 48 löndum og höfðu það að sameiginlegu markmiði að lýsa mannlífinu víða um heim.⁸⁰ Sýning þessi vakti mjög mikla athygli og strax á fjórða degi höfðu hátt á áttunda þúsund manns séð hana.⁸¹ Skipulagðar voru hópferðir skólabarna á sýninguna og sérstakt sýningarrit

við þeirra hæfi útbúið svo beina mætti athygli þeirra að ákveðnum þáttum sem og einkennum sýningarinnar. Í þessu sambandi var efnt til ritgerðasamkeppni þar sem myndabók sú sem gefin var út í tilefni sýningarinnar var í verðlaun.⁸²

Við lok sýningarinnar höfðu rúmlega 30 þúsund manns séð hana.⁸³ Líklegast er það einsdæmi að annar eins mannföldi hafi séð myndlistarsýningu á Íslandi á þessum tíma. Jón Kaldal varð t.d. fyrir svo miklum áhrifum frá sýningunni að hann fann sig knúinn til að skrifa um hana blaðagrein. Í hugleiðingu sinni líkir hann sýningunni við hljómkviðu þar sem nokkur stef koma upp á yfirborðið. Hann nefnir sérstaklega stefið úr Örlagasinfóníu Beethovens, þ.e. þeirri fimmtu og lokapátt þeirrar níundu.⁸⁴

Næsta sýning sem atvinnuljósmyndarar efndu til var 35 ára afmælisýning Ljósmyndarafélags Íslands en hún var haldin í Listamannaskálanum dagana 4.-16. mars 1961. Þarna sýndu 15 ljósmyndarar um 150 myndir en þetta var fyrsta sjálfstæða sýning félagsins þó það hafi áður átt aðild að sýningum.⁸⁵ Myndirnar á sýningunni þóttu ekki mjög nýstárlegar nema að því leyti að þarna voru allmargar ljósmyndir af nöktum konum og vöktu þær nokkra athygli þar sem borgarbúar höfðu ekki átt slíku að venjast fram að þessu.⁸⁶ Sýningin hlaut aftur á móti ekki góða

⁷⁸ *Morgunblaðið* 26. mars 1950, 6.

⁷⁹ *Morgunblaðið* 30. mars 1950, 7.

⁸⁰ *Morgunblaðið* 21. sept. 1957, 20 og *Morgunblaðið* 9. okt. 1957, 11.

⁸¹ *Morgunblaðið* 24. sept. 1957, 20.

⁸² *Morgunblaðið* 1. okt. 1957, 19.

⁸³ *Alþýðublaðið* 11. okt. 1957, 12.

⁸⁴ *Morgunblaðið* 9. okt. 1957, 11.

⁸⁵ *Þjóðviljinn* 4. mars 1961, 3.

⁸⁶ *Tíminn* 12. mars 1961, 11.



Leifur Þorsteinsson við uppsetningu á fyrstu einkasýningu sinni í Bogasal í janúar 1968. Myndirnar á sýningunni voru flestar teknar í Reykjavík og birtu sjónarhorn höfundar á borgina.
Ljósmynd. Ari Káráson, Þjms.

dóma Þorsteins Jósefssonar gagnrýnanda dagblaðsins *Vísir* en þess ber að geta að hvorki Kaldal, Asis né Eðvarð og Vigfús Sigurgeirssynir voru meðal sýnenda og að mati sama gagnrýnanda töldust þessir aðilar helst hafa burði til að sýna góðar myndir.⁸⁷ Aðsókn að sýningunni var með ágætum og munu rúmlega 2000 manns hafa séð hana.⁸⁸

Tímamót urðu í ljósmyndasýningum á Íslandi með sýningu Jóns Kaldals í nýbyggingu Menntaskólans í Reykjavík. Sýningin var opnuð þann 20. ágúst 1966 og stóð hún í tæpar tvær vikur.⁸⁹ Þetta var fyrsta einkasýningin sem haldin var í þessari grein og fór vel á því að meistari Kaldal riði á vaðið. Það mun hafa verið að frumkvæði eigin konu hans, Guðrúnar Sigurðardóttur, að hann féllst loks á að halda einkasýningu en svo virðist sem sjötugsafmæli ljósmyndarans hafi orðið tilefni tímasetningarinnar.⁹⁰ Sýningin var vel sótt og virðist hafa vakið mikla hrifningu.⁹¹

Leifur Þorsteinsson hélt fyrstu sýningu sína í Bogasal Þjóðminjasafns 6.-14. janúar 1968. Þar gat að líta um 50 ljósmyndir teknar í Reykjavík og birtu sýn höfundar á borgina, aðallega á húsum og fólki. Þetta var önnur einkasýning atvinnuljósmyndara hér á landi.⁹² Ekkert er getið um aðsókn og myndasmiðurinn hafði greinilega ekki reiknað með sölu á myndum sínum þar sem hann sagðist aðspurður ekki hafa hugleitt það.⁹³

Atvinnumaðurinn Rúnar Gunnarsson og áhugamaðurinn Matthías Gestsson héldu sýningar í Reykjavík í aprílmánuði 1969 og var minnst á það í dagblöðum að ljósmyndasýningar væru ekki á hverju strái þannig að menn tóku eftir því þegar þær voru tvær í einu.⁹⁴ Sýning Rúnars var opin dagana 10.-21. apríl í Unuhúsi við Garðastræti og var hún síðasta einkasýning atvinnumanns á tímabilinu sem hér um ræðir. Þar sýndi hann um 50 svart-hvítar myndir og var þar að finna „innsýn í hjal hversdagslífsins, spurningar og svör, börnin,

⁸⁷ *Vísir* 11. mars 1961, 6.

⁸⁸ *Þjóðviljinn* 14. mars 1961, 12.

⁸⁹ *Þjóðviljinn* 19. ágúst 1966, 10.

⁹⁰ Einar Falur Ingólfsson: „Meistari ljóssins“, *Kaldal aldarminning*, Reykjavík 1996, 10 og *Morgunblaðið* 24. ág. 1966, 12.

⁹¹ *Morgunblaðið* 23. ág. 1966, 10.

⁹² *Tíminn* 6. janúar 1968, 3.

⁹³ *Þjóðviljinn* 6. janúar 1968, 10.

⁹⁴ *Alþýðublaðið* 17. apríl 1969, 11.



Frá sýningu Ljósmyndafélags Reykjavíkur (Félags áhugaljósmyndara) í Bogasal Þjóðminjasafns 1954. Á myndinni má m.a. sjá ljósmyndir eftir Ralph Hannam og Hjálmar R. Bárðarson. *Ljós. óþekktur. Safn Morgunblaðsins, Þjms.*

trúna og landið.⁹⁵ Aðsókn að sýningunni var prýðileg og seldust a.m.k. 7 myndir. Í viðtali við Rúnar í einu dagblaðanna taldi hann að fólk væri farið að gera sér grein fyrir ljósmyndun sem einni grein myndlistar og taldi hann það m.a. birtast í sölu á verkum sínum.⁹⁶

Áhugamenn

Fyrir tilstuðlan áhugamanna í ljósmyndun var opnuð sýning þann 15. mars 1952 í Listvínasalnum í húsi Ásmundar Sveinssonar við Freyjugötu. Þar sýndu 40 áhugaljósmyndarar verk sín sem voru mjög fjölbreytileg að gerð. Var um að ræða bæði úti- og innimyndir sem og uppstillingar (table top).⁹⁷ Dómnefnd, sem skipuð var úr röðum atvinnumanna, var fengin til að veita verðlaun fyrir tvær bestu myndirnar á sýningunni. Það voru svo myndirnar „Dagrenning“ eftir Bibí Gísladóttur og „Frosin strá“ eftir Þorvarð R.

Jónsson sem urðu fyrir valinu.⁹⁸ Auk þessa höfðu sýningargestir atkvæðisrétt í vali á þeim tveimur myndum sem þeim leist best á. Flest atkvæði sýningargesta hlutu myndirnar „Hliðið“ eftir Ásgeir Long og „Æskudraumur“ eftir Herdísí Guðmundsdóttur. Aðsókn að þessari sýningu var svo góð að hún var framlengd um nokkra daga.⁹⁹ Ferðafélag Íslands hélt ljósmyndasýningu í Listamannaskálanum 31. okt. - 12 nóv. 1952. Sérstaklega var tekið eftir hversu myndrænar ljósmyndirnar voru í byggingu og allri gerð og er þess sérstaklega getið í einu dagblaðanna að framfarir hafi orðið í listrænni ljósmyndun landsmanna.¹⁰⁰ Félag áhugaljósmyndara var nokkuð virkt í sýningahaldi og hélt fyrstu sýningu sína á opinberum vettvangi í Bogasal Þjóðminjasafns árið 1954, þá sem Ljósmyndafélag Reykjavíkur. Öllum var

⁹⁵ *Morgunblaðið* 13. apríl 1969, 5.

⁹⁶ *Alþýðublaðið* 15. apríl 1969, 1.

⁹⁷ *Morgunblaðið* 15. mars 1952, 16.

⁹⁸ *Þjóðviljinn* 30. mars 1952, 8. Dómnefndarmenn voru ljósmyndararnir Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Kaldal og Vigfús Sigurgeirsson en hvorug myndanna birtist í dagblöðunum.

⁹⁹ *Morgunblaðið* 2. apríl 1952, 12. Myndin „Æskudraumur“ birtist t.d. í *Morgunblaðinu* 18. mars 1952, 4 og myndin „Hliðið“ t.d. í *Alþýðublaðinu* 16. mars 1952, 8.

¹⁰⁰ *Timinn* 12. nóvember 1952, 7-8.



Frá sýningunni Foto Expo sem haldin var í Ásmundarsal við Sigtún dagana 15.-30. nóv. 1958. Þar sýndu áhugaljósmyndarar frá sjö borgum í Evrópu. *Ljós. óþekktur. Safn Morgunblaðsins, Þjms.*

heimilt að senda inn myndir sem dómnefnd tveggja atvinnumanna og þriggja áhugamanna valdi úr til sýningar.¹⁰¹

Sýndar voru svo um 90 myndir eftir 38 myndasmiði og voru flestir þeirra áhugamenn en einnig áttu sex atvinnumenn myndir á sýningunni.¹⁰²

Ljósmyndasýningin vakti töluverða athygli og var nokkuð um hana skrifað í dagblöðum enda var þetta fyrsta sýning sem haldin var á vegum áhugamannafélags í ljósmyndun. Meginmarkmið hennar mun hafa verið að auka áhuga almennings á myndrænni ljósmyndun þar sem uppbygging myndarinnar sjálfar skipti í raun meira máli en hið eiginlega myndefni.¹⁰³ Sýningin var ágætlega sótt en engar tölur eru nefndar í því sambandi.¹⁰⁴ Önnur sýning félagsins var haldin í Listamanna-

skálanum í Reykjavík 9.-24. nóvember árið 1957. Þessi nýja sýning var mun yfirgripsmeiri en sú fyrri en nú voru sýndar á annað hundrað svart-hvítar myndir eftir 71 íslenskan myndasmið auk um 200 skyggnumynda. Þar að auki voru til sýnis myndir áhugaljósmyndara frá Feneyjum og Þýskalandi. Ólíkt dómnefndinni frá 1954 var dómnefnd þessarar sýningar eingöngu skipuð áhugamönnum í ljósmyndun auk listfræðings.¹⁰⁵ Sýningin fékk ágæta athygli í dagblöðum og munu um 2800 gestir hafa séð hana.¹⁰⁶

Félag áhugaljósmyndara stóð fyrir sýningunni Foto Expo 15.-30. nóv. 1958 í sýningarsal Ásmundar Sveinssonar við Sigtún í Reykjavík. Þetta var farandsýning áhugaljósmyndara frá sjö borgum Evrópu: Eskilstuna, Esbjerg, Stavanger, Jvaskylä, Luton, Düsseldorf og Reykjavík, og ferðaðist hún á milli þeirra.¹⁰⁷ Þá sýndu meðlimir félagsins á Mökkakaffi árið 1959 og einnig í

¹⁰¹ *Þjóðviljinn* 20. okt. 1954, 3. Dómnefndarmenn voru áhugaljósmyndararnir Páll Sigurðsson, Óttar Kjartansson og Ralph Hannam og atvinnuljósmyndararnir Sigurður Guðmundsson og Guðmundur L. Hannesson, sbr. *Timinn* 21. okt. 1954, 7.

¹⁰² Þetta voru þeir Guðmundur A. Erlendsson, Guðmundur Hannesson, Hannes Pálsson, Jón Kaldal, Óli Páll Kristjánsson og Sigurður Guðmundsson.


¹⁰³ *Morgunblaðið* 26. okt. 1954, 2.

¹⁰⁴ *Morgunblaðið* 7. nóv. 1954, 16.

¹⁰⁵ *Félag áhugaljósmyndara, sýningarskrá 2. sýning*, Listamannaskálanum, nóvember 1957; *Þjóðviljinn* 9. nóvember 1957, 12. Dómnefndarmenn voru áhugaljósmyndararnir Hjalmar R. Bárðarson og Ralph Hannam og Björn Th. Björnsson listfræðingur.

¹⁰⁶ *Vísir* 29. nóvember 1957, 12.

¹⁰⁷ *Foto Expo sýningarskrá*, Reykjavík 1958.



Frá sýningu Litla ljósmyndaklúbbsins í Bogasal Þjóðminjasafns 1961. *Ljós. Lbs.*

sýningarglugga Morgunblaðsins árið 1961.¹⁰⁸ Tvær síðastnefndu sýningarnar virðast hafa verið það smáar í sniðum að þær hafa ekki fengið neina umfjöllun að ráði í dagblöðum þess tíma.¹⁰⁹ Auk þessara sýninga hafa verið haldnar nokkrar afmælissýningar félagsins á seinni árum. Um sama leyti og afmælissýning Ljósmyndarafélags Íslands stóð yfir árið 1961 hélt Litli ljósmyndaklúbburinn fyrstu og einu sýningu sína í Bogasal Þjóðminjasafns. Vakti hún mjög mikla athygli enda gat þar að líta mun óhefðbundnari myndir en sést höfðu bæði á sýningum atvinnu- og áhugamanna fram að þessu. Það voru fjórir úr klúbbnum sem sýndu en það voru Guðmundur W. Vilhjálmsson, Kristinn Sigurjónsson, Óttar Kjartansson og Rafn Hafnfjörð. Hópurinn var allur undir töluverðum áhrifum frá þeim stefnum og straumum sem birtust í bandarísku tímaritunum *Popular photography*, *American photography* og síðast en ekki síst *Aperture* þar sem áherslan var fyrst og fremst listræn. Auk þessa voru félagarnir undir áhrifum frá þeim straumum í myndlist sem borist höfðu á land á Íslandi um það leyti er hópurinn var stofnaður en einnig var innblástur sóttur í sjóði gömlu meistaranna, innlendra sem erlendra.¹¹⁰ Myndirnar á sýningunni má flokka sem einhvers konar abstrakt expressjónisma sem var ofarlega á baugi í Bandaríkjunum á þessum tíma. Sýning fjórmeninganna fékk lofsamlega umfjöllun í fjölmiðlum og komst einn gagnrýnenda dagblaðanna, Gestur Guðfinnsson, þannig að orði:

„Það er mikill skáldskapur og list í þessari sýningu og viðfangsefnin mörg frumleg og nýtízkuleg. Hér er fátt af okkar elskulegu landslags- og

ferðamyndum í póstkortastíl... Hins vegar er margt annað sem gleður augað, þótt það láti lítið á sér bera við fyrstu sýn: ljósbrot í ísjaka, hrímaðir fjöruhnúllungar, gamall timburskúr, undarlegir hestar. Góður listamaður er skyggn á lífið og tilveruna. Hann kemur auga á það, sem öðrum er dulið og bregður nýju ljósi á hlutina. Töframönnunum fjórum er léð þessi gáfa í ríkum mæli. ... Litli ljósmyndaklúbburinn hefur unnið stóran sigur. Sýningin markar tímamót í sögu íslenzkrar ljósmyndalistar.“¹¹¹

Þetta virðist ekki ofmælt ef marka má umsagnir gagnrýnenda.¹¹² Markar sýningin í raun svo skörp skil í ljósmyndasögu landsins að ekki verður hjá því komist að fjalla nokkuð um þá sem þarna sýndu. Framsæknasta meðlim hópsins verður að telja Rafn Hafnfjörð. Rafn hafði töluverð persónuleg tengsl við myndlistarmenn og menningarforkólfa og fékk m. a. innblástur þaðan í ljósmyndir sínar. Einnig eru dæmi þess að ljósmyndir Rafns hafi orðið listmálurum innblástur í sínar myndir.¹¹³ Hann átti t.d. langa og farsæla samvinnu við svissneska listamanninn Dieter Roth sem starfaði á Íslandi um nokkra hríð, m.a. í tengslum við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Dieter varð mjög hrifinn af ljósmyndum Rafns og hvatti hann til að sýna þær á alþjóðlegum vettvangi en aldrei varð af því. Þær myndir Rafns sem hvað besta kynningu hafa fengið á erlendri grund eru þær sem hann gerði fyrir heimssýninguna í Montréal 1967 að beiðni Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts, hönnuðar íslenska sýningarbássins. Þetta voru geysistórar myndir þar sem millitónar höfðu verið teknir út svo að úr varð spilverk svartra forma á ljósum grunni og vöktu þær svo mikla athygli að Rafn

¹⁰⁸ *FÁ-blaðið* 9. tbl. 5. árg. (febrúar 1961), 3.


¹⁰⁹ *Morgunblaðið* 17. okt. 1959, 2.

¹¹⁰ Viðtal við Rafn Hafnfjörð, 75-76.

¹¹¹ *Alþýðublaðið* 7. mars 1961, 7.

¹¹² *Vísir* 11. mars 1961, 2, 6; *Tíminn* 12. mars 1961, 11, 15.

¹¹³ Samtal við Hörð Ágústsson 10. 2. 1998.



Ljósmynd eftir Kristín Sigurjónsson. Í eigu Svanhvítar Friðriksdóttur.

var fenginn í viðtal í kanadíska sjónvarpið þar sem hann gerði grein fyrir vinnslu myndanna en aðferðirnar við gerð þeirra hafði hann fundið upp hjá sjálfum sér.¹¹⁴ Guðmundur W. Vilhjálmsson og Kristinn Sigurjónsson voru einnig á abstrakt nótunum. Minna myndir Guðmundar t.d. á verk íslenskra listmálara eins og Karls Kvarans. Verk Kristins eru ívið ljóðrænni og eru á stundum figúratíf en ávallt mjög framsækin í uppbyggingu og stíl. Þeir þrír, Guðmundur, Kristinn og Rafn eiga það sameiginlegt að hafa átt forsiðumyndir á eina almenna tímaritinu um sjónlistir og menningarmál, Birtingi, sem gefið var út á Íslandi á þessum tíma.¹¹⁵ Óttar Kjartansson var sá í

hópnum sem tók hefðbundnustu myndirnar en í þeim er ávallt að finna sérstakt og kyrrlátt andrúmsloft greypt inn í góða myndbyggingu. Fótóklúbburinn Íris hélt tvær sýningar meðan hann var starfandi, báðar á Mökkakaffi í Reykjavík, aðra í mars 1962 og hina í júlí 1965. Á fyrri sýningunni voru 27 myndir eftir 9 úr hópnum en það voru þeir Freddy Laustsen, Haukur Helgason, Haukur Kristófersson, Helgi Haraldsson, Helgi Jónsson, Jón Einarsson, Kristján Jóhannesson, Otti Pétursson og Ólafur H. Sigurjónsson. Á báðum sýningunum var stór hluti myndanna gerður með þeim hætti að allir millitónar voru dregnir úr myndunum.¹¹⁶ Einn af félögum Írisar, Jón Einarsson, sýndi á Mökkakaffi í september 1966 og kom þannig strax í kjölfar einkasýningar Jóns Kaldals. Þetta var fyrsta einkasýning áhugamanns í faginu en á henni voru 19 myndir, margar þeirra teknar á Spáni og í Mexíkó en einnig voru nokkrar myndir

¹¹⁴ Viðtal við Rafn Hafnfjörð 77-80. Freddy Laustsen hafði einnig fundið þessa aðferð upp hjá sjálfum sér á svipuðum tíma alveg óháð Rafni, skv. samtali við Freddy 16. 2. 1998.

¹¹⁵ Eftir Guðmund W. Vilhjálmsson birtust myndir á forsiðu 4. h. 1960, 1.-2. h. 1961, 2. h. 1963 og 1.-2. h. 1965. Eftir Kristín Sigurjónsson birtust myndir á forsiðu 4.-5. h. 1961 og 1.-3. h. 1966. Eftir Rafn Hafnfjörð birtust myndir á forsiðu 2. h. 1960, 3.-4. h. 1965 og 4. h. 1967.

¹¹⁶ *Vísir* 16. mars 1962, 5; *Vísir* 13. júlí 1965, 10.



Ljósmynd eftir Óttar Kjartansson. *bjms*.

af íslenskum leikurum sem starfað höfðu hjá leikflokki Grímu í Reykjavík.¹¹⁷ Sýning Jóns fékk heldur litla umfjöllun í dagblöðum og erfitt er að mæla aðsókn á sýningu sem haldin er á kaffihúsi. Gísli Friðrik Johnsen sýndi 50 handlitaðar ljósmyndir í nóvemberbyrjun 1967 í Vestmannaeyjum. Mikið var um fuglamyndir en einnig nokkuð af landslagsmyndum teknum víða um land. Eftir viku af opnunartíma sýningarinnar voru um 40 myndir seldar.¹¹⁸

Síðar í nóvembermánuði 1967 var haldin önnur sýning ljósmyndaá hugamanna í Vestmannaeyjum. Hún nefndist Kontrast 67 og að henni stóðu Ingólfur Guðjónsson, Ólafur Gunnarsson, Páll Steingrímsson, Sigurgeir Jónasson og Torfi Haraldsson. Sýningin var haldin í Akogeshúsinu en var svo flutt til Reykjavíkur skömmu síðar og var opin í Casa Nova Menntaskólans í Reykjavík 24.-26. nóvember 1967.¹¹⁹

Matthías Gestsson sýndi dagana 12.-24. apríl 1969

¹¹⁷ *Þjóðviljinn* 14. september 1966, 10. Samtal við Jón Einarsson 22. 2. 1998.

¹¹⁸ *Morgunblaðið* 4. nóv. 1967, 27.

¹¹⁹ *Morgunblaðið* 24. nóvember 1967, 14, 20.



Frá sýningu fótóklúbbsins Irisar á Mokka kaffi árið 1962. Ljósmynd af Ari Kárasón, Þjms.

um 50 ljósmyndir í Hliðskjálfi við Laugaveg í Reykjavík. Yrkisefni hans á þessari sýningu var fyrst og fremst íslenski hesturinn enda bar sýningin yfirskriftina „Fákar og form“.¹²⁰ Allar myndirnar voru til sölu en engar tölur eru um sölu á þeim. Sigurjón Jóhannsson blaðamaður hélt sýningu 31. okt. - 8. nóv. 1970 í sýningarsal við Hverfisgötu í Reykjavík. Þar sýndi hann milli 40 og 50 myndir, annars vegar fréttamyndir en hins vegar listræna tjáningu á grjóti í náttúrunni. Sýning Sigurjóns fékk umfjöllun tveggja af listgagnrýnendum dagblaðanna, þeirra Braga Ásgeirssonar og Hjörleifs Sigurðssonar. Þótti þeim báðum sýningin áhugaverð og náttúrulefsmyndirnar tilþrifa-meiri, myndrænt séð, en fréttamyndirnar.¹²¹ Ekki er getið um aðsókn að sýningunni en nokkrar myndir munu hafa selst en allar myndirnar voru til sölu.¹²²

Að lokum

Tímabilið milli 1950 og 1970 í ljósmyndun á Íslandi einkennist af fremur skýrum línun milli atvinnu- og áhugamanna í faginu þar sem áhersla atvinnu-

mannanna var að stórum hluta á gott handverk en áhersla áhugamanna á hinar listrænu hliðar. Hjá atvinnuljósmyndurum var því, þegar á heildina er litið, þróun frá svart-hvítu yfir í lit og sérhæfing innan fagsins fór vaxandi, sérstaklega undir lok tímabilsins. Breytingar urðu á námsferli ljósmyndara á tímabilinu, frá því að vera flestir lærðir hjá meistara hér heima, yfir í þátttöku í Iðnskólanámskeiðum og svo var vaxandi fjöldi sem sótti í nám utan landsteinanna. Segja má að listræn áhugaljósmyndun hér á landi hafi átt sitt blómaskeið á tímabilinu og er öflugt starf og sýningahald félaga og smáklúbba áhugaljósmyndara vitnisburður þess. Hin listræna sérstaða áhugaljósmyndaranna dofnaði á seinni hluta 7. áratugarins samhliða því sem ný kynslóð atvinnuljósmyndara með listrænni metnað en forverarnir tók að flytjast heim frá námi erlendis.¹²³ Á svipuðum tíma hófu framsæknir myndlistarmenn að nota ljósmyndataeknina við listsköpun sína þannig að hin listræna sérstaða virkra áhugaljósmyndara varð síður sýnileg.

¹²³ Hér er fyrst og fremst átt við þá Leif Þorsteinsson, f. 1933, Guðmund Ingólfsson, f. 1946 og Sigurgeir Sigurjónsson, f. 1943.

Ég vil færa Ingu Láru Baldvinsdóttur kærar þakkar fyrir mikilvægar ábendingar við samningu greinarinnar auk yfirllesturs og vals á ljósmyndum, Ívari Brynjólfssyni fyrir yfirllestur og öflun myndefnis, Sigurjóni Baldri Halsteinssyni fyrir yfirllestur á hluta greinarinnar og Halldóri J. Jónssyni fyrir yfirllestur handrits. Auk þeirra Donaldi Ingólfssyni á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Herði Geirssyni á Minjasafninu á Akureyri fyrir margvíslegar upplýsingar.

¹²⁰ *Alþýðublaðið* 12. apríl 1969, 3; *Vísir* 18. apríl 1969, 16, 18.

¹²¹ *Morgunblaðið* 31. okt. 1970, 31; *Vísir* 7. nóvember 1970, 7; *Morgunblaðið* 8. nóvember 1970, 15.

¹²² *Tíminn* 3. nóvember 1970, 3.



Ljósmynd eftir Gunnar Pétursson. *Í eigu höfundar.*

II

Viðtöl við ljósmyndara

Inngangur

Viðtöl þessi eru viðleitni til að varðveita þekkingu um ljósmyndasögu tímabilsins 1950-1970 sem annars gæti auðveldlega glatast með öllu. Ekki hafa áður birst á prenti svo ítarleg viðtöl við ljósmyndara sem störfuðu á þessu tímabili þar sem fag þeirra hefur verið sérstaklega til umræðu. Hér skal nú gerð grein fyrir efni viðtalanna og vali á heimildamönnum. Röð viðtalanna markast af þeim tíma sem hvert þeirra greinir frá, þannig að heild viðtalanna myndar lauslegan tímaás frá því nokkru fyrir 1950 og fram yfir 1970.

Sævar Halldórsson var valinn sem viðmælandi þar sem hann var annar af aðeins tveimur nemum hjá Jóni Kaldal, hann hafði starfað á stórri ljósmyndastofu utan höfuðborgarsvæðisins og hafði verið nokkurs konar farandljósmyndari við skóla-myndatökur. Viðtalið við hann veitir þannig tölu-verða innsýn inn í þessa þætti, þ.e. nám Sævars og vinnubrögð Kaldals, starfsemina hjá stofu Jóns og Vigfúsar á Akureyri og myndatökuferðir Sævars sjálfs víða um land.

Jóhanna Sigurjónsdóttir var valin vegna þess að hún var rekstaradili vinsællar stofu í Reykjavík á tímabilinu sem hér um ræðir og hafði auk þess lært í Ameríku. Viðtalið veitir þar með innsýn inn í námstíma hennar í Bandaríkjunum og þær nýjungar í faginu sem hún bar með sér til Íslands. Þá er í viðtalinu að finna upplýsingar um starfsemi ljósmyndastofu Lofts þar sem hún starfaði eftir að hún kom heim frá námi og svo stofnun og rekstur ljósmyndastofunnar Asis sem hún stofnaði í félagi við Ingibjörgu Sigurðardóttur sem einnig hafði starfað hjá Lofti um tíma.

Hjálmar R. Bárðarson var valinn til viðtals þar sem hann hafði verið atvæðamikill í starfsemi áhugaljósmyndara hér á landi og átt stóran þátt í að efla hana til listrænnar virðingar. Viðtalið við hann veitir einnig miklar upplýsingar um upphaf

ferils hans sem virts áhugaljósmyndara á námsárunum í Danmörku, tengsl hans við alþjóðleg ljósmyndafélög, stofnun og starf Hins íslenska ljósmyndafélags, deilur við Ljósmyndarafélag Íslands og bókaútgáfu Hjálmars á seinni árum.

Guðni Þórðarson var valinn þar sem hann hafði kynnt svokallaða ljósmyndablaðamennsku frá Ameríku til sögunnar á Íslandi. Í viðtalinu er að finna upplýsingar um námstíma hans í Bandaríkjunum og störf hans hér heima, bæði fyrir dagblaðið Tímann og Samvinnuna. Einnig eru upplýsingar um kvikmyndagerð Guðna og þróun prentmyndataekni.

Rafn Hafnfjörð var valinn til viðtals sem framsækinn áhugaljósmyndari sem einnig var meðlimur í Litla ljósmyndaklúbbnum sem haldið hafði sýningu sem markaði ákveðin tímamót í íslenskri listrænni ljósmyndun. Í viðtalinu er m.a. að finna upplýsingar um listræn viðhorf Rafns, tengsl hans við Jón Kaldal ljósmyndara, Dieter Roth myndlistarmann, Skarphéðin Jóhannsson arkitekt og heimssýninguna í Montréal 1967.

Donald Ingólfsson var valinn sem fulltrúi nemenda Sigurðar Guðmundssonar sem lengi var formaður Ljósmyndarafélags Íslands en Sigurður var einn þeirra ljósmyndara sem hefur haft hvað flesta nema í læri. Auk þess hafði Donald tekið við rekstri ljósmyndastofunnar Asis eftir að stofnendur hennar seldu hana. Viðtalið við Donald gefur góða innsýn inn í námstímamann hjá Sigurði og starfsemi stofu hans skömmu fyrir 1960 en veitir einnig mikilvægar upplýsingar um starfsemi ljósmyndastofa Guðmundar A. Erlendssonar og Gests Einarssonar á sjöunda áratugnum auk sjálfstæðs reksturs Donalds.

Leifur Þorsteinsson var valinn til viðtals þar sem hann hafði lært ljósmyndun í Danmörku og bar með sér nýja strauma sérhæfingar en hann er

fyrsti lærði auglýsingaljósmyndarinn á Íslandi og er með fyrstu lærðu ljósmyndurum sem hélt einkasýningu á verkum sínum. Viðtalið við Leif veitir ákveðna innsýn inn í námstímann í Danmörku og árin eftir heimkomuna þegar formlæg auglýsingaljósmyndun var að feta sín fyrstu spor á Íslandi, viðhorf Leifs til ljósmyndunar og úrbætur í námi ljósmyndanema, m.a. með námskeiðum í Iðnskólanum í Reykjavík. Einnig er í viðtalinu að finna lýsingu á uppfinningu Leifs og Ævars Jóhannessonar á framköllunarbaði sem ekki tókst að fjármagna einkaleyfi fyrir, en varð síðar hinn svokallaði E6 ferill frá Kodak.

Í flestum viðtölunum koma jafnframt í ljós viðhorf einstakra ljósmyndara til fagsins.

Í bígerð var að ræða við Ólaf K. Magnússon blaðaljósmyndara en hann féll frá áður en af því gat orðið.

Talmálsorðfæri viðmælenda hefur verið leyft að halda sér að mestu en á stöku stað hefur verið skotið inn upplýsingum til skýringa innan hornklofa.

Viðmælendum eru færðar bestu þakkir fyrir að veita þessi viðtöl en auk þess fyrir yfirlestur þeirra og ábendingar.

Sævar Halldórsson

f. 10. 9. 1923*

Hvernig atvikaðist það að þú fórst að læra ljósmyndun?

Það var nú þannig að ég vildi læra einhverja iðn og þetta var forvitnilegt fag og ég þekkti lítið til þess. Það var alls ekki ætlunin í byrjun að ég færi í það en það atvikaðist nú svo að ég komst inn sem lærlingur hjá Jóni Kaldal ljósmyndara. Það var ekki hlaupið að því þá að komast inn hjá þessum ljósmyndurum. Þetta er í kringum 1940.

Hvers vegna hjá Kaldal? Var kunningssskapur í spiliinu?

Já, hann var Húnavetningur. Ég er nú ekki beint þaðan en faðir minn var það og kannaðist við Jón. Sjálfsagt hef ég notið góðs af því að einhverju leyti en ég var nú tekinn inn til prufu fyrst í þrjú mánuði til að athuga hvort maður dygði í þetta eða ekki. Það gekk ágætlega. Síðan var undirritaður samningur og það var þá þrjú og hálf ár sem námið skyldi taka. [Mánaðar]kaupið var nú ósköp lítið, 75 kr. fyrsta árið, 125 kr. annað árið og 175 kr. þriðja árið. Aðstoðarstúlkurnar sem voru að vinna þarna á stofunni þær voru komnar í um 600 kr. svo munurinn var svona mikill á mér og þeim. En ég gat nú lifað við þetta því ég fékk alltaf frí í þrjú mánuði á ári, á sumrin og fór þá norður á Siglufjörð á síld og þénaði peninga sem héldu mér að mestu uppi yfir veturinn, þ.e. fyrir fæði og húsnæði. Og þetta gekk svona þennan tíma sem ég var hjá Kaldal. Ég var eini neminn hjá honum.

Ertu þá ekki Reykvíkingur?

Nei, foreldrar mínir bjuggu á Siglufirði. Faðir minn fluttist úr Húnavatnssýslunni rétt eftir fermingu, fór þá í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. *Tengjast ferðir þínar norður því þá að foreldrar þínir*

bjuggu þar og faðir þinn hafði verið með síldarsöltunina?

Já, þetta var uppeldið. Það var síldin.

Þú nefndir að Kaldal hefði verið með aðstoðarstúlkur. Hverjar voru þær?

Já, það voru þrjár, eiginlega fjórar, því konan hans, Guðrún, var þarna líka. Ein var þýsk, Lise Lotte hét hún og svo var það Petra Ásgeirsdóttir skipstjóra sem giftist Sverri Þórðarsyni blaðamanni. Á þessum tíma var Sverrir einmitt að skjóta sig í henni. Þá var það Guðrún, en ég man ekki hvers dóttir hún var en hún giftist Ameríkana og fluttist svo til Bandaríkjanna. Meira veit ég nú ekki um þessar konur.

Kom ekki til greina að fara til útlanda í ljósmyndanáms þar sem það fór nú yfirleitt fram, svona í upphafi stríðsins?

Ég fór til Danmerkur skömmu eftir stríð, eða 1945 og ætlaði að athuga með framhaldsnám en þetta var alveg eins staðnað og hér hjá okkur. Það var ekkert skárta.

Af hverju dregur þú þá ályktun?

Það var svo snemma sem ég kom. Alveg rétt eftir stríð, 1945. Það atvikaðist þannig að ég var þá í síld á Siglufirði og það var skip, lítill línuveiðari, sem var að fara til Danmerkur með síldarfarm, saltaða síld. Ég réði mig á þetta skip til að komast til Danmerkur. Ég held að þetta hafi verið annað íslenska skipið sem sigldi inn til Kaupmannahafnar eftir stríðið, það var einn Fossinn sem hafði komið áður. Það var nú þannig með allt þarna í Danmörku, það vantaði allt. Nauðsynjar og annað svo það var ekkert þar að hafa í sambandi við ljósmyndun, neitt frekar en hér. Það hafði allt verið lokað hjá þeim í sambandi við nýjungar. Ég gat ekki séð að þar hefði verið nein framþróun. Mig minnir að það hafi verið Stella Nova, sem var þarna með stofu og fleiri aðilar, en þetta var það

* Guðrún Harðardóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir tóku viðtalið 26. 6. 1997 og Guðrún tók framhaldsviðtal 16. 7. 1997.

Viðtölunum var steyppt saman og fékk Sævar viðtalið til yfirlestrar ásamt nokkrum aukaspurningum sem hann svaraði skriflega.

sama og herna heima. Það má segja að þetta hafi verið nokkurs konar polyfoto-myndir. Þeir voru náttúrulega með stærri atelier-myndir en ég sá ekki neitt sem kitlaði mann. Og eins varðandi Svíþjóð. Það var ósköp lítið að hafa. Seinna meir þróaðist þetta svo nokkuð fljótt.

Hvernig fór námið fram hjá Kaldal?

Maður byrjaði í retouche fyrst og fremst, Kaldal lagði mikið upp úr slíku og mesta vinnan tengdist því. Svo voru það náttúrulega stækkarir á myndum en svo fékk maður að taka mynd svona af og til, passamyndir og svoleiðis. Hann hleypti manni nú ekki of mikið inn í atelierið svona fyrst til að byrja með en svo fór það að breytast.

Var verkaskipping skýr hvað varðaði aðstoðarkonurnar? Guðrún og sú þýska, Lise Lotte, þær voru eingöngu í retouche og hinar voru við afgreiðslu.

Voru þær þá í að retouchera plötur eða myndir?

Þær voru í afgreiðslu en svo þrjár þeirra, ef kona Kaldals er talin með, í retouche á myndum. Þær retoucheruðu aldrei filmur, bara myndir. Það var Kaldal sjálfur eða ég sem retoucheruðum plöturnar. Konurnar voru bara í myndunum og frágangi á þeim. Sérstaklega í polyfotomyndunum. Það þurfti talsverðan retouche í sambandi við þær þar sem ekki var hægt að retouchera plöturnar því myndirnar voru svo smáar þar. Þetta voru 13 x 18 cm plötur og upp undir 24 myndir á hverri plötu og gat farið allt upp í 48 myndir. Það voru því bara retoucheraðar stærri plöturnar og svo visitmyndir svokallaðar, passamyndir sem voru helmingurinn af svona plötum.

Var Kaldal ennþá með polyfoto á þessum tíma?

Já, já.

Nú var það mjög vinsælt eftir að það kemur fyrst fram um 1933, var það eitthvað farið að minnka á þessum tíma?

Nei, það var alltaf eitthvert renneri í sambandi við börn og jafnvel fullorðna. Meðan ég var þarna var hann með þessa vél á öðrum stað inni á stofunni, með öðrum ljósum en notuð voru fyrir portrettvélinu.

Gætirðu lýst þeim nánar?

Þetta voru raunverulega sömu perurnar en þær voru skermaðar af með möttu gleri fyrir polyfototökurnar. Það var þá bara eins og standardlampar, eins og þeir sem kallast fluorescent núna. Þeim var bara stillt upp á vissum stöðum og síðan ekkert hreyft. Ljósunum var aldrei breytt. Polyfoto-vélin var þannig gerð að það var eins og myndirnar væru aldrei alveg hárskarpar, heldur

aðeins loðnar. Þess vegna var innstillingin náttúrulega ekki mjög nákvæm, vélin tók alltaf eins. Á polyfoto-vélinni var sveif sem maður sneri og þá var hleypt af um leið og þannig færðist yfir á næstu mynd. Það voru ekki nema tvær polyfotovélar á landinu eftir því sem ég vissi til, önnur hjá Kaldal en hin hjá Jóni og Vigfúsi fyrir norðan.

Var þá samskonar ljósasett við vélinu fyrir norðan?

Já, ég gat ekki séð annað en að það væri ósköp svipað.

Geturðu lýst aðstöðunni á námsstaðnum, Laugavegi 11?

Já, þetta var á þriðju hæð og maður kom fyrst inn í biðstofu og svo var alveg opið úr biðstofunni inn í aðal atelierið. Þar voru bara tjöld á milli sem voru dregin fyrir ef verið var að mynda. Til vinstri handar við biðstofuna var polyfoto-myndavél. Innar var smá-gangur og til vinstri var myrkrakompan og til hægri var vinnuaðstaðan. Þá þekktist ekki að nein aðstaða væri fyrir starfsfólkið.

Var Kaldal eitthvað að taka myndir úti í bæ og úti við meðan þú varst hjá honum eins og hann hafði gert í upphafi?

Hann var alveg hættur þessu þegar ég byrjaði á stofunni og tók eingöngu mannamyndir þar. Ef beðið var um eitthvað slíkt kallaði hann í mig og spurði hvort ég hefði áhuga á því verki. Maður tók þessu stundum því maður reyndi nú að drýgja tekjurnar af og til svo maður kæmist á dansstað með kunningjunum.

Það var svolítið um tækifærismyndir í heima-húsum, á afmælum og vinamótum. Mjög lítið var um myndatökur fyrir fyrirtæki.

Nú ganga sögur um það að Kaldal hafi notað sömu myndavélinu frá upphafi til enda. Var tækjabúnaður hans mjög frumstæður eða svipaður því sem hann var annars staðar?

Ég held nú að Kaldal hafi verið fremur fastheldinn á gömlu hlutinu. Þessi gamla ljósmyndavél hans var nú orðin svolítið slæm, sérstaklega kassetturnar sem notaðar voru í vélinu. Þær voru nú ekki til hér. Ég man eftir því 1945 þegar ég fór til Danmerkur þá leitaði ég uppi þann sem hafði framleitt þessar Norka-vélar og ég fékk þarna einhverjar tvær, þrjár kassetturnar handa Kaldal. Framleiðandinn var þá fjörgamall maður og hann fann þetta einhvers staðar uppi á háalofti hjá sér.

Hvað með glerplötutökur Kaldals?

Glerið hvarf nú almennt nokkuð fljótt þannig að maður fékk ekki gler í þessar vélar en Kaldal hélt áfram að taka á gler jafnvel alveg fram undir það síðasta, hann notaði aldrei filmur.

Kynntistu öðrum ljósmyndurum meðan þú varst í námi?

Ég kynntist nú Sigurði Guðmundssyni því hann var að vinna hjá Kaldal um tíma. Hann var svo síðar með stofu hinum megin við götuna, á Laugavegi 12, og maður skrapp þá yfir til hans.

Var hann með nema á þeim árum?

Já, það var Guðmundur A. Erlendsson.

Hafðirðu samgang við aðra ljósmyndanema?

Það var mjög lítið, varla nema hjá Sigurði sem helgaðist þó af því að stofan hans var hinum megin við götuna. Jón K. Sæmundsson er að læra hjá Ólafi Magnússyni á þeim tíma sem ég er hjá Kaldal en hann lýkur talsvert fyrr en ég. Hann fer svo til Bandaríkjanna eftir það.

Seinni konan mín, Auður Jónsdóttir, lærði hjá Ólafi Magnússyni. Hún var ljósmyndari á Orkustofnun núna síðast.

Hvað tók við eftir sveinspróf?

Þá fór ég norður í síldina og síðan til Akureyrar og fór að vinna við ljósmyndun þar hjá Jóni og Vigfúsi. Ég kem til Akureyrar haustið 1946. Þegar ég var búinn að vera þar í ein þrjú, fjögur ár, líklegast þrjú, vildi ég hætta, en þá buðu þeir mér að kaupa einn þriðja af stofunni. Það varð úr að ég keypti þennan þriðjung og ílengdist þarna á Akureyri um tíma, gifti mig og fór að búa. Eftir tvö eða þrjú ár sem við áttum þetta saman, missti ég konuna og ég fluttist suður aftur svo við hættum saman rekstrinum.

Hvernig var verkaskipting á stofu Jóns og Vigfúsar?

Guðmundur Trjámannsson, sem var mállaus og heyrnarlaus, sá um fjölskyldu- og passamyndirnar, Vigfús Friðriksson sá um polyfoto, ég sá um skólamyndatökur úti um landið og Jón Sigurðsson sá um amatörvinnuna. Þá var mikil amatörþjónusta á stofunni. Ætli það hafi ekki verið um 12-13 manns þegar mest var yfir sumar-tímamann, en um 8 manns yfir veturinn.

Hvað gerðu aðstoðarkonurnar á aðalstofunni?

Þetta var náttúrulega sama stofan en það var flest fólk í amatörvinnunni, svona yfir sumarið. Svo voru aftur fjölskyldumyndatökur sem Guðmundur Trjámannsson sá um. Vigfús sá um polyfoto-myndirnar og ég sá um skólana. Svo var það Auður sem var í frágangi á myndum, retoucheringu á polyfoto-myndum og öðrum en hún var ekki í myndatökunum sjálfum. Hún var þó í að stækka myndir og ganga frá þeim.

Gengu stúlkurnar í amatörþjónustunni í einhver önnur störf á stofunni?

Það var ein sem retoucheraði polyfoto-myndir. Hún var mest í afgangi en retoucheraði á milli. *Var það þá Auður og þessi stúlka sem sá um frágang á stofumyndunum?*

Já. Svo vorum við Vigfús í retouchinum líka en Jón sá alveg um að stjórna amatörvinnunni og framkalla allar filmur. Þetta var ágæt verkaskipting — þannig.

Hvar var ljósmyndastofan?

Fyrst var hún á Strandgötunni, í húsi Jóns. Síðan fluttumst við yfir í „Gudmann“ sem kallað var, beint á móti KEA, núna er þarna veitingastaðurinn Bautinn. Það var nokkuð gott húsnæði. Við vorum þarna fimm ljósmyndarar um tíma. Það var núverandi konan mín, sem bættist þarna við á stofuna. Hún kom norður til Akureyrar og við réðum hana strax.

Á Akureyri voru þá þrjár ljósmyndastofur starfandi. Hallgrímur Einarsson var þá enn starfandi en síðan tók Kristján sonur hans við stofunni. Þá var Eðvarð Sigurgeirsson einnig starfandi og Jónas Hallgrímsson líka. Hann var þó mest í myndatökum á ferðalögum.

Voruð þið hjá Jóni og Vigfúsi með einu amatörþjónustuna á Akureyri á þessum tíma?

Já, og það voru um átta konur sem unnu með Jóni í þessu.

Gætirðu útskýrt verkaskiptinguna milli þeirra?

Í amatörnum var verið að skera myndirnar og raða þeim niður eftir filmum. Ein var nú við að glansa myndirnar allar, setja þær á stóra tromlu, þurrkara, sem myndunum var raðað á til að fá glansinn á þær. Þetta gekk stundum allan daginn. Svo voru fjórar inni í myrkraklefa við að handkopiera hverja filmu fyrir sig. Það var unnið við kopíeringskassa þar sem rauð pera var í botninum og önnur venjuleg hvít. Yfirleitt var ljós á þeirri rauðu en með hinni var lýst í gegnum viðkomandi filmur eftir þörfum. Á þessum hvítu perum var kveikt og slökkt með venjulegum slökkvurum og konurnar urðu að læra að meta filmurnar, hvort þær væru normal, undirlýstar eða yfirlýstar. Það voru notaðar mismunandi gerðir af pappír, t.d. mjúkur, normal og harður. Fjórdi flokkurinn var til líka. Ef filma var t.d. mjög ljós gátu þær náð betri mynd með hörðum pappír og ef filman var mjög dökk (þétt) gafst vel að nota mjúkan pappír. Þetta urðu konurnar að læra á og hafa á tilfinningunni en þær voru fljótar að komast upp á lagið með þetta. Þetta var töluverð handavinna. Þetta var svona í amatörnum hérna áður

fyrir. Hjá Hans Petersen í Reykjavík voru einnig stúlkur í þessu. Auk þessa voru stúlkurnar hjá Jóni og Vigfúsi í afgreiðslu.

Var eitthvert áframhaldandi samstarf milli þín og einhverra af stofunni eftir að hún var lögð niður?

Þegar við hættum var stofan lögð niður. Ég og Jón störfuðum ekkert lengur saman en Jón og Guðmundur störfuðu eitthvað saman áfram. Vigfús fór til Hafnarfjarðar en ég til Reykjavíkur.

Hvað tók þá við hjá þér?

Ég var í því að taka myndir í skólum út um allt land. Ég byrjaði á Núpi, tók svo Laugarvatn, bæði alþýðuskólann og menntaskólann. Seinna var ég með Varmaland í Borgarfirði, Reykjaskóla í Hrítafirði, Hvammstanga, Blönduós, Sauðárkrók, Hóla í Hjaltadal, Dalvík, Laugar, Akureyri, Hvanneyri, Eidaskóla, Löngumýri og svo austur á fjörðum. Þetta dugði ágætlega til að lifa af, heljarmikil vinna. Vigfús var að vísu í þessu líka og hann hafði ákveðna skóla en það var þó aldrei nein samkeppni á milli okkar. Hann var meira herna fyrir sunnan það var bara Laugarvatn sem ég var með um tíma þar.

Fannst þér tækjabúnaður hjá Jóni og Vigfúsi frábrugðinn því sem var hjá Kaldal?

Það held ég nú ekki. Þeir voru líka með polyfotóvél og svo voru þeir að vísu með aðra vél sem var kölluð multifoto. Þeir notuðu hana mikið í skólamyndatökum.

Hvaðan voru tæki og tól keypt?

Það var Kodak fyrir amatörinn, einnig Agfa. Þetta var allt keypt í gegnum heildsala en einnig man ég eftir að einhver efni í framkallara og svoleiðis hafi fengist í Reykjavíkur Apóteki og hjá Stefáni Thorarensen sem sjálfur var með amatörþjónustu.

Varðstu var við strauma og stefnur frá útlöndum meðan á námi stóð og svo síðar?

Ekki meðan á námi stóð, en þegar fór að liða á þá fór maður að huga að því. Við fengum t.d. ljósmyndara hingað til lands í gegnum Ljósmyndarafélagið sem voru með fyrirlestra og sýnikennslu og annað.

Heldurðu að Jón Kaldal hafi fylgst vel með því sem var að gerast í ljósmyndun erlendis?

Það held ég ekki. Það var helst bara að hann skoðaði listaverkabækur.

Þegar þú ferð að kynna þér hlutina sjálfur, hvaðan er það?

Það voru yfirleitt blöð og bækur sem voru á ensku, en ég var meira með þetta ameríska. Það voru mest tímarit. Maður hafði keypt handhæga danska bók meðan á námi stóð og var hún ansi

góð og dugði nokkurn veginn sem uppflöttirit um tækniatriði. Umboðin voru t.d. aldrei með nein námskeið. Maður fer að glugga í þessi tímarit þegar maður fer að taka litmyndir í kringum 1947-48 og hafði þá ekkert kynnst þessu áður. Það voru aðallega einkamyndir sem ég tók, en líka frá hátíðahöldum á Akureyri.

Hvenær ferðu að taka litmyndir fyrir viðskiptavinina? Ég fer aldrei almennilega út í litinn, hélt mig við svart-hvítt. Ef ég tók litmyndir lét ég vinna framköllunina fyrir mig. Það gerðu margir, við fengum filmurnar framkallaðar hjá Kodak og svo voru margir sem sendu sínar myndir út og létu stækka þær, unnu það ekki sjálfir. Það var mjög hæg þróun hjá ljósmyndurum að fara yfir í litinn. Eiginlega má segja að það hafi háð mörgum ljósmyndurum að hafa ekki farið í litinn strax.

Hvenær heldurðu að liturinn fari að koma almennt hjá mönnum eins og t.d. Guðmundi A. Erlendssyni?

Ætli það sé fyrir en um 1965 eða svo. Guðmundur náði nokkuð góðum tókum á þessu fremur fljótt og var fylginn sér í því.

Fylgdistu eitthvað með ljósmyndasýningum á tíma-bílinu 1950-70?

Nei, ég fylgdist nú lítið með því. Ég sá t.d. ekki sýninguna Fjölskyldu þjóðanna (Family of Man). Ég býst við að ég hafi verið fyrir norðan því ég gat verið frá því í byrjun júlí og fram í endaðan september. Ég sá þar um síldarsöltun og frýstingu á síld og það hvenær maður kom heim fór eftir því hvenær maður losnaði við síldina. Ég starfaði þó ekki fyrir föður minn, það gerði ég síðast 1946. Eftir það fór ég inn á Akureyri.

Hvernig gengu þessar myndatökuferðir út um landið fyrir sig?

Ég fór þetta á eigin bíl eða með flugi. Fyrir norðan til að byrja með tók ég þetta allt á gler, framkallaði allt í skólunum og lét þá þar hafa prufur. Síðan var pantað eftir því og svo voru myndirnar límdar upp á spjald með nafni skólans og viðkomandi skólaári og ef beðið var um stækkanir var hægt að ganga frá því um leið.

Þetta gat verið heilmikil vinna, framköllun við lélegar aðstæður, allt í bökkum. Í skólunum var varla hægt að tala um neina aðstöðu. Maður var bara inni á baði, þar var allavega nóg af vatni.

Gekkst þú strax í Ljósmyndarafélagið?

Nei, ekki strax eftir sveinspróf en mjög fljótlega eftir að ég kom til Reykjavíkur, ég man ekki nákvæmlega hvenær. [Skv. fundargerðabók Ljósmyndarafélagsins er það 1956.]



Skólaspjald. Bændaskólinn á Hvanneyri 1969-1970. Ljós. Sævar Halldórsson. Í eigu höfundar.

Hvernig var starfsemi félagsins meðan þú varst viðloðandi?

Mér fannst hún nú ósköp slæg, það var lítið um fundi nema helst að haldin var árshátíð þar sem menn komu saman til að skemmta sér. Það var ekki mikil fagleg umræða, einna helst að rætt var um verðlag og annað slíkt og að reyna að fylgjast með því.

Voru þessir menn fyrir norðan almennt í félaginu, t.d. eins og Jón og Vigfús?

Ég held ekki. Líklega hefur félagið ekki haft mikil tengsl út á landsbyggðina.

Hvert var viðhorf þitt til áhugamanna í faginu?

Mér fannst það að sumu leyti virðingarvert hjá þessum mönnum að reyna að spjara sig og bjarga sér en það var kannski leiðinlegt þegar þeir fóru beint inn á svið ljósmyndaranna. Eins og t.d. með því að taka landslagsmyndir og annað, stækka þær svo og selja. Þorsteinn Jósefsson kom t.d. oft upp á

stofu til Kaldals og við stækkuðum fyrir hann myndir. Það voru oft ljómandi fallegar myndir.

Hvað fannst þér um landkynningarbækur með ljósmyndum?

Þorsteinn tók nokkuð af myndum í landkynningarbækur en ég man annars lítið eftir slíkum bókum frá þessum tíma.

Oft er talað um Kaldal sem listrænan ljósmyndara, telurðu að hann hafi verið meðvitaður um sig sem slíkan?

Já, ég myndi nú segja það. Ég vissi að þeir deildu einu sinni, Loftur og hann um það hvor væri betri, þ.e. hvor tæki betri myndir. Ég held að hann hafi fundið það sjálfur enda voru margir hrifnir af hans verki, svo það fer ekki milli mála. Hann lagði sig alltaf fram við ljósmyndunina og vann myndir mjög vel.

Ef blaðað er í gegnum plötusafn Kaldals kemur í ljós að myndirnar eru mjög misjafnar. Hefurðu skýringu á því?

Hann lagði sig nú lítið fram við passamyndirnar en portrettmyndirnar sem teknar voru í 13 x 18 og 12 x 16,5 voru yfirleitt vel unnar. Visitmyndirnar hafa þá ekki þótt eins merkilegar.

Fannst þér hann leggja meiri alúð í myndir af listamönnum og þjóðkynnu fólki?

Nei, ég held ekki. Hann hafði þetta einhvern veginn í sér svo hann þurfti kannski ekki nema eina myndatöku til þess að ná góðri mynd. Hann þekkti svo vel ljósið og vélina. Hann kannaðist nú við marga af þessum listamönnum eins og Kjarval sem þarna var alltaf gangandi á Laugaveginum. Þegar hann kom í heimsókn þá átti Kaldal það til að fara inn í kompu og setja eina plötu í kassettuna og svo þegar Kjarval var að fara út þá sagði Kaldal við hann: „Nei, heyriðu stoppaðu augnablik, sestu hérna“. Þá var hann búinn að setja í vélina. „Hvað nú?“ sagði Kjarval þá. „Ja, við skulum sjá, við skulum fá eina mynd af þér“, sagði Kaldal og Kjarval svaraði: „Nú, hvernig eigum við að hafa hana?“. Þannig komu út margar góðar skissur, eins og t.d. sú með pípuna og gleraugun á henni. Það var bara eitt skot. Svoleiðis að Kaldal var mjög fljótur að átta sig á andlitsfalli og ljósunum og öllu slíku enda þekkti hann þau mjög vel. Ljósið þarna gat nú ekki verið aumara heldur en það var. Hann hló mjög mikið þegar Sigurður Guðmundsson keypti sér eina sex lampa, held ég, erlendis frá og Kaldal var svo hissa að hann spurði Sigurð hvernig í ósköpunum hann ætlaði að nota þetta allt. Honum hefur fundist þetta allt of mikið. Ljósið sem hann notaði var þannig að það var ein stór pera í loftinu sem var yfirljósið en svo var hann með einn lampa á statífi sem hægt var að færa til og frá ef hann vildi fá ljós í andlitið. Þetta voru nú aðalljósin hans. Að vísu var hann með aðra peru í loftinu, var með tvær allt í allt, en notaði þær ekki alltaf saman. Með þessum þremur ljósum tók hann nær allar sínar myndir.

Kenndi hann þér þá sérstaklega aðferðir við lýsingu?

Nei, maður sá þetta bara hjá honum þegar hann var að mynda og svo þegar maður sá filmurnar vissi maður hvernig útkoman var og oft var það eins og að hann passaði sig á því að yfirlýsa aldrei, hafði myndirnar heldur mildari en hitt. Hann vann alveg einstaklega vel úr öllum myndum, náði öllu fram úr filmunni sem hægt var. Það var mikið kúnt hjá honum enda fylgdi hann þessu sjálfur alveg eftir í mykraherberginu.

Hvað um meðvitund annarra ljósmyndara um að fagið væri listgrein?

Ég býst nú við því að sumu leyti. En það var bara þannig á þessum árum að það þurfti að vinna hratt til þess að hafa eitthvað og þeir voru að hverfa þessir menn sem voru með nostur við myndirnar og lögðu sig fram. Ef fólkinu líkaði sæmilega við myndirnar voru þær látnar fara og ekki lögð mikil áhersla á retouche. Verðið var líka það lélegt að menn urðu að gera þetta svona.

Voru stríðsárin mikill blómatími í ljósmyndun?

Já, þá voru það mest passamyndir. Það var mikið uppsveifla í fjölda af teknum myndum. Það var stundum biðröð niður í tröppur hjá Kaldal — það urðu allir að fá sér passa og þá þurfti passamyndir. Einnig létu útlendingar [hermenn] taka myndir af sér hjá Kaldal. Hann bæði græddi nú og tapaði á þeim því menn voru ekki látnir borga neitt inn á þegar myndir voru pantaðar en svo hrönnuðust upp myndir af mönnum sem voru farnir af landi brott og höfðu þá ekkert við þær að gera. Það var töpuð vinna.

Telurðu að ljósmyndarar hafi almennt verið meðvitaðir um að þeir væru að taka myndir af sögulegu efni?

Nei, ég held ekki. Ekki fannst mér það.

Hefurðu eingöngu verið í skólamyndatökum?

Já, mestmegnis. Ég var að vísu með stofu í Reykjavík um tíma inni á Suðurlandsbraut á seinni árum, svona í kringum 1975 en ég hætti alveg 1983 og fór þá að vinna suður á Velli. Ég tók einnig nokkuð af myndum úti í bæ, fjölskyldu-myndir og aðrar tækifærismyndir, afmæli og fleira.

Var þá svona lítið að gera?

Þetta bara borgaði sig ekki. Ég var alltaf með þessa skóla og var auk þess einn með stofuna þannig að ég gat ekkert farið í burtu nema rétt um helgar þar sem ég hélt skólamyndatökunum áfram eftir að ég byrjaði með stofuna. Það var eiginlega hentugra fyrir mig að halda skólunum en að vera í „praxis“ hérna í Reykjavík. Á þeim tíma var dálítill gróska í ljósmyndatökum í bænum og framboð á ljósmyndurum og leiðinleg samkeppni í sambandi við það. Ég sá það að það væri ekkert varið í að vinna svona vinnu ef maður fengi ekki eitthvað í sinn hlut. Þá hætti ég ljósmyndun alveg. *Hvenær opnaðist markaður fyrir fjölskyldumyndir sem teknar voru úti í bæ?*

Það má eiginlega segja að það hafi verið strax á stríðsárunum þegar léttari vélar komu til sögunnar. Vandinn var bara sá að þá fengust engar vélar. Ég man eftir því að á þeim árum, svona um 1943, þá keypti ég myndavél af Carli heitnum Ólafssyni, ameríska vél sem hét Speed graphic og

hún var fyrir filmupakka af stærðinni 6 x 9. Eftir að ég fékk hana fór ég að mynda úti í bæ. Annars var lítið um þetta. Meira að segja þegar ég fór til Danmerkur 1945, eftir stríðsár, var þar ekkert að hafa nema amatörvélar og lélega stækkara frá Svíþjóð. Vélina frá Carli notaði ég talsvert mikið.

Hvernig vélar notaðirðu annars?

Ég hef verið með Rolleiflex um tíma og svo Mamiya, það var breytilegt eftir því hvað maður var að taka. *Höfðu menn eitthvert samband varðandi tækjamál þar sem þú segist hafa keypt þessa vél af Carli?*

Mig minnir að ég hafi farið inn á stofu hjá Carli og farið eitthvað að tala um hana. Hann sagðist ekkert nota hana og ég keypti hana þá af honum. Þegar Ólafur Magnússon dó keypti ég stúdíóvélin hans. Hún var þá orðin ansi gömul en ég hugsa að faðir hans hafi átt hana áður og kannski einhverjir aðrir. Hún var þó betri en vélin hans Kaldals, þótt Ólafur hafi hafið störf fyrir.

Þú minntist á litinn samgang þinn við aðra ljósmyndara meðan þú varst í námi, breyttist það eitthvað?

Það held ég ekki. Ég held að þetta sé svona með okkur Íslendinga, það vill hver vera í sínu horni. Eftir að ég fluttist suður talaði maður jú í síma og hittist af og til á götu.

Tókstu einhvern tíma nema sjálfur?

Nei, það var ekki möguleiki fyrir mig því ég var alltaf fyrir norðan á sumrin. Maður var alltaf í burtu í 3-4 mánuði á ári svo það var ekki hægt. Þetta var sumpart vegna síldarinnar en líklega aðallega vegna þess að ég var ekki með opna stofu. Ég hafði bara vinnuástöðu og tók þessar skólamyndir mest fyrir áramót og í sumum tilfellum í febrúar. Ég vann síðan úr þessu á vinnustofunni alveg fram á vor og skilaði þessu af mér áður en skólunum lauk.

Tíminn sem ég var í þessum skólamyndatökum var stundum dálítið misjafn. Það gat t.d. verið alveg sleitulaust í heilan mánuð í einu. Þá fór ég bara milli skóla og tók myndir. Venjulega reyndi ég að klára tøkurnar fyrir áramót svo ég hefði tímann fyrir mér með að vinna úr því.

Hvar var vinnuástaðan þá?

Ég hafði herbergi þar sem ég bý, í Barmahlíð, þar í kjallara. Þar hafði ég stofu.

Hefurðu eitthvað verið í landslagsmyndatökum?

Já, litillega og allt í svart-hvítu. Ég á þetta bara á filmum svona fyrir mig, hef lítið getað notað þetta. Fyrir norðan voru landslagsmyndir mikið teknar, stækkaðar og handlitaðar. Það var töluvert um slíkt hjá Jóni og Vigfúsi. Það var í rauninni sérfa-

maður þurfti að læra að blanda litina og svona. Þó lærðum við þetta nú bara af sjálfum okkur. Þessu kynntist ég ekkert fyrir en hjá Jóni og Vigfúsi þó svo Kaldal hafi notað brúntóna og blátóna sem líti.

Meðan ég var þar hafði ég keypt mér ljósmæli en Kaldal sagði að ég hefði ekkert við þetta að gera, ég gæti þá aldrei tekið mynd nema hafa þetta í hendinni, ég ætti bara að nota augun. Það var líka alveg rétt hjá honum, enda hef ég aldrei notað ljósmæli að neinu ráði, lærði bara að beita augunum. *Hvernig verkefni gerðirðu á sveinsprófinu?*

Það var eftirtaka eftir gömlum myndum og ég látinn vinna úr því. Svo var það myndataka af kvenmanni, af unglíngi og af eldri manni. Í prófnefndinni voru Carl Ólafsson, Sigurður Guðmundsson og Óskar Gíslason. Þeim kom saman um það að Óskar væri ljótastur svo ég varð að mynda hann. Myndatakan fór fram hjá Kaldal en ég var látinn vinna úr myndunum á stofunni hjá Carli því ekki mátti vinna úr á stofunni hjá meistaranum. Carl var þá með stofu inni í Miðtúni eða þar um kring.

Voru Jón og Vigfús búnir að vera í stækkunum og handlitunum einhvern tíma þegar þú komst norður?

Já, þeir voru þá byrjaðir á því, en það var aðallega Vigfús sem var í þessu. Myndirnar voru svo seldar með plasti utan um en ekki í ramma. Fólk valdi sér þá gjarnan ákveðin mótíf, Mývatnssveitin var t.d. mjög vinsæl. Eðvarð Sigurgeirsson var einnig mikið í þessu.

Telurðu að vinsældir þessarar tegundar mynda séu bundnar við ákveðið tímabil?

Já, á stríðsárunum var lítið framboð á söluvarningi. Fallegar ljósmyndir þóttu hentugar til gjafa og þetta gekk út. Sama á við um staðamyndir, þær voru vinsælar. T.d. frá bernskustöðvum, þorpum, kaupstöðum og svona, þær gengu út. Þetta dettur svo alveg niður.

Hvenær verður það?

Þegar litmyndirnar koma hverfur þetta alveg en sennilega eitthvað fyrir. Líklegast hefur það verið eitthvað bundið við það að eftir stríð eykst vöruúrval mikið.

Maður sá víða þegar maður kom inn á heimili mynd eftir þessa karla. Núna fara þær að verða dýrar, t.d. þær sem Ólafur Magnússon gerði. Það er líka gaman að þeim.

Lærði Auður, kona þín, hjá Ólafi Magnússyni?

Já, svona tveimur árum á eftir mér en er þó búin í námi rétt fyrir 1950.

Hvað varð um plötusafnið frá Akureyrarárunum?

Glerplötusafn Jóns og Vigfúsar, sem gefið var til Minjasafnsins á Akureyri, var a.m.k. gefið eftir að ég hætti. Ég skildi mitt safn eftir á stofunni þegar ég fór.

Hvað með útibú Jóns og Vigfúsar á Siglufirði?

Jón og Vigfús voru með útibú á Siglufirði lengi en þeir voru hættir því þegar ég kom til þeirra 1946. Þá var Kristfinnur Guðjónsson orðinn sjálfstæður ljósmyndari þar. Margir ljósmyndarar frá Akureyri höfðu útibú á Siglufirði um tíma, m.a. Halldór E. Arnórsson meðan hann var með stofu á Akureyri. Hann hafði leigt sér aðstöðu í barnaskólanum í nokkur sumur. Einnig var Vigfús Sigurgeirsson um tíma á Siglufirði á sumrin. Eftir það fór Kristfinnur ásamt Guðmundi Trjámanns syni til Siglufjarðar og ráku þeir þar ljósmyndastofu á sumrin.

Varðandi amatörþjónustuna hjá Jóni og Vigfúsi, var þetta allt bakkavinna?

Já þetta var allt bakkavinna, öll lýsing fyrir hverja mynd og allt, engin tæki komin þá. Í þessari amatörvinnu var skýr verkaskipting milli hans og kvennanna, þær voru í klefanum að kópiera og framkalla alla daga. Þær unnu bara kontaktana en ég eða Vigfús unnum stækkanirnar. Það var alveg skipt. Jón framkallaði allar filmurnar og var þá löngu hættur öllum tökum á stofunni.

Var samgangur við Eðvarð og aðra ljósmyndara á Akureyri?

Nei, það held ég ekki. Ég kynntist svolítið bróður Eðvarðs, Herði, sem var í Vestmannaeyjum. Hann hafði fengið leyfi til að gangast undir [sveins]próf. Hann hafði annast stækkanir hjá Eðvarð bróður sínum, m.a. á landslagsmyndum. Hann kunnir nú held ég ekki mikið en fékk undanþágu til að gangast undir próf. Það gekk nú ekki hjá honum. Hann kom þá að máli við mig og spurði hvort ég gæti þá aðstoðað sig. Ég tók það nú að mér og leiðbeindi honum á kvöldin í þrjár vikur. Ég vissi að hann ætlaði til Vestmannaeyja og væri búinn að binda sig þar. Hann var nú svona hálfgerður sjúklingur og mér fannst sjálfsagt að hjálpa honum eitthvað. Það gekk svo eftir að hann fór í prófið og náði því.

Prófið tók hann fyrir norðan. Ég var skipaður í prófnefnd ásamt Vigfúsi og Jóni. Ég kom lítið nálægt því, sagðist vera afsakaður þar sem ég hafði kennt honum og það voru því þeir sem spurðu hann út úr. Eftir þetta fór Hörður til Vestmannaeyja.

Hvað tók við þegar þú hættir alveg störfum við ljósmyndun 1983?

Ég fór suður á Völl og vann hjá flutningsfyrirtækinu P. Arnason og Proppé.

Hvar starfaði konan þín?

Hún var hjá Vigfúsi Sigurgeirssyni um tíma, ég var einnig hjá honum í svona mánaðartíma. Hann var þá einnig í mannamyndum. Maður vildi vera hér fyrir sunnan og þá hóaði hann í mig. Það var bara hann einn sem var þarna og svo konan mín. Ég lenti í því að hreinsa upp það sem lent hafði á hakanum hjá honum. Hann var ekki með neina nema þar til sonur hans Gunnar lærði hjá honum. Reyndar var jú einhver kona sem lærði hjá honum, líklegast um svipað leyti og konan mín var hjá honum, Katrín Káradóttir heitir hún, mig minnir að faðir hennar hafi þá verið rafveitustjóri í Keflavík.

Geturðu sagt okkur frá starfsferli konu þinnar?

Mig minnir að hún hafi unnið hjá Ólafi Magnússyni fyrst eftir að hún hafði lokið námi hjá honum. Ég man ekki hve lengi. Sveinsbréfið fær hún 1950 og kemur þá norður til Akureyrar og er í tvö eða þrjú ár. Svo fer hún hingað suður og er hjá Vigfúsi Sigurgeirssyni einhvern tíma, einmitt með þessari Katrínu. Ég held að konan mín hafi bara verið nokkra mánuði hjá Vigfúsi Sigurgeirssyni svo var hún einhvern tíma að hjálpa Jóni K. Sæmundssyni í Tjarnargötunni í nokkurn tíma. Eftir að við svo tókum saman vann hún með mér í skólamyndunum. Svo fer hún að ala upp börn eins og gengur en þegar þau voru upp komin að mestu fór hún að vinna hjá Orkustofnun og var þar í rúmlega 10 ár. Hún hætti svo þar um 1987 vegna veikinda.

Var konan þín eitthvað í myndatökunum sjálfum með þér?

Hún var aðallega í eftirvinnunni, að retouchera og í frágangi á myndum.

Þú hefur þá alveg retoucherað þínar myndir?

Já, já, ég retoucheraði sjálfur allar filmur og plötur og stækkanir en konan vann svo úr því á eftir og gekk frá myndunum.

Hættirðu einhvern tíma að retouchera myndir?

Nei, maður þarf alltaf eitthvað að retouchera þetta þó það sé ekki eins mikið og þegar maður er að retouchera glerplötur eða filmur.

Var aðaláhersla sem sé alltaf á plötuna/filmuna?

Já, ef það var eitthvað sérstakt var það snurfusað á myndinni. Þetta var gert þannig að maður notaði blýant. Maður bar á filmuna s.k. mattolín, sem var blanda af harpix og terpentínu. Harpixinn er leystur upp í terpentínunni og þetta er sem sé

kallað mattolín. Þetta er borið á filmuna með baðmull og eftir þessa meðferð festast blýantsstrikin á filmunni. Aftur á móti var efni sem kallast serat notað við rotouche á myndunum. T.d. polyfoto-myndirnar. Þetta var eins konar pasta úr paraffíni leystu upp í hreinsaðri terpen-tínu. Það var oft sem þurfti að skafa úr pappírnum en það var gert með sérstökum pennum, rader-pennum sem kallaðir voru. Ég man eftir því hjá Kaldal að þýska stúlkan notaði alltaf rakvélarblað sem hún braut í sundur og notaði þannig. Ef maður notaði þessa penna, eins og maður vandi sig á, skóf maður upp t.d. dökkar bólur með þeim. Til þess að rispurnar sæjust ekki á yfirborðinu var þetta serat borið á og svo pússað með baðmull. Þá hurfu þessir staðir þar sem maður hafði skafið og rétt áferð fékkst á pappírinn. Yfirleitt var pappírinn mattur sem notaður var við mannamyndir. Ekki var hægt að retouchera glansmyndir. Nú orðið bera menn bara farða á manneskjuna sem taka á mynd af (retouchera fyrirfram) en oft þarf að laga eitthvað pínulítið sem þá er gert með litblýöntum. Það er alltaf eitthvað svona sem þarf að laga. Retouche er þó mikið til horfinn í sambandi við litmynd-irnar.

Finnst þér draga úr retouche-vinnu eftir því sem filmurnar fara minnkandi?

Já, maður hefur ekki eins góð tök á því að retouch-era svona litlar filmur. Þessi vinna færir þá frekar yfir á myndirnar. Ég retoucheraði þó frekar litlar filmur, gerði það í gegnum stækkunargler. Það er þó ekki gott að eiga við þetta ef myndirnar eru stækkaðar mikið.

Þú fórst aldrei neitt út í litinn var það?

Nei, ekki neitt að ráði.

Geturðu sagt frá ástæðum þess að þú fórst ekki út í það?

Þetta var nú ekki almennilega komið í gang þegar ég hætti. Jú, ég fór út í að taka einhverjar passamyndir og stundum fjölskyldumyndir en ég fór aldrei út í lit eingöngu og ég vann það ekki sjálfur. Ég lét vinna þetta fyrir mig.

Fannst þér kostnaðurinn við það að koma sér upp litastöðu vera svo mikill að það væri fælandi?

Nei, ég held hann hafi nú ekki verið ýkja mikill þannig að maður hefði bjargað sér. Ég held að maður hafi bara ekki haft tök á þessu. Maður hefði þurft að fara á fleiri námskeið. Þetta var að einhverju leyti spurning um að kunna til verka við þetta. Það var nú þannig með þessa gömlu ljósmyndara sem voru eingöngu í svart-hvítu hér

áður fyrr að segja má að þeir hafi dregist svolítið aftur úr og ekki fylgst nægilega vel með. Ef þeir tóku í lit, létu þeir vinna allt fyrir sig. Nokkrir gerðu þetta en gengu hins vegar frá myndunum sjálfir og fannst það frekar borga sig þannig. Svo voru sumir sem bættu við sig og lærðu þetta þá. *Var það tilfellið að reimt væri á stofunni hjá Kaldal?* Ja, það var nokkuð „líflegt“ á stofunni en það þýddi nú ekkert að gera mig hræddan inni í myrkra-kompunni en Kaldal var hins vegar mjög næmur á þetta.

Hvernig var skráningarmálum háttað á ljósmynda-stofu Kaldals?

Nafn og myndanúmer voru skráð en aldrei heimilisföng. Kaldal færði ekki sjálfur í bækurnar, ég var í þessu stundum. Það voru hins vegar gefnar kvittanir úr nótubókum og svo var þetta fært inn. Sérstaklega voru polyfoto-plöturnar númeraðar og þær settar í kassa og svo skrifað utan á hann. Svo varð að taka þessar bækur og færa úr þeim inn í kladdann. Ég hefði nú gaman af því að sjá eitthvað af þessum klöddum til að athuga hvort ég sæi ekki skriftina mína. Það var svo mikið að gera þarna meðan ég var hjá honum að það var ekki tími til neins nema að vinna í myndunum og svo stafla glerplötum á borð. T.d. náðu glerplötubunkar sem staflað var sitt hvorum megin á eitt vinnuborðið svo langt fram á það að varla var pláss til að vinna á því. Þetta var svo síðar meir sett í kassa. Áður en það varð var stundum beðið um stækkanir, þá leit Kaldal á mig og spurði: „Er þetta ekki í þessum bunka?“ Þegar hann svo fann viðkomandi plötu sagði hann: „Já, ég vissi að þetta væri þarna“. Annars passaði hann vel að númera þetta þegar til kom, bæði plöturnar og kassana. Ég held þó að heimilisföngin hafi ekki fylgt með.

Átt þú mikið filmusafn sjálfur?

Já, mest frá þessum skólum og það er beðið um myndir úr þessu af og til. Annars borgar sig ekki að vera að liggja með þetta. Þegar ég fór að norðan tók ég þá skóla sem ég var með, mig minnir að það hafi m.a. verið Laugaskóli sem heilmikið af glerplötum var til frá og ég bauð þeim plöturnar til varðveislu. Þeir svöruðu þessu aldrei svo að plötusafnið endaði á haugunum, ég hafði ekkert við þetta að gera, var bara í vandræðum með að geyma það. Það þarf að vera í svo sérstökum aðstæðum og er gagnslítið ef það byrjar að skemmast.

Tókstu sjálfur einhvern tíma þátt í ljósmyndasýningu?

Nei. Aldrei.

Ef þú lítur til baka yfir tímabilið 1950-1970, finnst þér hafa orðið miklar breytingar í ljósmyndun hér á landi? Já, feikimiklar. Það hefur orðið svo miklu meiri hraði í þessu og meiri samkeppni. Tæknilega hefur faginu fleygt fram. Auglýsingamyndir koma einnig til sögunnar en þær eru á allt öðru sviði en portrettmyndirnar, þær eiga nú varla saman.

Finnst þér sjónarhorn ljósmyndara hafi eitthvað breyst? Já, það held ég. Það er nú sérstaklega liturinn sem þróast ansi skarpt á þessum tíma. Tæknin líka. Vélavinna og annað sem er miklu fljótvirkara en var. Svo eru myndatökurnar orðnar margbreytilegri. T.d. þessar víðáttumiklu myndir sem menn stækka stundum í metratali í tölvum, t.d. landslagsmyndir.

Hvað með sjónarhornið sjálf?

Já, það hafa orðið ýmsar breytingar í því. Bæði í mannamyndum, iðnaðarljósmyndun og ýmsu slíku. Þetta er bæði skarpara og íburðarmeira. Ég held að kunnátta ljósmyndaranna hafi breyst mikið. Það eru mjög skemmtilegar myndir eftir marga þessa ungu menn sem hafa verið að koma á markaðinn.

Finnst þér menn þá velja sér annað myndefni en áður, t.d. í sambandi við landslag? Sérðu breytingar á því fyrir 1970?

Já, mér finnst það nú. Það eru ýmsar breytingar, t.d. þessar loftmyndir sem menn hafa farið að stunda eins og Mats Wibe Lund hefur tekið mikið af. Þetta þekktist nú ekki hérna áður. Það var bara þrilað upp á fjöll og svo tekin mynd yfir byggðina. Þetta eru örar breytingar. Svo er t.d. tískuljósmyndun. Þetta er orðið miklu fullkomnara allt saman. Hérna áður var ljósmyndaneminn látinn grúska í öllu meðan hann var í læri. Ef menn voru kallaðir í að taka auglýsingamynd, reyndu þeir það eftir bestu getu. Eins voru það eins konar

auglýsingamyndir og kannski má kalla það iðnaðarljósmyndir þegar menn voru kallaðir inn á verkstæði til að taka myndir af vélum og öðru sem var í framleiðslu. Ég man eftir því að ég var sendur frá Fálkanum einu sinni í síldarverk-smiðjurnar að taka myndir af tannhjólum og öðrum vélahlutum. Þetta má í raun og veru kalla iðnaðarljósmyndun. Maður varð að bjarga öllu við ef maður gat. Nú er búið að breyta þessu. Nú eru sérstakir iðnaðarljósmyndarar og tískuljósmyndarar og svo eru menn í listinni líka. Hvert fag er orðið list út af fyrir sig.

Það hefur þá orðið meiri sérhæfing í þessu heldur en var? Já, það er það sem hefur gerst.

Finnst þér þessi þróun þá hafa byrjað hér fyrir 1970?

Já, þetta var byrjað. Líklega hafa þessar breytingar byrjað milli 1960 og 1970 og svo haldið áfram eftir það. Þá er maður alltaf að sjá eitthvað nýtt. Þetta greinir sig þá inn á viss svið meira heldur en áður. Það má segja að þetta byrji með Leifi Þorsteinssyni sem verið hafði við nám í Danmörku og hafði sérhæft sig þar. Hann var mikið í iðnaðarljósmyndun og var sá fyrsti sem hafði sérhæft sig í því. Hann hefur einnig haldið sýningar á skemmtilegum myndum. Mér fannst það mikil stökkbreyting þegar ég sá myndir eftir hann í sambandi við virkjanir. Mér fannst þær vera vel gerðar.

Svo koma þarna ágætis menn inn eins og Sigurgeir Sigurjónsson og Guðmundur Ingólfsson í Ímynd. Þeir voru ansi vel lærðir í litmyndunum. Guðmundur hélt t.d. námskeið fyrir ljósmyndara. Bæði í sambandi við litmyndatökur og retouche á myndum. Það var ágætt. Gott að fá svona menn. Þessir eldri þeir hafa nú lært talsvert af þessum mönnum. Þetta hefur svo þróast svona smám saman upp.

Jóhanna Sigurjónsdóttir

f. 9. 8. 1914*

Hvernig atvikaðist það að þú fórst að læra ljósmyndun?
Ja, það er nú eiginlega nokkuð langt mál. Þannig er mál með vexti að ég var búin að vinna í Ingólfs Apóteki í 9 ár, ég byrjaði 1932 en þetta var 1941. Mig langaði svolítið til að gera eitthvað annað og ég sá auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem er auglýst eftir stúlku á íslenskt heimili í New York. Ég sótti um það og fékk. Þegar ég var svo búin að vera í New York í fjögur ár, reyndar hætti ég eftir eitt ár á staðnum þar sem ég var upphaflega ráðin og fór að sjá um konu sem hafði slasast, hún var lömuð upp að mitti. Eftir að hafa verið hjá henni í u.þ.b. tvö ár fór ég nú að huga að því að koma heim. Ég vildi hins vegar ekki fara heim nema vera búin að læra eitthvað annað en að standa í verslun. Það varð úr að ég ákvað ljósmyndun. Ég tók námskeið hjá New York Institute of Photography. Þar var ég í 4-5 mánuði og lærði þar undirstöðuatriðin í ljósmyndagerð. Þannig byrjaði þetta nú.

Voru aðrir Íslendingar í námi í ljósmyndun í New York á sama tíma?

Já, það var hann Ólafur K. Magnússon. Ég held að hann hafi verið á þessum stað en ekki um leið og ég. Svo fór hann til Kaliforníu og hélt þar áfram eitthvað.

Komstu heim eftir þessa mánuði í ljósmyndanáminu?
Nei, þá fékk ég vinnu hjá ljósmyndara í Wainsburg í Pennsylvaníu. Þar var ég í nokkra mánuði en eins og gengur og gerist er manni lofað gulli og grænum skógum en svo er lítið staðið við af því. Ljósmyndarinn þessi sagði að ég myndi fá hjá honum fullkomna æfingu í að taka myndir og annað en ég var sett í myrkráherbergið og látin kúra þar með fullt af músum allt í kringum mig.

Ég var líka í afgreiðslunni. Þá hugsaði ég með mér að ég fengi nú aldrei tækifæri að æfa mig á neinu öðru ef ég kæmi mér ekki upp stofu sjálf svo ég fór heim í september 1945, þegar stríðið var búið. Ég fór þá að vinna hjá Lofti og hitti þar Ingibjörgu Sigurðardóttur frá Bergi við Suðurlandsbraut. Hún hafði réttindi og við slógum saman.

Námið þitt hefur þá ekki verið viðurkennt á þessum tíma?
Nei, nei, enda gerðist ég lærlingur hjá henni og tók mitt sveinspróf eftir tilskilinn tíma og fékk svo meistara réttindi í framhaldi af því eftir nokkur ár. *Þið tvær hafið þá ákveðið að stofna stofu saman en hvenær kemur þriðji aðili til liðs við ykkur?*

Það var sex árum seinna og það var æskuvinkona Ingibjargar, Hanna Brynjólfsdóttir. Hún hafði verið gift Garðari Svavarssyni presti en þau voru að skilja um þetta leyti.

Hvar var stofan ykkar til húsa?

Við leigðum fyrst aðstöðu í Bankastræti 2, í húsinu fyrir sunnan þar sem Lækjarbrekka er nú. Þetta var tveggja hæða hús og við vorum þar uppi á annarri hæð. Þetta var mjög lítið og kotlegt en þarna vorum við í a.m.k. tvö og hálf ár. Eftir það fengum við leigt í Búnaðarbankanum í Austurstræti. Það var uppi á lofti á efstu hæð. Þar vorum við í nokkuð mörg ár. Síðan fórum við upp á Laugaveg 13 þar sem við vorum þar til við seldum.

Voru strax góð viðskipti hjá ykkur eða byggðist þetta upp svona jafnt og þétt?

Það urðu strax heilmikil viðskipti hjá okkur og það var mjög mikið að gera árum saman. Eftir því sem ég man best tókum við fjórar myndir, myndatakan var bara það en þar af var ein stækkun upp á 13 x 18 cm innifalín. Svo breyttist það, næst voru það sex, svo átta. Eftir að litmyndirnar byrjuðu voru það tólf. Það var mjög mikið að gera hjá okkur, við höfðum nú flesta stúdentana, við

* Guðrún Harðardóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir tóku viðtalið 14. 7. 1997. Jóhanna fékk viðtalið til yfirlestrar og svaraði um leið nokkrum aukaspurningum skriflega.



Starfsfólk hjá Lofti Guðmundssyni 1945-46. Aftari röð frá vinstri: Susanne Rosenberg, Sigríður Eyjólfsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Elísa Jónsdóttir, Sigurjóna Steingrímisdóttir og Hrefna Nielsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Lúðvík Jónsson, Birthe Lytte Hans Andersen, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Áslaug Remay. Ljós- óþekktur. Í eigu Jóhönnu Sigurjónsdóttur.

stilltum alltaf út hjá PÓ í Pósthússtræti. Ég minnst þess að einu sinni kl. eitt eftir hádegi vorum við búnar að taka 21 myndatöku. Það hefur áreiðanlega verið jafnmikið, ef ekki meira eftir það þann sama dag.

Ingibjörg tók þig sem sagt á samning, var hún með fleiri nema?

Seinna, ekki strax.

Hverjir voru það?

Það voru Halldór [Einarsson], Amalía [Sverrisdóttir], Þórunn Hermannsdóttir og Kristín [Sigurðardóttir] en hún hefur unnið á röntgen-deild Landspítalans síðan.

Þú hefur þá haft töluverða reynslu þegar þú byrjaðir námið hjá Ingibjörgu?

Námið úti var þannig að þar var ég strax látin taka mynd og svo að framkalla myndina og vinna allt verkið. Þetta gerði ég allan tímann, þótt það hafi nú ekki verið margir mánuðir. Það sem þeir kenndu okkur þarna líka var að lýsa hverja persónu sérstaklega upp. Þ.e. stilla ljósið fyrir hana þannig að hver einstaklingur fékk sína lýsingu. Þetta held ég að hafi verið nýtt hjá okkur

því þegar ég kom heim, a.m.k., voru föst ljós alls staðar á ljósmyndastofum. Þetta þótti nokkuð merkilegt að vera með svona lausa lampa og menn hristu sumir höfuðið yfir „þessari vitleysu“. En þetta gekk nú allt vel hjá okkur þangað til litmyndirnar byrjuðu. Við tókum nú eitthvað af litmyndum en áttum þó engin tæki að ráði fyrir þetta. Það þurfti sérstakan lampa. Það var Hans Petersen sem sá um að framkalla þetta fyrir okkur, við tókum bara á venjulega filmu. Þá fórum við að hafa minna að gera. Það var svona upp úr 1970, kannski 1975.

Hvernig gekk Ingibjörgu að komast upp á lag með lýsinguna þar sem hún hafði ekki tekið mikið af þannig myndum áður?

Það gekk mjög vel.

Þið hafið þá miðlað hvor annarri þekkingu, þið Ingibjörg. Þú með einn bakgrunn og hún annan. Hafði hún þá lært hjá Lofti?

Hún var búin að vinna lengi hjá Lofti þegar það er ákveðið hjá Ljósmyndarafélaginu, held ég, að lærlingar ættu að taka próf í þessu fagi. Ingibjörg hafði nú aðallega unnið við filmu-retouche og svo

í myrkraherberginu en lítið tekið myndir. Þá rauk Loftur upp til handa og fóta og fór að kenna henni að taka myndir. Eftir því sem ég best veit voru þær, hún og Hanna Brynjólfsdóttir sem starfaði einnig hjá Lofti, þær fyrstu sem tóku þetta próf eftir að það var ákveðið að prófa í þessu og fengu réttindi.

Var þá skýr verkaskipting hjá Lofti?

Já, og það var það reyndar hjá okkur líka.

Hvað gerðir þú t.d. hjá Lofti?

Ég var að retouchera. Mest filmur.

Voru myndir þá líka retoucheraðar?

Já, það var „plettað út“ eins og við kölluðum það.

Þannig voru blettir og annað lagað.

Er Loftur í Nýja bíó á þessum árum?

Já. Ljósmyndastofan var uppi en við vorum niðri í kjallara við að retouchera.

Var þokkaleg aðstaða hjá Lofti?

Já, já. Við þurftum náttúrulega að sitja í myrkrinu við að retouchera.

Voru margar konur starfandi hjá Lofti?

Ég man það nú ekki svo glögg. Það voru nokkrar, 10 manns fyrir utan Loft. Reyndar á ég nú mynd af hópnum, frá um 1946. Það voru tvær danskar, og svo Hrefna, sem lengi vann á röntgendeild Landsspítalans eftir það. Hvort það voru svo ekki tvær aðrar í viðbót. Ég man það ekki. Þessar konur voru flestar alveg í myrkrinu.

Sá Loftur þá einn um myndatökurnar?

Já, næstum eingöngu en þó man ég að Hanna Brynjólfsdóttir tók eitthvað af myndum hjá honum líka. Þegar ég byrjaði hjá Lofti var hún hætt en hún hafði tekið eitthvað af myndum.

Loftur var mjög vinsæll ljósmyndari. Ingibjörg var búin að vinna hjá honum í mörg ár. Þegar hún svo sagði upp til þess að fara að stofna eigin stofu, þá brosti Loftur í kampinn. Við heyrðum svo af því sagt annars staðar frá að hann hefði sagt „Þetta er allt í lagi, við skulum lofa þeim að leika sér pínulítið, hún kemur strax aftur“.

Hann hefur ekki haft trú á þessu?

Nei, hann hafði enga trú á því en þar tók hann feil því við höfðum mjög mikið að gera.

Var erfitt fyrir ykkur sem konur að leggja út í svona stofurekstur?

Nei, ég fann aldrei fyrir því, ekki í sambandi við ljósmyndir. Aftur á móti rak ég mig ídulega á vegg á öðrum sviðum vegna þess að ég var kona.

Hvernig var verkaskiptingin hjá ykkur á Asis?

Það var eingöngu ég sem tók myndirnar fyrstu árin. Ingibjörg neitaði að taka myndir fyrr en við kæmumst í betra húsnæði. Þegar við svo fluttum

niður í Búnaðarbanka skiptum við þessu með okkur og tókum hvor sína vikuna alveg fast. Þannig fengum við alltaf vikuhvöld í senn frá myndatökunni og unnum þá hin verkin sem þurfti að vinna. Það er nefnilega óskaplega erfitt að standa í myndatökum allan liðlangan daginn. Það kemur einn inn af öðrum og þetta getur verið afskaplega ólíkt fólk, sumt samvinnuþýtt en annað ekki en allir eiga að vera fallegir og brosandí. Þetta þarf mikla þolinmæði og þetta reynir afskaplega mikið á. Ég verð að segja það að ég hafi haft eins konar sviðsskrekk í hvert skipti sem ég þurfti að fara fram og hitta nýja manneskju. Það leið svo frá. Ég held líka að ef maður er alveg kærulaus þá vandar maður sig ekki eins og æskilegt væri.

Þar sem þú byrjaðir hjá Lofti, var þá einhver samgangur milli ykkar stofu og hans?

Nei, ekkert. Það var t.d. heilmikill rígur milli Sigurðar Guðmundssonar og Lofts. Þeir stóðu í ströngu. Í blöðunum líka. T.d. birti Loftur myndir í Morgunblaðinu af konum sem höfðu lengi dvalið erlendis, t.d. Sonju Benjamínsson, þar sem þær héldu því fram að Loftur væri besti ljósmyndari sem þær hefðu komist í tæri við. Þá birti Sigurður auglýsingu í Morgunblaðinu og bauð þeim, sem kæmu með mynd af sér frá Lofti, að þeir fengju fría myndatöku hjá sér [Sigurði]. Það varð allt vitlaust að gera hjá Sigurði en hann græddi nú ekki mikið á því held ég.

Það hefur þá ekki verið mikill samgangur almennt milli ljósmyndastofa?

Nei, það var það ekki.

Voruð þið ekkert frekar í sambandi við Sigríði Zoëga?

Nei, ekki nema bara í gegnum fundi hjá Ljósmyndarafélaginu.

Gekktu í félagið strax og þú hafðir lokið náminu hjá Ingibjörgu?

Já, ég gerði það.

Þú hefur þá tekið eiginlegt sveinspróf?

Já.

Í hverju fólst sveinsprófið?

Það var myndataka af fullorðinni manneskju, barni og fjölskyldu. Það var svo framkallað og allt gert sem gera þurfti. Svo fékk ég tæknispurningar um linsur og eitthvað svoleiðis.

Hvar fór prófið fram?

Það fór fram á almennt ljósmyndastofu, mig minnir að það hafi verið hjá Sigurði Guðmundssyni.

Gætirðu lýst húsnæðinu sem þið höfðuð í byrjun í Bankastræti 2?

Það lá mjór stigi beint upp og þar var pallur og til hægri var lítið herbergi sem átti að vera biðherbergi. Ég man nú reyndar ekki eftir því að neinn hafi nokkurn tíma setið þar! Svo var gengið beint inn í ljósmyndastofuna. Þar sneru gluggarnir í vestur. Eftir endilöngu þar var settur [skil]veggur með hurð. Þar [á bak við] sátum við og retoucheruðum. Þar var svo þröngt að ef einhver þurfti að komast fram, þurftu hinar að standa upp og færa sig. Bak við þetta var myrakraherbergið. Þetta var mjög þröng aðstaða. Við vorum að vísu þá þegar komnar með eina starfsstúlkunni en hún var í afgreiðslunni. Þarna vorum við sem sé í tvö eða tvö og hálf ár.

Húsnæðið batnar þá þegar þið flytjið í Búnaðarbankahúsið?

Já, það var ágætishúsnæði. Þar var að vísu ekki mjög hátt undir loft en þar var stór ljósmyndastofa. Það var gengið beint inn í afgreiðsluna og í framhaldi af henni var vinnuherbergið þar sem við retoucheruðum og frammi á ganginum var myrakraherbergið. Þar var enginn gluggi. Maður fór í lyftu upp, gekk inn í lyftuna á einum stað en út úr á öðrum. Til vinstri var þá langur gangur og þar voru herbergi sitt hvoru megin. Atli Már Árnason var með teiknistofuna sína þarna uppi, til hægri þegar maður gekk inn þennan langa gang. Til vinstri höfðum við myrakraherbergið. Þegar maður kom út úr lyftunni voru dyrnar að ljósmyndastofunni okkar beint á móti.

Hvernig var tækjabúnaðurinn hjá ykkur í upphafi? Komstu með eitthvað frá Ameríku?

Ég kom með helstu tækin sem þurfti frá Ameríku. Það voru myndavél, gömul útdregin, úr mahóni (ekta gamaldags) með Zeiss linsu. Það var ekki hægt að taka hraðara en 1/24 úr sekúndu á þessa vél. Hún var með bolta og hana notuðum við fyrstu árin. Einnig kom ég með stækkara, lampa, þrífót, statíf, timer fyrir framkallaratanckana, ramma undir filmur. Ég kom með flest sem þurfti, þ.e. tækjabúnaðinn, frá Ameríku. Pappír og annað slíkt keyptum við hins vegar í gegnum Hans Petersen frá upphafi. Við notuðumst í því eingöngu við Kodak-vörur.

Ég man eftir því að þegar við fórum fyrst að tala við Hans Petersen, vorum við náttúrulega pínulítið nervusar af því að við vorum að byrja, það er ekki hægt að neita því. Þegar við vorum búnar að því sagði Ibí [Ingibjörg Sigurðardóttir]: „Nú hann bara tók okkur eins og alvöru manneskjum!“. Hún hefur verið eitthvað efins um það fyrirfram.



Björn Sigurðsson, eftir Jóhönnu Sigurjónsdóttur. Þjms.

Við fengum stundum að stilla út í Skemmuni, sem kallað var, við hliðina á Haraldi Árnasyni [Verslun Haraldar Árnasonar] niðri í Austurstræti. Í upphafi vorum við svo feimnar að við þörðum ekki að fara að skoða þetta heldur sátum í bíl hinum megin við götuna til að fylgjast með því hvernig fólk brygðist við þessu.

Gætirðu útskýrt boltann sem var á gömlu vélinni?

Það var tuðra sem lá í langri snúru sem var föst við lokarann á vélinni. Með því að hafa snúruna svona langa komst maður nálægt fólkinu sem maður var að mynda og sérstaklega var það gott vegna barnanna.

Tókuð þið á gler í upphafi eða notuð þið filmur?

Við höfum frá upphafi tekið á filmur.

Hafið þið frá upphafi eingöngu verið í mannmyndum?

Já.

Hvernig myndum stilltuð þið út hjá Haraldi Árnasyni?

Það var allt mögulegt, börn og fullorðið fólk, allur aldur og fjölskyldur.

Var þetta á ákveðnum tíma árs sem þið gerðuð þetta?

Mig minnir að við höfum byrjað 17. október en við stilltum út svona mánuði seinna til að kynna okkur.

Nú hefur Donald Ingólfsson sagt okkur frá tilurð nafnsins: *Adda Sigurjónsdóttir og Ibí Sigurðardóttir = Asis, hafið þið starfað undir því frá upphafi?*

Já.

Varðstu vör við strauma og stefnur frá útlöndum á þeim tíma sem þið eruð að byrja? Eruð þið þá áskrifendur að einhverjum tímaritum?

Við fengum nú kannski einhver blöð, ég man það nú ekki svo vel. Dagurinn var nú eiginlega ekki nógu langur fyrir mann. Ég var nú með heimili og lítinn dreng sem ég þurfti að líta eftir. Það var togað í mann úr öllum áttum þannig að ég hafði nú ekki mikinn tíma til að skoða blöð.

Var Ingibjörg gift kona?

Nei. Hún giftist aldrei. Þegar hún var fjögurra ára gömul fékk hún berkla í bakið. Hún var sett í gífs yfir um sig frá mitti upp í handarkrika og lá á spítala í fjögur ár í þessu gífsi, en hún varð hálfgerður krypplingur vegna þessa. Hún var með herðakistil, hún hafði hætt að vaxa á svæðinu þar sem gífsið var. Annars hefði hún orðið hávaxin. Þetta var falleg kona en svona fór það nú.

Kemur Hanna svo sex árum seinna inn í fyrirtækið?

Já, hún kaupir sig inn í félagsskapinn.

Þegar þið fóruð að taka nema, voru þeir þá skrifadír á Ingibjörgu?

Ætli það ekki. Örugglega Halldór og líklega Amalía líka. Við vorum náttúrulega allar þrjár með meistarapróf.

Voruð þið allar í fullu starfi við ljósmyndastofuna?

Já. Við vorum allar bundnar við þetta, þótt aðstæður okkar væru ögn mismunandi.


Þegar nemarnir komu, deilduð þið þá kennslunni?

Neminn var þá í að aðstoða okkur. Hjá Hönnu í myrkrinu og hjá okkur þarna frammi. En eftir að hann Leifur Þorsteinsson kom, var settur á stofn skóli og það munaði óskaplega miklu. Mér fannst hann standa sig mjög vel með það. Hann kemur með nýja strauma inn í fagið og lyftir því dálítið upp á hærra plan en áður hafði verið. Ég veit að það tíðkaðist oft með lærlinga í gamla daga að koma nemanum í eitthvert visst starf sem hann sat svo í nær allan námstímamann, auk þess að skúra gólf. Svo rétt fyrir prófið var rokið upp til handa og fóta. Eftir að Leifur kemur breytist þetta.

Var dálítill aðsókn í að komast að sem neman hjá ykkur?

Já, það var það svolítið en við gátum bara ekki tekið marga. Það var svo heilmikið að gera hjá okkur að um tíma unnu svona 7 manns hjá okkur á stofunni.

Hverjir voru það þá fyrir utan ykkur þrjár?



Andlitsmynd af ungri stúlku, eftir Jóhönnu Sigurjónsdóttur. Í eigu höfundar.

Það voru tveir Þjóðverjar og Ester Ágústsdóttir frá Vestmannaeyjum sem var mjög góður starfskraftur. Hún er nú löngu dái.

Hvað gerðu þessir starfsmenn?

Þegar Freddy Friheld Gaier kom var Ester Ágústsdóttir þar fyrir. Þá höfðum við Ingibjörg það mjög gott því þá þurftum við hvor um sig ekki að sinna myndatökum nema eina viku í mánuði. Við skiptum þessu upp fjögur. [Freddy hafði líka verið hjá Lofti.]

Ester líka?

Já, hún hafði lært hjá Lofti. Hún var mjög góð í tókunum og var alveg einstaklega þægileg manneskja.

Hvaða tímabil er helsti blómatíminn hjá Asis?

Það varð nú strax mikið að gera hjá okkur. Við byrjuðum 1947 og vorum starfandi til 1979. Það má kannski segja að blómatíminn sé svona milli 1950 og 1970. Það er í kringum 1960 sem okkur fer að fjölga svona á stofunni.

Það hafa þá verið einhvers konar tengsl milli þeirra sem höfðu lært eða starfað hjá Lofti?

Það má kannski segja það en eftir að við stofnuðum okkar stofu dvína tengslin við stofu Lofts, þó við höfum náttúrulega þekkt eða a.m.k. kannast hvert við annað.

Voruð þið alltaf með stofuna í leiguhúsnæði?

Já.

Hvernig var aðstaðan á Laugaveginum?

Hún var nokkuð góð, við vorum reyndar uppi á annarri hæð og stigarnir voru dálítið brattir. Ég man að það var svo breitt á milli pílaranna í handriðinu á stigapallinum að við vöfðum kaðli á milli þeirra því að annars hefðu krakkar getað komist á milli og dottið niður. Þetta var dálítið stór pallur og maður gekk beint af honum inn í íbúðina en þetta var náttúrulega íbúð á sínum tíma. Þar var afgreiðslan og inn næstu dyr til hægri var myndastofan. Beint af augum var svæðið þar sem við unnum við retouche og annað þessháttar en til vinstri þegar komið var inn var myrkráherbergið.

Um hvaða leyti flytjið þið á Laugavegin?

Ætli það hafi ekki verið í kringum 1960, kannski aðeins fyrr.

Finnst þér hægt að tala um einhver íslensk stíleinkenni í ljósmyndun?

Ég get nú lítið sagt um það. Ég hef ekki verið í þessu í 20 ár og ekki einu sinni hugsað um það.

Nú kemur ákveðið tímabil þar sem algengt er að ljósmyndarar væru í heimamyndatökum. Voruð þið eitthvað í því?

Við vorum ekki í því en fórum aftur á móti út á land. Janúar, febrúar og mars var dauður tími á ljósmyndastofunni og þá fórum við út á land. Til Vestmannaeyja, nokkrum sinnum, til Hornafjarðar og Selfoss. Þessar ferðir komu upphaflega til af því að skólastjórar Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja og Hornafjarðar báðu okkur að koma og taka myndir af nemendum. Eftir það fórum við svo að eigin frumkvæði.

Er þetta á einhverju ákveðnu árabili?

Þetta er nú bara svona af og til í gegnum árin, samt ekki þau fyrstu. Líklegast upp úr 1960.

Hvar höfðuð þið þá aðsetur á þessum stöðum?

Þegar við vorum á Hornafirði fengum við aðstöðu í gagnfræðaskólanum þar. Í Vestmannaeyjum fengum við inni í Akogeshúsinu þar. Mig minnir að við höfum einnig fengið inni í einhverju skólahúsi á Selfossi.

Auglýstuð þið þessar ferðir fyrirfram?

Það var nú ekki alveg samþykki um það milli okkar. Ég vildi auglýsa, en hinar ekki.

Var þá svolítið að gera á þessum stöðum?

Já, við auglýstum áreiðanlega með því að setja bara upp spjöld.

Fóruð þið allar í þessar ferðir?

Nei, við fórum venjulega tvær, svolítið til skiptis.

Ég var náttúrulega bundin yfir barni þannig að ég átti kannski síður heimangengt en þær.

Þið hafið þá ekkert verið í myndatökunum í heimahúsum?

Nei. Það kom þó fyrir einstaka sinnum að maður var eiginlega neyddur út í það af kunningjum sínum. Annað var það ekki.

Höfðuð þið þá léttari tæki en gömlu vélina eftir því sem á leið, sem hægt var að taka með út?

Við höfðum Mamiyu seinni árin og hana var hægt að taka með sér en þá þurfti þó að taka lampana og allt það. Þetta var voðalegt vesen.

Voruð þið þá með marga lampa?

Við vorum með tvo aðallampa, svo höfuðlampa og einnig með lampa sem lýsti á vegginn á bak við manneskjuna, s.k. „spotlight“.

Hvernig fannst þér starfsemi Ljósmyndarafélagsins vera?

Mér fannst þetta nú aðallega ganga út á verðlagsnefndir og þess háttar.

Það hefur þá verið lítil fagleg umræða?

Það fannst mér nú. Það komu að vísu stundum menn erlendis frá og voru með námskeið og slíkt. Það var náttúrulega í gegnum Ljósmyndarafélagið.

Sóttuð þið eitthvað fundi í félaginu?

Já, stundum gerðum við það nú og ég var nú í þessari verðlagsnefnd. Það var föst nefnd sem sá þá um þessar verðskrár. Ég varð náttúrulega að mæta þar. Á þessum tíma voru allir með sama verð. Það mátti ekki undirbjóða.

Hverjir voru með þér í þessari nefnd?

Leifur [Þorsteinsson], Þórir [Óskarsson], Jón K. [Sæmundsson] í Tjarnargötunni og fleiri sem ég man ekki hverjir voru.

Samskiptin við ljósmyndarana hafa þá verið einhver í gegnum þetta?

Það var ekki mikill samgangur. Hins vegar var Leifur afskaplega elskulegur maður og kom oft til okkar og rabbaði við okkur. Maður hafði mest samband við hann.

Hvað varð um þennan Halldór Einarsson?

Hann var með passamyndastofu niðri í Vonarstræti. Ég rakst á hann fyrir tilviljun nú í vor og þá hafði ég ekki séð hann áratugum saman.

Héldu konurnar í faginu eitthvað sérstaklega hópinn?

Nei.

Nú beitti félagið sér gegn áhugamönnum á tímabili.

Hvert er þitt viðhorf til þess?

Mér fannst Ljósmyndarafélagið ganga allt of langt í því, satt að segja. Ef enginn mátti taka myndir

nema vera lærður ljósmyndari fannst mér það ganga einum of langt. Ég veit ekki hvað skal segja ef áhugamennirnir hafa eitthvað verið að selja vinnu sína. Það var verið að jagast í hinum og þessum af því að hann hafði tekið myndir, en það var nú verið að selja myndavélar hér og mér fannst nú að fólk hefði leyfi til þess að taka myndir. *Finnst þér að ljósmyndarar hafi almennt litið á sig sem handverks- eða iðnaðarmenn?*

Já, það held ég.

Menn hafa þá ekki verið að velta neinni „list“ fyrir sér í því sambandi?

Nei. Í okkar tilfelli var það þannig að við höfðum svo mikið að gera við að taka myndir af fólki. Það sem við urðum að gera var að koma til móts við fólkið og taka eins góðar myndir af því og hægt var og vinna verkið vel. Maður hafði engan tíma til þess að vera að „leika sér“. Það var bara ekki til í dæminu.

Hvað finnst þér um landslagsmyndabækur seinni ára? Mér finnst myndirnar hans Sigurgeirs Sigurjónssonar afskaplega fallegar.

Hvað finnst þér um þá sem eru að taka landslagsmyndir svona milli 1950 og 1960?

Það hreif mig nú ekkert sérstaklega. Aftur á móti finnst mér margar mjög fallegar myndir gerðar af þessum ungu mönnum núna.

Finnst þér einhverjir ákveðnir ljósmyndarar standa upp úr?

Ég get varla talað um þetta því ég hef svo lítið fylgst með þessu. Björn Ruriksson hann hefur tekið óskaplega mikið af fallegum myndum. Það eru margir sem gera það. Einhver ungur maður sem verið var að auglýsa í sjónvarpinu undanfarið sem tekur finar myndir, það getur verið að það sé Páll Stefánsson.

Varðandi Asis myndirnar, gætu þær þá verið teknar af hverri ykkar sem væri?

Já, vegna þess að við merktum ekki myndirnar með nöfnunum okkar. Það var svo ekki fyrr en við fórum að taka litmyndir að við skrifuðum hver hafði tekið hvað. Maður náttúrulega veit það sjálfur, þó það viti ekki aðrir, hvaða myndir maður sjálfur tók. Ég kannast við heilmikið af myndum sem ég tók, en það eru ekki aðrir sem vita það.

Nú selduð þið Donald svo ljósmyndastofuna. Hvernig atvikaðist það?

Það var nú þannig að það var orðið lítið að gera hjá okkur. Í öðru lagi verður maður nú ekki yngri með árunum. Hanna Brynjólfsdóttir var búin að vera veik í ein fimm ár og varla að hún mætti nema einstaka sinnum. Ibí var orðin 72 ára og ég var

um 64 ára. Ibí vildi ekki halda áfram lengur [hún var komin á eftirlaunaaldur], og gekk ekki heil til skógar. Þess vegna seldum við. Við áttum þetta þrjár og það var ekkert hægt að eiga við það nema gera hreint fyrir sínum dyrum og selja.

Könnuðust þið þá eitthvað við Donald?

Nei, ekki neitt að ráði. Við auglýstum þetta og hann kom. Hann var sá eini og það var því ekki um annað að ræða. Við seldum filmusafnið líka (þetta voru allt saman filmur) og það þýðir ekkert að vera að ergja sig á því. Vegna þess að við vorum þrjár í þessu var engin leið út nema selja. Ibí spurði mig nú að því hvort ég vildi halda þessu áfram með þær sem eigendur en ég vildi það ekki.

Starfaðirðu eitthvað eftir þetta?

Já, ég fékk vinnu á elliheimilinu Grund, rak sjoppuna, og var þar í tvö og hálf ár. Hætti svo að vinna 67 ára.

Nú er Loftur mikið veldi í faginu á þeim tíma sem þið voruð hjá honum. Finnst þér hann hafa verið flinkur fagmaður.

Já, hann tók góðar myndir. Mér fannst hann góður. *Hvað með menn eins og Kaldal?*

Kaldal var náttúrulega alveg sér á parti. Hann var mjög góður og er talinn listamaður. Áreiðanlega sá eini af öllu þessu fólki sem er talinn listamaður. Við urðum þó ekki fyrir neinum áhrifum frá honum. Hann gaf sér náttúrulega dálitinn tíma til að „leika sér“ að þessu. Hann tók svona menn sem voru þekktir og sumir þeirra voru ekki taldir alveg í lagi „hérna uppi“, t.d. Ástar-Brand, og tók oft mjög finar myndir af þeim. Það var hlegið að þessum mönnum sem voru svona hálfgerðir skríparlar en þetta voru mjög góðar myndir.

Manstu eitthvað eftir einhverjum ljósmyndasýningum á tímabilinu 1950-70?

Ég man nú eiginlega ekkert eftir því. Sýningin Family of Man er mér ekki eftirminnileg, kannski vegna þess að þá hef ég svo mikið að gera, þá er Hannes sonur minn 7 ára.

Sýnduð þið aftur á móti eitthvað á vegum Ljósmyndarafélagsins?

Já, einu sinni vorum við með á sýningu í Norræna húsinu, líklega 1976. Þá sýndum við undir nafninu Asis.

Manstu eitthvað eftir öðrum sýningum?

Ég man eftir sýningu Óskars Gislasonar á Kjarvalsstöðum 1976.

Það hafa þá verið haldnar einhverjar ljósmyndasýningar?

Já, já.

Áratugum saman stilltum við út ljósmyndum af nýbökudum stúdentum þann 17. júní og stóð sýningin í eina viku, fyrst í Skemmuglugganum og síðan hjá P.Ó. í Pósthússtræti þannig að þegar nýstúdentarnir komu út af ballinu á Hótel Borg um nóttina sáu um 20-22 þeirra myndir af sér í glugganum [sem teknar höfðu verið fyrir um daginn]. Við unnum sérstaklega hörðum höndum við framköllunina til þess að ná þessu.

Hvenær byrjuðu þið að taka litmyndir?

Það er svona upp úr 1970.

Liturinn kemur mjög seint hingað. Af hverju ætli það sé?

Ja, nú veit ég ekki. Nú eru svo svart-hvítar að sækja á aftur.

Það hefur þá kostað mikið að fara yfir í litinn?

Það var útilokað fyrir okkur að gera það á þessu tímabili, það var svo lítið að gera. Þetta kostaði stórfé.

Skyldi þetta þá vera ástæðan fyrir því að það hika allir við að fara yfir í litinn?

Áreiðanlega. Þú hefur örugglega rétt fyrir þér í því. *Meira að segja Guðmundur Erlendsson fór ekki yfir í litinn fyrr en nokkuð seint og var hann þó með töluverð umsvif.*

Hann hafði það og lét ekkert tækifæri fram hjá sér fara. Hann var upptekinn alla laugardaga við brúðkaupsmyndatökur og vann voðalega mikið. Hjá okkur t.d. var allur aprílmánuður upptekinn við fermingarmyndatökur. Oft alveg frá um miðjan mars og alveg fram á fyrsta sunnudag í maí.

Voruð þið eitthvað með passamyndatökur?

Já, við vorum líka með það.

Finnst þér þú kannski ekki sjá neinar stórar sveiflur í faginu frá því að þið byrjið og þar til þið hættið?

Nei, ekki nema þetta með litmyndirnar og við gátum eiginlega ekki tekið þátt í því. Það var allt of dýrt. Í raun og veru held ég að þessi mikli kostnaður sé ástæðan fyrir því að þetta gekk svona seint fyrir sig.

Hjálmar R. Bárðarson

f. 8. 6.1918*

Hvernig atvikaðist það að þú fékkst áhuga á ljósmyndun?

Ég hefi líklega byrjað ljósmyndun um fermingaráldur. Ég fékk kassamyndavél í fermingargjöf og byrjaði þá strax að taka myndir. Svo þróaðist þetta smátt og smátt. Ég eignaðist fljótlega betri myndavél, var starfandi í skátafélaginu Einherjar á Ísafirði og var mikið í ferðalögum með þeim, og tók þá alltaf ljósmyndir. Haraldur Ólafsson var þá starfandi á pósthúsinu á Ísafirði. Hann var líka starfandi í skátafélaginu og mikill áhugamaður um ljósmyndun. Við áttum því samleið í þessu áhugamáli okkar beggja og áttum samstarf við að framkalla og kopiera ljósmyndir.

Uppfræddi Haraldur þig þá öðrum fremur um ljósmyndun?

Já, ég held að svo hafi verið. En svo var ég í mjög góðu sambandi við Simson, sem þá var starfandi ljósmyndari á Ísafirði, og alltaf reiðubúinn til að ræða við okkur strákana um ljósmyndun. Hjá honum fengum við keyptar filmur og ljósmyndapappír, en efni í framkallara og fixerbað keyptum við hjá Juul apótekara í apótekinu á Ísafirði.

Þú segir að menn hafi tekið mikið myndir í skátaferðum.

Já, og í skátahreyfingunni stendur til boða að taka ýmis sérpróf, og eitt af þeim var í ljósmyndun. Það próf tók ég að sjálfsögðu fljótlega.

Höfðu skátraðar á Ísafirði á þessum tíma almennt aðgang að ljósmyndavélum?

Það held ég að hafi verið þannig allavega með nokkra þá eldri í félaginu.

Skiptust menn þá eitthvað á um að nota vélarnar? Þetta hefur tæplega verið allra eign á þessum tíma?

Nei, það hafa nú verið aðeins nokkrir þeir eldri sem áttu eða gátu fengið lánaðar vandaðri ljósmyndavélar. Einföldustu svonefndu kassavélar voru heldur ekki sérlega dýrar en gerðu sitt gagn fyrir byrjendur. Það var hins vegar nokkuð takmarkaður hópur skáta, sem hafði sérstakan áhuga á ljósmyndun og við fórum oft saman í fjallgöngur í næsta nágrenni Ísafjarðar, m.a. til næstu fjarða og var mikið ljósmyndað í þeim ferðum, en líka í lengri ferðum með stærri hópum skátafélaga, m.a. inn í Kaldalón og þá gengið á Drangajökul, og gist í snjóhúsum við Hrolleifsborg. Lengsta ljósmyndaferð mín á æskulóðum var gönguferðin um Hornstrandir sumarið 1939, en þá var ég einn á ferð mestan hluta leiðarinnar. *Geturðu sagt okkur nánar frá þessari ferð?*

Já, þeirri ferð hefi ég lýst nokkuð í lokaorðum í bók minni, Vestfirðir. Það var eftir stúdentspróf vorið 1939 að ég hafði skipulagt langa gönguferð um Hornstrandir með æskufélaga mínum, Hermanni S. Björnssyni. Við fórum með Djúpbátnum til Grunnavíkur, og gengum þaðan Jökulfirðina, til Hesteyrar, Aðalvíkur, Hyrningsgötu yfir í Miðvík. Þar slasaðist Hermann á fæti og hann var reiddur til Hesteyrar og fór þaðan með báti til Ísafjarðar. Ég hélt hins vegar áfram einn, en skildi tjaldið eftir í Hornvík vegna þyngdar, en svaf eftir það í svefnpokanum ýmist utan dyra, eða gisti á bæjum sem þá voru ennþá í byggð. Gekk allar strandirnar til Steingrímsfjarðar, í Kollafjörð og síðan yfir Steingrímsfjarðarheiði að Ísafjarðardjúpi, en síðan með Djúpbátnum frá Arngerðareyri til Ísafjarðar. Þetta var alls fjögurra vikna gönguferð.

Þú hefur tekið mikið af myndum í þessari ferð?

Já, ég tók mjög mikið af myndum í þessari ferð, sparlega fór ég þó með filmurnar. Ég átti þá tveggja linsu 6 x 6 cm reflexvél. Ikoflex, líka að

* Viðtalið tóku Guðrún Harðardóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir 24.7. 1997. Hjálmar fékk viðtalið til yfirlustrar ásamt aukaspurningum og kaus að auka það og betrubæta sjálfur á tölvutæku formi.

gerð og Rolleiflex. Til að spara filmur breytti ég vélinni fyrir ferðina, þannig að ég gat tekið 18 myndir í staðinn fyrir 12 á hverja filmu. Ég tók þó nokkuð af myndum af fólki og bæjunum í þessari ferð, en þó miklu meira af landslagi, sem þarna er víða stórbrotið. Ef ég hefði gert mér grein fyrir að þetta svæði myndi fljótlega fara í eyði, hefði ég þó eflaust einbeitt mér meira að því að taka myndir af fólki og vistarverum manna, það er að segja meira af þjóðlífsmyndum en landslagi, sem mun minna hefur breyst. Af þeim þjóðlífsmyndum, sem ég þó tók í Hornstrandaferðinni 1939, hefi ég birt töluvert margar í bókum mínum, einkallega í bókinni Vestfirðir.

Hafðirðu framköllunaraðstöðu heima við á Ísafirði eða hafðirðu aðstöðu með Haraldi?

Nei, ég hafði ekki aðstöðu með Haraldi. Ég hafði sjálfur innréttað myrkrastofu í kjallaranum heima hjá foreldrum mínum í Túngötu 1 á Ísafirði. Þar gat ég framkallað filmur og kopíerað ljósmyndir á pappír, en ég átti þá ekki stækkunarvél til að geta stækkað ljósmyndir. Haraldur stækkaði hins vegar fyrir mig einstaka myndir, og árin 1937-1939 þegar ég var við nám í Menntaskólanum í Reykjavík, þá fékk ég stækkaðar nokkrar myndir hjá Alfreð D. Jónssyni ljósmyndara og góðvini mínum við Laugavegin í Reykjavík. Hjá honum var oft gott að koma við og ræða um bæði tæknilega og myndræna ljósmyndun, en hann var líka mikill áhugamaður um málalag.

Hvarflaði einhvern tíma að þér að leggja ljósmyndun fyrir þig?

Nei, ekki sem ljósmyndari að atvinnu. Áður en ég fór til náms í verkfræði við Tækniháskólann í Kaupmannahöfn í febrúar 1940, var ég farinn að stækka ljósmyndir og við verkfræðiháskólann tók ég þátt í námskeiði í tæknilegri ljósmyndun. Þá bauðst mér starf við kvikmyndagerð í Kaupmannahöfn nokkru áður en ég lauk prófi í verkfræði, en ég hafnaði því tilboði því að ég taldi rétt að ljúka prófinu í verkfræði.

Svo ferð þú til Danmerkur til náms.

Já, ég varð stúdent 1939, en þá var erfitt að fá leyfi til að fara til útlanda til að stunda nám. Þá voru ströng gjaldeyrishöft hér á landi og það varð að sækja um gjaldeyrisleysi, sem ekki var auðfengið til lengri námsdvalar erlendis, þótt ekki væri farið fram á neinn námsstyrk eða námslán. Loks í janúarmánuði 1940 hafði ég fengið gjaldeyrisleysi til 6 mánaða námsdvalar í Danmörku, og ákveðið var að ég nýtti mér þessa heimild, í þeirri von að

leyfi fengist síðar til lengri dvalar. Ég hafði þá hugsað mér að hefja nám í flugvélafræði, og þessa fyrstu 6 mánuði ætlaði ég að nota til verklegs náms í launalausri starfsreynslu í flugvélafræði við skipasmíðastöð danska flotans í Kaupmannahöfn. Í febrúar 1940 sigldi ég svo með gamla Gullfossi frá Reykjavík til Kaupmannahafnar. En heimsstyrjöldin var þá hafin, og siglingin til Kaupmannahafnar tók 20 daga. Fyrst var siglt til eftirlits í Bretlandi, þaðan yfir til Bergen og með Noregsströndum til Porsgrunn í Oslóarfirði þar sem við lestuðum áburð. Svo var siglt með ströndinni suður eftir, en við Kullen í Svíþjóð sátum við fastir í ís í 10 daga. Ísinn var svo þéttur að við fórum í gönguferðir á ísnum, og ég tók þar mikið af myndum af Gullfossi í ísnum, sem síðar birtust með grein sem ég skrifaði í vikublaðið Vikuna um þessa ferð. — Loks komu þrír danskir ísbrjótar og losuðu um ísinn og fylgdu Gullfossi og fleiri skipum gegnum ísinn til Kaupmannahafnar.

Eftir komuna til Kaupmannahafnar hóf ég svo vinnuna við flugvélafræði hjá danska flotanum á Orlogsværftet, herskipasmíðastöðinni. Þar var unnið við að smíða orustu- og sprengjuflugvélar, og þar var ég við störf þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku 9. apríl 1940. Þá breyttist að sjálfsgöngu margt. Hætt var við smíði herflugvéla, og ég ákvað að sækja um námsleyfi við verkfræðiháskólann í Kaupmannahöfn (Danmarks Tekniske Højskole). Ég fékk svo aðgang að háskólanum og hóf þar nám í verkfræði haustið 1940. Að afloknu fyrri hluta prófi ákvað ég að taka skipaverkfræði ásamt tilheyrandi vélaverkfræði sem aðalnámsgrein, en auk þess tók ég flugvélafræði með sem sérnám.

En svo heldur þú áfram að sinna áhugaljósmyndun í Danmörku?

Já, ég var með ljósmyndaáhugann áfram, og í tómstundum frá verkfræðináminu kom ég mér upp aðstöðu þar sem ég leigði mér herbergi allan námstímamann, þannig að ég gat framkallað filmur og kopíerað og stækkað ljósmyndir. Ég tók líka þátt í námskeiði við verkfræðiháskólann í tæknilegri ljósmyndun, sem kom mér að góðum notum tæknilega séð. Ég tók síðan töluvert af ljósmyndum bæði utan dyra og heima við, og fór að taka þátt í ljósmyndasýningum. Þar hlaut ég fljótlega ýmis verðlaun, þegar haldnar voru ljósmyndasamkeppnir. Þá birtust myndir eftir mig í ljósmyndablöðum í Danmörku (Mandens Blad),

Táknmynd, eftir Hjálmar R. Bárðarson. Myndin er frá Danmerkurárum Hjálmars. Í eigu höfundar.



Svíþjóð (FOTO) og Sviss (Camera). Auk ljósmynda minna skrifaði ég er frá leið myndskreyttar greinar um ljósmyndun í þessi blöð, einkanlega í Mandens Blad og sænska blaðið FOTO, sem mikið var keypt og lesið í Danmörku. Þá tók ég töluverðan þátt í störfum félags áhugaljósmyndara á Amager, þeim borgarhluta Kaupmannahafnar þar sem ég bjó. Þar tók ég þátt í ýmsum ljósmyndasýningum og hélt erindi með myndasýningum á fundum.

Vegna þessarar athafnasem minnar og góðs árangurs í ljósmyndasýningum og samkeppnum var mér svo boðið að verða félagi í Danske Camera Pictorialister, en það er lokaður hópur ljósmyndara og áhugaljósmyndara. Ekki var hægt að gerast félagi í þessum hópi nema vera til þess kjörinn af meðlimum hópsins, og þótti það mikill virðingar-

auki, því að meðlimir þessa hóps máttu setja DCP fyrir aftan nafnið sitt.

Á stríðsárunum var mjög erfitt að afla fyrirlesara og efnis fyrir fundi áhugaljósmyndara víðast hvar í Danmörku. Þessi hópur DCP manna tók því að sér að bæta úr brýnni þörf og heimsækja ýmis félög áhugaljósmyndara víða um landið og flytja þar erindi með myndasýningum á félagsfundum, og gerði ég töluvert af því.

Gætirðu sagt okkur nánar frá því?

Já, þá var ég ásamt öðrum viðfangsefnum farinn að leggja töluverða áherslu á svonefnda table top ljósmyndun. Það eru nærmyndir af ýmsum uppstilltum smáhlutum sem oft eru teknar af hlutum á borði og þess vegna kennt við table á enskunnri en hefur verið tekið upp í dönsku máli

líka sem table top ljósmyndun. Stundum var sett saman heil sviðsmynd með umhverfi í kringum einhverja smáveru, líkneski eða dúkku, sem í heild gat komið til skila einhverri hugmynd, fyrirbæri eða atviki. Þannig var hægt að nýta hugmyndaflug til að búa til óvenjulegar en oft athyglisverðar ljósmyndir. Um þessa gerð ljósmyndunar skrifaði ég greinar í dönsk ljósmyndablöð og birti með þeim dæmigerðar table top ljósmyndir. Slík gerð ljósmynda varð mjög vinsæl í Danmörku þá vegna þess að mjög víða hafði hernámslið Þjóðverja harðlega bannað að taka ljósmyndir utan dyra. En table top ljósmyndun gátu menn fengist við innan dyra í íbúðum sem voru myrkvaðar, — ekkert ljós mátti sjást frá húsunum í stríðinu vegna hættu á loftárásu.

Sum erinda minna á fundum í dönskum félögum áhugaljósmyndara fjölluðu um ljósmyndun almennt, önnur um myndræna ljósmyndun og uppbyggingu myndflata en líka oft um table top ljósmyndun. Sýndi ég þá oft skyggnumyndir eftir eigin myndum, eða eftir myndum, sem ég hafði valið úr eldri ljósmyndabókum til að útskýra uppbyggingu myndanna. Í fornbókabúðum í Kaupmannahöfn hafði ég oft keypt gamlar erlendar ljósmyndaárabækur og erlend ljósmyndatimarit. Þar valdi ég úr sérlega áhugaverðar ljósmyndir, tók myndir af þeim og bjó til 35 mm skyggnumyndir og gat þá sýnt þær sem slides og haldið erindi um myndræna ljósmyndun með þeim. Myndrænar ljósmyndir hefi ég kallað þær ljósmyndir, sem eru áhugaverðar vegna mynduppbyggingar í formi, línunum og tónum, líkt og í göðum málverkum, en ekki efnisins vegna, eins og persónu sem vera kann á myndinni. Enga greiðslu tók ég fyrir þessi erindi, enda ljósmyndafélögin ekki fjársterk, en ferðakostnaður með járnbrautum og gisting var mér boðin. Þannig kynntist ég miklum fjölda danskra áhugaljósmyndara í ýmsum borgum, líka utan Kaupmannahafnar.

Þessi mikli áhugi á table top ljósmyndun varð til þess, að Belgisk Importkompani, sem var fyrirtæki er flutti inn og seldi ljósmyndavörur, bauðst til þess að gefa út bók eftir mig um table top ljósmyndun. Það varð úr að gefin var út slík bók, sem ég skrifaði á dönsku. Bókin er aðallega um uppstilltar nærmyndir, en líka um ýmsa tækni við gerð ljósmynda, samsetningu myndar úr fleiri filmum, samkopíeringu og aðra „trickljós-

myndun“. Ég bjó til margar slíkar myndir sérstaklega til að birta í table top bókinni, ásamt skýringarteikningum og baksviðsljósmyndum til skýringar á aðferðum. Bókin seldist fljótlega upp, enda var hún seld bæði í bókaverslunum og ljósmynda-vöruverlunum.

Hvernig kom áhuginn á listrænni ljósmyndun fram hjá þér og hversu snemma?

Ég held að áhuginn á myndrænni (eða listrænni) ljósmyndun komi ósjálfrátt, þegar menn fara að huga að því að búa til „góðar“ myndir. Það var þó fyrst eftir að ég kom til Danmerkur að ég fór að kynna mér uppbyggingu forms, tóna og lína í myndum og skrifa hugleiðingar um það. Þar er ljósmyndun að sjálfsögðu háð sömu lögmálum og málverk og teikning að því er varðar myndræn atriði.

Hefurðu þá komist í samband við aðra áhugaljósmyndara í Danmörku í gegnum myndbirtingar og þátttöku í keppnum?

Já, verulega mikið, og eftir að ég fór að starfa með DCP-mönnum var ég oft í dómnefndum ljósmyndasýninga og skrifaði þá stundum ljósmynda-gagnrýni í sýningarskrá, sem voru einskonar ljósmyndaárabækur um danska ljósmyndun. Reyndar var ég oftast talinn til danskra ljósmyndara, einkanlega þegar myndir voru birtar eftir mig utan Danmerkur, líka eftir stríðslok. Stundum sá ég þó í dönskum blöðum slíka mynd sagða vera eftir „den dansk-islandske fotograf Bardarson“. Ég tel það vera mér til heiðurs að hafa verið talinn góður og gegn danskur ljósmyndari, enda naut ég dansks umhverfis og þróunar í ljósmyndun öll náms- og starfsár mín í Danmörku.

Gekstu þá í einhvern ljósmyndaklúbb?

Já, já. Ég var meðlimur í Amager Fotoklub, en ég bjó á Amager í Kaupmannahöfn öll námsárin mín þar í stríðinu, — og þeir hæla sér ennþá af því, að ég hafi verið fyrsti meðlimur klúbbsins, sem fékk danska silfurmedalíu fyrir ljósmyndun. Það var fyrir ljósmyndir mínar, sem voru á árlegri sýningu í Kaupmannahöfn: Charlottenborg-sýningunni. Ég var líka þó nokkrum sinnum með erindi um myndræna ljósmyndun á fundum í Amager Fotoklub, og leiðbeindi þar á myndasýningum. *Varstu þá strax á stríðsárunum farinn að fást við þannig myndatökur?*

Já, þessar myndatökur hafa þróast hjá mér á þessum árum. Í Danmörku var það aðallega Mandens Blad, sem var vettvangur áhugamanna um ljósmyndun. Blaðið var mánaðarrit og fjallaði

aðallega um þrjú málefni, sem sé almennan fróðleik um ýmis mál (orientering), auglýsinga- og kynningartækni og svo um ljósmyndun, sem var að jafnaði um þriðji hluti ritsins. Ritstjóri ljósmyndahluta ritsins var H.B.J. Cramer, en hann var líka formaður DCP hópsins. Þar skipulagði hann eitt sinn ljósmyndasamkeppni, sem var þannig í framkvæmd, að blaðið efndi til mánaðarlegrar samkeppni lesenda blaðsins, og voru gefnir punktar frá einum til tíu fyrir bestu innsendar myndir hvers mánaðar. Síðan voru punktar hvers þátttakanda lagðir saman á 12 mánaða tímabili, og sá sem hafði fengið flesta punkta að þeim tíma liðnum var kjörinn besti ljósmyndari ársins. Ég tók þátt í þessari keppni, og voru myndir mínar birtar í ritinu, sumar á forsiðu þess. Keppninni lauk með því að ég fékk flesta punkta og vann hana. Þetta varð upphafið að nánú samstarfi við ritstjórn Mandens Blad. Fyrst gerði ég forsiðumyndir á tímaritið við og við, en að lokum tók ég allar forsiðumyndir mánaðarlega í heilt ár. Ég gerði fyrst riss að hugmynd um forsiðu hvers mánaðar, sem ég ræddi svo við ritstjóra blaðsins. Þegar hugmynd mín hafði verið samþykkt bjó ég síðan til forsiðuljósmyndina. Mandens Blad gaf líka út sérstakt jólahefti, sem nefnt var Mandfolke Jul, og gerði ég líka forsiðumynd á það rit. Fyrir birtingarrétt mynda minna í Mandens Blad fékk ég greiðslur, sem hækkuðu smátt og smátt. Að lokum man ég að ég fékk 200 D.kr. fyrir hverja forsiðumynd, en það var sama upphæð og við íslenskir námsmenn fengum hjá íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn á mánuði og dugði að jafnaði til lífsviðurværis. Þessi upphæð var yfirfærð þannig að aðstandendur íslenskra námsmanna í Danmörku greiddu sömu upphæð til ríkissjóðs á Íslandi. Þessar aukatekjur fyrir birtingarrétt ljósmynda gerðu mér fært að kaupa efni og tæki til ljósmyndunarinnar.

Nú hefur ekki verið mikil blaðaútgáfa í ljósmyndun á stríðsárunum í Danmörku eða hvað?

Það var aðallega Mandens Blad, sem fjallaði þar um ljósmyndun, en hægt var að kaupa þar sænska ljósmyndablaðið FOTO og svissneska blaðið Camera. Þýsk ljósmyndablöð komu líka út, en þau voru að sjálfsögðu ekki vinsæl í landi sem hernumið var af Þjóðverjum enda voru þýsk blöð mörkuð af áróðri nasista. Hins vegar var ég í góðu sambandi bæði við FOTO og Camera og í þeim báðum birtust myndir eftir mig. Þá birtust líka

greinar eftir mig í FOTO, og ljósmyndir í smáriti SØGEREN, sem ljósmyndavöruverslun Henriksens gaf út í Kaupmannahöfn.

Ef við ræðum aðeins nánar um DCP. Þú sagðir að þetta hefði verið lokaður hópur, sem bauð mönnum innngöngu sem einskonar viðurkenningu. Voru þetta virk samtök líka?

Þetta voru ekki formleg heildarsamtök ljósmyndaklubbanna í Danmörku, en störfuðu þó að nokkru leyti sem slík. DCP menn aðstoðuðu klubbana á ýmsan hátt, t.d. með ráðgjöf og fyrirlestrahaldi á fundum klubbanna og með því að skoða og dæma myndir í ljósmyndasamkeppnum og sjá um að dreifa ljósmyndamöppum til klubbanna. Þannig gátu meðlimir klubbanna fengið til skoðunar safn ljósmynda í möppum frá félögum annarra klúbba.

Héldu DCP menn líka hópinn einir og sér, og voru einhverjir fundir haldnir í þeirra eigin hópi?

Nei, nánast aldrei. Þetta var mest persónulegt og einstaklingsbundið. Þetta voru svo fáir menn, kannski 12-15 manns. Hins vegar tóku DCP menn oft að sér að setja upp sýningar og að vera dómara til að velja ljósmyndir á sýningar og veita viðurkenningar og verðlaun fyrir ljósmyndir. — Ég skrifast ennþá á við einn þessara gömlu DCP manna, þótt heilsu hans hafi hrakað mjög undanfarið. Hann heitir Orloff-Jørgensen, var kennari og hefur sérhæft sig í gerð brómólíuþrykkmynda eftir ljósmyndum. Það hafa verið haldnar sérstakar sýningar á safni þessara mynda hans, sem munu verða varðveittar ásamt leiðbeiningum hans í gerð slíkra mynda á ljósmynda-safni í Danmörku. Hann hefur gefið mér nokkrar af slíkum myndum eftir sig og ég hefi sent honum nokkrar bækur mínar.

Þú kemur þá í raun nokkuð vel menntaður í ljósmyndafræðum þegar þú kemur aftur til Íslands?

Eins og ég sagði áðan þá tók ég þátt í námskeiði í tæknilegri ljósmyndun í verkfræðiháskólanum, en það var eingöngu um efnafræðileg og tæknileg atriði ljósmyndunar. Myndræna þáttinn í ljósmyndun tel ég að mestu hafa verið sjálfsnám með lestri og eigin þjálfun hugar og handa, ef svo má komast að orði. Auk ljósmyndunar fór ég að stríði loknu smávegis yfir í kvikmyndatökur í 16 mm filmustærð.

Áttu eitthvað af slíku efni?

Það er nú ekki mikið. Strax eftir stríðslok skrapp ég til Íslands í sumarfrí. Þá hafði faðir minn gefið mér 16 mm Paillard-Bolex kvikmyndavél með

premur linsum. Fyrirtæki í Danmörku sem sá um töku og dreifingu fréttakvikmynda bauðst til að leggja mér til ókeypis nokkurt magn af svart-hvítum negatífum 16 mm filmuspólum til að ég gæti tekið kvikmynd í ferðinni til Íslands og að þeir fengju að dreifa slíkri kvikmynd. Ég tók þessu tilboði fegins hendi og úr þessu varð stutt Íslandskvikmynd, sem síðan var leigð út í Danmörku.

Áttu eintak af henni sjálfur?

Já, og reyndar miklu meira, því ég tók svo miklu meira af kvikmyndafilmum en notaðar voru í endanlega gerð Íslandskvikmyndarinnar. Í þessari Íslandsferð fór ég eina veiðiferð á síðutogara, e.s. Þórólfi, og kvikmyndaði og ljósmyndaði togveiðarnar. Auk þess var ég með tækjabúnað, sem ég hafði hannað til að kanna velting og stöðugleika skipsins, og notaði líka kvikmyndavélina til að skrá aflestur mælitækjanna við hreyfingar skipsins. Þessi hluti kvikmyndunarinnar var hins vegar alveg skipaverkfræðilegs eðlis, og var ekki settur inn í Íslandskvikmyndina.

Ferðu svo til Englands áður en þú kemur heim?

Ég var fyrst að afloknu prófi í skipaverkfræði í starfi sem skipaverkfræðingur. Mér var boðið starf í Helsingør Skibsværft og var svo heppinn að komast á hönnunardeildina (projekt afdelingen), þar sem skipin eru hönnuð. Ég var þar því í ágætu starfi í Helsingør á Norður-Sjálandi. Starfið fólst aðallega í hönnun á stórum skipum og ég hannaði þar m.a. Álaborgarskipin fyrir Sameinaða gufuskipafélagið (DFDS), en það eru farþegaskip sem sigla á milli Kaupmannahafnar og Álaborgar.

Meðan ég var við störf á Helsingør Skibsværft barst mér bréf frá föður mínum um að forstjórar Stálsmiðjunnar í Reykjavík hefðu áhuga á að hefja smíði stálskipa, og spurðust fyrir um það hvort ég gæti hugsað mér að koma heim og sjá um upphaf stálskipasmíða á Íslandi. Faðir minn vildi eindregið að ég kæmi heim til starfa á Íslandi, og það varð úr að ég tók þessu boði. Hins vegar taldi ég æskilegt að kynnast meira smíði lítilla stálskipa, eins og togara, og ákvað því að fara til Englands og reyna að fá þar starf við togarasmíðastöð áður en ég kæmi heim. Það varð úr að ég færi til Englands og starfaði þar um skeið við stöðugleikaútreikninga og hönnun á skipasmíðastöðinni í Beverley, nálægt Hull. En það er svo önnur saga, sem ekki verður rakin nánar í sambandi við ljósmyndun.

Ertu þá áfram í áhugaljósmyndun þegar þú kemur heim 1948?

Já, en það tók nú tíma fyrst að komast inn í starfið en fljótlega fór ég að huga að ljósmyndun. Margir hér voru áhugasamir um að stofna félag og það varð úr að stofnað var Félag áhugaljósmyndara [upphaflega nefnt Ljósmyndafélag Reykjavíkur]. Það gekk nú svona upp og niður með það. Oft voru það margir byrjendur sem komu þarna en þeir sem voru lengra komnir nenntu ekki eða höfðu ekki tíma til að kenna byrjendunum. Svo það var svolítið erfitt. Þeir lengra komnu vildu heldur vera einir sér og ekki starfa í félaginu. Þetta var meginvandinn. Þrátt fyrir þetta voru nú sumir sem hjálpuðu til. Allavega leituðu menn mikið til mín með erindi og ég var oft með frásagnir, aðallega í myndrænni ljósmyndun.

Hvar hélduð þið þessa fundi aðallega?

Það var nú á ýmsum stöðum. Um tíma hafði Félag áhugaljósmyndara aðstöðu í bakhúsi nálægt Bankastræti. Ég man líka eftir fundi uppi á lofti í Íþöku, bókasafni Menntaskólans í Reykjavík. Það voru strákar í skólanum sem voru með klúbb, sem höfðu beðið mig að koma á fund og segja frá myndrænni ljósmyndun og fleiru. Sumir þeirra urðu ljósmyndarar seinna.

Svo kom upp mál varðandi alþjóðasamstarf á þann hátt, að formaður DCP hafði samband við mig og sagði mér að stofnuð hefðu verið alþjóðasamtök áhugamanna um ljósmyndun sem gengu undir nafninu FIAP, Fédération Internationale de l'Art Photographique. Þessi samtök voru stofnuð aðallega að frumkvæði manna í Sviss, Þýskalandi og Frakklandi. Þeir vildu fá okkur Íslendinga með í þetta líka og skrifuðu mér en Félag áhugaljósmyndara í Reykjavík gat ekki orðið meðlimur. Til að við gætum orðið aðilar að FIAP varð að vera til heildarlandssamband allra ljósmyndaklúbba í landinu sem svo yrði aðili að FIAP. Það varð úr að við Guðni Þórðarson tókum okkur saman og stofnuðum Hið íslenska ljósmyndafélag (HÍL) sem svo gerðist aðili að FIAP. Þetta reyndist okkur fljótlega mjög tímaflek þátttaka. Það var m.a. gert ráð fyrir því að við útbyggjum íslenskar ljósmyndamöppur með safni úrvalsljósmynda héðan og sendum til FIAP og fengjum í staðinn að láni til skoðunar og sýninga þannig ljósmyndamöppur frá öðrum landssamtökum ljósmyndaklúbba. Þetta var að sjálfsgöðu mjög áhugavert verkefni, en það útheimti gífurlega mikla vinnu fyrir fámennan hóp manna hér heima. Þessi mikla vinna lenti að töluverðu leyti á mér, ásamt miklum bréfaskriftum. Sama var um þátttökugjaldið í

samstarfinu við FIAP, þó ekki væri það mikil upphæð, þá lenti það á mér að borga það. Það var þó ekki það versta, heldur hitt hversu tímafrekt þetta reyndist í fámenninu hjá okkur. Ég, eins og flestir aðrir ljósmyndaáhugamenn, var í fullu starfi, og hafði takmarkaðar frístundir. Þetta endaði svo með því að við gáfumst hreinlega upp á þessu alþjóðasamstarfi og sögðum okkur úr FIAP.

Hvað með sýningarhald á vegum þessa ljósmyndafélags?

Það voru nokkrar sýningar haldnar. Einar þrjár í Listamannaskálanum. Svo voru fleiri minni klúbbar sem sýndu, eins og Fotoklúbburinn Íris og Litli ljósmynda klúbburinn. Þetta voru menn sem voru mjög áhugasamir og ekki byrjendur og vildu því starfa meira sjálfstætt. Þeir voru þó áfram meðlimir í Félagi áhugaljósmyndara (FÁ), sem svo aftur var aðili að HÍL, sem að nafninu til að minnsta kosti voru landssamtök ljósmyndafélaga til að geta fullnægt kröfunni um aðild að FIAP.

Finnst þér að þessir áhugaljósmyndarar hafi almennt verið á svipaðri línu og þú varðandi þessa myndrænu uppbyggingu?

Margir þeirra voru það. Það var nú á því sem mesti áhuginn lá hjá þeim mörgum.

Þegar þú lítur til baka, finnst þér þá ákveðnir einstaklingar hafa staðið upp úr þeim hópi?

Já, það voru margir sem tóku þetta mjög til sín og kannske erfitt að telja þá alla upp hér. Þó get ég nefnt nokkra þeirra, sem voru alla tíð mjög áhugasamir um myndræna ljósmyndun og sumir þeirra eru það ennþá. Má t.d. nefna þá Ralph Hannam, Óttar Kjartansson, Gunnar Pétursson, Freddy Laustsen og Rafn Hafnfjörð sem síðar stofnaði svo sitt eigið fyrirtæki. Þá mun Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari hafa verið áhugaljósmyndari í Menntaskólanum í Reykjavík og verið í klúbbum þar þegar ég var á fundi með þeim til að ræða um myndræna ljósmyndun.

Þetta hafa þá yfirleitt verið samsýningar?

Já, svo til allar ljósmyndasýningar hafa verið samsýningar. Nokkrar samsýningar hélt Ferðafélag Íslands, en þær sýningar voru svo til eingöngu landslagsmyndir og þá úr ferðum félagsins. Fámennir áhugamannahópar héldu nokkrar sýningar, en ég held ekki að neinn áhugaljósmyndari hafi haldið einkasýningu. Ég sendi hins vegar lengi vel mikið af ljósmyndum á alþjóðasýningar víða um heim og sömuleiðis hafa nokkuð oft verið birtar myndir eftir mig í alþjóðlegum ljósmyndaárbókum, einkanlega í Bretlandi og í Bandaríkjunum.

Eftir að þú kemur heim, ertu þá áskrifandi að einhverjum ljósmynda tímaritum eða hvernig hélstu við sambandinu við umheiminn?

Já, ég hef verið það um tíma og lengst af.

Hvaða tímarit aðallega þá?

T.d. svissneska tímaritið Camera og sænska FOTO og Mandens Blad fram að þeim tíma sem því var breytt í erótískt rit. Áður fyrr var það aftur á móti mjög gott blað. En svo hefi ég mjög oft keypt í lausasölu ljósmynda tímarit í ýmsum löndum, þegar ég hefi verið á ferðalögum erlendis. Mörg bresku ljósmynda blaðanna eru t.d. mjög áhuga-verð, þótt oft sé megnið af þeim auglýsingar.

Hvað um annan bókakost en tímarit. Fylgdust menn þá með ljósmynda bókum sem voru gefnar út erlendis?

Já, ég held að það hafi allir gert það. Að auki var ég mikið erlendis í tengslum við starf mitt sem siglingamálastjóri, þannig að ég gat stundum um helgar grúskað í bókaverslunum í London, sérstaklega var áhugavert að skoða í fornbókaverslunum. T.d. þegar ég var að vinna að bókinni Ís og eldur kom ég eitt sinn inn í fornbókaverslun á Charing Cross Road en þar er krökkt af slíkum verslunum. Ég var þar búinn að taka til einhverjar bækur sem tengdust hafisrannsóknnum og jöklafræði og slíku efni, þegar afgreiðslumaðurinn, sem mun hafa verið eigandi verslunarinnar, segir við mig: „Hefurðu áhuga á þessum málum?“ Já segi ég. „Heyrðu viltu biða þar til enginn er í búðinni?“ Svo beið ég og hann lokaði búðinni um stund og fór með mig niður í kjallara eftir löngum göngum. Þar var svo hengilás fyrir einni hurð og maðurinn segir þá við mig „Gjörðu svo vel og komdu upp með það sem þú vilt“. Þá var hann með heilt kjallaraherbergi fullt af bókum sem flestar tengdust jöklafræði, ísingu og heimskautarannsóknnum ýmiss konar. Ég kom svo upp með fangið fullt af bókum. Þetta fékk ég fyrir mjög sanngjarnt verð.

Nú var ákveðinn ágreiningur í milli atvinnuljósmyndara og áhugamanna á þessu tímabili. Í hverju fólst hann og hvert er viðhorf þitt til hans?

Viðhorf mitt var eiginlega alltaf ákaflega jákvætt. Ég hafði ekkert á móti fagljósmyndurum að sjálfsgöðu og vildi helst vera laus við allar deilur. Margir þessara manna voru ágætir kunningjar mínir, eins og t.d. Alfreð D. Jónsson á Laugaveginum og síðar Jón Kaldal, og voru mjög á sömu línu. Það sem gerðist þarna var að samkvæmt íslenskum lögum er ljósmyndun iðn og menn hafa ekki iðnréttindi nema hafa próf sem slíkir. Nú, í

sambandi við mína menntun, geri ég ráð fyrir að verkfræðiprófið mitt myndi nægja á við það sem kennt er í iðnskóla, allavega í stærðfræði og öðru slíku. Tæknilega var ég búinn að kynna mér ljósmyndataekni nokkuð vel í Danmörku en ég hafði aldrei verið á samningi sem iðnnemi í ljósmyndun og t.d. ekki neitt fengist við að retouchera andlitsmyndir á glerplötum eins og atvinnuljósmyndarar þurftu að kunna. Ég sóttist heldur ekkert eftir að gerast meðlimur í félagi atvinnuljósmyndara. En það var nú þannig þegar iðnsýningin 1952, var haldin hér í Iðnskólanum meðan hann var í smíðum sá Skarphédinn Jóhannsson arkitekt um sýninguna. Hann var líka góður kunningi minn. Hann hafði þá hringt til allra atvinnuljósmyndara og spurt þá hvað þeir gætu búið til stórar myndir. Þeir sögðu allir 50 x 60 cm sem er heil ör. Hann spurði mig svo hvað ég gæti búið til stóra mynd? Ég spurði hann þá hvað hann þyrfti að hafa hana stóra og hann talaði um svona 2 x 3 m eða eitthvað álíka. „Ég skal reyna“, sagði ég bara. Svo pantaði ég stækkunarljósmyndapappír í rúllum, frá Kodak í London, metersbreiðar. Ég fékk Guðna Þórðarson í lið með mér og við stækkuðum svo nokkrar svart-hvítar myndir. Við gerðum þetta niðri í kjallara heima hjá mér, en ég bjó þá á Grenimel 30. Við lögðum stækkunarvélina lárétta og beindum ljósinu eftir endilöngum ganginum. Þar höfðum við nælt upp ræmur af þessum ljósmyndapappír. Eftir hæfilega lýsingu tókum við ræmurnar niður og svo varð að framkalla hverja ræmu í botn, eins og kallað er, til þess að allar ræmurnar yrðu jafnar í svertutónum. Til þess að framkalla í, lét ég útbúa glerungshúðaðar stálskálar þannig að hægt væri að rúlla pappírnum upp og niður. Fyrst í gegnum framköllunarbað, svo vatnsbað, stoppbað, fixerbað og vatnsskolun. Þetta gerðum við Guðni saman, stóðum uppi á stól og rúlluðum þessu upp og niður. Við límdum svo ræmurnar saman aftur hlið við hlið á fastan sléttan grunn. Þetta tókst mjög vel og þessar myndir vöktu mikla athygli á sýningunni. Ég var þá verkfræðingur í Stálsmiðjunni og bjó m.a. út mikla stækkun af ljósmynd af vökvapressu sem ég hafði teiknað og látið smíða í Stálsmiðjunni og setti upp í sýningarbás Stálsmiðjunnar. Svo stækkuðum við Gullfossmýnd heljarmikla sem var við innganginn á sýningunni og fleiri slíkar myndir. *Þetta hafa þá mest verið myndir eftir þig sem þú stækkaðir?*

Já, það voru 6 x 6 cm og ég stækkaði frá filmum sem ég var með sjálfur. Þetta vakti sem sé mikla athygli en þetta var náttúrulega iðnsýning og auðvitað hafði Ljósmyndarafélagið aðgang að reikningum. Við Guðni sendum auðvitað reikning fyrir þessum myndum. Reyndar töldum við okkur hafa gert það á mjög sanngjarnan hátt. Ég taldi í rauninni ekki vera rétt að gefa þetta því þá hefði það verið óheiðarleg samkeppni við ljósmyndara að mínu mati. Ef þetta væri selt á líku verði og þeir myndu hafa tekið sjálfir væri það ekki samkeppni á þeim grundvelli. Þetta tókst allt mjög vel en þegar iðnsýningunni svo lauk vorum við Guðni kærðir fyrir að hafa farið inn á svið fagljósmyndara. Við vorum báðir dæmdir í undirrétti fyrir að hafa brotið iðnlöggjöfina. Ég áfrýjaði til Hæstaréttar og lét þar þá skoðun mína í ljósi að þarna væri um tjáningu að ræða og það ætti að vera sama hvort málari málaði málverk eða ljósmyndari tæki mynd. Ef hann væri að tjá sig myndi bann á því jafngilda því að banna mönnum að tjá sig í rituðu máli. Slíkt bann væri andstætt tjáningarfrelsi samkvæmt lögum. Hæstiréttur féllst á þetta sjónarmið. Ég hafði aldrei auglýst mig sem ljósmyndara en eingöngu gert þetta eftir beiðni þannig að ég var sýknaður í Hæstarétti.

Telurðu að þessi mál hafi vakið athygli á sínum tíma?
Ekki mikla athygli en þó þannig að Ljósmyndarafélagið kærði mig aldrei eftir þetta.

Hvernig var með samstarf atvinnuljósmyndara og áhugamanna?

Ég var alltaf á því að rétt væri að hafa samstarf. Í Danmörku er þetta alveg frjálst. Þar vinna atvinnuljósmyndarar og amatörar prýðilega saman. Þetta er víðast hvar þannig. Það var nú held ég ekki nema takmarkaður hópur af fagljósmyndurum sem voru á þessari stefnu að vilja dæma þetta. Margir þeirra voru alls ekki hlynntir þessum málaferlum. Ég átti alltaf ágætt samstarf við þá. Satt að segja varð ég var við þreifingu í gangi um það hvort ég mundi ekki vilja gerast meðlimur hjá þeim í framhaldi af þessum málaferlum. Ég taldi það ástæðulaust því ég hafði mína atvinnu sem verkfræðingur og hafði enga þörf fyrir að vera í Ljósmyndarafélaginu. Hitt er svo annað mál að ég var búinn að vera í iðnskóla líka því ég var í iðnnámi í tréskipasmíði sem strákur og var því með iðnskólanám, þótt í annarri iðngrein væri, og svo með próf sem verkfræðingur og háskólanámskeið í ljósmynda-tækni, þannig að tæknilega vantaði líklega ekki



Frá iðnsýningunni 1952. Stækkun af Gullfossmynd sem Hjalmar R. Bárðarson og Guðni Þórðarson unnu saman að. Vegna þessarar vinnu sinnar voru þeir báðir kærðir af Ljósmyndarafélagi Íslands fyrir brot á iðnlöggjöf en unnu þó mál sín fyrir Hæstarétti. *Ljós. óþekktur. Safn Morgunblaðsins, Þjms.*

mikið upp á almenna tæknilega fagþekkingu ljósmyndara.

Nú þýðir þú kennslubók í ljósmyndafræðum fyrir áhugaljósmyndara. Hafðir þú sjálfur frumkvæðið að því?

Nei, það var forstjóri bókaforlagsins Setberg sem spurði mig að því hvort ég vildi taka að mér að þýða þessa bók. Ég var nú svolítið hikandi því ég vissi að það þyrfti að búa til svo mörg orð á íslensku og líka að staðfæra efnið eftir því sem hægt var vegna skýringamyndanna. Það endaði nú með því að ég gerði þetta samt og held að hún hafi komið að töluverðu gagni þessi bók. Þetta var önnur bókin sem kom út fyrir ljósmyndaamatöra á íslensku. [Sú fyrsta var Stafróf ljósmyndunar eftir Magnús Ólafsson sem gefin var út í Reykjavík árið 1914.]

Ef við snúum okkur aftur að þinni eigin ljósmyndun. Þú byrjar náttúrulega í svart-hvítri ljósmyndun. Hvenær ferðu yfir í lit?

Langflestar myndar mínna í Danmörku voru svart-hvítar myndir, en ég tók líka nokkuð af litmynd-

um í Danmörku. Svo vill til að ég á ennþá nokkrar af litmyndunum af fyrstu litfilmunni, sem ég tók, og hefi merkt sem litfilm nr. 1. Þessar litmyndir tók ég 1.-15. ágúst 1942. Þær eru m.a. frá Tívoli og fleiri stöðum í Kaupmannahöfn, líka úr ferð á reiðhjólum utanbæjar og svo persónulegar fjölskyldumyndir. Litirnir í þessum ljósmyndum eru ennþá ágætir. Virðast ekki hafa dofnað neitt. Ég hafði eignast 35 mm myndavél, Kodak Retina 2A, og notaði mest Agfa-color pósitífar filmur (mynda-stærð 24 x 36 mm).

Var það almennt hjá áhugaljósmyndurum í Danmörku á þeim tíma?

Já, það tel ég hafa verið nokkuð almennt hjá þeim sem mestan áhuga höfðu á ljósmyndun.

Atvinnuljósmyndarar hér taka þetta nefnilega ekki upp að ráði fyrr en undir 1970.

Eins og fyrr segir fór ég að taka litmyndir í Danmörku 1942. Það voru að vísu ekki pappírslitmyndir heldur slides, langmest Agfa-color. Það var því ekki hægt að breyta neinu verulega í þeim myndum, sem teknar voru í lit. Myndirnar voru

framkallaðar á vegum filmuframleiðenda og flestir gengu frá myndum sínum á milli glerja til að sýna þær sem skyggnumyndir. Yfirleitt voru eingöngu svart-hvítar ljósmyndir á ljósmyndasýningum og ljósmyndasamkeppnum enda miklu meiri möguleikar að vinna þær myndir á persónulegan hátt hvers þátttakanda. Litskyggnusýningar voru þó nokkuð oft á fundum hjá ljósmyndafélögum áhugamanna.

Hvenær fer þá liturinn að verða ráðandi í þínum myndum?

Lengst af hefi ég tekið svart-hvítar myndir og lit samtímis, enda notað hvorttveggja í bókum mínum. Mér finnst svart-hvítar myndir ennþá eiga fullan rétt á sér og oft falla þær vel inn í heildina ásamt litmyndum. Stundum getur verið erfitt að finna tvær litmyndir, sem geta staðið saman án þess að spilla hvor fyrir annarri, en svart-hvít mynd getur oftast fallið vel að hvaða litmynd sem er.

Nú geri ég ekki ráð fyrir að þú takir mikið í svart-hvítu núna.

Ég hef gert það alveg til skamms tíma, en undanfarin 4-5 ár hefi ég mest tekið litmyndir. Það eru þó vissir hlutir sem koma alveg eins vel út í svart-hvítu ef ekki betur. Ég hefi lengi vel tekið lit og svart-hvít samtímis, enda verið með Hasselblad, 6 x 6 cm sem er með þannig baki að hægt er að skipta á lit og svart-hvítu inni í miðri filmu, sem er ákaflega þægilegt. Nú er tölvutæknin komin til þannig að hægt er að gerbreyta litmyndum eftir upptöku og setja saman ólíka myndahluta. Eftirlýsing við stækkun á svart-hvítum myndum er og hefur ávallt verið geysilega mikilvægt atriði. Þá gefur samtenging fleiri mynda í stækkun svart-hvítra mynda mjög margþætta möguleika til myndsköpunar og á Danmerkurárum mínum notaði ég slíka samtengingu mikið. Ég tók töluvert í Danmörku á 9 x 12 cm svart-hvítar glerplötur, því að sú stærð er miklu auðveldari í endurvinnslu, stækkun og samsetningu mynda, eins og ég lýsti nánar í ljósmyndabók minni Table Top, sem út kom í Danmörku, eins og áður var getið. Ég keypti reyndar líka í Danmörku notaða myndavél fyrir 13 x 18 cm glerplötur. Ég á þessa myndavél ennþá, en hefi sáralítið notað hana. Þá keypti ég líka í fornsölu í London notaða 4" x 5" myndavél fyrir planfilmur. Það er mjög skemmtileg myndavél, en seinlegt að taka myndir á hana utan dyra. Sama má líka segja um 6 x 17 cm Fuji panorama-

myndavél, sem ég hefi notað töluvert nokkur undanfarin ár við töku landslagsmynda til að birta í bókum mínum.

Í framhaldi af þessari ljósmyndaáhugamennsku ferðu sjálfur út í útgáfu á bókum. Eða voru aðrir útgefendur að fyrstu bókunum eins og Ísland Farsælda Frón?

Nei. Það var samstarf. Prentsmiðjan Lithoprent og ég gáfum sameiginlega út Ísland Farsælda Frón til helminga hvor. Síðan hef ég gefið bækur mínar út sjálfur. Fyrst fékk ég prentað í Hollandi hjá Johan Enschedé en Zonen í Haarlem, því ég var ekki ánægður með prentunina hér heima á Ísland Farsælda Frón. Myndirnar í þeirri bók voru allar svart-hvítar, sumar tónaðar, en náðu ekki að skila sér nægilega vel í prentun.

Finnst þér þetta hafa breyst síðan?

Já, alveg gerbreyst. Ég hefi í síðari bókum mínum yfirleitt birt bæði litmyndir og svart-hvítar. Enschedé en Zonen var líklega ein dýrasta prentsmiðja sem ég gat fundið. Þeir eru t.d. „security printers“ og prenta m.a. peningaseðla og frímerki fyrir hollenska ríkið og ýmis önnur lönd. Á síðari árum hefur Prentmyndastofan (PMS) litgreint fyrir mig myndir í bækur mínar og gengið frá prentfilmum af tölvudiskum frá mér. Síðan hefur Prentsmiðjan Oddi prentað þessar bækur mínar og bundið inn. Þessi vinna hér heima er að mínum dómi fyllilega sambærileg við það besta sem gert er erlendis. Þótt kostnaðurinn sé eitthvað meiri hér heima, þá sparast líka sendingarkostnaður og ferðakostnaður til gæðaeftirlits og samninga.

Það hefur þá verið töluvert dýrt að ráðast í svona útgáfu?

Já, en ég fékk lán hjá prentsmiðjunni í Hollandi — út á andlitið á mér.

Hvernig gekk þetta svo?

Öllum bókum mínum hefur verið sérlega vel tekið. Þær hafa selst vel, þótt þær hafi ekki verið auglýstar nema sárásjaldan. En fjárhagslega séð hefur útgáfan verið hálfgerð sorgarsaga. Ég var fyrst með Innkaupasamband bóksala sem dreifingaraðila. Það gekk nokkuð vel fyrst en svo fóru að safnast saman skuldir þeirra við mig. Þegar frá leið var Innkaupasamband bóksala yfirtekið af einkaaðila og fór svo að lokum í gjaldprot. Þar tapaði ég töluverðum upphæðum enda ekki verið nógu harður í atgöngu. Svo leitaði ég að öðrum dreifingaraðila og þá var mælt með Almenna bókafélaginu. Þá hélt ég að nú væri ég kominn á öruggan stað en áður en langt um leið þá urðu þeir gjaldprotu líka svo þar tapaði ég aftur

peningum. Dreifing bókana hefur þannig frá upphafi verið mesta vandamálið.

Sérstaða þessara bóka minna er ennfremur sú, að í þeim eru tiltölulega margar myndir. Ef útgáfufélag ætti að greiða fyrir birtingarrétt á þessum myndum yrðu það svo gífurlegar upphæðir að ekkert fyrirtæki myndi geta selt bækur á því verði sem þyrfti að selja þær á til að ná sölu á sæmilega stóru upplagi. Þessi útgáfa mín hefur því raunverulega byggst á því, að ég reikna mér ekki greiðslu fyrir birtingarrétt fram yfir það sem kostnaður er við myndatökuna. En auk þess er framlag mitt miklu meira en myndirnar einar, því ég sem líka textann og vinn allt „layoutið“ í tölvu og afhendi bókarefnið fullhannað til litgreiningar, prentfilmugerðar, prentunar og bókbands.

Þú hlýtur samt að hafa selt myndir til annarra aðila? Sárálitið. Ég hef ekki nennt að standa í því. Það er nefnilega mikið verk út af fyrir sig að finna myndir fyrir ákveðna aðila af ákveðnum hlutum. Ég hef gert þetta þegar um er að ræða t.d. vísindarit erlendis frá. Það er oft spurt um slíkt erlendis frá. Það er yfirleitt ekki greitt neitt fyrir það. Þá hefi ég í nokkrum tilfellum látið nokkra aðila hér fá eitthvað af myndum, þegar leitað hefur verið eftir því, t.d. hafa Örn og Örlygur og Iceland Review fengið hjá mér myndir.

Áhugaljósmyndun þín hefur þá þróast út í það að þú setjir þér ákveðin markmið og vinnir svo að þeim?

Já, að sumu leyti er nokkuð til í því. Ég hefi hugleitt efni bókar fyrst í stórum dráttum, stundum gert frum-„layout“ fyrst og síðan athugað hverju ég þyrfti að bæta við af myndum eða öðru efni til að gera verkefninu eins fullkomin skil og ég tel raunhæft. Þetta hefur t.d. bæði verið jarðfræði, jöklafræði, almenn þjóðfræði og saga og fuglafræði og nú síðast steinafræði. Það er töluvert grúsk í ýmsum vísindagreinum, sem hefur fylgt þessari athafnasemi, en hún hefur meira verið árátta til áhugaverðrar fróðleiksöflunar og tómskundagamans en til fjár, enda hefi ég alveg verið sáttur við að geta stundað þessa tómskundaiðju að skaðlausu.

Þú gerðist meðlimur í Royal Photographic Society í London. Hvernig bar það að? Sóttirðu bara um innngöngu?

Það er þannig að senda þarf inn til félagsins ákveðinn fjölda mynda af ýmsum gerðum, sem svo eru dæmdar af dómnefnd. Á þeim grundvelli var mér veitt innganga og heimild til að nota titilinn ARPS.

Hvað merkir sá titill nákvæmlega?

Aðildin veitir heimild til að setja bókstafina ARPS á eftir nafninu, en bókstafirnir merkja Associate of Royal Photographic Society.

Um hvaða leyti er þetta?

Það er orðið æði langt síðan. Mynd sem ég tók af Herði Ágústssyni listmálara, sem var á sýningu 1954, er t.d. merkt með þessum titli. Ætli ég hafi ekki gengið í félagið í kringum 1950. Ég nota reyndar ekki neinn slíkan titil lengur.

Hvernig er það. Ertu núna í einhverju sambandi við ljósmyndaáhugamenn. Nú eru þessir klúbbar ekki lengur til?

Nei, ég get ekki sagt að ég starfi í neinum félagskap áhugaljósmyndara lengur. Athafnir slíkra félaga hafa lognast svo mikið út af hér á landi. Menn hafa haft mikið að gera og frítíminn verið svo takmarkaður til að sinna þessu. Svo þegar menn eignast fjölskyldur færist ljósmyndaáhuginn yfir á þær þannig að fjölskyldumyndataka verður meiri en myndræn ljósmyndun myndanna vegna.

Ertu í persónulegu sambandi við einhverja af þeim sem voru mest í þessum hópi á tímanum 1950-70?


Já, já en það eru meira persónulegir vinir. Óttar Kjartansson er t.d. einn þeirra. Hann hefur verið töluvert með mér á ferðalögum. Hann er líka sérlega myndrænn sjálfur, hár og grannur og tekur sig vel út á myndum. Það er þessvegna mikið af myndum af honum í bókunum mínum, en sjálfur tekur hann mun færri myndir en forðum daga.

Heldurðu að mikið af þessum kjarna í áhugamannafélaginu sé ennþá í myndatökum?

Já. Rafn Hafnfjörð hefur gert ljósmyndun tengda útgáfu og prentsmiðju að atvinnu þó hann sé amatörljósmyndari en ég veit ekki til að hann hafi nokkuð verið kærður fyrir það. Ralph Hannam mun vera hættur ljósmyndun. Hann var mjög áhugasamur og tók margar afbragðs myndir, einkanlega bæjarmyndir úr Reykjavík. Gunnar Pétursson er áfram mikill áhugamaður um ljósmyndun og fæst ennþá við myndræna ljósmyndun sem fristundaiðju. Freddy Laustsen held ég líka sé ennþá áhugasamur um ljósmyndun.

Átt þú eitthvað af þeim myndum sem þú varst að sýna og sendir í möppur hjá FIAP upplímdar?

Nei, ekki upplímdar myndir. Ég á að sjálfsögðu töluvert af myndum. Það er allverulegt safn af svart-hvítum myndum sem ég tók í Danmörku og voru á ljósmyndasýningum þar. Eins á ég eintök af forsíðumyndunum sem ég vann að fyrir



Ásmundur Sveinsson. Listamaðurinn við verk sitt árið 1953, eftir Hjálmar R. Bárðarson. *Í eigu höfundar.*

Mandens Blad og myndir sem ég gerði sérstaklega fyrir bók mína Table Top í Danmörku.

Þú hefur ekkert spáð í yfirlitssýningu á verkum þínum svona privat?

Nei. Það hef ég ekkert hugsað um.

Þetta er nú áhugavert efni og stórt tímabil sem þetta spannar.

Já, það er rétt. Eftir að ég kom heim tók ég á tímabili þó nokkuð af myndum af leiksýningum í Þjóðleikhúsinu. Svo var ég aðeins í andlitsljósmyndun. Tók t.d. dálítið af myndum af listamönnum og verkum þeirra og störfum, m.a. af Ásmundi Sveinssyni, Einari Jónssyni, Herði Ágústssyni, Gerði Helgadóttur, Önnu Borg o. fl.

Hvenær á Danmerkurárunum kemstu inn í DCP?

Það er tiltölulega fljótlega, líklega kringum 1942.

Hernám Þjóðverja hefur haft áhrif á nám þitt og störf í Danmörku?

Já, það var að sjálfsgöðu viðburðaríkt og ógnvekjandi tímabil, sem aldrei gleymist þeim sem því kynntust. Í verkfræðiháskólanum voru margir stúdentarnir starfandi í dönsku andspyrnuhreyfingunni, en það var aldrei talað um þá hluti. Það var öruggast að vita sem minnst og segja engum neitt, þótt ekki yrði komist hjá að vita eitt og annað. Innan hreyfingarinnar voru menn aðeins nefndir gervinöfnum. Einu sinni bjó ég til myndir fyrir neðanjarðarhreyfinguna í Danmörku. Það var þannig að komið var með óframkallaða filmu til mín, því menn þorðu ekki að láta fagljosmyndara taka framköllunina að sér, og ég var beðinn um að framkalla og búa til ljósmyndir eftir filmunum. Ég gerði það, skilaði myndunum svo til sama ónefnda manns, en gróf síðan filmuna í blikkboxi niður í garð hjá tengdforeldrum mínum því að ekkert mátti verða eftir hjá mér, sem gæti orðið sönnunargagn ef til handtöku kæmi. — En neðanjarðarhreyfingin, hernámið og stríðið er kafli, sem ekki verður rætt um frekar hér.

Þeir Þorsteinn Jósefsson og Páll Jónsson störfuðu báðir á Vísi. Tóku þeir þá svolítið af myndum fyrir blaðið?

Það hafa þeir eflaust gert, enda báðir ágætir ljósmyndarar.

Þeir byrja samt í þessu sem áhugaljósmyndarar.

Þeir gera það, og munu væntanlega hafa verið taldir áhugaljósmyndarar, faglega séð.

Ætli þeir hafi fengið að vera í friði fyrir Ljósmyndarafélaginu, blaðaljósmyndararnir? Nú kæra þeir ekkert Ólaf K. Magnússon.

Um það veit ég ekki.

Þeir vildu ekki hleypta honum inn í félagið af því hann var bara með eitthvert nám frá Ameríku.

Það hafði ég heyrt, en ekki heyrt neitt um að hann hafi verið kærður.

Ljósmyndarafélagið hefur þá ekkert hætt sér út í að kæra þessa blaðaljósmyndara?

Sennilega ekki.

Varst þú í sambandi við Þorstein og Pál? Þeir hafa ekkert verið í þessu klúbbastarfi áhugamanna?

Ég held ekki að þeir hafi starfað neitt með félögum áhugaljósmyndara.

Meðan ég var erlendis var ég að sjálfsgöðu ókunnugur þessum málum á Íslandi. Eftir stríðslokin í Evrópu var ég um skeið í starfi skipaverkfræðings við Helsingør Skibsværft. Þá var ég beðinn um að skrifa greinar í danskt og sænskt ljósmyndatímarit um íslenska ljósmyndun. Vegna þessa hafði ég bréfflegt samband við Pál og Þorstein og fleiri til að fá myndir sendar út svo ég gæti skrifað um íslenska ljósmyndun.

Umfjöllun um varðveislu frummynda þessara helstu áhugamanna í ljósmyndum.

Það er eflaust málefni sem æskilegt væri að tekið yrði til athugunar og þyrfti þá að samræma og skipuleggja störf Þjóðminjasafns og Ljósmyndasafns Reykjavíkur og e.t.v. líka ljósmyndasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Að óbreyttu er útlit fyrir að mikið af ljósmyndaefni, sem æskilegt væri að varðveita, fari algerlega forgörðum. Spurningin er fyrst og fremst sú, hvort nokkur stofnun sé þess umkomin að taka til varðveislu myndasöfn svo að vel sé.

Guðni Þórðarson

f. 24. 5. 1923*

Ég fór ungur maður til Ameríku og var þá búinn að vera blaðamaður í nokkur ár. Eftir Samvinnuskólann fer ég beint inn á Tímanna en var reyndar að lesa utan skóla í Menntaskólanum þá, Pálmi Hannesson fékk mig til þess að vera hálfan daginn á Tímanum því ég var duglegur að skrifa stíla. Svo endaði það með því að þetta var miklu miklu meira starf en maður ætlaði og festist svo í þessu og fór að slugsá við námið og hætti því.

Voru þá einhverjir blaðljósmyndarar á Tímanum meðan þú starfaðir þar sem blaðamaður?

Engir. Á þeim tíma voru engir blaðljósmyndarar nema Óli K. [Magnússon]. Hann kom fljótlega og hann var þá blaðljósmyndari. Þess vegna gat hann ekki fengið inngöngu í Blaðamannafélagið. Ólafur er góður vinur minn og hann hefur aldrei fyrirgefið Blaðamannafélaginu þetta. Á þeim tíma voru bara skrifandi blaðamenn í félaginu. Mitt skírteini var held ég nr. 17 eða eitthvað svoléiðis. Þá fór ég í tvö sumur í langan blaðamannaskóla, Time og Life skóla með sína frægu ljósmyndara eins og Feininger o.fl. Þá var þessi hreyfing að byrja fyrir vestan sem kölluð var „Photojournalismi“. Þ.e.a.s. að myndskreyta frásögnina. Tímariði Life var gefið út á þeim forsendum.

Hvaða sumur voru þetta?

Ég man það nú ekki. Það var held ég fyrir 1950. Ég byrjaði í blaðamennsku 1944 og fór þá strax að taka myndir því ég var með þessa delli.

Varstu með hana áður en þú ferð að skrifa á blaðinu?
Já, já, ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á ljósmyndun.

Hvar hafðirðu þá kynnst því?

Ég hafði bara lesið um þetta í dönskum fotoblöðum sem ágætur vinur minn Hjálmar Bárðarson kom

með eftir stríð, en hann var líka með þessa bakteríu. Þá lærði ég þetta hjá þeim fyrir vestan, hjá þessum frægu ljósmyndurum.

Var það þá eingöngu ljósmyndanáms sem þú varst í?

Þetta var ljósmynda- og blaðamennska. Það var sú tegund blaðamennsku, svona frásagnir og lýsing á þjóðlífinu og atburðum þar sem tvinnad er saman myndum og frásögn. Þar var gert ráð fyrir því að það væri einn og sami maðurinn sem gerði hvort tveggja. Þannig var það hjá Time og Life en þau rit voru með sömu útgefendum. Þetta var þekkt gyðingafyrirtæki.

Hvar í Ameríku var þetta?

Í New York.

Var það á vegum Tímans eða á þínum eigin vegum sem þú fórst í þetta nám?

Ég fékk nú launað frí til þess að gera þetta þar sem blaðamenn fengu slíkt á nokkurra ára fresti og gera raunar enn. Ég þurfti hins vegar miklu lengri tíma í þetta.

Vegna þess að ég var ekki blaðljósmyndari, ég var blaðamaður, þess vegna á ég allar mínar myndir en Óli K. ekki. Því hann gerði þetta í sínu starfi sem blaðljósmyndari. Ég tók allar mínar myndir sem blaðamaður. Ég var sem sagt starfandi blaðamaður með þessa sérgrein. Þetta var dálítið mikil nýjung í blaðamennsku þá. Það sést ef maður flettir blöðum frá þessum tíma. Maður fór um allt landið og lýsti atburðum ef eitthvað var að gerast, t.d. þegar nýsköpunartogararnir voru að koma í Neskaupstað og hingað og þangað fór maður með þingmönnum og skrifaði um þetta og myndaði það í bak og fyrir. Einnig nýjungar í landbúnaði og sjávarútvegi, þegar Íslendingar brutu löndunarbannið, eftir fyrsta þorskastríðið, í Grimsby þar sem togarinn Ingólfur Arnarson frá Reykjavík átti í hlut. Og þegar Dawson brotajárnsköngur fór í fisk-bisness.

* Guðrún Harðardóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir tóku viðtalið 21. 8. 1997. Guðni fékk viðtalið til yfirlestrar.



Úr róðri með bát frá Akranesi um 1950, eftir Guðna Þórðarson. *Djms*.

Þá var ég á öllum þessum stöðum, skrifaði og tók myndir. Eins á Íslandi, á Snorrahátíðinni í Reykholti 1947 og á allt sem var að gerast. Svo bara þjóðlíflýsingar. Ég t.d. fór í göngur á Arnarvatnsheiði, síðustu sameiginlegu göngur þar sem Húnvetningar og Borgfirðingar mættust og fjallkóngarnir kysstust. Ég skrifaði um þetta í bók, *Göngur og réttir*, með myndum auðvitað. Ég tók myndir af öllum nýjungum og svo bara þjóðlíflýsingar. Fór í róður með síldar- og róðrabátum frá Akranesi. Ég fór t.d. í róður með Þórði bónda á Ökrum á Akranesi, föður Ingu Jónu Þórðardóttur. Nú eru þessir bátar ekki á siglingu lengur. *Þú hefur sem sé verið byrjaður að stunda blaðamennsku af þessu tagi áður en þú ferð út í námið þar sem þú ert að mynda Snorrahátíðina 1947?*

Já.

Eignaðistu snemma vél sjálfur?

Já, ég gerði það.

Varstu þá með framköllunaraðstöðu heima hjá þér?

Já, ég hafði herbergi til þess.

Var það fyrir tvítugt?

Það var bara strax eiginlega, í kringum 1947, sbr. Snorrahátíðina. Ýmislegt, eins og t.d. þegar stóra iðnaðarsýningin var haldin hérna 1952, þá gátu þeir í Ljósmyndarafélaginu ekki búið til risastórar myndir. Þá vorum við Hjálmar [Bárðarson] fengnir til þess að útbúa það. Við gerðum það bara í þvottahúsinu heima hjá mér. Að búa til fjögurra metra stórar myndir. Þá kunni ég, sem hafði ekki verið að læra hér, þá tækni. Þessi blaðamennska, „photo-journalisminn“, þótti nú svona fyrst í stað ekki merkileg. Þá var nú pólitíkin miklu harðari milli blaðanna, þó gott væri á milli þeirra á bak við tjöldin eins og í Blaðmannafélaginu. Ég man eftir því að einhver pólitíkus á Mogganum skrifaði einu sinni í leiðara, þá var Mogginn ekki eins gott blað og það er núna, að blaðamenn Tímans hefðu ekkert þarfara að gera en að fara um landið og birta grein með mynd af mykjuvagni í Mývatnsveit. Það var litið þannig á þessa nýju tegund blaðamennsku. Þetta voru bara myndir af svona

hversdagslegum hlutum, eins og mykjuvagni í Mývatnssveit.

Hafðir þú þá alveg frjálssar hendur í þessum verk-efnum?

Alveg frjálssar hendur.

Þú hefur þá getað ákvarðað sjálfur alveg hvað þú vildir gera?

Já. Síðustu árin á Tímanum var ég framkvæmdastjóri blaðsins. Þá náttúrulega dró aðeins úr þessu. En eftir sem áður voru ekki aðrir. Það var ekki fyrr en löngu seinna að Tíminn fékk fyrsta ljósmyndarann, Guðjón Einarsson. Hans myndasafn held ég að sé læst inni hjá Frjálsri fjölmiðlun núna eða eitthvað svoleiðis.

Tókstu eitthvað af annars konar myndum en beinum fréttamyndum? Varstu t.d. eitthvað í heimamyndatökum?

Já, það var mikið um það. Ég gerði það fyrir vini mína á Hótel Borg og tók myndir af mörgum frægustu veislunum fyrir þá. Ég á alveg óhemju safn af því. Það tíðkaðist eins og á gamlárskvöld og 1. des. Ég var með mjög góðar amerískar vélar sem ekki voru þekktar þá, í stóru formati, 9 x 12 Speed graphic, sem var pressuvélin í Bandaríkjunum þá, fram að Kóreustríði. Þá fóru amerísku blaðamennirnir að nota 35 mm linsur fyrst, eftir að þeir kynntust japönsku linsunum fyrst þar. Ég notaði líka Kodak Medalist og seinna meir Rolleiflex. Ég hef aldrei verið mjög hrifinn af 35 mm vegna þess að á þessum tíma voru filmurnar ekki það fínkorna að myndirnar kæmu vel út í stækkun. Þannig að 9 x 12 var náttúrulega best og eins 6 x 6 Rolleiflex og Hasselblad.

Nú segist þú hafa verið svolítið í heimamyndatökum og hálfvegis fyrirtækjamyndatökum.

Ég hafði oft ekki frið fyrir slíku. Af því að fólk sá það sem ég var að gera. Ég tók mikið af allri starfsemi SÍS, sem nú heyrir sögunni til. [Þjóðminjasafnið hefur fengið hluta af þeim myndum]. Ég skrifaði líka mjög mikið af myndafrásögnum í Samvinnuna á þessum tíma. Þá var vinur minn, Haukur Snorrason, ritstjóri og við ferðuðumst um og tókum myndir af síldarútgerðunum á Siglufirði og víðar.

Þá hefur það komið af sjálfu sér að bókaútgefendur hafa leitað til þín um myndir?

Jú, jú. Ég sá t.d. um eina myndabók um Reykjavík eða Ísland í svart-hvítu, í litlu formati. Og fleira af þessu tagi. Þannig að ég á filmusafn upp á nokkra tugi þúsunda. Meginhlutinn af því er nú merkt í umslögum af hverju það er. Við vorum að

flytja núna þannig að þetta er í kössum, einum tíu.

Var þetta þá meðvituð heimildaljósmýndun hjá þér?

Nei, alls ekki, ég var yfirleitt bara að hugsa um hvað væri skemmtilegt efni. Fyrir utan það þegar ég var að taka fyrir fyrirtæki og svona.

Þetta hefur verið svona heimildablaðamenska hjá þér?

Þetta var ekki hugsað þannig, þó það hafi það gildi núna.

Það er sem sé ekki hugsað þannig þegar það er gert?

Maður var bara að hugsa um að lýsa þjóðlífinu í orðum og myndum, hvað fólkið var að gera. Sem sagt lifandi líf fólksins í landinu. Myndavélin kemur þar mjög sterkt til hjálpar. Hið skrifaða orð er náttúrulega alltaf gott og hægt að beita stilbrögðum þar.

Hvernig var þá aðstaðan á blaðinu?

Það var engin aðstaða á blaðinu.

Hvar fór þá myndvinnslan fram?

Það var náttúrulega aðstaða fyrir mig sem blaðamann en ekki sem ljósmyndara.

Það hefur ekki verið nein ljósmyndakompa?

Nei, nei. Ekki til.

Vannstu þá myndirnar allar heima?

Ég hafði bara sérstakt kjallaraherbergi heima hjá mér sem var framköllunarherbergi og útvatnaði filmurnar og svona bara í þvottahúsi sem var ekkert mjög stórt.

Þannig að vinnslan hefur þá bara farið fram heima hjá þér og svo komstu bara með myndirnar tilbúnar á blaðið?

Akkúrat.

Er það þá ekki fyrr en Guðjón kemur sem einhverri aðstöðu er komið upp?

Nei, það er ekki fyrr, þ.e. eftir að ég hætti þessu. Ég hætti hjá Tímanum eitthvað um 1959 og síðustu árin var ég framkvæmdastjóri og þá gerði ég minna af þessu og um það leyti var Guðjón að koma.

Birtirðu myndir eftir þig eingöngu í Tímanum? Ég held ég hafi séð í Alþýðublaðinu eitthvað eftir þig.

Þeir fengu stundum lánað og svona. En yfirleitt var það ekki í dagblöðum, þ.e. samkeppnisblöðunum heldur í tímaritum og bókum.

Lastu eða keyptirðu einhver fagtímarit og ljósmynda- bækur?

Já, já. Ég gerði það. Mikið af ljósmyndabókum, náttúrulega aðallega bara frá Ameríku, og ljósmyndatímarit.

Geturðu nefnt þau?

Flutningar á sauðfé frá Fagurhólsmýri 1951, eftir Guðna Þórðarson. Á miðri mynd er Bodil Begtrup sendiherra með kind í fanginu. *Pjms.*



Já, já. Modern photography minnir mig það hafi heitið, US Camera o.fl. Og bækur eftir mína gömlu kennara eins og Feininger, sem er mjög frægur ljósmyndari í Bandaríkjunum á þessum tíma. Einnig eftir Ansel Adams. Stundum lét ég myndir til blaða úti, t.d. til Ítalíu, sem var óvanalegt þá. Ég held að Life hafi fengið hjá mér myndir einhvern tíma, ég þekkti þá sem stjórnun þar eftir skólann. Þessir skólar voru þarna í New York og maður hittir þessa menn. T.d. var þar annar af aðalritstjórum Washington Post, sem ég þekki síðan og hef alltaf haft samband við, einn af þeim sem varpaði upp Watergate málinu. Þetta voru allt gyðingar, fáir sem ekki voru það. Þeir réðu þessum bransa.

Ég man eftir því, það var nefnilega dálítið merkilegt, að ég fór með Jóhannesi Snorrasyni flugstjóra á þristi austur að Fagurhólsmýri. Við

vorum að flytja sauðfé, út af sauðfjárskiptunum, upp á Stóra-Kropp á flugvöllinn þar. Þetta var DC þristur. Í staðinn fyrir farþega og sæti þá var sauðfé pakkað í vélina. Það var ekkert bundið eða neitt, kindurnar voru bara í salnum. Og ég man að Bodil Begtrup sendiherra fékk að koma með okkur. Þetta var svo merkilegt. Ég á mynd þar sem Jóhannes er bara með hrút við stýrið með sér!

Hvað með tengsl við innlend ljósmyndafélög?

Ekkert. Ég gekk aldrei í Ljósmyndarafélagið vegna þess að ég fór aldrei í iðnskóla eða neitt þess háttar. Auk þess var Bláðamannafélag Íslands mitt stéttarfélag.

Nú hefur Hjálmar Bárðarson sagt okkur frá áhugamannafélögum.

Jú, eitthvað var ég nú í því. Það hefur nú aldrei verið mikið líf í þeim. Hvort Óli K. var í þeim eitthvað. Hann var ekki lærður hér. Hann fór ekki í Iðnskólann.

Þú vilt sem sé ekki gera mikið úr þessum áhugamanna-klúbbum?

Nei, veistu ég þekki bara ekki nóg til þess.

Nú var gefið út fréttabréf Félags áhugaljósmyndara.

Ég hef aldrei séð það.

Þeir voru nú með sýningar 1954 og 1957.

Ég veit ekki.

Þetta klingir ekki neinum bjöllum hjá þér?

Nei, það var svo mikið að gera á mínum starfs-
vettvangi. Eins í mínum ferðalögum, þá tók ég
mikið af myndum líka. Ég á mjög merkilegt safn
af því þegar ég fór 1955 í þriggja mánaða ferðalag
um allar byggðir Vestur-Íslendinga. Og á myndir
af fólki sem er núna löngu daupt, allar byggðirnar
og tók kvikmynd líka. Jón Hermannsson er með
hana í skoðun núna í sambandi við sjónvarpið.

Tókstu þá svoltið af kvikmyndum samhliða?

Já.

Byrjaði það fyrir eða eftir Ameríkudvölinu?

Já, ég kynntist því í Ameríku og keypti svo góðar græjur
fyrir það í Sviss, Bolex, sem var það besta þá, 16 mm. Í
þessum Ameríkuleiðangri í þrjá mánuði um allar
byggðir Íslendinga, alveg frá Washington-eyju þar sem
frændi minn byggði upp, hann Hjörtur Þórðarson
uppfinningamaður byggði upp bókasafn. Hann keypti
litla eyju í Michiganvatni. Ég var þar hjá syni hans.
Hann átti þá óhemjumikið bókasafn og fékk íslenska
tréútskurðarmenn til að skreyta það. Síðan vildi
fjölskyldan gefa Háskólabókasafninu þetta. En það
fengust aldrei nein svör eða neitt og það endaði með
því að ég held þeir hafi selt háskólanum í Illinois
bókasafnið fyrir eitthvað um tvær milljónir dollara.
Hann átti bækur sem British Museum átti ekki. Hann
fór á uppboð og keypti bækur víða að. En Íslendingar
eru latir að skrifa og þeir fengu aldrei svör.

Á hvers vegum forstu þessa Vesturheimsferð?

Það fór ég á eigin vegum í launuðu fríi. Reyndar
fékk ég styrk frá Alþingi til að taka þessar myndir
af byggðum Vestur-Íslendinga. Ég tók myndir á
öllum mínum ferðalögum, t. d. í Egyptalandi, þar
sem ég dvaldi eftir byltinguna þar í tvo mánuði
að skrifa. Í bók sem ég gaf út 1958 voru um 100
ljósmyndir eftir mig. Kristján Eldjárn skrifaði mjög
fallega um þá bók og sagði að myndirnar væru
einstakar. Bókin hét Ferð um fjórar álfur.

*Eru þessar Vesturheimsmyndir að einhverju leyti þar
eða hafa þeim verið gerð einhver skil?*

Nei, nei, þetta er bara allt geymt.

*Þú hefur þá ekki haldið einkasýningu á þínum ljós-
myndum?*

Nei.

Og ekki tekið þátt í samsýningum?

Nei.

Varstu í einhverju sambandi við erlend ljósmyndafélög?

Ekki ljósmyndafélög, en blöð. T.d. á Ítalíu og í
Bandaríkjunum aðallega. Reyndar í Bretlandi um
tíma. Ég var fréttaritari fyrir Fishing News meðan
þorskastríðin voru í gangi. En þeir birtu nú ekkert
nema þeir hefðu hag þar af. Annars hefðu þeir
misst kaupendur, þeir urðu að þjóna sínum við-
skiptahópi.

Gerðirðu fleiri kvikmyndir en þessa í Vesturheimi?

Já, já. Ég var nú formaður Borgfirðingafélagsins í
10 ár og gerði þó nokkuð ítarlegar myndir um
Borgarfjörðinn um þetta leyti, svona á sjötta ára-
tugnum.

Hefur hún verið sýnd eitthvað?

Nei, bara innan félagsins.

Er hún þá af bæjum?

Já, af bæjum og atvinnulífinu svona. Þverskurður
af lífinu. Ég notaði efnisvalið eins og maður væri
að útbúa myndskreyttar greinar um líf fólksins,
landshætti og landslag. Nema þar kemur dálítið
mikið landslag, svona til að sýna staðhætti.

*Ertu með þessar kvikmyndir heima hjá þér eða eru þær
komnar á kvikmyndasafn til varðveislu?*

Nei, nei. Þær eru núna hjá honum vini mínum Jóni
Hermannssyni, hann er mjög ánægður með að þær
séu tæknilega vel gerðar. Ég er ekki alveg viss um hvar
Borgfirðingamyndin er satt að segja. Það er heilmikið
í henni. Ætli þetta sé ekki einn og hálfur tími.
Íslendingabyggðirnar eru álíka, um einn og hálfur tími.

*Það eru þessar tvær sem eru þá stærstu kvikmyndirnar
þínar?*

Já, en svo eru líka myndirnar umhverfis jörðina
með Air France. Nepal og tigrisdýraveiðar með
fyrirverandi líflækni kóngsins í Nepal. Það er ekki
áhugavert fyrir Ísland.

Þær eru þá allar líka í þinni eigin vörslu?

Þær eru allar hjá Jóni núna. Hann er að hugsa um
að setja þær yfir á video. Jafnvel gæti hugsast að
Pétur Guðfinnson sýni eða kaupi eitthvað af
þessu. Þetta er ekki komið á það stig ennþá.

*Manstu ekki eftir neinum ljósmyndasýningum á þessu
tímabili?*

Það er nú ekki rétt hjá mér að ég hafi ekki tekið
þátt í sýningum, því einhvern tíma tók ég þátt í
sýningu Ferðafélagsins í Listamannaskálanum.

Manstu eftir sýningunni Family of Man?

Já, ég man eftir henni, ég hef skoðað svona
sýningar. Það var mjög góð sýning.

Hafði hún einhver sérstök áhrif á þig?

Nei, ég var búinn að fullmóta hugmyndir mínar um ljósmyndun þá. Margar þessara mynda voru eftir menn sem ég hafði kynnst úti svo þetta var ekkert nýtt fyrir mér.

Þú hefur þá verið búinn að kynnst þessari amerísku línu?

Já, ég var fyrst og fremst á henni.

Nú lentir þú í kærumálum hjá Ljósmyndarafélaginu. Var það vegna iðnsýningarinnar 1952?

Það var eingöngu vegna þess að við vorum neyddir til þess arna af stjórnendum sýningarinnar. Helgi Bergs var framkvæmdastjóri og hann bara gat ekki fengið þær „illustrasjónir“ sem arkitektinn, Skarphéðinn, vildi fá. Hann vildi bara fá þessar [miklu] stærðir og Sigurður Guðmundsson sem var nú formaður [Ljósmyndarafélagsins] og tók mikið fyrir Þjóðviljann, ég þekkti hann vel, þeir bara gátu þetta ekki, kunnu þetta ekki. Þess vegna fórum við Hjálmar í þetta. Við kunnum þetta. Ég hafði lært þetta og hann líka að einhverju leyti í Danmörku, því hann lagði mikla stund á þetta samhliða sínu verkfræðinámi í Kaupmannahöfn á stríðsárunum. Þeir [í Ljósmyndarafélaginu] voru eitthvað óánægðir með þetta. Við vorum náttúrulega ekkert að gefa þessa vinnu okkar. Þá töldu þeir að við hefðum brotið iðnlöggjöfina. Kristján Guðlaugsson, seinna formaður stjórnar Loftleiða í mörg ár, annaðist lögfræðilegu hliðina fyrir okkur Hjálmar í þessu máli. En mig minnir að við höfum varið okkur sjálfir í Hæstarétti. Það var þá spurningin um það hvort ætti að viðurkenna ljósmyndun sem listgrein. Mig minnir að það hafi orðið ofan á svo að við vorum sýknaðir.

Þeir í Ljósmyndarafélaginu hafa þá aldrei elt ólar við þig eftir það?

Nei, hvorki fyrr eða síðar.

Þú hefur þá ekki að öðru leyti orðið fyrir neinni áreitni út af þessum ágreiningi atvinnu- og áhugamanna?

Aldrei.

Þeir hafa þá heldur ekki amast við þér í blaðamyndatökum?

Nei, nei.

Bara þegar þú fórst að gera þetta fyrir iðnsýninguna? Já. Það kom aldrei fyrir áður.

Þekktirðu Sigurð eitthvað?

Já, já.

Hittirðu hann eitthvað? Hann var nú mikið að taka fyrir Þjóðviljann.

Jú, því ef það kom blaðamaður frá Þjóðviljanum ef eitthvað var að gerast einhvers staðar þá kom

Sigurður með honum, en ég gerði hvort tveggja. *Sigurður hefur þá jafnvel farið með blaðamönnum eitthvað um?*

Aðeins, en lítið utan Reykjavíkur. Hann var nú svolítið fatlaður líka. Ágætismaður hann Sigurður en hann var nú helst ekki til erfiðra ferðalaga.

Ef við komum aðeins aftur að upphafinu að þessari ljósmyndaáhugamennsku hjá þér. Þú hefur í rauninni ekki fengið formlegar leiðbeiningar hjá neinum, heldur hefur þetta fyrst og fremst verið sjálfsnám.

Minn áhugi byrjaði á því að ég fékk myndavél í fermingargjöf og fór þá strax að taka myndir, uppi á Akranesi þar sem ég er uppallinn. Þá fékk ég þessa ljósmyndadellu sem fylgdi mér inn í blaðamenskuna.

Ef við komum aðeins aftur að því, varstu þá í sambandi við Árna Böðvarsson og svo Ólaf son hans. Þú hefur ekkert leitað eftir aðstoð þeirra?

Ég þekkti þá vel en ég leitaði ekkert eftir þeirra aðstoð við ljósmyndunina. En svo fór ég bara eftir 16 ára aldur í skóla og var ekkert þarna á staðnum. *Fórstu þá fljótlega út í eigin framköllun?*

Bara um leið, eiginlega.

Hvað með tilsögn og annað í þeim efnum?

Ég las bækur og tímarit. Þetta var bara sjálfsnám, þar til ég fór til Ameríku.

Fyrst þegar ég byrjaði á Tímanum kom hann bara út tvisvar í viku. Blöðin spöruðu fyrst í stað mjög stærðir mynda því það var dýrt að gera myndmótin. Það gerði Ólafur Hvanndal. Ég þekkti hann nú mjög vel því þeir voru miklir vinir, faðir minn og hann. Það var eina prentmyndastofan á landinu, í bakhúsi við Laugavegin. Ég hugsa að Tíminn hafi notið góðs af kunningsskap mínum við Ólaf því ég held að hann hafi nú stundum ekki tekið mikið fyrir og viljað stuðla að því að blaðið gæti birt myndir. En fljótlega fóru blöðin, Tíminn og Mogginn, að sjá að það var þetta sem fólkið vildi. Það trekkta að lesendur að myndskreyta. Þannig að það var ekkert lengur horft í þann kostnað. Á þessum árum voru Tíminn og Mogginn langútbreiddustu blöðin. Ég man að þegar ég var þarna í restina var Tíminn kannski í 17 þúsund eintökum en Mogginn í 24 þúsundum. Miðað við þetta hlutfall ætti Tíminn núna að vera í 34 þús. og Mogginn í 52 þús., ef hlutfallið ætti að vera það sama. Þegar Haukur Snorrason var ritstjóri og ég framkvæmdastjóri gerðum við það eiginlega að skilyrði að pólitíkarnir losuðu aðeins um takið á blaðinu. Hermann var nú alltaf frjálslýndur en Eysteinn vildi aftur á móti hafa pólitíkina í fyrirrúmi.

Þá breyttist þetta, með nútíma blaðamennsku fengum við nýjar prentvélar og þá keyrðum við svona alveg upp að Mogganum. En svo þekkjum við þróunina í þessu síðan.

Þú ert þá eiginlega fyrsti blaðljósmyndarinn hjá Tímanum?
Já, en þó án þess að verða nokkurn tíma eiginlegur blaðljósmyndari þar sem ég var blaðamaður.

Kemur sá um 1960?

Ég man það ekki. Guðjón, sem fer í þetta, var lærður prentari en fer svo út í þetta. Ég man að eftir að ég varð framkvæmdastjóri blaðsins kom hann inn og ég gerði minna af þessu.

Höfðu menn eitthvert samstarf eða samfélag sín á milli, þessir ljósmyndarar á blöðunum?

Nei, það voru svo fáir. Sigurður Guðmundsson tók bara í nafni sinnar stofu fyrir Þjóðviljann, svo var það Óli K., Þorsteinn Jóseppson var nú á Vísi en hann notaði það nú eiginlega ekkert í sambandi við skrifin sín. Ég þekkti Þorstein líka vel. Það sem hann hafði áhuga á, fyrst og síðast, var landslag. Honum fannst ekki að þjóðlíf og svona mykjuvagnar og bátar við netin ættu endilega erindi inn á filmu. En aftur á móti fannst honum áhugavert að taka myndir af Baulunni, Öræfajökli og það gekk allt út á það.

En Páll Jónsson?

Hann var eiginlega ekkert í blaðamennskunni.

Hann var samt aðeins inni á Vísi.

Hann var auglýsingasafnari held ég. En Þorsteinn var þar og þeir þekktust.

Hvað varð um þinn ljósmyndaferil eftir að þú hættir á Tímanum?

Þá eiginlega vék hann burt.

Þú hefur þá ekkert verið í þessu síðan?

Ekkert skipulega, ég hef skammarlega lítið notað myndavélina.

Ekki einu sinni sem formlegur áhugamaður?

Nei, eiginlega ekki.

Getum við þá sagt að ljósmyndun þín spanni tímabilið frá 1946 til 1960?

Já, það gerir það.

Það er ansi viðtækt eins og sjá má ef flett er upp í Samvinnunni eða Tímanum.

Það eru þarna seríur eftir þig, t.d. úr garnastöðinni, sem eru merk söguleg heimild í dag.

Já, það er það. Þegar þetta var að skapast var maður með þessa amerísku „photo-journalístísku“ og „commercial“-hugmynd, þ.e. hvað fólk hefði gaman af að sjá. Fyrir utan það sem maður var að taka fyrir SÍS, eins og garnastöðina. Eins tók ég auglýsingamyndir á Bolex-vélina fyrir Sjávar-

afurðadeild SÍS með amerískum auglýsingastjóra. Við fórum á fiskimiðin og útgerðarstaðina, ég og amerískur auglýsingastjóri Iceland Seafood. Að því leyti til fórum við utan við lesendaáhugamálin, í þessum sérverkefnum fyrir fyrirtækin, eins og Axel í Rafha og ótal fyrirtæki. Fyrir Mjólkursamsöluna, af síðasta mjólkurpóstinum á hestvagni á leið yfir Snorrabrautina.

Sérðu þessar myndir birtast eitthvað frá þér?

Já, eitthvað er það nú. Ég hef séð að það er bæði með mínu leyfi og ekki, yfirleitt ekki. Það var verið að endurútgefa bókina Göngur og réttir og skrifa afmælisrit fyrir Mjólkursamsöluna. Ég sé bara ekkert endilega eftir þessu. Þeir hafa fengið lánað hjá tímaritinu Nýrri Sögu, Hvalfjarðarsíldina fengu þau hjá mér.

Ertu þá eitthvað að sækja úr þessu svona?

Vaðalega lítið.

Er það þá ekki aðgengilegt?

Jú, það er það. Þegar Áburðarverksmiðjan var fimmtíu ára og þeir ætluðu að gefa út afmælisrit voru þeir alveg í vandræðum því það var engin mynd til hjá þeim af fyrstu skóflustungunni og frá byggingarferlinu. Þá átti ég þetta allt saman, alla byggingarsöguna, allt frá fyrstu skóflustungunni. Ég leitaði að þessu fyrir þá svo að þeir gátu gefið út afmælisrit.

Hvaða myndavélar, nákvæmlega, notaðirðu meðan þú varst að taka myndir fyrir Tímann?

Það var langmest Speed Graphic, 9 x 12 cm.

Notaðirðu alltaf þessa sömu vél?

Nei, ég var með einar þrjár vélar. Ég held ég eigi eina þeirra eftir. Þetta voru 9 x 12 cm hlunkar, með plötum og ég notaði filmupakka upp í 12 og rifum pappír af á milli. Síðan var ég með Kodak-vél, en ég var alltaf með Speed Graphic líka. Ég tók yfirleitt með flassi innimyndir í frystihúsum og þá var það eina vélin sem dugði. Myndavélina sem ég fékk í fermingargjöf notaði ég ekki í blaðamennskunni þó ég hafi notað hana meðan ég var að þreifa mig áfram við ljósmyndunina fyrst í stað. Nú síðan notaði ég Kodak Medalist sem er mjög skemmtileg og sérkennileg vél, og Rolleiflex 6 x 6. Það er mjög góð vél líka, handhæg. Speed graphic og Rolleiflex voru nú aðalvélar. Í 35 mm slidesmyndum var ég með Kodak 35mm vél og síðan Leica og reyndar litslides líka á Rolleiflex 6 x 6.

Förstu þá snemma út í lit meðfram svart-hvítu?

Já.

Var það eftir Ameríkuferðina?

Já, það var eftir Ameríku. Því það var ekki hægt

að prenta það, ég held að það hafi verið notað eitthvað á póstkortaseriur og svona, Mývatn eða eitthvað svoleiðis. Það þurfti að búa til einar fjórar málmplötur til þess að ná litunum. Litmyndirnar koma sem sé með Ameríkuferðinni.

Hafðirðu farið til Ameríku áður en þú fórst í námið?
Ég hafði nú farið einu sinni, bara í stutta ferð. Loftleiðir voru oft að bjóða blaðamönnum í ferðir og svona. Sigurður Magnússon. Ég lét hann nú fá dálítið af myndum oft. Í gamla daga. Blaðamennskan útheimti mikil ferðalög þannig að ég var viljugur í það.

Finnst þér þú sjá mikla þróun í blaðaljósmynduninni á þessu tímabili sem við erum að tala um?

Nei, það var nú ekki, þetta var svo lítið. Það voru eiginlega engir sem tóku neinar myndir neitt að ráði nema ég og Óli K. Sveinn Þormóðsson kemur mikið seinna.

Rétt fyrir 1960 verður breyting á prentmyndagerð sem ég innleiddi nú sem framkvæmdastjóri Tímans. Þá komu þessar maskínur sem bjuggu til vinyl myndamót. Við höfðum bara uppi á því og keyptum fyrstu vélina sem bjó til svona myndamót hér á landi þegar ég var framkvæmdastjóri og Guðjón Einarsson notaði. Guðjón byrjaði að vinna á henni. Með tilkomu þessara véla þá hrundi kostnaðurinn við myndamótin. Það hafði verið svo dýrt að gera myndamótin fyrir prentvélarnar. Eftir þetta fóru blöðin öll að leggja meiri áherslu á myndir, þegar hin blöðin voru búin að ná sér í svona vélar líka. Þetta var náttúrulega áður en filmubyltingin [þ.e. offset og tölvutækni] kom í blaðamenskuna.

Þessi tæknibylting er þá eiginlega forsendan fyrir ráðningu eiginlegra blaðaljósmyndara hjá dagblöðunum?

Já, ég tel það vera. Ég þekki náttúrulega hlið framkvæmdastjórans í þessu máli. Þetta hafði verið svo dýrt og þetta þótti hálfgerður „spandans“ að eyða svona miklu í myndamót þegar málmplöturnar voru notaðar. Þegar þessi scanograph, eða vinylplötur, sem voru hálfsjálfvirkar og á endanum kom út vinylplata sem hægt var að prenta eftir. Fyrst var það nú að gæðin urðu miklu meiri og að hægt var að fara að nota myndir án þess að blöðin ofkeyrðu sig á kostnaði. Þannig var orðin forsenda fyrir blaðaljósmyndun. Þá fer þetta að koma. Síðan hefur náttúrulega orðið mikil bylting í filmuprentun og tölvumálum og því öllu. En með þessari vinyltækni verða ákveðin vatnaskil og ástæðan fyrir því að blöðin fóru að nota meira myndir.

Mogginn og Tíminn höfðu sérstöðu. Þetta voru langstærstu blöðin og með bestu fjárráðin. Þess vegna eyddu þau miklu meira í myndamótin áður fyrr. Þau voru aðalkostnaðurinn við myndirnar. Sem blaðamaður fékk ég ekkert sérstaklega borgað fyrir að vera í myndatökunum, bara efniskostnaðinn.

Hvenær kemur Jón Bjarnason inn?

Það er svolítið seinna en hann framkallaði aldrei neitt sjálfur held ég hins vegar.

Ætli Sigurður Guðmundsson hafi gert það allt saman?

Ég veit það ekki, ég hugsa það. En þeir [á Þjóðviljanum] fengu alltaf Sigurð ef það var eitthvað alvarlegt.

Rafn Hafnfjörð

f. 21. 12. 1928*

Hvernig atvikaðist það að þú fékkst áhuga á ljósmyndun?

Ég var sífellt teiknandi sem krakki og tjáði mig mikið með blýanti og penna. Ég held að áhuginn hafi byrjað þegar ég fékk fyrstu myndavélina í fermingargjöf. Ég man hvernig vélin virkaði á mig sem tæki til að tjá sig með. T. d. man ég eftir því að það var bæjarkeppni í íþróttum milli Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja árlega og það var fjarskalega gaman fyrir unga stráka að fá að fara með íþróttamönnunum og horfa á keppnina. Ég man eftir því að hafa farið með myndavélina upp í kletta og út á höfn en tók engar myndir af íþróttamönnunum. Strax var það sem formin fóru að leika um myndflötinn frekar en fjölskyldumyndir eins og allir voru að taka á þeim tíma.

Hvernig vél var þetta?

Þetta var Kodak. Það voru víst allar vélar Kodak í gamla daga, svokölluð kassavél. Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu. Það var ekki hægt að stilla nokkurn skapaðan hlut. Hún var fyrir 120 filmu, 6 x 9.

Byrjaðirðu strax að kopiera og framkalla sjálfur?

Já, mjög fljótlega. Fyrst sendi ég filmurnar til Herdísar Guðmundsdóttur og Guðbjarts Ásgeirssonar. Hann var kokkur á togurunum í Hafnarfirði í þá daga. Það vildi þannig til að ég bjó í næsta húsi við þau. Þetta kynti undir áhugann og þar fékk maður leiðbeiningar. Konan hans, Herdís, vann í myrkrastofunni. Guðbjartur tók myndirnar en vann mjög lítið sjálfur í myrkraberberginu, eða á ljósmyndastofunni þeirra sem var reyndar ekki beinlínis studíó, heldur aðstaða. Þar inni voru ekki teknar myndir heldur einungis unnið úr myndum

sem þau tóku, aðallega hann. Ég man einnig eftir því að þau höfðu mann í vinnu hjá sér sem var mjög góður ljósmyndari, Friðrik Klausen, hann var atvinnumaður í faginu og gerði mikið að því að lita svart-hvítar ljósmyndir.

Allavega fór ég með fyrstu filmurnar til Herdísar og hún framkallaði og stækkaði. Fljótlega fór ég að fíkta við þetta heima, að framkalla sjálfur, blanda efni og þvíumlíkt.

Var það sem sagt fyrst og fremst þarna sem þú varðst þér úti um fræðslu um þessi mál?

Já, það byrjaði þarna og síðan í gegnum bækur. Frændfólk mitt ól mig upp því ég missti móður mína 8 ára gamall og stóð þá eiginlega á götunni. Ég var heldur aldrei neitt hjá föður mínum. Þetta frændfólk mitt varð svo vart við þennan áhuga minn og keypti listaverkabækur handa mér hjá Valdimar Long í Hafnarfirði. Það var mjög skemmtilegt að blaða í þessu. Þá fann ég strax samsvörun í myndinni sem slíkri, hvort sem það hét ljósmynd, málverk eða teikning. Tækið sem notað var skipti ekki máli, hvort það var pensill, blýantur eða ljósmyndavél. Ég leit bara strax á ljósmyndavélina sem tæki til að tjá sig með. Tæki til að búa til myndflöt. Það var mjög gaman þegar við strákarnir bjuggum okkur til sýningarvél og gátum skoðað myndirnar í allt að meters stærð.

Smitaði áhugi þinn á þessu eitthvað út frá sér?

Já, það gerði það nú svolítið. Ég og Þórir Bergsson, sem var tryggingafræðingur og er dáiinn núna (d. 1990), lærðum oft saman. Við gerðum margs konar tilraunir í sambandi við eðlisfræði í skólanum. Eftir barnaskólapróf fórum við í Flensborg og gerðum þá margar tilraunir, bæði í efnafræði og eðlisfræði. Við vorum alltaf með 10 í eðlisfræði. Við útbjuggum okkar eigin sýningarvél úr pappakassa og stækkuunarglerjum. Þetta var mjög gaman.

Var þá mikið af því sem þið notuðuð heimasmiðað?

* Guðrún Harðardóttir og Ívar Brynjólfsson tóku viðtalið 12. 8. 1997. Rafn fékk viðtalið til yfirlstrar og svaraði um leið nokkrum aukaspurningum skriflega.

Já, stækkarar og slíkt. Myndavélin er eiginlega það eina sem maður keypti, annað var búið til úr því sem maður fékk gefins.

Hafa þessir hlutir varðveist?

Nei, þetta hefur allt glatast. Þó að myndirnar væru flestar svart-hvítar gátum við stækkað þær heilmikið. Ég man að við hengdum lak upp á vegg og það var þá sýningartjaldið. Það var mjög gaman að sjá myndirnar svona stórar, u.þ.b. meter á hvern kant.

Vorud þið þá aðallega í að sýna hverjir öðrum?

Já, við vorum bara að grúska og fórum ekkert út með þetta. Við Þórir stóðum fyrir þessu og héldum nokkrar sýningar heima.

Hvarflaði einhvern tíma að þér að læra ljósmyndun?

Jú, það gerði það nú reyndar. Maður vann á sumrin eins og hver annar strákur í málningarvinnu og öllu mögulegu. Þá var ég svolítið í að taka myndir en hafði aldrei áhuga á að taka andlitsmyndir eða passamyndir eins og störf ljósmyndara þá snerust mikið um. En svo þegar maður lauk Flensborg voru ekki efni á að fara neitt að læra. Þá kemur það náttúrulega upp að læra einhverja iðngrein þar sem í slíku var von um traustar tekjur. Þá strax var ég svo heppinn að fara í þessa offsetprentun sem enginn vissi þá hvað yrði úr. Það hét ljósprentun í þá daga. Sennilega tengdist það eitthvað ljósmyndaáhuganum að ég fór að læra í Lithoprenti sem þá var eina offsetprentsmiðjan eða ljósprentsmiðjan á Íslandi. Einar Þorgrímsson kom með þessa tækni frá Bandaríkjunum. Það var bara tilviljun að þetta tengdist svo áhugamálinu.

Þegar þú fórst að læra offsetljósmyndun, breyttist þá eitthvað þín privatljósmyndun?

Hún jókst við þetta. Þá var maður kominn með aðstöðu. Hérna [í Litbrá] eru myrkraberbergi og sama var í Lithoprenti. Það var ekki hægt að vinna þessa prentun nema taka filmur og yfirfæra filmurnar yfir á prentplötur og síðan yfir í offsetvélarnar. Þannig er nafnið offset komið til. Þetta sest af einu á annað, af prentplötu yfir á gúmmí-dúka og af þeim yfir á pappírinn.

Hvernig myndir varstu þá helst að taka? Fórstu fljótlega út í náttúrustemningar?

Já, þá fór ég fljótlega að leika mér í myrkraberberginu og fikta. Það var ansi gaman að gera alls konar tilraunir þar inni. Þá var kominn stækkari og möguleiki á að vinna miklu meira og betur en áður. Í Lithoprenti fékk maður sem sagt aðgang að réttum tækjum og þurfti ekki að búa þau til sjálfur. Það var náttúrulega fjarskalega skemmtilegt tímabil.

Þú hefur þá unnið á kvöldin við þína eigin ljósmyndun?

Já, á kvöldin og um helgar.

Hvernig tók fólk því að þú værir að vinna svona eftir vinnu?

Það tók því vel vegna þess að þetta sem maður var að gera á kvöldin og um helgar skapaði framþróun í tækninni. Ég var verkstjóri þarna í prentsal og hinn verkstjórinn, Kristinn Sigurjónsson, var í myndadeildinni. Við unnum mikið saman og hann var einnig í Litla ljósmynda-klúbbum. Hann átti góða myndavél, Rolleiflex, og við unnum mikið saman í sambandi við ljósmyndun. Síðan fórum við að framlengja þetta inn í fagið með því að fara í litgreiningu. Þetta tengist allt. Við lærðum litgreiningu af bókum og blöðum og sjálfum okkur. Þetta var eins konar sjálfsmenntun, það var enginn sem gat kennt þetta svo við urðum að læra þetta af bókum og blöðum. Þetta varð til þess að fyrirtækið sem við unnum hjá gat tekið að sér að prenta alls konar litmyndir. Við byrjuðum aðallega í umbúðum. Ég held ég eigi ennþá fyrstu litprentunina sem var jafnvel sú fyrsta á Íslandi.

Færðist ljósmyndaáhuginn meira yfir í litmyndir í tengslum við þetta?

Já, svo sannarlega gerði hann það og var í raun upphafið að landslagslitmyndum mínum.

Myndirðu segja að skilin frá svart-hvítu yfir í lit hjá þér séu þá u.þ.b. þarna þegar þú ferð að vinna í Lithoprenti?

Ég byrjaði að læra í Lithoprenti 1945 og það var nokkuð fljótlega sem ég fór að spá í litinn. Þá var lítið um litfilmur hérna. Ég man ekki hvenær þær komu hingað fyrst þessar litfilmur sem maður notaði. Ætli það hafi verið fyrir en 1949 eða 1950.

Ferðu þá alfarið yfir í litinn eða tekurðu svart-hvítu samhliða?

Ég tek mikið af svart-hvítum myndum lengi vel samhliða litnum og vann þær alltaf sjálfur.

Framkallaðirðu litinn hérna heima eða sendirðu filmurnar utan?

Við framkölluðum fyrstu filmurnar hérna heima, sem voru Ektachrome-filmur. Reyndar kom Kodachrome á undan og við sendum þær alltaf út. Það var alltaf mjög spennandi að bíða eftir póstinum þá að fá þær til baka. Síðan komu þessar Ektachrome-filmur og þá keyptum við okkur tæki til að framkalla sjálfir. Við gáfumst þó fljótlega upp á því. Þetta tók svo mikinn tíma og var svo mikil nákvæmni í sambandi við hitastig á öllu, vatninu, framkallaranum o.s.frv. Þetta var náttúrulega allt



Félagar í Litla ljósmyndaklúbbum.
Aftari röð frá vinstri: Magnús
Daniélsson, Gunnar Pétursson, Kristinn
Sigurjónsson og Rafn Hafnfjörð.
Fremri röð frá vinstri: Óttar Kjartansson,
Þorsteinn Ásgeirsson og
Guðjón B. Jónsson.
Ljós. óþekktur.

gert með handverkfærum sem við áttum. Þetta tók alltof langan tíma svo maður bara gafst upp á þessu.

Hvaða filmur notaðirðu þá?

Ég hef haldið mig mjög mikið við Kodak alltaf, bæði negatífar og pósítífar. Þetta voru ortho-chromatískar filmur, ekki tónafilmur (panchromatískar) heldur líka strikmyndafilmur. Ég færðist mikið yfir í það.

Voru tengsl þín við aðra áhugaljósmyndara á þessum tíma mikil?

Nei, þau voru ekki mikil fyrr en Litli ljósmyndaklúbburinn kemur til. Ég man ekki hvenær það var. Óttar Kjartansson var nú aðalfrumkvöðullinn að stofnun Litla ljósmyndaklúbbsins. Hann vannur hjá Skýrsluvélum ríkisins. Óttar var einbirni og bjó með móður sinni í mjög huggulegri íbúð í Lækjargötu. Við héldum fundina alltaf á þeirra heimili í fjöldamörg ár. Við skrifuðum okkar fundargerðir og ég er viss um að Óttar heldur til haga þessari sögu Litla ljósmyndaklúbbsins.

Hvenær var hann stofnaður?

Um 1955. Einhvers staðar þar um bil. Sýningin 1961 er svo afurð af starfi klúbbsins. Hún vakti gífurlega athygli þessi sýning í Bogasalnum.

Voru tengsl áhuga- og atvinnuljósmyndara fyrir hendi á þessum tíma?

Þau voru afar lítil, það var helst við Jón Kaldal sem var á þessu listræna sviði sem við vorum að reyna að halda okkur á. Ég held ég geti fullyrt að hann hafi verið eini ljósmyndarinn sem var á því sviði í þá daga. Hinir voru bara með portrett-myndir mestmegnis, og reyndar var Kaldal með það líka, en á allt öðrum nótum en hinir.

Fóruð þið þá til Kaldals að spjalla við hann eða kom hann til ykkar?

Við fórum til hans, ég held hann hafi aldrei komið til okkar en við fengum að senda honum myndir til að gagnrýna. Sendum honum bunka af myndum og fengum frá honum nokkur orð um hverja mynd. Við gerðum dálítið að því að senda svona myndir út til manna til að biðja um krítík á þær, meira að segja til útlanda.



Landfestar, eftir Rafn Hafnfjörð frá um 1955. Myndin var send ljósmyndaklúbbum í Danmörku, Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi. Í eigu höfundar.

Voru þetta þið í Litla ljósmyndaklúbbnum eingöngu?
Já.

Til hverra annarra á Íslandi en Kaldals senduð þið myndir?

Við sendum til Harðar Ágústssonar listmálara, Björn Th. Björnsson listfræðingur kom til okkar og hélt fyrirlestur, ég man ekki hvort Hörður var líka með fyrirlestur. Einnig fengum við Hjalmar Bárðarson til okkar á fundi til að gagnrýna myndir. Það var mjög lærdómsríkt því hann kom frá Danmörku og var orðinn þekktur ljósmyndari þar. Þegar hann kemur hingað upp er hann því lík vítamínsprautu fyrir okkur. Hann hélt fyrirlestra fyrir Félag áhugaljósmyndara, en við í Litla ljósmyndaklúbbnum vorum flestir félagar í því. Síðan fengum við möppur erlendis frá til að gagnrýna, það var dálítið skemmtilegt þegar klúbbar sendu svona möppur sín á milli. Þetta var sýnt í áhugamannaklúbbum. Við fengum nokkrar slíkar möppur frá Danmörku, Hollandi, Finnlandi og við fengum svona gagnrýni líka á okkar myndir.

Ég á svona myndir heima með þessari gagnrýni á. Það eru límdir miðar aftan á myndirnar og sagt hvort lýsing væri góð, hvort myndbygging væri góð og hvort eitthvað væri að og svo framvegis. Þetta var ansi skemmtilegt.

Þetta hefur þá bæði verið tæknileg gagnrýni og fagurfræðileg?

Já.

Hvaða tímarit komstu í á þessum tíma?

Það voru mestmegnis amerísk blöð, Popular photography sem var aðallega tæknilegt tímarit, þó með nokkrum góðum myndum. Síðan var American photography, svo var það lítið tímarit sem var algerlega á listræna sviðinu sem hét Aperture og var mjög virt. Við vorum áskrifendur að því þarna nokkrir. Maður drakk þetta í sig. Það sem í því var, var akkúrat á okkar línu. Nákvæmlega, bara listrænar myndir fyrst og fremst. Þarna voru myndir eftir menn eins og Ansel Adams, Weston, Robert Capa og Imogen Cunningham.

Hefur Aperture haft mikil áhrif á ykkur frá upphafi?

Já, mjög mikil. Svo var það svissneskt tímarit sem hét Graphis. Ég var áskrifandi að því m.a. vegna þess að það tengdist offsetfaginu. Ég lánaði strákunum þetta. Í því var alltaf skrifað um ljósmyndir og þar var sýnt hvernig hægt var að nota ljósmyndina í pakkningar og auglýsingar. Það tengdist faginu því við í Lithoprenti vorum að prenta sardínamiða, gaffalbitamiða, tómamiða o.fl. Valur hét fyrirtæki sem við prentuðum vörumiða (etikettur) fyrir í fjöldamörg ár. Þarna kom sem sé ljósmyndin inn. Gegnum þetta rit, Graphis, fékk maður hugmyndir um miða og gat sýnt mönnum hvernig hægt væri að nota ljósmyndina á vörumiða.

Veistu hvort Kaldal skoðaði einhvern tíma Aperture?
Ég efast um það. Ég man ekki eftir því. Ég fór oft til hans. Það var óskaplega gaman að spjalla við hann. Við sátum yfir kaffibolla og spjölluðum oft lengi saman að loknum vinnudegi.

Vissirðu hvort hann las einhver svona blöð?

Ég man það nú ekki en aftur á móti sýndi hann mér margar sýningarskrár frá sýningum sem hann hafði tekið þátt í erlendis.

Veistu til þess að þið Kaldal hafið átt myndir á sömu sýningu erlendis?

Já, það kom fyrir nokkrum sinnum.

Var það aðallega til Evrópu sem Kaldal sendi myndir?
Mig minnir að það hafi verið eingöngu til Evrópu. Ég man eftir því að hann var mjög innstilltur á Tékkóslóvakíu. Tékkar áttu rosalega góða ljósmyndara og Ungverjar líka. Ég man nú sérstaklega eftir þessu. Það var mjög gaman að spjalla við Kaldal. Hann var svo djúpt hugsandi í sambandi við myndir. Það var ekki spurningin um flatar heimildarmyndir, heldur reyndi hann að komast inn fyrir skelina á viðkomandi persónu sem hann var að mynda. Hann var að reyna að ná fram karakternum. Það tókst honum mjög vel eins og menn þekkja. Sjá t.d. þessar myndir sem hann tók af Kjarval og Thor Vilhjálmssyni. Það er hægt að nefna fjölda dæma af þekktu og lítið þekktu fólki. Hann náði alltaf sálinni fram. Þetta tók hann langan tíma. Ég fylgdist líka með honum þegar hann var að mynda, það var mjög gaman. Hann þóttist vera að fikta eitthvað og sneri stundum baki í fólki þegar hann tók myndirnar. Það var meiriháttar. Svo fór hann undir þetta svarta tjald þar sem enginn vissi hvað hann var að gera. Oft var hann búinn að taka tvær eða þrjár myndir meðan viðkomandi hélt bara að hann væri ekkert að mynda og kominn í afslappaðar stellingar

og farinn að hugsa um eitthvað annað en ljósmyndarann. Þannig náði Kaldal mjög góðum árangri.

Myndaði hann ykkur eitthvað?

Nei, hann tók nú reyndar nokkrar myndir af mér en ég man ekki hvort ég notaði þær nokkuð. Eina held ég að ég hafi notað í passa. Það var það eina. *Þú minntist á að Litli ljósmyndaklúbburinn hefði verið aðili að Félagi áhugaljósmyndara. Hvernig var þessu háttað?*

Það var nú ekki beinlínis klúbburinn sjálfur sem var meðlimur heldur félagar hans. Þeir voru held ég flestir eða allir meðlimir í Félagi áhugaljósmyndara. Þeir voru þá aðilar að Hinu íslenska ljósmyndafélagi í gegnum það og þannig aðilar að FIAP. Við mættum nokkuð oft hjá Félagi áhugaljósmyndara. Þeir fengu mig til að vera með fyrirlestra hjá þeim einu sinni eða tvisvar í sambandi við ljósmyndir. Jafnvel oft. Þá fór ég með slides-myndir og einhvern tíma var ég með fyrirlestur uppi á Kjarvalsstöðum, ef ég man rétt. Þá var ég að sýna svona tækni í sambandi við grafískar myndir, hvernig hægt væri að gera venjulega ljósmynd að grafíkmynd. Ég tók myndir úr náttúrunni, bara af gróðri, kornsúru í lítilli tjörn vestur á Snæfellsnesi og síðan bjó ég margar útgáfur úr þessari einu mynd, negatífar og pósítífar, tónalausar og allavega. Bara til þess að sýna þeim hvað hægt væri að gera. Þetta vakti mikla athygli. Ég var búinn að stækka þessar myndir upp í svona 50 x 60 cm og hélt svona smátölu í kringum það. Þetta vakti mikla athygli, man ég eftir. Guðmundur, sem rekur þvottahúsið Fönn, keypti þessar myndir af mér og ég gæti trúað því að hann ætti þær ennþá.

Þótti það ekki einstakt að einhver skyldi vilja kaupa ljósmyndir til að hengja upp á vegg?

Jú, það þótti það en þau borguðu vel fyrir þetta og settu þetta fyrir ofan skenk í borðstofunni hjá sér. Mig minnir að ég hafi séð þetta hjá þeim og það tók sig vel út.

Hvað með aðra í Litla ljósmyndaklúbbnum, voruð þið þá aðallega að velta þessu fyrir ykkur sem myndlist?

Já, sem myndlist. Það var ekki verið að velta fyrir sér myndum af húsum eða fólki sem slíku, heldur sem myndlist númer eitt, tvö og þrjú.

Þið hafið þá ekki hugsað um þetta sem iðngrein, heldur sem tjáningartæki?

Já, nákvæmlega. Við smituðumst töluvert af þessu Aperture og lásum mikið greinar í þessum tímaritum eftir þekktu ljósmyndara. Það heillaði okkur

náttúrulega þessi árangur sem þeir náðu, þessir menn. Sérstaklega Ansel Adams og þessir karlar sem kunnu að byggja upp myndir. Einn stærsti þátturinn í þessu hjá mér er áhugi minn á myndlist almennt. Ég fór á hverja einustu myndlistarsýningu sem haldin var á Íslandi. Það var engin undanskilin, ég elti þetta allt saman uppi alveg frá því að ég man eftir mér, liggur mér við að segja. Það voru náttúrulega ekki margar sýningar á ári í gamla daga en þær fóru aldrei fram hjá mér og ég fór á þær oftast en einu sinni, jafnvel tvisvar, þrisvar á sömu sýningarnar hjá Kjarval og fleirum.

Þú minntist á að þú hefðir verið að teikna sem barn, hætti það eftir að ljósmyndin kom til sögunnar hjá þér?
Það minnkaði mikið en það hefur alltaf verið áhugi fyrir því. Ég hef teiknað mikið af merkjum, það eru mjög mörg fyrirtækjamerki sem ég hef gert. Það hefur líka tengst faginu en ég hef bara haft gaman af því. Ætli það komi teiknikunnátta eða formskyn eða hvað það nú er, til sögunnar þá? Ég hef teiknað um 20 merki sem eru notuð. Ég hef sent í samkeppnir um merki og unnið, ég fékk t.d. fyrstu verðlaun hjá Útflutningsráði en þar var sendur inn fjöldi tillagna. Þetta er bara eitthvað í blóðinu held ég.

Héltu einhverjar sýningar?

Ég tók þátt í sýningum. Ferðafélag Íslands hélt ljósmyndasýningar og voru þeir einu sem voru með sýningar í upphafi þessa tímabils. Ég tók þátt í slíkum sýningum og var þá með allt að fimm myndir og man eftir því að ég fékk verðlaun niðri í Listamannaskála á sýningu sem var þar, það voru bókaverðlaun, Brennu-Njálssaga, og einhver önnur verðlaun og svo seinna aftur einhver verðlaun. Svo var þessi sýning hjá áhugahljósmyndurum í Ásmundarsal við Freyjugötu (Listvinasalnum). Þar fékk maður einhverja viðurkenningu líka.

Var sú sýning vel sótt?

Já, mjög vel.

Veistu hvaða hug myndlistarmenn báru til ljósmyndara?

Hjá þeim flestum var það frekar neikvætt, en þó voru menn sem viðurkenndu þetta sem myndlist, t.d. Hörður Ágústsson og Bragi Ásgeirsson, einnig fleiri sem viðurkenndu þetta algjörlega. Svo komu þessir listgagnrýnendur eins og Björn Th. Björnsson og Halldór B. Runólfsson síðar. Ég lagði mig svolítið eftir að ljósmynda listamenn, tók t.d. geysifallegar sérur af mörgum listamönnum, t.d.

Ásmundi Sveinssyni, Sigurjóni Ólafssyni og svo tók ég mjög skemmtilega myndaseríu af Herði Ágústssyni þar sem ég blandaði saman málverkinu og maninum. Einnig af Einari Þorlákssyni, Örlygi Sigurðssyni, Ragnari Kjartanssyni og Ragnheiði Jónsdóttur. Þetta voru allt litmyndir. Einnig tók ég myndir af Kristjáni Eldjárn.

Hvernig hefur sá litur varðveist?

Nokkuð vel. Ef sólin skín ekki á þær þá varðveitist þetta nokkuð vel.

Er þetta Kodachrome?

Nei, aðallega Ektachrome.

Ertu með myndir eftir sjálfan þig hangandi uppi á vegg heima hjá þér?

Já, þrjár.

En þú ert með fullt af málverkum?

Já, töluvert, en einhvern veginn þoldi ég það ekki að hafa myndir eftir sjálfan mig uppi á vegg, ég veit ekkert af hverju.

Hefur eitthvað hvarflað að þér að fara yfir þennan ljósmyndaferil þinn og halda sýningu eða gefa út bók eða eitthvað slíkt?

Ég hélt þessa stóru sýningu á Kjarvalsstöðum 1979 og hún var svo stór og svo erfið og kostaði svo mikið að ég bara fékk algera útrás.

Svo er það ljóðlistin, ég les nánast ekkert annað en ljóðabækur. Það tengist eitthvað þessari myndlist líka.

Umræða um sýningarskrá heimssýningarinnar í Montréal 1967.

Ég veit ekki hvort sú aðferð sem ég notaði við myndirnar á heimssýningunni hefur verið fundin upp af einhverjum öðrum en hjá mér var hún að minnsta kosti heimasmiðuð. Þetta var bara mix inni í myrakraherbergi, þar var engin filma notuð, ég var bara að leika mér inni í myrakraherbergi. Einu sinni var ég kallaður upp í Myndlista- og handíðaskóla til að halda fyrirlestur þar. Nemandur höfðu þá fengið aðstöðu, myrakraherbergi og stækkara og það vissi enginn hvað átti að gera við þetta og þá var ég boðaður upp í skóla af skólustjóranum sem ég man ekki núna hver var. Ég man eftir því að kennararnir voru margir þarna á fyrirlestrinum. Ég man eftir því hvað krakkarnir og kennararnir líka, þar á meðal Hörður Ágústsson og Sigurður Sigurðsson, voru hissa á þessum myndum. Ég blandaði svo mikið myndlistinni inn í það hvernig hægt var að varðveita myndir með ljósmyndum og hvernig hægt væri að nota ljósmyndir við kennslu og allt mögulegt. Þetta var a.m.k. klukkutíma fyrirlestur og ég var líka með

slides-myndasýningar til að sýna þeim verk sem ég hafði tekið, eftir Ásmund og fleiri. Þetta vakti held ég mjög mikla athygli og ég sagði við þau: „Þið þurfið ekkert myndavél eða dýr tæki, þið getið farið hér úr í garð og tint njóla, farið með hann inn í myrakraherbergi, lagt hann undir stækkarann og filmu undir og búíð til mynd.“ Svo sýndi ég þeim svoleiðis myndir sem ég hafði gert og þau göptu af undrun. Ég frétti það seinna að þetta hefði vakið mikinn áhuga hjá krökkunum og þau farið í gang með þetta.

Hversu stórar voru myndir þínar á heimssýningunni í Montréal 1967?

Þær voru ansi stórar. Ætli þær hafi ekki verið 150 x 150 cm. Eitthvað nálægt því. Ég vann við þetta á ljósmyndastofu úti í Danmörku. Það gat enginn stækkað þetta svona mikið hérna heima, hvorki ég né aðrir þó ég væri með góðan stækkara. Ég var því viku á ljósmyndastofu úti í Danmörku við að stækka þetta. Það sem var erfiðast við þetta var það að þegar ég var búinn að útbúa negatífin sem voru gerð á þann hátt að fyrst voru millitónarnir teknir út, síðan var pösitif og negatíf lagt saman og svo skálýsti ég þetta með spot-ljósi og setti það á plötuspilara svo þetta snerist. Þá komu þessar jöfnu línur í gegn. Ég veit ekki hvort þetta hafði þá verið gert áður, en allavega las ég hvergi um þetta eða neitt þess háttar, ég fann þetta alveg upp hjá sjálfum mér en það getur vel verið að einhverjir aðrir hafi gert þetta á sama tíma. Það erfiðasta við þetta var það að hann Skarphédinn Jóhannsson, sem sá um þessa sýningu, krafðist þess að það væri texti við hliðina á hverri mynd sem segði hvað hún merkti, að Íslendingar lifðu á fiskveiðum og svo framvegis. Það átti að tengja frásögn af jökklunum okkar við mynd af þeim. Það var texti með hverri einustu mynd. Kúnstin var sú að fá textann knallskarpan án þess að maður límdi eitthvert blað við hliðina á myndinni. Textinn átti að vera hluti af myndfletinum. Þegar ég kom út til Danmerkur talaði ég við þessa sérfræðinga þar sem höfðu nú stækkað mikið af myndum og annað þess háttar og fór á fund með forstjóra þessa stúdíós. Þegar ég var að segja honum að þetta ætti að vera svona og ég væri að gera einhverjar tilraunir með þetta sagði hann að þetta væri ekki hægt. Ég gæti bara gleymt þessu. Ég man eftir því að Skarphédinn, sem var með mér, féll bara saman þegar hann heyrði þetta, það var orðinn stuttur tími til stefnu og hélt bara að ég væri að tala um eitthvað sem væri útilokað eins

og hann fullyrti þessi maður. Það urðu svolítill leiðindi þarna og ég sagði að ég væri ekki góður í dönsku og gæti þess vegna ekki útskýrt þetta en það um að fá að fara í svona hálf tíma inn í myrakraherbergi og tala svo við þá á eftir. Ég gerði þetta þannig að myndin var stækkuð í 150 x 150 cm upp á vegg. Síðan tók ég myndina og lagði niður á gólf. Ég hafði verið búinn að útbúa kontaktfilmurnar heima, strikaði með blýanti þar sem textinn átti að vera, mældi það nákvæmlega út, síðan lagði ég myndina á gólfid, lagði svo filmuna nákvæmlega á réttan stað eins og ég var búinn að strika með blýantinum og glerplötu ofan á. Síðan lýsti ég beint í gegnum þessa filmu með spot-ljósi. Síðan var kúnstin sú að finna lýsingartíma milli stækkunarinnar og þessarar lýsingar. Ég hafði verið búinn að reikna þetta allt út hérna heima þannig að fyrsta myndin kom alveg 100%. Þá kallaði ég á þennan forstjóra og þá sagðist hann aldrei hafa séð þetta áður og þetta hafi aldrei verið gert á hans stofu. „Þú ert hér að upplýsa okkur um nokkuð sem við komum til með að nota í öllum okkar auglýsingum“, sagði forstjórinn, en þeir gerðu allar auglýsingar fyrir danska landbúnaðinn. Auglýsingar um matvæli sem voru úti í gluggum. Þeir voru alltaf í vandræðum með textann þar til ég upplýsti þá um það þarna hvernig hægt væri að gera þetta.

Þessar myndir eru mjög óvenjulegar.

Já, fólk átti von á einhverjum torfbæjum og þjóðbúningum og þess háttar.

Ég notaði mikið Hasselblad en notaði Rolleiflex á þeim árum sem ég var í Litla ljósmynda-klúbbum, þá vorum við allir í klúbbum með Rolleiflex myndavélar. Það er til ljósmynd af okkur þar sem við stöndum allir saman með Rolleiflex myndavélar á maganum. Hann Baldvin í BECO sýndi þessa mynd fyrir skömmu í stækkaðri útgáfu. Hann hafði fengið hana hjá einum meðlimi Litla ljósmynda-klúbbsins, Guðjóni B. Jónssyni.

Áhugasvið okkar var fyrst og fremst listræn ljósmyndun en þó var það svolítið skemmtilegt að einn okkar var algjörlega í tækninni. Hann vissi allt um linsur og myndavélar, það var Magnús, trésmiður, hann vann í Nývirki sem var til húsa bak við Hans Petersen í Bankastræti. Hann tók lítið af myndum. Hann hafði bara áhuga á ljósmyndataekninni. Það er svo misjafnt hvernig áhugasviðin liggja hjá fólki. Gunnar Pétursson er aftur á móti enn á róli og er mjög góður ljósmyndari.

Varðandi heimssýninguna í Montréal 67 — geturðu sagt okkur frá ferlinu hvernig það bar til að þú varst valinn til að gera þessar myndir?

Ég kynnist Skarphéðni Jóhannssyni í gegnum Dieter Roth en hvernig þeir náðu saman veit ég ekki. Við Dieter unnum mikið saman í nokkur ár og við hér í Litbrá prentuðum fyrir hann mjög merkilega hluti. [Þegar Litbrá var vestur á Nýlendugötu]. Dieter leitaði mikið til okkar í sambandi við sína list og við prentuðum bækur fyrir hann. Ég hef fengið mörg bréf og fyrirspurnir um þessar bækur sem voru prentaðar hérna. Þar að auki prentuðum við spjaldapappír fyrir bókböndin og það var allt saman munstur eftir Dieter. Það var rosalega gaman að vinna með honum Dieter og við náðum svo vel saman og ég fékk svo mikla hvatningu frá honum vegna þess að hann fann eitthvert samband. Ég gat líka aðstoðað hann við það sem hann var að gera. Hann var alltaf að hvetja mig til að senda myndir til útlanda því hann var alltaf að því sjálfur. Hann var búsettur hér á Íslandi en var að senda hugverk sín til Bandaríkjanna og út um allt og hélt sér í góðu sambandi við umheiminn þó að hann byggði hérna.

Af hvaða myndum þínum hreifst hann helst?

Þegar hann sá þessar „furðulegu“ myndir hjá mér, með smámótífum og alls konar abstraktmyndir, myndir af mosaskófum og klettum og steinum og spilverk með ljósi.

Voru þetta þá frekar venjulegar ljósmyndir en ekki mix úr myrkraherbergi?

Já, frekar þannig en þó af óvenjulegum mótífum, t. d. djámosa, rennandi vatni o.s. frv. Ég man t.d. eftir einni mynd sem ég tók af Jökulsá á Fjöllum þar sem myndin var hreyfð, jökuláin fór á fullri ferð í gegnum myndflötinn, en í forgrunni voru bergvatnslindir í Hólmatungum sem runnu út í jökulána. Þessi mynd kemur upp í hugann núna því þegar Dieter sá hana sagði hann að ég yrði að sýna þetta erlendis, á listaháskólum úti, hann sagði að það vantaði alltaf svona myndir út, þetta væri ekki til þar, ég ætti bara að fara út og vera með fyrirlestra og ganga á milli háskóla. „Það vantar alltaf svona menn með svona myndir“, sagði hann. En ég var bara hérna heima og hreyfði mig ekki neitt.

Hann hefur þá skynjað myndirnar fyrst og fremst sem myndlist en ekki landkynningu?

Algjörlega sem myndlist, ekkert annað, alls ekki sem landkynningu.

Hann hefur þá haft sams konar skynjun á þessu og þú?

Já, alveg nákvæmlega. Við náðum svo vel saman við Dieter, við unnum mikið saman. Á kvöldin vorum við oft einir niðri í Litbrá (meðan hún var vestur frá). Þá var búið að slökkva á prentvélinni og fórum oft að fikta eitthvað inni í myrkraherbergi. Það var bæði góður skóli fyrir mig og mjög gaman.

Við vorum áðan stödd í Montréal.

Já, það var með hann Skarphéðin. Hann tók þátt í samkeppni um Seðlabanka Íslands sem átti að staðsetja þar sem Thors Jensens-húsið er. Það átti að rífa það og byggja þar seðlabanka. Þetta var samkeppni. Ég man eftir því að hafa fengið upphringingu frá Skarphéðni þar sem hann spurði mig um hvort ég gæti sett teikninguna sem hann var að gera af seðlabankahúsinu inn í þetta umhverfi þarna í nákvæmlega réttum hlutföllum, með réttri birtu o.s. frv. Ég sagðist skyldu líta á málið. Síðan fór ég og leit á þetta með honum og svo var gert módel eins og venjulegt er þegar svona samkeppni er. Ég myndaði þetta módel og svo svæðið þar sem húsið átti að standa á og setti húsið sem sagt inn í á réttan stað. Þessar ljósmyndir mínar voru sendar inn í samkeppnina með þessum teikningum af seðlabankahúsinu. Það voru nokkuð margir sem tóku þátt í þessu. Ég er ekki að segja það að það sé því að þakka að Skarphéðinn fékk fyrstu verðlaun en allavega fékk hann þau!

Hvort þetta voru mín fyrstu kynni af Skarphéðni... ég man það ekki. Allavega tengdist þetta þessari heimssýningu.

Var það hann sem ákvað að þetta skyldu verða abstrakt ljósmyndir á heimssýningunni í Montréal?

Já, hann gerði þá kröfu til mín að þetta yrðu ekki svona venjulegar ljósmyndir, heldur myndir sem myndu vekja mikla athygli og væru öðruvísi en venjulegar ljósmyndir. Hann vissi í raun og veru ekki hvað hann var að biðja um. Hann hafði kynnst mér, hvort það var í gegnum þetta í sambandi við Seðlabankann — biðum nú við. Það var iðnsýning í Laugardalshöllinni og Mjólkursamsalan var með stærsta básinn á sýningunni og Skarphéðinn fær mig til þess að taka ljósmyndir fyrir Mjólkursamsöluna. Hann hafði teiknað mikið fyrir Mjólkursamsöluna, m.a. Mjólkurbú Flóamanna, og húsið þar sem Mjólkursamsalan var á Laugaveginum, hann sá um þessa sýningu fyrir samsöluna og fékk mig til að vera með myndir á þessari sýningu. Þær voru dálítið í þessum abstrakt stíl. Svona táknrænar. Ég tók t.d.

mynd af syni mínum með mjólkurfernu og það var svona strikmynd sem allir tónar voru teknir út úr. Þetta voru eins og teikningar sem ég gerði þarna fyrir Mjólkursamsöluna. Þessi bás vakti mikla athygli og fékk, að mig minnir, fyrstu verðlaun. Hvort þetta var á undan samkeppninni um seðlabankann man ég ekki. Nema hvað Skarphéðinn biður um þetta að þessar myndir séu öðruvísi en venjulegar myndir, athyglisverðar og sterkar. Hann vildi fyrst og fremst byggja þetta á listrænum myndum, eins og hann orðaði það. Ég var búinn að sýna honum nokkrar útgáfur áður en þessi útfærsla varð úr á endanum.

Veistu hvernig myndum þínum á heimssýningunni var tekið?

Það kemur upp í hugann núna að Dieter var hérna á landinu þegar ég var að vinna að þessu og fylgdist svolítið með og sá þetta hjá mér og studdi mig í því að halda áfram með þetta. Ég var náttúrulega nervös, ég skal alveg viðurkenna það. Maður vissi ekkert hvernig þessu yrði tekið. Ég man eftir því að Þórður á Sæbóli skrifaði mikla gagnrýni um þetta og líka Eggert Guðmundsson listmálari. Sá skrifaði gagnrýni um sýninguna og fannst þetta allt of langt gengið, þetta væri svo abstrakt að það skildi þetta enginn og ég veit ekki hvað og hvað og hvað. Þessar myndir mínar fengu mjög neikvæða umfjöllun hjá almenningi hér heima, fólk var alveg í sjokki, sá þarna einhverjar myndir sem það botnaði ekkert í, skildi ekki hvers vegna Gullfoss var ekki þarna og Geysir. Að vísu notaði ég Geysi eitthvað í svona strikmyndir. Ég fór sjálfur á þessa sýningu með hópi frá Útsýn og fararstjóri var Jón Haraldsson arkitekt. Ég man eftir orðum hans þegar við hittumst eftir tvo eða þrjá daga á sýningunni. Við Jón fengum okkur að borða saman og ég man eftir þeim orðum Jóns hvað hann sagðist hafa kviðið fyrir því að fara á sýninguna vegna þess hversu mikið hann hafði búist við að skammast sín eins og fyrir allar svona sýningar sem hann hafði farið á sem Íslendingar hafa verið með á í úti í Evrópu, „Ég kveið svo mikið fyrir þessu áður en ég fór út að ég þorði ekki að segja orð við þig. Rafn minn, áður en ég var búinn að skoða þetta en ég verð að segja það að ég er mjög stoltur af þessu. Þetta er það albesta sem Íslendingar hafa staðið fyrir af svona sýningum.“ Þetta var nú alveg nóg fyrir mig, þessi jákvæða umfjöllun hjá Jóni, því hann var mjög góður arkitekt og mjög dómharður á annarra verk. Það var skrifað mikið um þessa sýningu í

erlend tímarit, því miður á ég ekkert af því. Og það var kallað í mig í kanadíska sjónvarpið en þar var þáttur um þessar myndir og þar útskýrði ég hvernig ég hafði gert þær og þetta vakti víst mjög mikla athygli því allavega höfðu samband við mig nokkrir menn á eftir, þar á meðal einn eða tveir arkitektar sem vildu fá svona myndir til að skreyta byggingar sem þeir höfðu með að gera. En það var eins og annað, það varð ekkert af því. Tímaleysi hjá mér eða eitthvað þess háttar sem gerði það að verkum að það varð ekkert meira með það. Sýningin fékk a.m.k mjög góða og jákvæða umfjöllun hjá öllu fagfólki en hjá almenningi aftur á móti mjög neikvæða, vægast sagt.

Veistu hvort íslenskir ljósmyndarar hafa eitthvað tjáð sig um þetta?

Nei, ég heyrði eiginlega ekkert frá þeim og það kom ekkert frá þeim opinberlega um þetta.

Voru tengsl þín við atvinnuljósmyndara einhver í gegnum vinnuna?

Þau voru mjög lítil. Það var svolítið stríð þarna milli áhugaljósmyndara og atvinnuljósmyndara. Ég varð eilítið var við það, ekki mikið.

Varla hafa þeir verið kátir yfir því að amatörljósmyndari skyldi vera fenginn til að vinna fyrir þessa sýningu.


Ég heyrði eitthvað aðeins um það en var ekkert svona beint, ekki til mín. Það var ekkert skrifað um það neitt opinberlega.

Þú hefur þá aldrei lent í því að Ljósmyndarafélagið reyndi að kæra þig?

Nei, ég hef ekki lent í því en aðrir ljósmyndarar eins og Snorri Snorrason og einhverjir fleiri, Hjálmar Bárðarson líka, stóðu í málaferlum. Ljósmyndarafélagið lét mig alltaf í friði, ég veit ekki hvort það var út af því að þetta tengdist svo mikið mínu fagi. Ég tók próf í ljósmyndun hérna, ég fékk ekki mitt sveinsbréf í faginu nema taka próf í ljósmyndun. Ég veit ekki hvort það var út af því. Ég var aldrei neitt neikvæður í þeirra garð og hef aldrei verið, verð ekki og kann ekkert svoleiðis. Ég bara met það sem vel er gert og búið.

Var Skarphéðinn búinn að tala við einhverja atvinnuljósmyndara áður en hann leitaði til þín eða kom hann beint til þín af því að hann þekkti til þín?

Já, ég man ekki nákvæmlega hvernig þetta kom til. Það gæti verið að Dieter hafi bent honum á mig en þó efast ég um það. Ég og Stefán Snæbjörnsson húsgagnaarkitekt unnum dálítið saman og hann hafði fengið myndir hjá mér. Bíðum nú við. Nú kemur þetta. Manfred Vilhjálmsson hafði teiknað



Við höfnina, eftir Rafn Hafnfjörð. Í eigu höfundar.

matsólustað á Laugavegi 28 og hann hafði fengið ljósmyndir hjá mér til þess að setja fyrir ofan hvert borð á þessum stað. Ef ég man rétt vann Manfred hjá Skarphéðni á þessum árum þegar heimsýningin kemur til. Svo man ég eitt enn í sambandi við Manfred. Hann hafði innréttað mjög huggulega úra- og silfurbúð á Laugaveginum sem hét Úra- og skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar. Manfred hafði sem sagt séð um innréttingar á þessari verslun. Þarna vann einn listamaðurinn enn, hann Jóhannes Jóhannesson sem einnig var lærður silfursmiður og mikill og góður listamaður. Manfred fékk hjá mér gríðarlega stóra ljósmynd sem þakti heilan vegg. Hann hafði sagað myndina í fleka sem gengu lárétt í gegnum stóran hluta verslunarinnar. Þetta voru tveggja eða eins cm raufar milli flekana þar sem hann stakk þykkum glerplötum og þar kom hann silfurgripunum fyrir, ásamt kristalsvörum o.fl. Þarna kemur kannski tengingin við Skarphéðin. Hann hefur náttúrulega séð þetta. Ég var mjög ánægður með þessa mynd, man ég eftir.

Hvernig ljósmynd var þetta?

Þetta var svolítið sérkennileg ljósmynd. Hann biður mig um einhverja mynd sem sýnir form sem

gætu tengst bæði kristal- og silfurmunum og öðru sem þeir voru að vinna að. Ég man að ég var í miklum vandræðum með þetta og það endaði með því að ég fór á öskuhaugana uppi í Gufunesi og fann þar blikk sem hafði verið notað í tappa á öflöskur og verið stansað út. Ég fór með þetta inn í myrkraherbergi, lagði á misvíxl og setti þykka glerplötu ofan á til að fá nógu skarpar útlínur og lýsti gegn. Þarna var engin myndavél notuð.

Þú hefur þá klætt þetta beint á pappír?

Nei, á filmu til að fá negatíft til að stækka svo aftur eftir. Þetta var verulega skemmtilegt verkefni og fór vel þarna í þessari verslun. Ég held að það hafi birst mynd úr þessari verslun í Morgunblaðinu eða einhverju arkitektatímariti. Þetta þekkir Manfred. Ég tengdist svolítið þessum mönnum eins og þið heyrið, Stefáni, Manfred og einhverjum fleirum.

Hafði Manfred þá samband við þig vegna þess að hann þekkti þig frá fyrri tíð?

Hann hafði séð eitthvað eftir mig. Ég veit ekki hvar það kviknar, hvort hann hafði séð myndirnar utan á Birtingi eða hvort það var orðsporíð. Hann hafði samband við mig, Guðmundur Þór [arkitekt] sem teiknaði Laugagerðisskóla vestur á Snæfellsnesi og Meltjörn. Þeir fengu hjá mér

myndir líka, þar var ein gríðarlega stór mynd líka sem hefur sennilega verið einir 3 metrar, alveg frá gölfi og upp í loft. Síðan voru myndir frá Snæfellsnesi inni á herbergjum krakkanna á heimavistinni. Þetta var mest á listrænni nótunum, svona smámótíf en þó mátti þekkja kletta, fjöll og Snæfellsjökul. Þannig að þetta er allt þarna á svipuðum tíma sem þetta er að gerast. Ég hef ekki ártölin yfir þetta en gæti kannski leitað það uppi.

Ef við förum aftur í tímann, til 1957 þegar Family of man sýningin kom hér, manstu eftir henni?

Ég var búinn að sjá hana einhvers staðar erlendis, í Bretlandi minnir mig.

Hún kom þó mjög snemma hingað.

Já, kom hún ekki frá London?

Mig minnir að þetta hafi verið um 5 eða 6 sýningar sem ferðuðust um heiminn.

Hvaða áhrif hafði hún hér, á áhugaljósmyndara, á þig?

Mér fannst hún alveg frábær sem sýning en hún höfðaði ekkert mjög sterkt til mín af því að ég var á annarri línu. Þetta var allt fólk og mér fannst þetta vera meira fréttamyndir heldur en það sem ég var að eiga við sem var náttúrulega hálfgerst abstrakt og form meira. Þetta voru náttúrulega mjög athyglisverðar myndir og ég man eftir mörgum myndum þaðan. Við í Litla ljósmynda-klúbbnum fórum allir saman á þessa sýningu.

Var mikið spjallað um hana?

Já, það var töluvert mikið spjallað um hana. Það var það, hún vakti náttúrulega mjög mikla athygli hérna, bæði meðal áhugamanna í faginu og almennings. Ég fór nokkrum sinnum á hana.

Nú var Kaldal mjög hrifinn af henni, ræddirðu það einhvern tíma við hann?

Já, já, Kaldal var meira í persónumyndum og þetta höfðaði mjög mikið til hans man ég eftir og mín reyndar líka en á svolítið annan máta kannski. Þetta er auðvitað mikil saga sem þessar myndir segja. Rosalega mikil saga, það er ekki hægt að segja annað, allir þeir atburðir sem þarna voru sýndir. Þarna átti það við að ljósmyndin ljúgi ekki en það sama var ekki hægt að segja um það sem ég var að gera því ég var að gera alls konar trix, meira og minna.

Fannst þér myndirnar á sýningunni listrænar?

Nei, mér fannst þær ekki beint listrænar en meira fréttamyndir eða heimildamyndir. Svona „documentary“-myndir eins og þær eru en samt mjög góðar myndir. Ég viðurkenni það svo sannarlega, frábærar myndir og þær segja mikla sögu. Þetta er eins og með Robert Capa og slíkir menn sem mynduðu stríð og annað þess háttar, ef fólk hefði

ekki séð þessar ljósmyndir þá er allt annað að heyra einhver orð. Eins og sagt hefur verið að ein ljósmynd sé á við þúsund orð, þetta á svo sannarlega við í sambandi við svona lagað. Það var mjög sterkt þegar Steichen sýndi bæði hungur og fátækt og stríð og slys og allt mögulegt. Þetta var stórkostleg sýning þó hún hefði ekki mikil áhrif á mig sem slík. Ég var mjög hrifinn af allri abstrakt myndlist, alveg heillaður af Svavari Guðnasyni, Þorvaldi Skúlasyni og þessum mönnum sem voru að glíma við að tjá sig með formum og lit. Ég las þessar myndir og skoðaði sýningar aftur og aftur. *Nú er það abstrakt-expressjónismi sem tröllríður öllu í Aperture á þessum tíma.*

Alveg meiri háttar.

Þú ert í rauninni í þokkalega góðum tengslum við það sem er að gerast almennt erlendis án þess þó að fara út. Nákvæmlega. Ég var alveg heillaður af þessu.

Nú sýnist manni á þeim myndum sem þú ert orðinn þekktur fyrir núna að þær séu tiltölulega venjulegar. Það er bara markaðurinn sem biður um þetta. Það er ekkert annað.

Lítur þú á þessar myndir sem þú tekur í dag sem myndlist eða markaðsvöru?

Markaðsvöru fyrst og fremst. Þó með vissum lög-málum, grundvallarmyndbyggingarlögmálum. Það verður að vera. Þar hafa þeir haft áhrif á mig þessir menn, hvort sem það er Gunnlaugur Scheving eða eitthvað annað í sambandi við deilingu á myndfleti, t.d. ekkert alltof mikinn himin nema hann hefði einhvern tilgang. Og talandi um forgrunn og myndsvæði í mynd, fjarlægð og allt það, þetta lýtur allt sömu lögmálum.

Sýningin á Kjarvalsstöðum 1979, er hún fyrst og fremst myndir af einhverjum hlutum?

Þetta er mestmegnis byggt upp á smámótífum. Bæði í snjó, mosa, stráum, öllu, íslenska náttúran ómengið.

Þú hefur sett upp verðskrá í sýningarskránni — seldist eitthvað hjá þér?

Það seldust allar myndirnar. Þetta hafði aldrei gerst áður.

Hverjir keyptu?

Það var Landsbankinn, Iðnaðarbankinn, almenn-ingur keypti, einstaklingar mikið. Ég setti myndirnar í fjórar stærðir í þessu prógrammi. Ég sagði það að ég myndi ekki gera fleiri en tíu eintök af hverri mynd, þar sem endalaust er hægt að gera eintök eftir sömu filmunni. Á sýningunni voru þrjár eða fjórar myndir sem seldust í tíu eintökum. En hinar myndirnar seldust svo til allar, ég tók

nánast ekkert með mér heim. Í sýningarskránni gat ég nákvæmlega um stærðir, með og án ramma, það held ég hafi aldrei verið gert hér áður á myndlistarsýningu. Þá þurfti ekkert að vera að semja eða spyrja eða slíkt.

Hvað með Listasafn Íslands?

Listasafn Íslands keypti tvær eða þrjár myndir af þessari sýningu, líklegast tvær.

Hver ákvað það?

Það var einhver nefnd, innkaupanefnd. Ég man nú ekki hverjir voru í henni, líklegast Hörður Ágústsson, Hjörleifur Sigurðsson og Selma var safnstjóri þá... Það segja margir að þetta séu einu ljósmyndaverkin sem Listasafn Íslands á. Ég var því miður ekki á ráðstefnu sem ljósmyndarafélagið efndi til í Gerðarsafni nýlega en heyrði að þar var sagt að listasöfnin hérlendis ættu varla nokkra ljósmynd.

Þú segir að þú takir mest markaðsmyndir núna, tekurðu eitthvað ennþá af abstrakt ljósmyndum til hliðar við þær?

Já, ég tek mikið af myndum fyrir sjálfan mig og hef óskaplega gaman af því. Það gefur mér mikið, heldur mér gangandi, ég gæti ekki hugsað mér að vera eingöngu í hinu. Ég gæti það ekki. Ég þarf stundum að pína mig til að ýta á hnappinn þegar ég er að taka þessar markaðsmyndir. Slíkar myndir geta líka verið á listrænu nútunum og sem betur fer er það. Ég hef gefið út nokkur póstkort sem að mínu mati eru svona svolítið á listrænu nútunum og sem betur fer þá seljast þau en ég hef fengið gagnrýni frá fólkinu mínu hérna sem segir að þetta seljist ekki og þýði ekki. Ég hef látið mig hafa það og sem betur fer hefur það gengið. Það hefur kannski verið bara stuðlaberg eða eitthvað svona, sérkennilegir klettur eða eitthvað þess háttar en ekki þessar klassisku.

Fylgistu ennþá með sýningum?

Mjög lítið. Ég fæ kannski fimm eða sex boðskort um hverja helgi á sýningar og þetta er bara einhvern veginn... ég veit ekki hvað skeði en það bara sloknaði næstum því á þessu hjá mér. Þetta var bara orðið of mikið einhvern veginn, maður komst ekki yfir þetta.

Fylgistu eitthvað með þeirri ljósmyndun sem á sér stað á Íslandi í dag?

Þessar myndir eru vel gerðar en það vantar í þær skáldskapinn, neistann. Það eru þó helst erlendir ljósmyndarar sem ná fram spilverki í litum og tónum.

Eins og ég sagði ykkur í upphafi þá leitaðist ég

við að nota myndavélina eins og pensil. Á kínversku merkir hugtakið yfir að taka ljósmynd að teikna með ljósi. Vissulega er þetta bara teikning með ljósi.

Ertu þá búinn að skipta alveg yfir í lit?

Já, og það er bara tímaleysi og leti að vinna ekki meira svart-hvítt, en það er ofsalega gaman og ég myndi gjarnan vilja gera eitthvað af því í framtíðinni.

Heldurðu að það séu einhverjar líkur á sýningu í framtíðinni?

Nei, ég held ekki. Ég held ég leggi bara ekki í það. Þetta kostar svo mikla peninga.

Hittist þið í Litla ljósmyndaklúbbum eitthvað núna?

Nei, við hittumst nánast ekki neitt.

Hvernig er það, varstu í einhverjum tengslum við erlend félög?

Jú, það var svolítið í gegnum þessar möppur eins og ég var að segja ykkur frá. Við sendum til ljósmyndaklúbba erlendis. Ég gæti meira að segja sýnt ykkur svona myndir, með miða aftan á, með gagnrýninni. Það er dálítið gaman að þessu, svolítið sérstakt.

Hvert fóru ykkar myndir og hvaðan fenguð þið myndir erlendis frá?

Þær fóru til Danmerkur, Finnlands, Frakklands og Hollands.

Senduð þið mikið myndir á sýningar erlendis?

Við Gunnar Pétursson gerðum það, ekki hinir.

Hvar þá helst?

Ég man eftir að hafa sent til Japans, Ítalíu, Tékkóslóvakíu, Hollands og Danmerkur.

Hvað með ljósmyndabækur?

Það eru mest íslenskar ljósmyndabækur sem ég hef keypt. Ég keypti allar ljósmyndabækur sem gefnar voru út á Íslandi alveg fram til 1970 eða þar um bil. Það var bók sem hafði mikil áhrif á mig, gefin út 1939 eftir prófessor Dannmeyer og ljósmyndarann Alfred Ehrhart. Svart-hvít bók, geysilega falleg. Þessi bók hafði mikil áhrif á mig vegna þess að þeir voru að mynda grjótið og auðnina uppi á Sprengisandi, ekki endilega fossana, fjöllin og Geysi eins og allir eru að mynda í dag. Það er virkilega fin prentun og fallegar myndir í þessari bók, hún heitir „Island“. Einnig er mér minnisstæð önnur athyglisverð myndabók, „Das unbekannte Island“ eftir Walter Heering, sem gefin var út 1936.

Það er þá fyrst og fremst í gegnum tímarit sem þú ert í tengslum við umheiminn, ekki bækur.

Einmitt.

Aftur á móti hafa mín verk dreifst út í heim í gegnum tímarit, margskonar bæklinga, frímerki og frímerkjamöppur, slidesmyndaseríu Ferðamálaráðs, lok á kaffirjóma, dagatöl Eimskips og svo kannski aðallega póstkort.

Fengust ljósmyndabækur eitthvað á þessum tíma?

Mjög lítið, en aftur á móti listaverkabækur. Og alltaf þegar ég hef farið til útlanda hef ég stundað söfn og listsýningar.

Vissirðu eitthvað af mönnum eins og Leifi Þorsteinsyni og Guðmundi Ingólfssyni áður en þeir fóru að læra?

Nei, Leifur kom nú bara sprenglærður heim frá Danmörku og vildi ekkert tala við einhverja áhugaljósmyndara. Hann kom samt á sýninguna mína, man ég eftir og þangað komu nokkrir atvinnuljósmyndarar en þeir gengu hratt í gegnum hana. Aðrir komu dag eftir dag, þar á meðal Björn Rúriksson. Það var fullt allan sýningartímann og við opnunina varð meira að segja að kalla á lögregluna vegna umferðaröngþveitis. Ég hafði nefnilega lítið farið eftir gestalista Kjarvalsstaða heldur bauð fólki sem ég kannaðist við og vissi að hefði áhuga á þessu, og mörgum iðnaðarmönnum.

Fékk sýningin einhverja gagnrýni í blöðum?

Já, hún fékk mjög fina krítík og ég á það allt saman. Það voru margir sem skrifuðu um hana, m.a. Bragi Ásgeirsson og Halldór B. Runólfsson. Sama gildi um sýningu Litla ljósmyndaklúbbsins í Bogasal 1961, ég á allar þessar úrklippur. Það var mjög skemmtileg umfjöllun. Það var alltaf fullt á sýningunni meðan opið var eftir hádegi og þar að auki fengu skólahópar að koma fyrir hádegi. Sýningin stóð í viku.

Áttu einhverjar myndir af sýningunni í Bogasalnum?

Væri hægt að setja þá sýningu saman aftur?

Það væri mjög erfitt. Guðmundur Vilhjálmsson á sennilega sínar myndir ennþá og ég eitthvað af mínum myndum. Við límdum þetta upp á gabonplötur, mjög vandað. Við seldum töluvert.

Voru það þá einstaklingar sem keyptu?

Já.

Þessi ferill hefur hjálpað manni mjög mikið á ýmsan hátt við það sem maður er að gera í dag. Við þessi frumlögmál sem þurfa að vera í lagi bæði í ljósmyndun og hvers konar hönnun á prentverki.

Donald Ingólfsson

f. 27. 11. 1935*

Hvers vegna lærðirðu ljósmyndun?

Mér þótti gaman að taka myndir og svo var það nú millibilsástand hjá mér í sambandi við vinnu. Sumum þótti ég efnilegur í ljósmyndun þannig að það var ákveðið að tala við Sigurð Guðmundsson og athuga hvort ég kæmist að hjá honum.

Hafðirðu þá tekið myndir lengi og hverjum þótti þú efnilegur?

Ég hafði ekki tekið myndir lengi, svona u.þ.b. í eitt ár. Það var svo Edith Möller, vinkona foreldra minna, sem kom okkur í samband við Sigurð Guðmundsson en hún þekkti hann persónulega.

Hvers vegna varð Sigurður fyrir valinu?

Hann var sennilega sá fyrsti sem við töluðum við og var með laust pláss. Það var nemi að klára hjá honum og valt allt á því hvort hann fór burt eða hélt áfram vinnu á stofunni. En um leið og hann kláraði þá fór hann svo það varð laust pláss fyrir mig.

Var Sigurður með marga nema?

Já, já, hann var yfirleitt með tvo, einn langt kominn og einn nýgræðing. Þá gat eldri neminn kennt þeim yngri svona fyrstu sporin.

Kom ekkert til greina að fara til útlanda á þessu stigi málsins?

Ekki strax, það var bara ekki á döfinni þá. Flestir byrjuðu heima.

Hvað varstu lengi í læri hjá Sigurði?

Námið var þrjú ár en ég hef sennilega verið eitthvað á fjórða ár hjá honum. Ég byrjaði 18. júní 1957 og kláraði 1961 [15. okt. 1960 skv. prófabók Ljós. fél.].

Hvernig fór námið fram?

Það var svona sýnikennsla meira og minna og menn þreifðu sig áfram og svo fékk maður punkta bæði frá meistaranum og eldri nemanum, leiðbeiningar og tilsögn.

Voru einhver ákveðin verk sem namar höfðu með höndum og var einhver þróun í því?

Í upphafi var ekki óalgengt að maður fengi filmur til að framkalla og væri látinn blanda efnin, framkallara og fixer. Yfirleitt voru birgðir keyptar hjá apótekara eða heildsala en efnin voru svo vigtuð í hverja löggun, eins og gert er með mataruppskrift. Eftir að maður fór svo aðeins að sjóast fékk maður að fara og taka myndir og æfa sig í retouche sem kallað er, þ.e. að laga myndirnar eftir á. Til er bæði pösítíft retouche og negatíft. Í því negatífa vann maður með filmurnar en í því pösítífa vann maður með myndirnar þegar búíð var að líma þær upp, rétt áður en þær fóru ofan í umslög til viðskiptavinanna.

Auk þessa greip maður í það sem til féll, blandaði efni, brúntónaði, handlitaði, retoucheraði og gerði eftirtökur eftir gömlum myndum en það var mikil vinna að retouchera þær.

Það hvenær nemarnir fóru að taka myndir sjálfir fór allt eftir því hvað þeir voru fljótir að tileinka sér handbragðið. Á þessum tíma var Þjóðviljinn ekki með blaðaljósmyndara en var hins vegar með samning við Sigurð Guðmundsson um að hann eða namar hans tækju myndir fyrir blaðið. Ég hugsa að ég hafi verið búinn að vera í svona 3-4 mánuði þegar ég fór að fara með blaðamönnum og taka myndir. Svo fékk maður vini og kunningja til að æfa sig á inni á stofunni, viðskiptavinunum var ekki fórnað til æfinga fyrir nemann strax. Það kom svo smám saman.

Þið fenguð þá samt að æfa ykkur á viðskiptavinum þegar þið voruð orðnir sjóaðri?

* Guðrún Harðardóttir tók viðtal við Donald 12. 6. 1997, Guðrún og Inga Lára Baldvinsdóttir tóku framhaldsviðtal 10. 7. 1997. Við úrvinnsluna var viðtölunum tveimur steipt saman og heildin fengin Donaldi til yfirlestrar og svaraði hann um leið skriflega nokkrum aukaspurningum.

Já, já, en svo sagði Sigurður manni til, t.d. hvort ljósin hafi verið vitlaust stillt eða hvort skuggar hafi verið ljótir. Hann dæmði hjá manni myndirnar eftir nokkrar fyrstu myndatökurnar.

Hversu stóran hluta námstímans unnuð þið þá í raun sem ljósmyndarar?

Það má segja að það hafi verið megnið af tímanum. Kannski það hafi verið fyrsta hálfariði sem fór í að venjast vinnubrögðunum á stofunni og sjá hvernig hinir unnu, blanda efnin eins og ég sagði áðan og vera með inni í kompu að stækka myndir. Oft var það þannig að maður var inni í kompu þegar kallað var í mann og þá þurfti að taka t.d. passamyndir eða fjölskyldumyndir eða það sem kom upp í hvert skipti.

Myndirðu segja að aðstæður fyrir nema hafi verið góðar hjá Sigurði?

Já, já, það var ekkert að því. Maður hafði sinn kaffitíma — við fórum öll saman í kaffi og það var oft hlaupið út í bakari og keypt með kaffinu og svo sat maður í hálf tíma og spjallaði. Við höfum verið fjögur, oft fimm. Það var kona þarna starfandi, Gyða Tómasdóttir, sem var við afgreiðslu og frágang. Hún var í kaffinu líka, lagaði kaffi þegar það var. Svo kom Óskar Gíslason ljósmyndari oft í kaffi því hann var þarna í nágrenninu en þeir voru góðir kunningjar, hann og Sigurður. Óskar kom kannski með kaffipakka eða köku sem hann lagði á borð með sér.

Þú hefur þá kynnst öðrum í faginu í gegnum námið hjá Sigurði?

Já, nokkrum. Aðallega Óskari en einnig gömlum nemendum Sigurðar eins og Hannesi Pálssyni, Guðmundi Erlendssyni og Gesti Einarssyni. Einnig Stefáni Pedersen sem var nemi þegar ég kom. Hann er frá Sauðárkróki og er þar starfandi. Sá sem var að hætta þegar ég kom var Oddur Ólafsson en hann fór beint til Alþýðublaðsins og var þar í nokkur ár. Hann myndaði líka hjá Leikfélaginu. Svo hefur maður náttúrulega kynnst fleirum í gegnum starfið eftir að námi lauk.

Var samgangur hjá ykkur, nemum Sigurðar, við nema hjá öðrum ljósmyndurum?

Nei.

Hvers konar myndatök fóru fram á stofu Sigurðar? Í rauninni allt. Passamyndir, myndir af hlutum, auglýsingamyndir í litlum mæli. Þá komu menn með þann grip sem þeir hugðust auglýsa og það var tekin mynd af honum inni á stofunni. Þá var blaðamyndataka þó nokkur póstur í þessu líka. Það var í hverri viku, stundum á hverjum degi,

sem við vorum kallaðir út með blaðamanni. Stundum fórum við bara einir, eftir að hringt hafði verið frá blaðinu og menn beðnir t.d. að fara niður í þing að taka svona og svona mynd eða þá að sömu sögu var að segja um einhvern atburð úti í bæ. Nú ef maður tók eftir einhverju sjálfur — ég man eftir tveimur tilfellum — Í annað skiptið var verið að mola niður hús við Vatnsstíg og ég sagði Sigurði frá þessu og hann svaraði „blessaður góði taktu mynd“ og sendi mig af stað með myndavél og ég held að myndin hafi svo komið í blaðinu. Í hitt skiptið, sem var nokkru seinna, var ég á rölti úti í Hljómskálagarði þegar ég sá að buið var að mála þýsk ókvæðisorð á Hljómskálann og ég tók myndir af því. Ég held að það hafi birst í blaðinu líka.

Var einhver ákveðin verkaskipting á stofunni hjá Sigurði?

Í sjálfu sér ekki. Við fórum í þetta allt bara eftir þörfum. Eldri neminn var jú kannski inni í kompu að stækka pantanir meðan ég var frammi í filmu-retteche. Það gat tekið allan morguninn. Svo fór maður kannski eftir hádegi inn í kompu eða þá að maður var frammi í upplímingu og frágangi. Þannig að maður kynntist öllum ganginum í þessu og öllum sviðum.

Maður hefur heyrt það að t.d. í Englandi á þessum árum hafi það verið þannig að menn gátu verið eingöngu í kompunni þó þeir væru ljósmyndarar, annar frammi bara í að taka myndir og einn í retouche eingöngu. Þess vegna var svo gott að vera hjá meistara því þar lærði maður svo margt á stuttum tíma, þ.e. á þessum þremur árum og það hefur komið sér vel í gegnum árin að hafa kunnað þetta allt.

Var þetta námsfyrirkomulag einstakt fyrir Sigurð eða var það almennt á Íslandi?

Ja, ég veit nú ekki hvernig það var hjá öðrum en reikna með því að það hafi verið eitthvað svipað. Menn gengu í öll störf til að kynnast sem flestu. Það hafi verið almennt vinnulag.

Hlaustu þá sveinspróf að loknum námstíma þínum hjá Sigurði?

Já, það tók þrjú ár en svo þurfti maður að vinna annað eins í faginu eftir það til að öðlast meistara-próf.

Í hverju fólst sveinsprófið hjá þér?

Það fólst í myndatökum af fjölskyldu, einstaklingum, karli, konu og barni. Þá var eftirtaka af gamalli mynd. Svo var unnið úr þessum tökum, filmur framkallaðar og retoucheraðar. Prófnefnd

Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar á Laugavegi 12, fyrir 1956. Ljós. Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar. Safn SG, Þjms.



valdi plöturnar og ég vann þetta undir vökulum augum nefndarmanna. Óskar Gíslason var í prófnefndinni og var með mér þegar ég stækkaði myndirnar og var einnig viðstaddur myndatökurnar. Ég límdu myndirnar á karton og fór til Sigurhans Vignis í pósitíf-retouche. Eftir þetta kom ég fyrir prófnefnd þar sem ég var spurður út úr. Sigurður Guðmundsson var formaður nefndarinnar en vék sæti þegar nemar frá honum fóru í próf. Vigfús Sigurgeirsson var varamaður hans. Auk Sigurðar, Óskars, og Sigurhans var Guðmundur Hannesson aðalmaður í prófnefndinni. *Hvar varst þú þann tíma sem tók að fá meistarabréf?* Ég var hjá þeim til skiptis, Gesti Einarssyni og Guðmundi Erlendssyni stuttan tíma. Einnig starfaði ég á eigin vegum (free-lance) á þessu tímabili. Það var hjá litlu kvikmyndafyrirtæki sem hét „Geysir film“. Við gerðum m.a. „Hitaveituvæntýri“ sem Þorgeir Þorgeirson rithöfundur stjórnaði tökum á. Gestur Þorgrímsson var framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Við gerðum líka kvikmyndina „Fjærst í eilífðar útsæ“ sem var tekin á 35 mm litfilm og í cinemascope. Þetta var landkynningarmynd. Reynir Oddsson stjórnaði tökum á henni og var þetta fyrsta myndin sem tekin var í cinemascope. Til þess að öðlast meistarabréfið varð maður að

fá staðfestingu hjá þeim sem unnið er hjá eða tímanum sem menn hafa verið í faginu. *Eftir sveinsprófið starfaðirðu hjá Gesti Einarssyni, Guðmundi Erlendssyni og einnig á eigin vegum. Gætirðu gefið upp tímann nákvæmlega sem þú varst á hverjum stað?* Ég var tæpt ár hjá Guðmundi og u.þ.b. ár hjá Gesti. *Gætirðu lýst vinnustofum, aðstöðu og veru þinni hjá þeim hvorum fyrir sig, Gesti og Guðmundi?* Gestur og Guðmundur störfuðu saman um hríð. Það var á Laugavegi 30, minnir mig, uppi á lofti en líklega hafa þeir frá upphafi verið ákveðnir í að fara hvor sína leið. Þeir keyptu t.d. tvennt af öllum tækjum með það í huga að skipta öllu til helminga síðar meir. Eftir að þeir skiptu með sér var Guðmundur með stofu í Garðastræti en Gestur á Laufásvegi. *Varð Guðmundur strax vinsæll ljósmyndari og með töluverð umsvif?* Guðmundur var í Garðastrætinu þegar ég rédist til hans. Hann hafði þá þegar töluverð umsvif og var kominn með ljósmyndara í starf hjá sér. Hann var fljótt nokkuð vinsæll ljósmyndari. Hörður Hákonarson var nemi hjá honum og var hann aðallega í myrkrakompunni. Hann fór einnig í tökuferðir í heimahús ásamt því að taka myndir á stofunni. Guðmundur var einnig með ljósmynd-

ara, Sigurð Stefánsson, sem hafði lært hjá Lofti en klárað hjá okkur Guðmundi. Hann var aðallega í negatífu-retouche. Þegar hann kom á morgnana með Guðmundi var hann í að framkalla filmur. Auk þessa var Guðmundur með tvær stúlkur í upplímingu og frágangi. Það hafa verið svona 6-7 manns hjá honum þegar mest var. Ef mikið álag var kom konan hans stundum til að aðstoða og var þá kannski hálfan daginn.

Var Guðmundur í myndatökum í heimahúsum?

Já, og Sigurður Guðmundsson líka. Það voru allir í þessu svona með hinu. Það var farið í þetta svona á kvöldin og um helgar. Þetta voru aðallega afmælismyndatökur, sérstaklega ef það voru einhver tímamót hjá fólki, það t.d. fimmtugt eða sextugt, þá var hringt í ljósmyndara. Þá var kannski tekin mynd af afmælisbarninu og þess nánasta fólki með blómahafinu allt um kring. Þetta var svona klassísk uppstilling. Einnig var eitthvað um fjölskyldumyndatökur í heimahúsum. Líklegast hafa amatörar eins og Þorvaldur Ágústsson og menn sem ekki voru með stofu, eins og Sigurður Norðdahl, gert eitthvað út á að taka myndir af börnum og fjölskyldum í heimahúsum. Það má segja að það sé blómatími í þessum heimamyndatökum svona frá um 1950 fram til 1965 þegar fólk fer að geta keypt sér myndavélar í stærri stíl en áður og tekur þessar afmælismyndir og annað slíkt þá sjálft og lætur það duga.

Þetta var eitt það skemmtilegasta sem maður gerði að fara svona í heimahús. Ég man eftir einu tilfelli, það var hjá Thorolf Smith, það var bara barnaafmæli, 6 eða 8 ára eða þar um bil. Þarna var fullt af fólki og mikið um að vera. Það voru teknar myndir af öllu stóðinu, mömmunum og pöbbunum og öðrum viðstöddum. Þetta var oft mikið fjör og haft fyrir því að stilla börnunum upp.

Hvað gerði Guðmundur sjálfur þá, fyrst hann hafði svona marga aðstoðarmenn?

Hann var í myndatökunum. Það voru kannski tvær til þrjár pantaðar myndatökur á dag en þar fyrir utan komu passamyndatökurnar sem mikið var um.

Hvaða tækjabúnaður var hjá Guðmundi?

Þegar ég var hjá honum var hann ekki með sérstaka passamyndavél. Hann var með Linhof og Hasselblad. Fyrst í stað notaði hann Linhof með rúllufilmubaki, en eftir daginn þegar við fórum, um sexleytið, tók hann kannski fjórar filmur [af passamyndum] og framkallaði þær, vann þá til svona sjö að ganga átta. Filmurnar

voru svo tilbúnar morguninn eftir en hann var þá kannski mættur á stofuna klukkutíma á undan okkur og langt kominn með að búa til passana sem áttu að vera tilbúnir klukkan tvö en á þessum tíma voru þeir yfirleitt afhentir daginn eftir. Þarna var um svart-hvítar myndir að ræða. Þetta var allt tekið á Linhofinn en svo fór Hasselbladinn að koma en hann var meðfærilegri og því notaður meir.

Fengu menn þokkalega borgað fyrir störf sín á þessum

ljósmyndastofum miðað við það sem almennt tíðkaðist? Ég held það. Eftir að ég fór að vinna hjá ljósmyndurum og var að reyna að spyrja um hvað menn fengju í sveinskaup fékk ég aldrei nema loðin svör. Þeir virðast hafa tekið þessu eins og ég væri að pumpa þá um hvað þeir hefðu í laun en ég var bara að spyrja almennt.

Hvers vegna fórstu svo yfir til Gests? Var það vegna minnkandi umsvifa Guðmundar?

Nei, Guðmundur sagði mér upp. Hann var alltaf að segja upp fólki, sérstaklega stúlkunum. Þær voru í reynslutíma í þrjá mánuði á einhverju ákveðnu kaupum en svo átti kaupmið að hækka. Þegar að þeim tíma kom sagði hann við þær að því miður yrði hann að segja þeim upp. Það er eins og hann hafi frekar viljað standa í því að vera alltaf að þjálfa fólk upp í störf en að fá gott fólk í eitt skipti fyrir öll. Hann var mjög passasamur með alla sína aura.

Gæti það þá verið skýringin á því að Guðmundur hafði svo marga nema í gegnum tíðina? Það er enginn með fleiri nema en hann.

Já, það er líklegt. Þetta var náttúrulega ódýrt vinnuafli og ekkert annað.

Þú fórst svo yfir til Gests eftir að þú hættir hjá Guðmundi.

Já, og var hjá honum í þetta tæpa ár. Hann var dálítið öðruvísi en Guðmundur, hann lét meira slag standa.

Var þá svolítið að gera hjá Gestum líka?

Já, já, til að byrja með.

Hvenær varstu þá hjá honum?

Ég man það nú ekki alveg, um 1963-4.

Hjá Gestum vorum við tveir, ég og hann, og skiptumst á að taka myndir og vera í myrkrakompunni. Gestur fór oft í útimyndatökur, í heimahúsin og var stundum pantaður til að taka myndir af opnunum á listsýningum, t.d. í Listamannaskálanum. Hann var mjög flinkur í svoliðis myndatökum.

Fannst þér Gestur flinkur ljósmyndari?

Já, sérstaklega þegar hann fór út. Þá notaði hann yfirleitt tvö flöss og það kom þannig út hjá honum að ljósið var ósýnilegt hjá honum. Hann gat alveg leikið sér með það. Ef hann var t.d. að taka myndir af stytum á sýningum komu engir harðir skuggar með þessari aðferð.

Auk þessa fór hann í myndatökuleiðangra á Selfoss en hann var ættaður þaðan. Foreldrar hans bjuggu þar. Þangað fór hann kannski tvisvar á ári og hann fór einn í þær ferðir. Svo var allt framkallað á stofunni þegar heim var komið.

Var þokkaleg aðstaða hjá þeim Guðmundi og Gestí?

Já, hún var það. En aðeins mismunandi þó. Myrkrakompan var t.d. rúm hjá Gestí en þröng hjá Guðmundi en stúdíóið (eða atelíeríð eins og Sigurður kallaði það) gott þar en minna hjá Gestí á Laufásvegi 18 þar sem hann hafði stofu sína alla tíð.

Nú hafa heyrst ýmsar sögur af Gestí og framköllun hans. Myndirðu vilja segja okkur frá þeim hér?

Venjulega hefur maður klukku í myrkrakompanni sem maður setur af stað þegar filmunni er stungið í framköllunarvökvann. Svo fer maður fram og að ákveðnum tíma liðnum hringir klukkan og þá tekur maður filmuna upp úr og setur í fixerinn og stillir klukkuna þá aftur og svo áfram í skolið. Svo var það í nokkur skipti að ég sé að Gestur kemur fram úr myrkrakompu og lítur á úrið sitt. Fór svo inn eftir einhvern tíma. Fyrst áttaði ég mig nú ekki hvað þetta var en spurði hann svo einu sinni hvar klukkan væri. „Æ“, segir hann, „ég missti hana ofan í tankinn og nennti ekkert að veiða hana upp“. Svo lengdi hann bara tímamann sem filmurnar voru í framköllun. Það voru kannski fimm mínútur ákveðinn dag, tíu mínútur næsta og svo var það komið upp í háltíma í eitt skiptið, man ég var. Ég lenti sjálfur í því að setja filmu niður og ætlaði að fara inn eftir háltíma. Svo gleymi ég mér frammi, í afgreiðslu, upp-límingu og retouche o.fl., svo allt í einu átta ég mig á því að það var klukkutími síðan filman fór niður í tankinn. Ég rýk þá inn í kompu og tek upp filmuna en það var þá bara þessi glimrandi framköllun á henni! Þá nennti Gestur ekkert að skipta um framkallara eða bæta hvata út í, sem alltaf þarf að gera. Á endanum tókum við Anna Hatlemark okkur til og sturtuðum þessu úr tankinum og ætluðum að skipta um vökvann, þá var botnleðjan svona 10-15 cm þykk og klukkan þar á kafi, náttúrulega kolryðguð. Ég man hins vegar ekki hvort Gestur keypti klukku eftir þetta

eða hvort hann notaði bara úrið. Þetta var svolítið skrautlegt stundum.

Gestur var nú ekki sá eini sem var skrautlegur. Konan hans Gunnars Rúnars Ólafssonar sagði mér söguna af því hvernig hann bar sig gjarnan að við framköllunina. Ég gæti vel trúað því að hún væri sönn. Þegar hann var að framkalla var náttúrulega niðamyrkur í kompunni en hann var með sigarettu í munnvikinu. Hann tók þá extra sog og notaði þá týruna af glóðinni til að renna augunum yfir filmuna til að athuga hvort hún væri tilbúin.

Fannst þér Gestur vera flinkari ljósmyndari en aðrir á þessum tíma þrátt fyrir kæruleysið í myrkrakompanni?

Á sumum sviðum. Hann var t.d. flinkur í tísku-ljósmyndun og notaði þá þennan hvíta bakgrunn sem kom í boga út á gólfíð. Ég man að hann myndaði eina fegurðardrottninguna í sambandi við auglýsingar, mig minnir að það hafi verið Guðrún Bjarnadóttir. Þá var útkoman eins og hjá Ameríkönunum, eins og allt væri í ljósi, þ.e. litlir skuggar. *Notaði Gestur einhvern ljósmæli?*

Nei, það var bara tilfinningin.

Notuðu menn almennt ekki ljósmæli á þessum tíma? Voðalega lítið. Menn sáu bara strax hvað þurfti af ljósi og svo spiluðu þeir dálítið á ljósopið.

Hvernig var tækjabúnaðurinn hjá Gestí?

Á myndastofunni var ein Linhof 4x5" með nokkrum 4x5 kassetum, auk þess 6x6 og 6x9 rúllufilmubók. Einnig voru tvö aðalljós og einn eða tveir ljóskastarar (spotlight) á bakgrunn og í hár. Þarna var líka 6x9 vél sem var notuð í útimyndatökur, þ.e. myndatökur utan stofunnar, t.d. í heimahúsum, á sýningum og við atburði úti í bæ. Þá var einnig eitt flash sem var notað við þessar útimyndatökur.

Í myrkrakompanni voru þrjár djúpir framköllunartankar fyrir filmurnar, einn Omega stækkari 4x5 og svo bakkar, skálar og tangir sem heyrðu „myrkraverkunum“ til.

Frammi í vinnuherberginu var límpressa til upp-límingar á myndum, glanspressa (í raun var þetta tromla) sem var notuð til þess að þurrka myndir og glansa. Þegar mynd var þurrkuð (á möttum pappír) var hún lögð á hvolf á dúkinn í pressunni, en glansmyndir, (þ.e. á glanspappír) sneru upp á dúknum og þá var strekkt á honum. Þessi pressa var látin hitna fyrir notkun.

Heldurðu að Gestur og Guðmundur hafi fylgst vel með því sem var að gerast í faginu úti í heimi? Voru keypt fagtímarit á stofurnar?

Já, já, þeir fylgdust vel með. Gestur keypti aðallega

amerísku blöðin en svo hafa þeir sennilega gluggað í Norðurlandablöðin svipað og ég, meðan þeir voru í læri hjá Sigurði Guðmundssyni. Ég man þó ekki hvort þeir keyptu blöðin sjálfir eða fengu þau lánuð. Það hefur þó frekar verið Guðmundur sem keypti dönsku blöðin. Þó held ég að það hafi verið Gestur sem aðallega keypti amerísku blöðin. Það var eitthvað minna hjá Guðmundi þó svo hann fletti blöðum og bókum ef hann kom í heimsókn [til Gest].

Höfðu þeir Gestur og Guðmundur mikinn samgang sín á milli eftir að þeir settu upp hvor sína stofuna?

Ég held það hafi verið voðalega lítið. Mig minnir þó að þegar þeir skiptu sameiginlegu stofunni sinni upp hafi Guðmundur haldið filmusafninu og Gestur þá alltaf vísað mönnum þangað varðandi eftirtökur.

Hvenær heldurðu að blómatími Gest, sem ljósmyndara, hafi verið?

Ætli það hafi ekki verið um 5-6 ára bil svona fram undir 1970. Svo fór þetta að minnka hjá honum og heilsan að gefa sig líka.

Hvernig var verkaskipting hjá Guðmundi annars vegar og Gestis hins vegar og hverjir unnu þar aðrir eða voru nemar (t.d. Anna)?

Hjá Guðmundi störfuðu Hörður Hákonarson [nú á Nýju myndastofunni] og Sigurður Stefánsson sem seinna opnaði stofu á Akureyri. Svo voru stúlkur sem unnu við afgreiðslu og frágang á myndum.

Gestur hafði enga nema. Hjá honum vann á tímabili Heiðrún Sigurbjörnsdóttir sem var við frágang og afgreiðslu.

Anna Hatlemark var nemi hjá Guðmundi og Gestis þegar þeir voru með stofu saman. Hún kom aftur eftir nokkurt hlé til þess að ljúka námi. Ég man ekki hvort hún lauk prófi.

Er retouche-vinna ennþá við lýði hjá Gestis og Guðmundi þó svo brátt dragi úr slíku?

Já, já.

Hvenær gerist það?

Það er þegar filmurnar fara að minnka. 120 filmuna er svo lítið hægt að retouchera í negatífi. *Var þetta þá fyrst og fremst negatíf-retouche?*

Já, mun minna á myndunum sjálfum. Allt var lagað. Dökkur blettur var t.d. raderaður, eins og það var kallað, þ.e. skafinn í burtu með beittum hníf. Ef manni varð á að vera of harkalegur í raderingunni á filmunni var það lagað á myndinni með pensli eða blýanti. Hvítir blettir voru yfirleitt lagaðir með blýanti eða pensli. Þetta var einnig

svona hjá Sigurði Guðmundssyni. Ef filma var vel retoucheruð þurfti lítið sem ekkert að eiga við myndina. Mynda-retouche var því ekki nauðsynlegt nema filmu-retouche væri ekki í lagi. Aðaláherslan var á filmu-retouche. Þetta var auðvitað hægt að gera bæði vel og illa, það gat farið eftir fólki. T.d. þurfti sjaldan að líta á mynd sem Sigurður Stefánsson, sem var í negatíf-retouchi hjá Guðmundi, hafði retoucherað.

Retouchinn dettur svo út með smækkuðum filmum. Hjá Sigurði voru notaðar 4 x 5" filmur, bæði glerplötur og blaðfilmur. Þetta var hægt að retouchera negatíft með tiltölulega góðu móti þar sem andlitið er þá nægilega stórt til að greina í því skýra drætti. Þegar filman verður aftur á móti svo smá að mannsandlit er á stærð við litlafingursnögl þá er lítið hægt að gera. Það kom því af sjálfu sér að retouchinn færðist meira yfir á myndirnar. Í dag eru þó sumir sem kunna alls ekki að retouchera.

Þekktir þú Óla Pál eitthvað?

Nei, voðalega lítið. Hann var mjög nákvæmur, jafnvel svo mjög að nálgadist fullkonnunaráráttu. Ég hef séð að hann retoucheraði t.d. í 6 x 6 filmur. Hann hefur þá verið með stækkunargler og svo sérstakan retouche-spegil sem titraði þannig að mannshöndin þyrfti ekki að vera á sífelldri smáhreyfingu eins og hún varð að vera venjulega við retouche-vinnu. Með svona spegli þurfti bara að drepa niður pensli.

Finnst þér staðsetning ljósmyndastofanna skipta máli varðandi vinsældir þeirra?

Já, ég held það. Langbest er að vera á jarðhæð, eins og Gestur var og núna Þórir Óskarsson sem er nokkuð vel staðsettur [Ljósmyndastofa Þóris sem var við Rauðarárstíg]. Hörður Hákonarson, sem er með Nýju myndastofuna við hliðina á Máli og menningu á Laugaveginum, er með mun síðri staðsetningu með því að vera uppi á fjórðu hæð. Hörður lærði hjá Guðmundi og við stofnuðum Nýju myndastofuna í sameiningu, ég og hann.

Hvar rákuð þið þessa stofu?

Á Laugavegi 43b, í litlu bakhúsi rétt hjá versluninni Vínberinu.

Höfðuð þið reksturinn saman lengi?

Nei, það var frekar endasleppt. Hann hélt svo áfram að reka stofu undir þessu sama nafni. Hann var nokkur ár á Laugavegi 43b, fór svo niður á Skólavörðustíg en keypti svo plássið sem stofan er í núna á Laugaveginum.

Við fórum út í þennan stofurekstur eftir að ég

hætti hjá Gesti, hvort ég var búinn að vinna eitthvað hjá Landsbókasafni í millitíðinni man ég ekki. Ætli það hafi ekki verið í u.þ.b. eitt ár sem við rákum stofuna saman. Við vorum bara tveir og höfðum engar aðstoðarkonur.

Hvað um strauma og stefnur frá útlöndum í faginu og hvernig var umræðan um slíkt milli nema og ljósmyndara?

Við fengum fagtímarit frá Norðurlöndunum [á stofuna til Sigurðar] og gátum þar skoðað ýmislegt. Þar var mest fjallað um fagið sjálft en ef maður vildi kynna sér einstaka ljósmyndara gat maður fengið bækur um þá til að skoða stíl þeirra, en lítið var um slíkt í þessum Norðurlandablöðum á þeim tíma. Þetta voru þó gagnleg blöð þrátt fyrir það. Svo ræddu menn einnig sín á milli — manni fannst kannski einn ljósmyndari betri en annar eða þessi varðandi ákveðin atriði en hinn í sambandi við önnur. Þ.e. einn var kannski góður í landslagi, annar í því sem í dag er kallað borgarlandslag. Sumir höfðu sérgrein, t.d. landslags-, brúðar- eða barnamyndir.

Lögðu menn þá listrænt mat á gæði einstakra ljósmyndara eða eftir hverju voru þeir metnir?

Það er erfitt að segja. Ætli það sé ekki eins og með bílana, sumum finnst ein tegund betri en önnur... Þeir voru allir mjög svipaðir þessir íslensku, maður sér það bara á myndum frá þeim að þeir hafa smitast hverjir af öðrum þó að í sjálfu sér sé ekki hægt að tala um stælingu, a.m.k. miðað við það sem ég hef séð. Hver hafði sinn stíl og reyndi að gera sitt besta.

Hvernig birtist þá „smitið“? Gætirðu útskýrt það nánar?

Það var aðallega í uppstillingum og lýsingu.

Heldurðu að það megí ganga svo langt að tala um íslenskan skóla í ljósmyndun?

Ég er ekki viss um það. Það er kannski hægt í dag en ekki á því tímabili sem hér um ræðir [þ.e. 1950-70].

Hvað með áhrif frá ljósmyndasýningum?

Maður náttúrulega smitaðist aðeins og fékk innblástur en það var ekki mikið meira held ég. Maður hafði í rauninni svo lítinn tíma til að leika sér. Það var bara námið og vinnan.

Hvaða sýningar voru það?

Það voru sýningarnar Family of Man og sýning Ljósmyndarafélags Íslands í Listamannaskálanum 1961. Ég byrjaði ekki að læra fyrr en 1957 og fylgdist ekkert með því sem var á seyði fram að því.

Ef við athugum sérstaklega sýninguna Family of Man, hver fannst þér áhrif hennar vera?

Þetta var farandsýning, fór um allan heim og hafði áhrif alls staðar. Hún kom hingað skömmu eftir að ég byrjaði í faginu, ég hafði byrjað í júní en þetta var um haustið 1957. Sýningin hefur sennilega skilið eitthvað eftir í hugum ljósmyndaranna hérna. Ef til vill hefur hún vakið upp meiri fjölda áhugamanna en áður. Mig minnir að flestar myndirnar á sýningunni hafi verið eftir blaða-ljósmyndara.

Hvernig myndirðu meta áhrif erlendis frá á þig persónulega?

Ég held að ég hafi ekki orðið sérstaklega fyrir þeim en það var nokkur straumur frá Norðurlöndunum en margir, sérstaklega þessir eldri meistarar, lærðu þar. Þ.e. voru t.d. í námi hér heima fyrst en fóru svo út í eitt eða tvö ár til að bæta við sig og náttúrulega komu þeir með eitthvað nýtt, þá í myndatökum, uppstillingum, lýsingu. Sumt kemur ekki í ljós alveg strax, þetta seytlar inn í huga manns á löngum tíma.

Hvað varðar áhrif frá Norðurlöndunum, gætirðu greint áhrif frá einhverju einu þeirra umfram önnur?

Nei, ég held ekki. Mér finnst kannski að margir danskir ljósmyndarar hafi verið góðir í portretti. Svíar voru aftur á móti mikið í auglýsingamyndum. Það voru feðgar man ég með stórt og mikið húsnaði svo að þeir gátu keyrt heilu bílana inn, t.d. Volvo alveg inn í ljósmyndastofu. Aðrir voru með minna umleikis, t.d. sérhæfðir í landslagsmyndum. Enn aðrir voru eingöngu í barnamyndatökum og fundu sér einhvern stíl þar. Þá voru Norðmenn einnig í portrettljósmyndun mikið en mér fannst Danirnir betri á því sviði. Finnar voru nú hálf skrátnir fannst mér og eru enn — fyrir nú utan málið sem ekki er hægt að lesa.

Hvað finnst þér um landkynningarbækur með myndum af Íslandi?

Þær eru margar góðar en þær sýna náttúrulega bara glanssvip af landinu og bara eitt tímabil, ekki neina heildarmynd. Það má nú sýna Ísland í vetrarbúningi finnst mér, hingað koma ferðamenn allt árið.

Hver var þátttaka þín í Ljósmyndarafélaginu?

Hún var ekki mikil. Aðallega fyrstu árin. Svo datt ég út úr því í eins konar sjálfskipaða útleigð ef svo má segja því að árgjaldið var eitthvað vissst en svo stakk einhver upp á því að hækka það og það varð svo himinhátt en til stóð að nota þá peninga sem þannig komu inn til þess að auglýsa sameiginlega,

t.d. á fermyngar- og stúdentatímabilum. Síðan þá hef ég ekki verið í félaginu.

Hvaða ár gekkstú úr Ljósmyndarafélaginu?

Ég gekk ekki úr félaginu, heldur fjarlægðist það smátt og smátt.

Í hverju fólst starfsemi félagsins meðan þú varst enn viðlöðandi?

Það var árshátíðin man ég sem maður mætti stundum á og svo náttúrulega fundirnir. Það voru aðalfundir og svo fræðslufundir þar á milli sem maður reyndi að mæta á.

Ég man eftir einum fundi þegar menn voru að byrja að nota flöss á stofu, þá kom maður með flöss að utan og menn fengu að prófa. Þetta voru s.k. stúdíóflöss en fólk var hálf-hrætt við þetta og hélt að það myndi ekki ná eins miklum blæbrigðum með þeim ljósum eins og gömlu ljósum en ég held það hafi verið óþarfa hræðsla því þetta er líka hægt með flössunum. Menn geta tekið góða mynd þó ekki sé nema með einni peru.

Félagið hefur þá að einhverju leyti verið vettvangur til að kynna nýjungar?

Já, já, en ég held að ég hafi nú bara mætt á þennan eina með flössin. Svo stungu menn nú saman nefjum ef þeir hittust undir vegg, þá var spjallað um ýmislegt, einnig á félagsfundunum þar sem ýmislegt var talað um annað en það sem sagt var í pontu enda sú umræða oft frjórri en hin.

Hvert var viðhorf þitt til áhugaljósmyndara (eins og Guðna Þórðarsonar og Kjartans Ó. Bjarnasonar)?

Þeir voru að vísu hvor á sínu sviði. Guðni var blaðamaður og fréttaljósmyndari. Hinn var meira í kvikmyndum og var að taka alls konar myndir, t.d. af hátíðahöldum 17. júní og af íþróttamótum, einnig eitthvað af landkynningarmyndum. Svo var hann að sýna þetta erlendis. Ég veit að hann var eitthvað að sýna fyrir Guðrúnu Brunborg sem var að safna peningum fyrir íslenska námsmenn í Noregi minnir mig.

Hvað fannst þér um störf slíkra manna í faginu?

Manni fannst þeir náttúrulega svolítið vera að taka af okkur og satt að segja var meistaranum mínum voðalega illa við þá sem hann kallaði „amatöra“. Ég vissi um það því Sigurður var formaður félagsins meðan ég var í námi og í mörg mörg ár. Þá komu menn til hans með myndir frá þessum áhugamönnum og voru þá að kvarta við Ljósmyndarafélagið um einhverja þeirra. Þessir viðskiptavinir höfðu fengið þetta ódýrara en hjá atvinnuljósmyndurum en um leið verri vinnu og voru vissulega óánægðir með það. Það var þá um

slæma vinnu og frágang að ræða, t.d. illa fixerað og myndirnar byrjuðu þá að gulna eftir stuttan tíma. Sumir skiluðu verkum ekki af sér fyrr en eftir dúk og disk, stundum aldrei, eins og kom fyrir. Þetta voru þá menn sem áttu myndavélar og þóttust geta tekið myndir.

Voru áhugamennirnir eingöngu dökkur blettur á ljósmyndasögu þessa tímabils?

Nei, ekki var það alslæmt því margir voru flinkir og góðir. Ýmsir litlir ljósmyndaklúbbar voru með sýningar sem voru þá afrakstur einhvers árabils. Þeir voru þá oft með einhverjar tilraunir og sýndu þá hvað þeir höfðu verið að gera. Svo gat það gerst í sumum tilfellum að það vaknaði það mikill áhugi hjá þeim að þeir fóru að læra og gerðust atvinnuljósmyndarar. Það hafa nokkrir gert það. T.d. voru þeir þá í ein þrjú, fjögur, fimm ár sem áhugamenn og komust eftir það að hjá meistara.

Þeir sem eru áhugamenn hafa meiri tíma til að velta sér upp úr hlutunum, t.d. er Hjálmar Bárðarson flinkur í fuglamyndum og landslagsmyndum. Einnig Rafn Hafnfjörð sem líka hefur tekið mikið af landslagsmyndum. Björn Rúriksson tekur loftmyndir úr flugvél.

Hvernig var svo gangur mála hjá þér eftir að meistaraáfanganum var náð?

Maður fylgist náttúrulega með og les sér til í bókum og tímaritum. Núna er maður aftur á móti kominn í grúskið á Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar þar sem ég vinn núna, sem er mjög áhugavert líka.

Hvers konar bækur og blöð lestu nú, eru það Norðurlandablöðin áfram?

Eftir námið fór maður að hugsa sjálfstætt og kaupa sér lesefni annars staðar frá, þ.e. Englandi og Ameríku. Svo fékk maður að glugga í allt öðruvísi bækur og blöð hjá kunningjunum. Hjá mér er lesturinn á þessum Norðurlandablöðum nokkuð bundinn við náms-tímamann. Sem formaður Ljósmyndarafélagsins fékk Sigurður Guðmundsson blöðin send og hjá honum var því blaðsafn félagsins.

Voru tengsl þín við önnur lönd þá meira við hin enskumælandi en Norðurlöndin eftir að námi lauk?

Já, ég hef mest keypt af bókum á þeirri tungu. Líklega hef ég gert meira af því að kaupa breskar bækur. Mér finnst það meira spennandi, sérstaklega bækur um gamlar myndir.

Ég hef nú ekki verið áskrifandi að fagtímaritunum heldur fremur keypt svona eitt og eitt ef það er einhver grein sem maður hefur áhuga á. Sumt er maður smeykur við og er svo mikil framúrstefna

að maður kann ekki að meta það.

Hver voru störf þín að loknu námi?

Eftir meistaraþróf vann ég á myndadeild Landsbókasafnsins í 7 ár frá 1965 eða 1966 til um 1971. Þar var maður við myndatökur á handritum og svoleiðis. Það var ágætt að kynna því, þar gilda önnur vinnubrögð þar sem ekki eru andlit heldur dauðir, flatir hlutir. Eftir það vann ég frekar einhæfa vinnu við framköllun hjá Hans Petersen. Þar var ég þó í 15 ár. Um 1978-1980 vann ég á Ljósmyndastofunni Asis en fór að lokum til Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Ef þú lítur nú til baka yfir tímabilið 1950-1970 hvað finnst þér um það?

Það var að mörgu leyti skemmtilegur tími. Það var mikið á seyði og mikið að gera hjá flestum ljósmyndurum og nýjungar að koma. Síðan þá hefur hver nýjungin rekið aðra, bæði hvað varðar tækniatriði, efni og filmur. Sumir segja að það sé ekkert gaman lengur að taka myndir þar sem allt sé orðið tölvuvætt og stafrænt.

Finnst þér þú geta greint einhverja drætti eða þróunarlinur á þessu tímabili varðandi myndefnið sjálft?

Nei, nei, sennilega vegna þess að á seinni hluta þessa tímabils er ég kominn í frekar einhæfa vinnu á Landsbókasafninu. Maður reyndi nú samt að fylgjast með í gegnum blöð og bækur. Í raun vantar ljósmyndabókasafn þar sem hægt er að líta inn og glugga í lesefni um fagið.

Varðandi þínar eigin myndir, leggurðu þá mikla áherslu á listrænt gildi þeirra eða hvaða mælikvarða hefurðu á þær?

Ég er nú kannski ekki maður til að dæma um það. Það er svona ein og ein sem gæti sómt sér uppi á vegg.

Varstu einhvern tíma meðvitaður um sögulegt gildi einhverra mynda sem þú tókst þegar þú varst að taka þær?

Sjaldnast er maður að hugsa út í það þegar maður er að taka fréttamyndir. Hins vegar er sagnfræðilegt gildi slíkra mynda fljótt að koma í ljós. T.d. er ég núna að skrá myndir sem Jim Smart tók eftir 1980 og hafa nú þegar sögulegt gildi, svo sem af Kveldúlfshúsunum við Skúlagötu, tónleikum Bjarkar á Melavelli o.fl. Aftur á móti man ég eftir einu tilviki þegar ég vaknaði til slíkrar meðvitundar. Um var að ræða hús sem tengist mér persónulega en ég held að í og með hafi ég velt fyrir mér að þetta hús ætti eftir að hverfa og tók því mynd af því.

Hefurðu sjálfur ákveðið sérsvið innan ljósmyndunarinnar?

Það held ég ekki. Að vísu þykir mér gaman að leika mér að formi og mótívi. Einna helst úti í náttúrunni, þar finnast oft skrytnir karlar þó maður hafi nú ekkert verið að elta þá uppi sérstaklega. Maður ræður ágætlega við það, þarf ekki að færa neitt til nema sjálfan sig eftir birtunni og sér hvað maður finnur út úr því.

Jú, svo er nú gaman að mynda börnin, svona upp að tíu ára aldri, þá fara þau að verða meðvituð og feimin og vita af sér.

Ef við snúum okkur aftur að námstímanum og Sigurði. Er ef til vill eitthvað skemmtilegt sem þú getur sagt okkur frá þeim tíma?

Jú, hann kom örsjaldan fyrr en um hádegi. Mætti kannski um hálf ellefu en fór svo aftur en yfirleitt var hann við alveg eftir hádegi. Ef hann var í góðu skapi kom hann blístrandir og kátur. Hann var með klumbufót og maður heyrði alltaf þegar hann var að koma upp stigann því hann hengdi stafinn sinn á handlegginn og svo slóst stafurinn við vegginn þegar hann kom upp því þetta var í þröngu húsnaði á Laugavegi 2, uppi á lofti.

Það var oft glatt á hjalla, sérstaklega í kaffinu. Ég man eftir því einu sinni þegar ég mæti eftir helgi að ég tek eftir sterkri málningarlykt en ekkert virðist hafa verið málað inni. Eftir að ég hengi upp frakkann minn og fer að nálgast myrkrakompuna eykst lyktin en þegar ég kem þangað inn sé ég að allt er þar málað, þar með talið vinnuskáparnir þar sem þeir voru hálf blautir. Svo kom Sigurður eftir hádegismatinn og spurði hvort okkur þætti þetta ekki fint og við héldum það nú. Þá hafði hann ásamt Óskari Gíslasyni verið að skemmta sér kvöldið áður og verið að leita að einhverju inni í skáp inni í myrkrakompu. Meðan þeir voru að því helltist úr einhverri málningardollu sem þar var þannig að þeir urðu að gera svo vel að mála út og hafa snör handtök. Það tók svo heila innréttingu að draga úr málningunni. Þetta var gömul eldhúsinnrétting, þannig að þarna voru neðri skáparnir málaðir og alveg í kringum vaskinn og svo fyrir ofan. Þetta var grá málning sem ég man vel eftir.

Það kom eitt sinn fyrir Sigurð er hann var að mynda á tékkneskri vörusýningu sem haldin var í portinu hjá Austurbæjarskólanum sem byggt var yfir og gert að sýningarhöll. Ég fór með Sigurði að mynda þarna nokkra morgna en sýningin opnaði ekki fyrr en eftir hádegi. Eitt skiptið þegar Sigurður er búinn að mynda allnokkra sýningargripi sé ég að ekki er alveg allt í lagi og átta mig svo á því að hann

hefur gleymt að taka linsulokið af vélinni. Ég gekk til hans svo lítið bæri á og sagði honum frá þessu en hann tók þá bara lokið af og hélt áfram að mynda eins og ekkert hafi í skorist — fór svo bara annan hring og myndaði þá það sem hann hafði byrjað á með lokið fyrir. Ég var þá eins konar handlangari fyrir Sigurð, hélt á töskunum og svoleiðis.

Á þessari sömu sýningu hafði ég horft á myndavél nokkra girndaraugum og sýningardama nokkur hafði tekið eftir því. Svo þegar sýningin er opnuð og Ásgeir Ásgeirsson forseti mætir þangað tekur stúlkan sig til og gefur Ásgeiri vélna.

Einu sinni lenti ég sjálfur í því að kona kom með drenginn sinn í myndatöku sem hún hafði ákveðið í skyndingu. Barnið grét hins vegar allan tímann þannig að á endanum fór konan bara með hann út. Ég fór hins vegar að hugsa það eftir á að við vorum svona „professional“ í hvítum sloppum — líklegast hefur ljósmyndastofan virkað eins og læknastofa á barnið.

Þessi tæki og tól á stofunni gátu nú verið til ýmissa hluta nýtsamleg. Einn af þeim sem var í læri hjá Sigurði notaði til dæmis límpressuna til að pressa bindið sitt þegar hann var að fara á bíó. Hann steinkaði það aðeins og lét það svo vera í pressunni í 5-10 mínútur. Menn björguðu sér svona.

Hvað um tækin og tólin á myndastofu Sigurðar?

Vélin sem var á stofunni, þegar ég var þar, var dönsk og þannig að það var hægt að skipta plötunni í fjóra parta eða tvo hluta eða nota hana heila. Þ.e. þarna var þrenns konar nýting. Hægt var að taka almynd af manneskju á heila plötu, brjóstmynd á hálfu og passamyndir ef henni var skipt í fjóra parta.

Vélarnar sem við tókum með okkur út voru aftur á móti þýskar, Zeiss Ikon og Voigtländer 120, 6x9 og 6x6 útdregnar belgvélar.

Hvaðan voru vélarnar í bransanum almennt ættaðar?

Mest þýskar held ég og svo amerískar eða enskar, þ.e. frá Kodak á þessum tíma. Linsur voru oft þýskar, einnig amerískar. Glerplöturnar fengum við frá Kodak í Englandi, ljósmyndapappírinn líka. Svo var einstaka pappirstegund frá Þýskalandi, Agfa, Argenta og Leonar.

Varðandi tukur Sigurðar fyrir Þjóðviljann þá hafði hann gert ákveðinn samning við blaðið um að undir hverja mynd frá honum var skrifað „Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar“. Ef blaðamönnunum láðist hins vegar að setja einkennisstafi stofunnar undir myndir rukkaði hann inn helmingi hærra gjald fyrir þær. Ég man ekki eftir nema einu tilfelli meðan ég var hjá honum

sem það gerðist. Í rauninni var þessi undirskrift myndanna ágætis auglýsing fyrir Sigurð og stofuna. Ef Sigurður vildi að mynd prentaðist vel í blaði skyldi hún vera staðsett í neðri hluta þess þar sem þar prentaðist ávallt betur en ofar. Stundum voru þannig myndir af útifundum yfir heila opnu, en neðst í blaðinu.


Það voru oftast en ekki nemarnir sem tóku þessar myndir en einnig fór hann stundum sjálfur út, sérstaklega á kvöldin, t.d. á fundi niður á Hótel Borg. Eitt skiptið fór Sigurður ásamt blaðamanni Þjóðviljans austur á Þingvöll. Það var 4. júlí og ægilegur hasar út af því að hermennirnir, „verndararnir“, sunnan af velli fengu að halda sína Þjóðhátíð þar. Það eru til myndir af því í Þjóðviljanum. Daginn eftir þetta kom blaðamaðurinn til Sigurðar á stofuna og þeir voru alveg eins og tveir strákar sem höfðu verið að prakkarast en ekki náðst. Þá áttaði ég mig á því að þeir höfðu farið austur til að taka myndir af þessu. Nokkrum vikum seinna fengum við á stofunni sérstakt boð um að fara suður á völlum og taka myndir við hershöfðingjaskipti og Sigurður og blaðamaðurinn tilnefndir sérstaklega en þeir þorðu ekki að fara og sendu mig í staðinn. Við fórum nokkrir saman frá nokkrum blöðum í leigubíl og þegar ég kynnti mig fyrir bandaríska blaðafulltrúanum var ég einhvern veginn tekinn út úr og mátti næstum fara hvert sem var en þó innan vissra marka og bauðst hjálp ef eitthvað vantaði. Síðar áttaði ég mig á að þetta var allt í sambandi við 4. júlí.

Hversu marga nema heldurðu að Sigurður hafi haft í gegnum tíðina?

Ætli þeir hafi ekki verið upp undir 20 allt í allt. Það er til mynd af þeim sem var tekin í fermingarveislu hjá dætrum hans. Við vorum allir nemarnir þar, líklega svona 12-15. Kona Sigurðar lærði líka hjá honum. Líklega hafa svona fjórar konur lært hjá honum en allt hitt verið karlar. Það voru Hannes Pálsson, Guðmundur Erlendsson, Gestur Einarsson, Stefán Pedersen, Oddur Ólafsson, ég, Guðrún Markúsdóttir ef ég man rétt og Lísa Markúsdóttir systir hennar og mágkonan sem ég man ekki hvað hét og svo konan hans Elinborg. Það voru eingöngu karlarnir sem voru sendir út til að mynda fyrir Þjóðviljann.

Líklega komu þrír nemar á eftir mér hjá Sigurði, Óskar Björgvinsson, danskur tengdasonur og sá síðasti var barnabarnið hans, Inga Hrönn.

Á þeim tíma þegar þú ákvaðst að gerast nemi hjá Sigurði, um hversu marga aðra var þá að ræða sem tóku nema?



Sigfús Elíasson skáld árið 1966, eftir Donald Ingólfsson. Safn GE 3764, Þjms.

Ég vissi það aldrei. Sennilega hafa flestallir ljósmyndarar verið jákvæðir í sambandi við það. Þeir sem ég man eftir með nema voru Guðmundur Hannesson, Loftur og Asis. Líklega hafa þó allir getað tekið nema. Kaldal tók þó yfirleitt ekki nema.

Var straumurinn þá á einhverja ákveðna staði?

Nei, það held ég ekki, en Sigurður var með flesta í gegnum árin og Guðmundur Erlendsson sem var gamall nemi hans og ég held að Guðmundur hafi átt metið.

Var farið í einhverjar myndatökuferðir frá stofu Sigurðar? Ef svo var hvernig var þeim háttað?

Sigurður fór að minnsta kosti tvær ferðir í Neskaupstað. Þær ferðir fór hann einn. (Líklegast fór hann einn vegna þess að hann fékk gistingu hjá frændfólki og því sjálfsagt óþægilegt að hafa aukamannskap.) Hann var þá í eina viku til tíu daga í senn. Ég fór einu sinni með honum til Keflavíkur og fékk hann þar inni í Sjálfstæðishúsinu. Hann auglýsti áður en hann lagði af stað og var

svo 2-3 daga í Keflavík. Í ferðinni voru teknar hefðbundnar myndatökur, svo sem passamyndir, portrett, fermingar- og brúðhjónamyndatökur.

Þú nefndir að efnin hefðu ýmist verið keypt hjá apóteki eða heilðsölum. Af hverjum keyptu menn tækin og pappírinn? Það var keypt af heilðsölum, t.d. Hans Petersen, Gevafoto og Stefáni Thorarensen.

Var Sigurður með fleiri aðstoðarkonur en þá sem var í afgreiðslunni?

Nei. Hann var heldur ekki í neinni amatörþjónustu.

Voru ljósmyndarar á Reykjavíkursvæðinu lítið í slíku?

Það var helst Óskar Gíslason, en þá sem starfsmaður hjá Stefáni Thorarensen. Þetta er ólíkt því sem er á Akureyri þar sem framköllun fyrir almenning fór fram inni á ljósmyndastofunum en framköllunarþjónustur mynduðust ekki utan stofanna.

Hvað með handritaðar landslagsmyndir. Var Sigurður í einhverri framleiðslu á þeim?

Ekki til að selja, held ég. Það var aðallega eftir pöntun sem slíkt kom upp og þá ekki landslagsmyndir heldur andlitsmyndir eingöngu. Hann

var að mestu sjálfur í handlituninni. Það var helst að þetta kom upp að beiðni viðskiptavinarins ef um landslagsmyndir var að ræða og þá sem eftirtökur. Fólk vildi fá þetta litað.

Hvernig litir voru notaðir í þetta?

Það voru oliulitir. Klípur af hverjum lit voru settar á litaspjald, baðmull snúið á endann á eldspýtu eða tannstöngli, dýft í litinn og strokið í myndina. Annar baðmullarhnoðri var hafður tiltækur til að dreifa lit eða jafna hann út ef um stór svæði var að ræða. Í stöku tilfellum, t.d. í kringum augu ef um andlitsmynd var að ræða, var notaður blýantur, sérstakur litblýantur.

Þessi aðferð var ekki kennd sérstaklega heldur lærði maður eftir því sem það kom upp. Þetta fór eitthvað eftir því hvað menn voru handlagir og fljótt að tileinka sér þetta. Ég man eftir því að Hannes Pálsson, nemi Sigurðar, var mikið í að handlita myndir. Hann fór gagngert út á land, aðallega á sínar heimaslóðir fyrir vestan, og tók þá landslagsmyndir þar og handlitaði þær. Einnig tók hann nokkuð af svokölluðu borgarlandslagi, t.d. af Tjörninni hér í Reykjavík.

Varðandi Asis, hvernig atvikaðist það að þú keyptir stofuna? Valdir þú hana sérstaklega eða völdu þær á Asis þig til að taka við henni?

Þær völdu mig.

Keyptir þú þá af þeim filmusafnið og allt saman?

Já.

Eftir að þú keyptir Asis, var þá einhver ásókn í gamla filmusafnið?

Já, já. Það var alltaf einhver hreyfing á því.

Hversu stórt er þetta filmusafn?

Það eru um 63 þúsund númer en konurnar ráku stofuna frá 1947 til 1979. Þá tek ég við og er til 1981.

Kynntistu konunum á Asis við yfirtökuna á ljósmyndastofunni?

Ég var búinn að vita af þeim en líklega hef ég kynnt þeim aðeins betur þá. Maður þurfti að fara oft til þeirra að ræða málin.

Hvenær heldur þú að blómatíminn sé hjá Asis? Var farið að halla undan fæti þegar þú keyptir stofuna?

Já, það var farið að halla undan fæti þá. Annars hafði verið stöðugur uppgangur hjá þeim nær allan tímann. Þær voru svo vinsælar. Það voru þá aðallega stúdentamyndir, einstaklingsmyndir sem þær voru mjög flinkar í og höfðu mikið að gera í tengslum við. Svo voru náttúrulega passa myndir.

Þegar ég tók við voru þær komnar með polaroid-

útbúnað á vélina svo þær gátu afgreitt myndirnar strax. Það var bæði litur og svart-hvitt. Þær notuðu þó aðallega svart-hvitt en ég notaði litinn þegar ég tók við.

Finnst þér þær á Asis hafa verið flinkir ljósmyndarar?

Já, þær voru það. Þar var alveg ákveðin verkaskipting við lýði meðal kvennanna þriggja á stofunni. Ein var í myndatökunum, ein í retouche og ein í myrkrakompunni. Þær gátu þó líka hlaupið hver í annarrar verk ef því var að skipta. Ég man að Ingibjörg, Ibí eins og hún var kölluð, var mikið í retouchinum þó þær gætu allar gripið í þetta.

Hafðirðu eitthvert samband við þær á Asis áður en til eigendaskiptanna á stofunni kom?

Nei, ekki nema bara í gegnum fagið.

Ein þeirra er enn á lífi, Jóhanna Sigurjónsdóttir (Adda). Ég held að hún hafi lært í Bandaríkjunum.

Varst þú með starfsmann meðan þú rakst stofuna?

Nei, ég var einn. Það var ekki það mikið að gera á þeim tíma sem ég tók við þessu. Stofan var þá á Laugavegi 13.

Þegar þú hættir rekstrinum — var það vegna lítils markaðar eða hvernig atvikaðist það?

Það var litill markaður. Litmyndatökur voru að verða vinsælar þá og það þurfti þó nokkurt fjármagn til að koma upp aðstöðu fyrir lit, þ.e. bæði í myrkrakompu og í myndatökum. Auk þess var húsnæðið óhentugt, var á annarri hæð. Ég rak stofuna á árunum 1979-1981.

Ef þú lítur yfir þennan tíma 1950-1970, finnst þér einn ljósmyndari hafa verið betri en annar?

Nei, það held ég ekki. Það var ósköp jafnt að gera hjá þeim mörgum hverjum. Sumir höfðu sín svið og aðrir fóru þá ekkert inn á þau. T. d. var Sigurður bæði í heimamyndatökum og svo á stofunni en svo var kannski annar aðallega í því að taka myndir úti í bæ og var minna á stofu eða hafði ekki aðstöðu á stofu. Líklega hefur verið einhvers konar þegjandi samkomulag um að menn færu ekki inn á svið hver annars. Þó var alltaf einn og einn sem impraði á því að mikið væri að gera hjá einhverjum öðrum í ákveðnum verkum og minna hjá sér. Þá fékk maður á tilfinninguna að einhver öfund væri í gangi. Ég man t.d. eftir einum sem ég hitti á förnum vegi og hann sagði þá við mig: „Þessi bara auglýsir og auglýsir og er kominn með spjald út á götu. Ég veit bara ekkert hvað ég á að gera!“ „Ger þú bara eins“, sagði ég. „settu spjald út á götu“. Síðan gerði hann það og ég hef ekki heyrð í honum vælutón um þetta síðan.

Sýndir þú á sýningu Ljósmyndarafélags Íslands 1961?
Nei, en aftur á móti sýndi ég einu sinni í Frakklandi, í Dordogne-héraði í Suður-Frakklandi. Þá var ég hjá Guðmundi. Hann fékk þá boð um að sýna en hann rétti mér það bara og ég sló til og sendi myndir og þeir völdu tvær þeirra til sýningar. Maður gat sent inn myndir í tvo flokka, svart-hvítar stækkanir og svo skyggjur og hver mátti senda inn fjórar myndir í hvorn flokk. Ég sendi inn í þá báða og þeir völdu svart-hvít portrett frá mér. Þetta er svona um 1963 eða 1964. Ég á sýningarskrána heima hjá mér og ég fékk þessar myndir sendar heim aftur. Maður sendi þeim myndirnar óupplýmdar og þeir settu þær upp á passepartout karton. Ég hef reyndar ekkert heyrt frá þeim síðan.

Fengu menn oft svona boð hér?

Já, já. En ég veit ekki hversu mikið menn nýttu sér þetta. Menn eru oft að gera hlutina á síðustu stundu þannig að tíminn er stundum útrunninn þegar menn ætla að fara að senda. Þetta þarf allt að senda út mánuði fyrir sýningu og allt þarf þá að vera klappað og kært.

Sýndu Gestur og Guðmundur eitthvað með Ljósmyndarafélaginu?

Mig minnir að þeir hafi báðir verið á stóru sýningunni 1961. Ég held að flestallir hafi verið með þá.

Þegar þú hugsar um þá sýningu, finnst þér þá eitthvað eitt vera eftirminnilegra en annað?

Það er þá helst stóra stækkunin hans Óskars Gíslasonar af Látrabjargi.

Þú minntist á að lítill tími hafi gefist til að „leika sér“ með myndavélina. Fannst þér litið á slíkt sem einhver svik við hina almennu vinnu í faginu? Var þetta mjög aðskilið?

Nei, ég held bara að það hafi verið svo lítill tími.

Maður var á fullu í að mennta sig í þessu en gat kannski gripið myndavélina með sér þegar maður fór út í hádeginu og gat þá leikið sér, niðri á Tjörn eða niðri við höfn. Svo fékk maður æfingu í því að framkalla þessar filmur og stækka þær myndir sem svona urðu til. Þetta kom svona jöfnum höndum með hinu.

Nú verður mikill rígur milli atvinnu- og áhuga-ljósmyndara á tímabili og mikil harka hjá Ljósmyndarafélaginu. Telurðu að atvinnumennirnir hafi þá óttast um eigin hag? Af hvaða toga heldur þú að sá rígur hafi verið?

Það hefur kannski verið það svona í og með en svo hafa þeir verið hræddir um að áhugamennirnir skemmdu fyrir atvinnumönnum, þ.e. orðstír þeirra sem atvinnumanna þar sem upp höfðu komið dæmi um fúskvinnubrögð af hálfu áhugamanna.

Ég man eftir því að einu sinni spurði Leikfélag Kópavogs út í verð og annað varðandi hugsanlegar myndatökur mínar á leiksýningu, en myndirnar áttu svo að fara í útstillingu. Að hætti Sigurðar Guðmundssonar gaf ég þeim upp lágmarksverð en þeir þökkðu gott boð og leitðu annað. Það var maður sem var farinn að taka myndir fyrir Alþýðublaðið. Eftir svona hálfan mánuð í sýningarkassa niðri í Austurstræti fóru myndirnar að byrja að gulna vegna þess að þær voru illa fixeraðar. Sennilega hefur UHU-lím verið notað til að líma myndirnar á pappaspjöldin!

Voru dæmi um að áhugaljósmyndarar gerðust svo atvinnumenn?

Ég man eftir einu tilfelli, en það var Kristján Magnússon sem byrjaði sem áhugamaður en ég held þó að hann hafi verið vandvirkur frá upphafi. Hann var búinn að stunda ljósmyndarastörf sem áhugamaður í nokkurn tíma þegar hann hóf nám í faginu.

Leifur Þorsteinsson

f. 27. 11. 1933*

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að læra ljósmyndun?
Ætli það hafi ekki verið vegna þess að ég nenni ekki að verða kennari en ég var í þannig námi, eðlis- og efnafræði í Kaupmannahafnarháskóla, að ég sá ekki fram á annað en að verða menntaskólakennari eða eitthvað því um líkt.

Hvernig stóð á því að þú fórst til Danmerkur?

Þá var ekkert eðlis- og efnafræðinám við háskólann hér og ég fór bara út. Ég kláraði hluta af náminu, eða ein þrjú ár.

Hvers vegna skiptirðu yfir í ljósmyndun?

Ég hafði haft ljósmyndun að áhugamáli og ég var inni í öllu mögulegu varðandi myndagerð. Konan var á Kunsthåndverkskólanum í grafískri hönnun og ég þekkti svolítið til í þeim kreðs.

Hvenær ferðu að fást fyrst við ljósmyndun sem áhugamaður?

Ætli ég hafi ekki verið 12 ára þegar ég fór að framkalla fyrst. Ég fór þá fyrst og fremst eftir bókum en hafði engan leiðbeinanda. Í Sportvöruhúsinu voru seld „amatörkit“. Það voru kemikalíur, pappír, kopíeringskassi og svoleiðis. Bræðurnir í Sportvöruhúsinu voru mjög hjálplegir.

Ég hafði þá ekki nein tengsl við aðra ljósmyndaáhugamenn. Ég hafði ekki hugmynd um að það væru til neinir amatörljósmyndarar. Var bara að þessu að gamni mínu. Ég leitaði heldur ekki til atvinnuljósmyndara, mér hugkvæmdist það ekki, þekkti engan. Það er rétt upp úr stríði sem ég byrja á þessu. Það þorði enginn að taka ljósmynd meðan á stríðinu stóð enda var það bannað að mestu leyti.

Hversu langt gastu komist í faginu upp á eigin spýtur?

* Guðrún Harðardóttir og Ívar Brynjólfsson tóku viðtal 2. 7. 1997 og Guðrún tók framhaldsviðtal 4. 3. 1998. Viðtölunum var svo steypt saman að mestu. Leifur fékk viðtalið til yfirlestrar og svaraði um leið nokkrum aukaspurningum skriflega.

Maður framkallaði bara filmur og kontaktkópíur af þeim. Ég tók myndir af öllu milli himins og jarðar. Ég á t.d. enn örfáar negatífur og svo kópíur af síldarævintýrinu 1947 hér í Hvalfirði. Þá tók ég myndir af bátunum sem lágu í höfninni.

Það hefur þá ekki hvarflað að þér að læra ljósmyndun fyrir en eftir þessi þrjú ár í eðlis- og efnafræðinni?

Nei, nei. Þannig er mál með vexti að þarna við Kaupmannahafnarháskóla var næstum ómögulegt að fylgjast með fyrirlestrunum sem fóru fram á Polyteknisk Institut, við Sölvgade, það voru svo margir nemendur, um 2-300 manns í salnum og þetta var dálítið skrytinn kennsla.

Hvar lærðirðu svo ljósmyndunina?

Námsskipulagið er svipað og hér og ég þreifaði bara fyrir mér og gekk á milli manna. Það var nú ekkert stórmál að komast að sem nemi, ég fékk t.d. vinnu hjá meistaranum mínum, Jan Seltzer-Madsen, til hliðar við námið út á þessa eðlis- og efnafræðimenntun mína. Hann rak nefnilega litvinnustofu „colorlab“. Það var haustið 1958 sem ég fer yfir í ljósmyndanámið.

Var litvinnustofan, sem Seltzer-Madsen rak, fyrir aðra ljósmyndara eða almenning?

Þetta var fyrst og fremst fyrir aðra ljósmyndara, svokallað „proffalab“. Almennigur kom líka inn af götunni og bað um að fá framkallað en þetta var ekki tekið úr verslunum en 80-90 % af því sem gert var var fyrir „professional“ ljósmyndara.

Hvar var vinnustofa meistarans?

Hún var við Hyskenstræde sem var þvergata af Strikinu. Þetta var ekkert mjög stór stofa. Þar var unnið með skyggjur að mestu en einnig filmur, það var C-22 aðferðin sem fólst í átta böðum.

Varst þú eini neminn hjá Seltzer-Madsen?

Nei, við vorum oftast tveir. Þar var svipað kerfi og hér heima, þ.e. að hafa einn byrjanda og einn lengra kominn í einu.

Hvarflaði einhvern tíma að þér að koma heim til að læra ljósmyndun?

Nei, ég var búsettur í Danmörku og konan var að læra þar og við vorum með gott húsnæði og allt.

Hvað varstu lengi hjá meistaranum?

Í tæp þrjú ár með skólanum sem fólst í þremur sex vikna námskeiðum en þau snerust nær eingöngu um teoretískt ljósmyndanáms, þ.e. bóklegt: efnafræði, optík en þó voru einhverjar tölur líka.

Hvar var ljósmyndaskólinn sem þú sóttir tíma í og hvað hét hann?

Skólinn hét Den Danske Fotografforenings fag-skole fullu nafni og var í miðbæ Kaupmannahafnar. Í sama húsi á efstu hæð var bakaraskóli og trésmiðir voru þarna líka í einhverjum kúrsum og svo var ljósmyndaskólinn á einni hæðinni.

Hvernig voru aðstæður hjá meistaranum?

Þær voru mjög góðar. „Labbið“ var í Hyskenstræde þar sem ég var oftast en stúdíóið var í Reventlowsgade, rétt við aðalbrautarstöðina. Líklegast hefur það verið heldur minna en það sem ég hef í Eskihlíðinni, svona um 90 fermetrar.

Hvers konar vélar voru notaðar í stúdíóinu?

Það voru Hasselblad og 4 x 5 tommu sem var um 80% af tókunum, sem var gömul Sabats. Eitthvað var einnig um tölur í stærra formati svo sem 8 x 10. Það var eingöngu tekið á blaðfilmu (sheet-filmu).

Var þetta þá mestmegnis auglýsingamyndastofa?

Já, og þess vegna lítið um portretttölur. Við lærðum það þó í skólanum. Þar vorum við töluvert í því og tókum á Norka-vél sem er súperskemmtilegt tæki. Hún skipti 18 x 24 cm filmum niður í tvær - fjórar - átta og sextán. Hún færði plötuna til. Þetta var svipuð vél og Sigurður Guðmundsson var með. Vélin var þannig að hún var færð til á statífinu og maður sat við hliðina á henni og horfði til hliðar inn í mattskífuna. Þannig var maður í beinum tengslum við manneskjuna sem maður var að taka af en ekki á bak við vélinu.

Varstu í einhverjum ákveðnum störfum á námsstofunni?

Ég var næstum alla daga á „labbinu“ við gæða-efirlit og í „kemíunni“ og fékk fyrir það full laun sem þá voru 750 danskar á mánuði og þótti mjög gott. Svo var ég í aðstoð í stúdíóinu þegar það voru einhverjar sérstakar tölur og hafði svo alveg aðgang að því eins og ég vildi.

Hafðirðu eitthvert samband við aðra ljósmyndanema meðan þú varst í námi?

Neminn sem fyrir var á stofunni hjá meistaranum hét Svend „Kycck“ [Leifur man ekki eftirnafn hans] en ég hef ekki haldið sambandi við hann. Hann fór út á land þegar hann var búinn.

Inni á skólanum kynntist ég aftur á móti nokkrum nemum, þá vorum við orðinn hópur og þar kynntist ég mönnum.

Unnu menn eitthvað af myndum fyrir utan vinnu sína á stofunum?

Já, menn voru mjög áhugasamir um allt milli himins og jarðar í þessum efnum. Þetta var tími hinna reiðu ungu manna.

Er eitthvað af þessu fólki sem nú eru þekkt nöfn í danska ljósmyndaheiminum?

Nei, ekki beint. Það eru tveir sem ég hef haft samband við. Ég man ekki hvað annar þeirra heitir, hef ekkert heyrt frá honum lengi og er eiginlega búinn að missa sambandið við hann. Svo er það stúlka sem gerðist heimilisvinur hjá okkur og við þekkjum enn, Merete Friis Johansen [kallar sig núna Friis] sem er myndritstjóri hjá útgáfufélagi Berlingske Tidende.

Hvernig fór sveinsprófið fram?

Það fór fram á skólanum og var bæði munnlegt og verklegt. Verklegi hlutinn fólst í þremur auglýsingatökum á „commercial“ stúdíói. Þessar þrjár stúdíótölur fólust í töku af matvælum, töku af silfri, þ.e. „reflekterandi“ hlut og svo var frjáls taka. Að auki var ein portretttaka en það var dregið um hvers konar portrett maður skyldi taka. Ein af þessum tókum átti að vera á gleri og gat þá varla verið öðruvísi en svart-hvít. Ég fékk sem sé nokkra reynslu í tókum á gler í náminu. Það var ekki gler til kontaktkopíeringa heldur fyrir stækkun.

Námsbrautir innan ljósmyndunar voru komnar til sögunnar þarna og hægt að velja milli „commercial“, portretts og fleira. Á þessum tímum var ekki um „reportage“-braut að ræða og varla hægt að læra blaðaljósmyndun á Norður-löndunum í þá daga.

Þótti mönnum lítið til glersins koma þegar þú varst í náminu?

Já, ég man að nemarnir fúsuðu og sveiuðu yfir því og yfir retouchinum líka. „Að læra retouche!“ Það vildu allir vera með 35 mm, það er nú engin ný bóla. 4 x 5 tommu vélar þóttu þá gamaldags. Það var þó ekki hægt að nota 35 mm filmu í auglýsingamyndir þar sem gæðin urðu of léleg í prentun.

Hvers vegna fúsuðu menn yfir retouchinum þegar þú varst á skólanum úti?

Menn voru „moderne“! Kaldir karlar í krapinu og retouche — það var eitthvað gamaldags og ómögulegt og vitlaust að vera að læra það. Þetta er svona í skólum stundum. Menn sjá ekki alveg tilganginn í því af hverju þurfi að læra þetta eða hitt. Einn þarna á skólanum hélt nú ekki að hann þyrfti að vera að stunda ljósmyndun með stúdíókameru, teknískri vél 4x5 tommu. Framtíðin væri nú bara 35 mm formatið, það ætti allt eftir að verða 35 mm. Það var mikil diskússjón í skólanum út af þessu. Fólki skiptist í tvo hópa um það. Það var nú hálf-þýðingarlaust því þetta eru gerólik verkfæri. Retouchinn kom nú samt aftur inn og menn munu aldrei sleppa honum því þetta er bara finessinn sem maður gerir síðast í myndinni.

Hvað tók svo við eftir sveinspróf?

Ég vann aðeins áfram á „labbinu“ hjá meistaranum. Maður var jú í vinnu, ég fékk ekkert yfirfært af peningum frá Íslandi þó svo ég ætti þá til. Þeir lágu bara þar og voru svo orðnir að engu þegar ég kom heim. Ég náði alveg að halda mér uppi af laununum sem ég fékk í Danmörku.

Því miður fór ég allt of fljótt heim til Íslands. Ég var búinn að vera í átta ár í Danmörku, var orðinn hálfgerður Dani og farinn að hugsa sem slíkur en samt er maður alltaf útlendingur, fellur aldrei alveg inn í það umhverfi sem maður er ekki fæddur inn í. Það að vera kominn með börn hafði ekkert að segja í því sambandi. Ég hef þó aldrei haft það betra en þarna í Danmörku eftir að ég kláraði sveinsprófið. Við fórum þó heim mjög fljótlega eftir það.

Hvernig var að koma heim?

Hörmulegt. Það var náttúrulega ágætt að koma heim til fjölskyldunnar en það var ekkert að gera fyrir mig sem ljósmyndara.

Hvernig var ástandið í ljósmyndun á Íslandi þá?

Það var bara portrett og ekkert annað. Þetta var svona hálfgerð kreppa á þessum tíma, 1962-63, eymdarástand.

Á hverju byrjarðu hérna heima?

Við Oddur Ólafsson leigðum okkur lókal saman niðri á Laufásvegi 8. Ég byrjaði strax að vinna með lit. Menn þekktu hann en þeir höfðu aldrei séð 4 x 5 tommu filmu. Ég byrjaði strax með það, keypti mér Sinar. Við höfðum haft það svo gott þarna úti að við áttum radhús sem við svo seldum þegar við komum heim. Þannig gat ég keypt mér tæki, 4x5 tommu vélina, linsuset, stækkara og Hasselbladsett. Ég kom því vel birgur af tækjum heim. Flössin voru ekki byrjuð þá. Ég man eftir

því að fyrstu flasstökurnar sem ég tók voru á stúdíóinu rétt eftir sveinsprófið en þá var verið að prufa fyrsta flassið, sem var franskt, það hét Balcar. Flöss voru sem sé mjög fágæt þá, þetta voru allt föst ljós, B- perur.

Hvað eru B-perur?

Það eru yfirspenntar perur sem brenna á 3200°K. Perurnar skiptast í A og B perur. A perur voru meira yfirspenntar, þær voru á 3400°K, þ.e. ljóshitastigið, og B perur svo á 3200°K. Þetta var þetta standard-ljós í stúdíóum þá.

Hvað fengust þið Oddur við?

Við vorum að reyna að hafa upp einhverja auglýsingaljósmyndun en það gekk mjög illa. Við tókum eitthvað smávegis af portrettum en iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun var varla til hér.

Hvað þótti íslenskum ljósmyndurum um það þegar þú kemur heim og ert sérlærður í auglýsingaljósmyndun í lit?

Ég veit það ekki. Þeir létu ekkert í ljósi.

Hafðirðu samband við aðra ljósmyndara?

Já, flesta. Ég gekk fljótlega í Ljósmyndarafélagið. Þá var Sigurður Guðmundsson formaður.

Voru vandræði fyrir þig að fá réttindi hér?

Ég fann það að þeir voru ekkert mjög ánægðir með þetta en ég benti á það að þá var Norðurlandaráð nýbúið að samþykkja að öll próf á Norðurlöndunum væru jafn gjaldgeng hvar sem væri þar, þannig að danska sveinsprófið mitt gildi hér og ekkert var hægt að fetta fingur út í það.

Hvernig var að ná í efni? Þú talaðir um eins konar kreppu.

Það var náttúrulega ekkert til. 4 x 5 tommu filmur voru ekki til á lager svo það varð að sérpanta allt svona lagað. Agfa-pappírinn þekkti ég mjög vel þarna var kominn svona Agfa „kurz-prósess“, flýti-„prósess“. Þetta var á tímum þegar enn þurfti að endurlýsa, þetta var E-2 „prósess“. E-3 var þá kominn en var bara varíant af E-2. Reversal-baðið kemur hér fyrst í E-6.

Einhvern tíma hefur heyrst að þú og Ævar Jóhannesson hafði starfað saman og hafði fundið upp „reversal“-bað og Kodak hafi stolið því. Hvað er til í þessu?

Þetta er ekki langt frá lagi en það er ekki hægt að sanna neitt. Þannig er mál með vexti að eftir að Oddur fékk tilboð um að verða blaðamaður á Tímanum (sem hann tók, eðlilega þar sem þetta voru engin laun sem maður fékk. Oddur stóð þá í húsbýggingu og slíku og hafði í raun ekki efni á að vera í ljósmyndun), þá rak ég stofuna einn um tíma. Svo kom Geisli sem Ævar Jóhannesson var

með, til sögunnar og var þá með útgáfu á svona túristaslæts og þeir buðu mér samstarf. Ég gerði það og Geisli hvarf en Myndiðn hélt áfram. Við vorum fyrst uppi í Skipholti. Ljósmyndun var þá farin að aukast mikið, einnig ljósmyndavinna. Þetta er líklegast í kringum 1965. Við vorum nefnilega búnir að sameina 1966 þegar fyrsta stórsýningin var, iðnsýningin stóra, þar sem við tókum að okkur að stækka. Það var lítið um svoleiðis í þá daga. Þetta var óskaplega mikið verk en það var eingöngu svart-hvitt þá. Að auki voru svo litlar litmyndir, framköllunin á þeim fór öll fram í bókum það voru ekki til handhæg tæki til þeirra nota, nema svo óskaplega stór að það tók ekki tali. Þetta er alveg kapituli fyrir sig.

Gætirðu sagt okkur meira um „reversal“-baðið sem þið Ævar funduð upp? Hvernig bar það til? o. fl.

Sko. Gamli E4 var með „reversal“-efni í sjálfum litframkallaranum. Það var nú erfitt að ná í efni og „kemikaliur“ á þessum tíma þannig að við Ævar bjuggum þetta yfirleitt alltaf til sjálfir. Það var næstum því ómögulegt að ná í þetta ákveðna efni. Þetta var lífrænt efni, háamólekúlerað [með stórum sameindum] og eiginlega í ætt við slöngu-eitur! Ákaflega eitruður óþverri sem var notaður í litframkallarann. Við reverseruðum bara á venjulegan hátt með ljósi eins og var gert í gamla daga í E2 og E3. Það gekk alveg ágætlega. Svo fór Ævar, sem er svo mikill grúskari, að grúska í því hvernig hægt væri að útbúa svona hluti. Þetta voru margar og langar tilraunir og miklar spekulásjónir. Svo rakst ég á nokkuð, í gömlum bæklingi frá Kodak um viðhald á framköllunaráhöldum, eina setningu þar sem stóð að tin mætti ekki nota. Það mætti aldrei lóða framköllunaráhöld vegna þess að það væri „foggandi“ eins og það er kallað. Það „foggandi“ filmurnar eins og það var kallað á fagmáli. Þá skaut því upp í kollinn á mér: Hví ekki að nota tin í „reversal“-baðið því tin er jú efni sem „latenterar“ eða býr til „latent“ silfur í kristöllum ef maður fer að hugsa út í það. Tin og silfur mixast saman. Það passar ekki saman elektrónískt þannig að tinið leggst í staðinn fyrir silfrið í kristalnum. Er „foggandi“ á þann hátt, hefur þessi áhrif. Svo fórum við Ævar — það var nú aðallega Ævar sem stóð í þessu — að prófa þetta og náðum í stannóklórið (tinklórið) en það virtist óstabilt þangað til Ævar datt niður á lausn. Það var Ævar sem datt niður á lausnina. Hún fólst í því að nota lífræna sýru og stannóklórið saman í upplausn, þannig að það myndast tinester af

sýrunni, þ.e. tilsvarendi salt (í lífrænum efnunum er þetta kallað ester). Þ.e. í staðinn fyrir H-mólekúlið í sýrunni sest tinjón þar á. Þannig var hægt að halda tininu nógu mettuðu í upplausninni og esterinn gaf alltaf tin aftur svo þarna myndaðist stöðug upplausn. Það var alltaf nokkuð konstant mettuð af tinjónum í henni. Þá fór þetta að ganga allt saman. Ævar sótti um einkaleyfi, Patent Pending sem kallað er. Hann skrifaði Agfa og fleiri stöðum en þeir svöruðu honum ekki. Svo átti eftir ár að fara að sækja um einkaleyfið sjálft en þá kostaði það einhverjar nærri tvær milljónir að fá það svo að það var útilokað að fá það. En við notuðum þetta alltaf hér í framkölluninni í Myndiðn. Svo þegar E6 „prósessinn“ frá Kodak kemur fram sjáum við að þetta er nákvæmlega „reversal“-baðið sem Ævar fann upp. Uppskriftin hafði náttúrulega komið fram í umsókninni um Patent Pending. Þegar ekki er sótt um einkaleyfi á þessu fellur það náttúrulega niður og allir fréttu af aðferðinni. Kodak hefur nýtt sér þetta — í rauninni. Það var bara ekki til peningur til að sækja um einkaleyfið. Það var nú aðallega Ævar sem stóð í þessum tilraunum, hann sá um framköllunina en ég var meira í tókunum þá. Við notuðum þetta með própíonsýru sem lífrænu sýruna (háamólekúlerað sýra). Vandamálið var að halda alltaf tinjónametuninni nógu hárrí, þetta leysist lítið upp í vatni, en með notkun „reversal“-baðsins þá leystist esterinn upp jafnóðum og hélt metuninni stöðugri. Þetta var nokkurs konar tinjónabatteri, virkaði þannig. Þetta passaði ágætlega þar sem það þurfti að stoppa framköllunina og „reversa“ eða endurlýsa, gera restina af silfur-söltunum hæfa til framköllunar. Með þessu losnuðum við alveg undan eitrunu í E4 „prósessinum“. Reyndar notuðum við hann eiginlega aldrei, þetta var gallagripur enda var hann að lokum bannaður í mörgum löndum. Svíþjóð varð fyrst til að banna þetta, þetta var það eitruð. Núna er þetta „reversal“-bað sem sagt notað í E6 „prósessinn“. Þetta kom fram hjá Kodak um leið og þeir skiptu út „prósessinum“. Þetta er mjög veikt efni og ekki neitt eitruð að ráði. Þetta er náttúrulega ekkert til að drekka, en ekki beint eitruð.

Þú segir að portrettið hafi verið og sé alls ráðandi hér á landi, finnst þér að hægt sé að tala um íslenskan skóla í portrettljósmyndun?

Nei, þetta var bara þetta venjulega.

Hvaða hugmyndir heldurðu að íslenskir ljósmyndarar hafi haft um sjálfa sig sem portrettljósmyndara?

Þetta var bara þeirra fag, við skulum kalla þá iðnaðarmenn og þeir litu á sig sem slíka. Þeir voru ekkert að setja sig upp á háan hest sem sérstaka lista-menn, það er alveg nýtt, þetta kjaftæði um list — þ.e. frá ljósmyndara hálfu. Það hefur hins vegar aldrei verið litið á ljósmyndun sem list, a.m.k. ekki hér uppi á Íslandi. Ekki einu sinni af listfræðingum.

Meðan þú varst í Danmörku, fylgdistu þá með því sem var á seyði í ljósmyndun?

Það var að vísu ekki mikið um sýningar, en þó einstöku sýningar, bæði hjá dönskum og erlendum ljósmyndurum. Þessar sýningar voru aðallega í smásölum í Kaupmannahöfn, aldrei í neinum stórum, það var t.d. ekki orðin mikil starfsemi í Louisiana þá í þessum efnunum. Stundum komu sýningar frá Kodak- og Agfa-umboðunum. Ég var hins vegar ekkert farinn að spekulera í þekktum ljósmyndaranöfnum þá. Maður las mikið af tímaritum og blöðum — allt sem maður náði í, sem gott var að nálgast á söfnum en þau voru mjög dýr ef maður vildi kaupa þau sjálfur, svo maður gerði það ekki. Gott framboð var einnig á bókum og slíku.

Ljósmyndasagan hefur væntanlega verið kennd á skólanum. Var sérstök áhersla á danska ljósmyndasögu?

Svolítill ljósmyndasaga var kennd en ekki var farið mjög vel í hana. Þetta var svona yfirgrip yfir hana bara, eiginlega meiri tæknisaga heldur en listræn. Það var engin sérstök áhersla á danska ljósmyndasögu. Ekkert slíkt.

Var Family of Man sýningin í Danmörku á þeim tíma sem þú varst þar?

Nei, en ég frétti af henni hérna heima. Hún kom víst til Íslands áður en hún náði til Kaupmannahafnar en ég sá hana aldrei. Ég fékk aftur á móti bókina senda héðan að heiman.

Hvenær manstu eftir að hafa séð bókina um Family of Man fyrst og hvað fannst þér um hana?

Ég hef líklegast séð hana svona um 1958 og fannst gaman að henni. Þetta eru svona „sensational“ myndir í raun og veru, mikið af þeim, enda Steichen varla þekktur fyrir annað.

Hvernig var sambandið við aðra ljósmyndanema?

Já, við hittumst svona svolítið og eiginlega voru þetta svona smáklíkur. Ég kynntist mjög fljótt henni Merete sem var í námi hjá Bror Bernild sem var með stórt stúdíó þá. Þar var einnig nemi sem var nýkominn inn og hafði verið á Kunsthåndverks-skólanum, samtíða Ríkku [Friðríku

Geirsdóttur konu Leifs] en hann hét Jan Nørgård og við þekktumst öll. Þetta var nú líka dálítið „hið ljúfa líf“ í stúdíópartýum. Bror Bernild mátti bara ekki fréttu af því að nemarnir hefðu verið að halda ölgilli á stúdíóinu.

Varst þú eitthvað eldri en hinir ljósmyndanemarnir? Já, ég var líka ráðsettari maður, kominn með fjölskyldu. Ég var því e.t.v. ekki hinn dæmigerði ljósmyndanemi, vann þar að auki á „colorlabbi“ og vissi heilmikið um lit. Það þótti imponerandi!

Litu menn þá á litinn sem framtíðina?


Já, í auglýsingaljósmyndun en ekki í portrettinu. Handlitun var þá ekki lengur við lýði og þetta var „plain“ svart-hvítt yfirleitt í betri portrettum en svo var til fyrirtæki sem hét Kehlet sem var með smástofur út um alla Kaupmannahöfn og Danmörku alla þar sem þeir tóku portrettmýndir, eiginlega nokkurs konar polyfoto. Þeir voru með Norka-vélar. Þeir tóku 12 myndir og eina betri. Þetta var mjög ódýrt, eins konar Hagkaup þeirra ljósmyndaranna í Danmörku. Þeir voru með „centrallabb“ í nágrenni Kaupmannahafnar. Þangað voru allar filmur sendar, þetta var standardíseraður „prósess“. Þar var litljósmyndun ásamt svart-hvítu. Þetta voru eiginlega einu litportrettin sem maður man eftir. Litpappír var í þá daga mjög lélegur, stuttur í tónunum og ekkert sérstakur. Ég man eftir því að við fengum Kodak-sýningu frá „commercial“-ljósmyndurum í Bandaríkjunum. Þar voru sýndar pappírskópiur í lit, C-kópiur. Það var mikil sensasjón, því við höfðum aldrei áður séð fina gráa tóna í litmyndum fyrr.

Hvert lituð þið varðandi fyrirmýndir erlendis?

Það var aðallega til Bandaríkjanna og svo gaut maður augunum aðeins til Svíþjóðar því Svíar voru mjög framarlega í ljósmyndun. En það mátti nú ekki spyrjast vegna rígs milli Dana og Svía. Mér var t.d. einu sinni hent út úr bakaríi fyrir að vera helvítis Svíi, ætlaði að kaupa vinarbrauð með eftirmiðdagskaffinu einn sunnudag en fékk ekki afgreiðslu og var hent út — að vísu voru Svíar nýbúnir að bursta Dani í einhverjum fótboltaleik skömmu áður!

Hafði það eitthvert gildi fyrir þig að vera Íslendingur þarna í Danmörku?

Það skipti ósköp litlu máli, nema Karsten, gamall kapteinn úr flughernum, sem kenndi okkur optík í skólanum. Honum þótti alltaf mikið til Íslendinga koma. Hann hafði verið hér og flogið í tengslum við landmælingar. Ég naut því góðs í því sambandi að vera Íslendingur.



Egg, eftir Leif Þorsteinsson. Myndin er með fyrstu auglýsingaljósmyndum sem Leifur tók hér á landi eftir að hann kom heim úr námi 1963. Í eigu höfundar.

Ef við snúum okkur aftur til Íslands þarna um 1965 hvernig var að nálgast ljósmyndabækur?

Það var aðallega í bókabúð KRON sem þær var að finna. Það var aðalbókabúðin þá, þar sem hægt var að finna mikið af „annúólum“ [árþókum], þó svo maður gæti ekki fylgst nákvæmlega með því nýjasta sem kom út. Gömlu amerísku „annúalarnir“ voru mjög góðir margir hverjir.

Hvað um íslenskar ljósmyndabækur?

Það var ekkert — jú, Hans Malmberg hafði gefið út eina landkynningarbók sem var nú frekar góð miðað við það sem til var. Svo kom út einhver Islandia-bók sem var ekkert sérstök.

Nú þýddir þú sjálfur eina ljósmyndabók, Ljósmynda-skóla Agfa, hvað kom til?

Ég var bara beðinn um það af Agfa-umboðinu hér að þýða þetta. Líklegast hefur hún selst ágætlega þó ég fylgdist nú lítið með því, fékk bara mína peninga fyrir að þýða.

Varstu mikið að taka myndir fyrir sjálfan þig til hliðar við stúdíóreksturinn?

Já, ég hef alltaf verið að því. Ég sýndi fyrst í Bogasal Þjóðminjasafns 1968 og svo aftur 1975. Svo voru alltaf einhverjar samsýningar í gangi, bæði hér heima og erlendis, t.d. í Denver, Colorado en þar var þetta svona svolítið landkynningardót. Ég vissi aldrei alveg hvernig þetta gekk. Ég var t.d. ekki með á afmælisýningu Ljósmyndarafélagsins 1961 en frétti af henni og umfjöllun um hana og sýningu Litla ljósmynda-klúbbsins sem var á sama tíma. Björn Th. fór hörðum orðum um sýningu Ljósmyndarafélagsins og komu ljósmyndararnir illa út úr samanburðinum við offsetmennina í Litla ljósmynda-klúbbum. Eftir það dattu ljósmynda-sýningar hérlandis alveg upp fyrir. Ég sá afmælisýninguna ekki sjálfur en ég sá nokkrar myndir af henni. Þetta var svona la la, ég held hún hafi ekki verið neitt, þó ég geti ekki dæmt um það því ég var í Danmörku þegar þetta var og sá hana ekki almennilega.

Hvernig bar það til að þú ákvaðst að halda sýningu?

Ég veit það ekki, væntanlega eitthvað til að gera sér til gamans. Ég gekk bara beint til Kristjáns Eldjárns og pantaði Bogasalinn og borgaði hann með peningum, ekki verkum eins og sumir aðrir. Maður leit ekki svo á að það væri hægt með ljósmynd.

Fékk sýningin þín 1968 einhverja umfjöllun?

Ég man ekki eftir því að hún hafi fengið neina dóma, en einhverja umfjöllun almennt.

Telurðu að sýning Kaldals 1966 hafi haft einhvervatningaráhrif á þig?

Það getur verið að það hafi haft þau áhrif að maður hafi þorað að fara út í þetta. Það var gaman að þessari sýningu Kaldals. Ég var búinn að heimsækja Kaldal og fá að skoða hjá honum. Ég hafði svona smásamband við hann, ekkert mikið. *Hvernig myndir sýndirðu á sýningum þínum?*

Það var nú það sem maður kallar á ljótu máli „straight fótografía“. Ég veit ekki hvernig maður á að orða það öðruvísi. Ég sýndi Reykjavíkurmýndir á fyrstu sýningunni. Upp úr þeirri sýningu varð Reykjavíkurbókin til. Það var komið til mín eftir sýninguna með þessa hugmynd að gera Reykjavíkurbók. Björn Th. skrifaði hana. Hún var prentuð í Hollandi. Á næstu sýningu sýndi ég myndir af fólki, götulífi, atburðum og öðru. Maður er alltaf með einhverja heild á svona sýningum.

Hvernig var Reykjavíkurbókinni tekið?

Ágætlega held ég, maður heyrði nú aldrei neitt nema gott um hana!

Manstu hvað olli því að þú ákvaðst að halda aðra sýningu þarna 1975?

Af hverju heldur maður sýningu? Maður fær bara hugdettu og framkvæmir hana. Það var svo alveg sami ferill og við hina með salinn. Ég man ekki eftir neinni krítík um hana heldur en það var heldur meiri umfjöllun um hana en hina.

Voru sýningarnar þínar sölusýningar?

Það er náttúrulega allt til sölu en það var ekki boðið til sölu og það var ekkert verð á þeim. Engin verðskrá. Manni datt það ekki í hug því að það tíðkaðist ekki þá að kaupa ljósmynd. Maður bjóst alls ekki við því að það seldist nokkur skapaður hlutur. Það þekktist ekki að fólk keypti ljósmynd sem myndverk á þessum tíma og í raun ekki enn þann dag í dag.

Seldist eitthvað samt sem áður?

EKKI á Reykjavíkursýningunni og ekki heldur á „Fólk“. Þessar myndir sem fóru út voru gefnar. Það voru einhverjir sem sníktu. Kunningjar og vinir, eitthvað svoleiðis. Það seljast ekki ljósmyndir á sýningum hérna. Á sýningunni sem ég hélt 1994 í Stöðlakoti var ég með verð á myndunum en það seldist engin. Að vísu fékk tannlæknirinn minn eina, það má eiginlega segja að það hafi verið eina myndin sem hafi selst! Hitt fór í kunningjana. Það er þannig sem myndirnar ganga út. Fólk kemur ekki inn á ljósmynda-sýningar til að kaupa ljósmyndir.

Manstu eitthvað eftir áhugaljósmyndurum á þessum tíma?
Ég var ekki í neinu sambandi við þá, ekki heldur neina ljósmyndaklúbba. Ég var bara í því að mynda fyrir sjálfan mig og hafa einhvern pening út úr því að vinna við þetta.

Hafðirðu eitthvert samband við aðra ljósmyndara?
Ekkert svoleiðis, nema bara í gegnum félagið en þar gekk öll umræðan út á bissettinn, verðið og svona. Ég fór að vísu fljótlega að starfa í fræðsludeild Ljósmyndarafélagsins, námskeiðin í Iðnskólanum og slíkt er allt mitt verk.

Hvenær voru ljósmyndanámskeiðin í Iðnskólanum tekin upp og hver var gangur mála þegar það varð?
Ég man nú ekki nákvæmlega ártalið. Það var fyrir 1966, maður man svo vel eftir því ári því að þá var fyrsta stóra sýningarvinnan sem maður vann við. Þá voru uppi spurningar um ný próf. Ég var í nefnd hjá Ljósmyndarafélaginu sem samdi nýtt sveinspróf. Það var þá sem það var tekið upp að kenna teoretíska ljósmyndun, bókleg fræði. Áður var þetta þannig að meistarinn kenndi bara það sem hann kunni í þessu. Í þessu iðnskólanámi var tekin upp kennslubók. Hún var ensk, hét fyrst Ilford manual of Photography og heitir núna Manual of Photography frá Focal Press og er líklegast í 14. eða 15. útgáfu. Þetta er alltaf endurbætt öðru hvoru. Nýjasta útgáfa þessarar bókar er notuð við kennslu í dag.

Hvernig bar það til að þú varst kallaður til þessara mála?
Það var bara í gegnum Ljósmyndarafélagið. Maður var félagi í því og ég hafði jú verið á skóla erlendis og var í raun fyrsti maður sem kem með lit almennilega inn í fagið, á þann hátt. Menn höfðu náttúrulega verið að stúdera lit áður en ég er sá fyrsti sem tek sveinspróf þar sem litur og litvinnsla eru innifalin. Ég man að ég hélt fyrirlestur um litteoriu hjá Ljósmyndarafélaginu bara þremur mánuðum eftir að ég kom heim. Það hefur líklegast startað þessu. Svo vatt þetta upp á sig.

Þegar kennslan í Iðnskólanum hófst, hvernig var henni þá háttað?

Við vorum þrír sem kenndum þarna. Óli Páll Kristjánsson kenndi retouche o.fl. sem ég man ekki, Guðmundur Hannesson kenndi ljósmyndasögu og almenna ljósmyndun, þ.e. um vélarnar og slíkt en ég kenndi yfirleitt litinn, optíkuna og kemíuna. Þetta var bara námskeið, þriggja mánaða námskeið fyrir lærlingana. Nemendurnir voru í Iðnskólanum í fullu bóklegu almennu námi. Þetta var viðbót við það og námskeiðið var haldið þegar á þurftu að halda.

Hvað voru margir nemendur þessi fyrstu ár?

Ætli það hafi ekki verið á bilinu 6 til 15 manns. Þetta voru misjafnlega stórir hópar. Þessi námskeið hófust fremur skömmu eftir að umræðan um tilurð þeirra hófst. Þetta var kennt í einni törn, það var kennt allan daginn í að mig minnir í tvo og hálfan mánuð samfleytt.

Hver var uppbygging námskeiðanna?

Þetta var náttúrulega meistaranám og iðnskóla-próf þurftu nemarnir að hafa til þess að taka sveinspróf. Þeir voru þá í Iðnskólanum í bóklegum greinum, a.m.k. þau sem ekki höfðu tekið slíkt annars staðar. Það voru jú þarna menn í iðnnámi sem höfðu lokið við menntaskóla og þurftu þá ekki að taka almenna námið í Iðnskólanum. Það var tekið próf að loknu ljósmyndanámskeiðinu sem gildi sem hluti af sveinsprófinu.

Þættir kennslunnar voru þriggja lita kenningin sem ljósmyndunin byggist á og þarafleiðandi er kópíering inni í því. Það var kennt smávegis í efnafræði og þá þessi sérstaka efnafræði fyrir ljósmyndara sem viðkemur framköllun og fixeringu. Síðan var það optík og næmnisfræði (sensitometria) sem fjallar um filmuna og hvernig filman reagerar við ljósi og hvernig tónar yfirferast og myndast, hvernig karakter filmunnar er. Það er dálítið flókið mál. Síðan var reynt að kenna smávegis í ljósmyndasögu, hvernig fagið er. Þetta var almenn ljósmyndasaga, það voru engar sérstakar íslenskar áherslur þó svo að það hafi verið nefnt, þeir sem þekktir voru, þessi íslenska ljósmyndasaga var ekki beinlínis þekkt þá. Svo var kennt séstaklega retouche. Það var eina hreina handverkið sem var kennt.

Í þessu Iðnskólanámi þá var þessi ljósmyndakennsla alger grunnkurs. Það var verið að koma hugmyndunum bak við ljósmyndunina inn í fólk sem ekki hafði kynnst því áður.

Hvernig var samspil Iðnskólanámskeiðsins og náms hjá meistara?

Iðnskólanámið var skilgreint sem hluti af náminu hjá meistara. Það var tekið próf eftir námskeiðið og það gildi sem hluti af endanlegu sveinsprófi.

Ertu með eitthvað ákveðið í huga þegar þú tekur myndir fyrir sjálfan þig?

Nei, a.m.k. er ég ekki að safna neinum sögulegum heimildum, ég er bara að búa til myndir.

Finnst þér þær myndir sem þú hefur tekið í gegnum tíðina standa undir þeim væntingum sem þú gerðir til þeirra?

Já, já, ég á mínar uppáhaldsmyndir og hef gaman



Hús, eftir Leif Þorsteinsson. Mynd frá Reykjavíkursýningu Leifs í Bogasal 1968. Í eigu höfundar.

af þeim. Hvort þær standa undir væntingum dæmi ég ekki um.

Hvernig finnst þér þróunin hafa verið í ljósmyndun á Íslandi frá því þú komst heim, hefur orðið mikil framþróun?

Jú ætli það ekki, bæði til góðs og ills.

Það illa fyrst?

Nú er orðinn allt of stór hópur fólks sem fæst við þetta. Svo er eitt sem hefur ekkert breyst sem er það að aldrei hefur verið nein krafa um myndræn gæði hér á landi og er ekki enn. Maður hefur í raun notið þess að geta kastað höndunum til verka, myndrænt séð, almenningur er ekki meðvitaður um hvað er góð mynd og hvað ekki.

Hvað segir þú um góða hlutann?

Frískir nýir menn fóru upp úr gamla farinu sem ljósmyndunin var í, þessu „portrettþúli“, að vinna sér fyrir salti í grautinn endalaust. Það komu náttúrulega nýir menn inn í „commercial-ljósmyndunina“, þ.e. iðnaðar- og auglýsingaljósmyndunina. Þeir fáu sem komu frá útlandinu og fóru inn á blöðin, þeir eru orðnir töluvert margir nú í dag, þeir hafa gert stórvirki á blöðunum í betri

ljósmyndun. Sú þróun fer líklegast í gang um og upp úr 1970. Ég man að ég fór til Gautaborgar 1966 og hitti forstöðumann Nordisk fotografaskola eins og hann hét þá. Ég spurði hann hvort hann vildi taka íslenska nema þangað inn og hann játaði því. Upp úr 1966 hafa því fyrstu nemendurnir farið að fara til Svíþjóðar og þar með að tínast heim í kringum 1970. Svo verður alveg sprenging í þessu í kringum 1980.

Það hefur margt verið gott gert í faginu, það er ekki hægt að neita því, ljósmyndunin hefur breyst til hins betra þegar á heildina er litið, þó maður kvarti yfir því að mönnum sé stillt hverjum á móti öðrum í verðlagi og svoleiðis löguðu. Þegar menn eru að bjóða niður í 1000 kr. skotið þá mega þeir ekkert vera að því að hugsa um hlutina. Þessu er í rauninni bara rumpað af. Maður hefur ekkert upp úr því að liggja hálfan eða heilan dag yfir einhverri uppstillingu ef maður fær bara 1000 kr. fyrir hana.

Nú var portrettið sterkt þegar þú kemur heim og verður eflaust áfram, finnst þér sem þar hafi orðið einhver þróun?

Já, mjög mikil. Það eru gerð mjög góð portrett inn á milli núna. Það er eins og Kaldal gamli sagði eitt sinn: „Þú ert að þessu til að fá salt í grautinn og þú tekur 10-15 myndir á dag. Þú ert ekkert að hugsa um að gera eitthvert listaverk. Það gerirðu bara fyrir sjálfan þig einhvern tíma þegar þú hefur tíma“.

Kaldal hefur þá verið meðvitaður um að hann gæti gert listaverk?

Já, tvímælalaust, hann vissi hvað hann var að gera, gamli maðurinn.

Hvað um aðra ljósmyndara eins og Sigríði Zoëga?

Ég talaði aldrei við Sigríði á þessum nótum. Ég hitti hana aðeins einu sinni. Það var í 75 ára afmæli Steinunnar Thorsteinson sem bjó hjá henni, ef ég man rétt. Við fórum til þeirra nokkrir úr stjórn Ljósmyndarafélagsins, Óli Páll, Guðmundur L. Hannesson og ég með blóm og konfektikassa. Ég man það bara alltaf hvað ég varð hissa þegar Sigríður fór að tala um Sander og ég spurði hana hreint út hvort hún ætti við ljósmyndarann Sander. Þá kemur það í ljós að Sigríður var í námi, framhaldsnámi skulum við segja, því hún var í námi áður hjá Pétri Brynjólfssyni ef ég man rétt. Hún var í framhaldsnámi í Köln hjá August Sander. Þá varð ég hissa, grunaði það ekki að Íslendingur hefði verið hjá August Sander. Það fór eiginlega allt kaffisamsætið í að ræða þetta. Hún var svo uppveðruð yfir því að ég skyldi þekkja þetta nafn. Það var þá ekki nokkur sála á Íslandi sem nokkurntíma hafði heyrt talað um Sander. Hún sagði mér frá dvöl sinni, hvernig hún hafði verið og sýndi mér myndir sem hún átti eftir Sander. Algjörar perlar. Það voru ein þrjú albúm, minnir mig og það voru mest Kölnarmyndir, landslag þaðan, ekki þessar klassisku þekktu Sandermyndir sem voru portrett. Þetta voru myndir sem Sander sendi henni sem góðri vinkonu og kunningja. Sander sneri sér að landslagsljósmyndun eftir að nasistarnir eyðilögðu bókina hans og bönnuðu útgáfuna. Þá dró hann sig í skel þarna yfir í skógana, sveitina í kringum Köln. Hann hafði sem sé sent henni heilmikið af svona myndum. Svo er til á einum stað hér í Reykjavík, mynd eftir Sander, originalinn, „brómoliuprósess“, brómolíumynd af Sigríði og það er algjör perla. Ábyggilega einhver alfinasta mynd sem til er hér á Íslandi. Þetta má ekki glatast, þetta er á einkaheimili í bænum. Hún sagði mér líka frá Sigríð Sander, dóttur hans, sem raunar var skírð í höfuðið á Sigríði Zoëga sjálfri. Sigríð var hér á

stríðsárunum og vann hjá Ólafi Magnússyni.

Hafa íslenskir ljósmyndarar þá ekki haft nein tengsl við erlenda og ekki haft áhuga á því?

Nei.

Hvað um þá sem lærðu í Bandaríkjunum, eins og Jón K. Sæmundsson og Sigurð Norðdahl?

Jóni K. Sæmundssyni kynntist ég, hann var ákaflega skemmtilegur náungi, gaman að honum, yndislegur maður. Við töluðum nú ekki svo mikið um erlend áhrif. Hann var einfari í faginu en hann var sá eini sem notaði svokallaða glamourlýsingu, eins konar Hollywood-ljósasett. Hann var dálítið í tísku svona fram undir 1970. Hann hafði alltaf viðskiptavini en hann fékkst eingöngu við persónuljósmyndun. Hann var alltaf í svart-hvítu. Það er fræg sagan af því þegar hann stóð fyrir utan Barna- og fjölskylduljósmyndir, skoðaði litmyndirnar þar og sagði: „Svona tónuðum við nú í gamla daga“. Ég þekkti Sigurð aftur á móti ekkert.

Ég vissi um einhver hjón, man ekki hvað þau hétu, sem komu frá námi í Bandaríkjunum og lentu í miklum vandræðum við að fá sig metin.

Voru fordómar ríkjandi um fólk sem lærði vestra?

Já, já. Ólafur K. Magnússon er dæmi um það. Hann vann hjá Lofti á tímabili en fékk aldrei íslensk réttindi. Lagalega séð er þetta ekki opið ennþá. Það er ekki raunveruleg lagaleg heimild fyrir því að veita mönnum íslenskt sveinsbréf eftir nám í erlendum skólum eins og við þó gerðum. Ef menn koma heim með próf sem er jafngilt íslenska sveinsprófinu fá þeir íslenskt sveinsbréf. Erlend prófskirteini eru í raun ekki lögleg nema þau séu frá Norðurlöndunum út af þessari samþykkt sem við töluðum um áðan. Ég veit ekki hvernig það er með Evrópusamþykktir núna.

Einhvern tíma heyrðist að Sigurður Guðmundsson hafi ekki viljað fá þig metinn inn. Er eitthvað til í því?

Já, ég frétti það seinna. Ég var ekkert að spekulera í því, Sigurður kom alltaf vel fram við mig.

Hvað finnst þér um þróun ljósmyndunar á tímabilinu 1950-70. Þú minntist á portrettþróunina. Finnst þér þú geta greint eitthvað í öðrum greinum ljósmyndunar?

Ég veit ekki hversu mikið þróunin kemur frá skólunum þar sem menn eru við nám. Það er miklu frekar það hvað allt hefur galopnast í fjölmiðlaheiminum. Einnig í upplýsingamálum. Þannig berast myndir sem menn taka eftir og skoða. Ég held að skólarnir hafi lítið að segja varðandi myndsynina. Þá á ég við skólana í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi.

Ég hef alla tíð haft mikið dálæti á Bill Brandt. Ég fékk bók um hann í bókabúð KRON og Bruce Davidson var ég einnig hrifinn af strax og ég sá bókina 100. stræti. Hana fékk ég hjá Snæbirni. Hún er mjög sjaldgæf og auk þess á ég hana með eiginhandararitun Davidsons sjálfs, svo ég monti mig nú aðeins.

Ég á nú eftir að skýra frá heilu tímabili í „commercial-ljósmyndun“ hérna á Íslandi. Það er nú ævintýrlegt á margan hátt. Í fyrsta lagi er það þegar maður var að byrja á þessu. Þá var maður að taka auglýsingamyndir. Það voru hér auglýsingateiknarar, Kristín [Þorkeldsdóttir] og Gísli B. [Björnsson] og svo konan mín sem vann yfirleitt hjá þeim, en ekki sjálfstætt. Þá var verið að smella inn auglýsingum af einhverju svona. Álafoss, með sína ullarverksmiðju þar sem framleiðslan var nú svona la la og Útflutningsdeild Sambandsins (þ.e. sjávarafurðir) voru nú svona aðal kunnarnir í þessum auglýsingamyndum. Að auki voru það ýmsir smákarlar sem komu hlaupandi með eitthvað og sögðu: „Heyrðu, taktu eina klisju af þessu fyrir mig, ég þarf að auglýsa á morgun í Mogganum!“ Þetta er alveg dæmigert, algerlega óprófessjónal auglýsingamennska. En maður gerði þetta, maður fékk pening fyrir það. Menn voru hins vegar lítið hrifnir af því að þurfa að borga fyrir þetta sem tekur „engan tíma“ og menn spurðu: „Hva! Ætlarðu að fá eitthvað greitt fyrir þetta?“ Það þótti til mikils ætlast. Svona eru fyrstu árin í stórum dráttum.

Hvenær verður breyting þarna á?

Hún kemur nú bara smátt og smátt. Þetta þróast. *Hver er sá næsti sem fer út í svona auglýsingaljósmyndun?*

Það er Stjáni Magg [Kristján Magnússon], en annars voru ljósmyndarar allir meira og minna eitthvað í þessu. Svo kemur sá tími þegar Kristín fer að verða veldi í auglýsingunum, hún gerði mjög góða hluti, þá koma matvælamyndirnar til sögunnar, hjá Mjólkursamsölu og Osta- og smjörsölu. Það var bæklingaútgáfa í kringum hana [Osta- og smjörsöluna]. Þá fór þetta að velta svolítið í litnum og verkefni jukust í „industrial-ljósmyndun“. Þá eru ótaldir iðnaðarmyndirnar og stóru sýningarnar í Laugardalshöll: Iðnsýningin stóra 1966, Íslendingar og hafið (Íslendingar á kafi kölluðum við hana!) 1968 og stóra landbúnaðarsýningin. Þessar þrjár sýningar standa upp úr hvað magn ljósmyndavinnu varðar. Það var kannski heill mánuður í tengslum við þær þegar

ekki var sofið. Allt tekið í svart-hvítu og risastórt. T. d. gerðum við mynd af DAS fyrir sýninguna Íslendingar og hafið sem fyllti allt baksviðið í Laugardalshöllinni.

Hvernig skuluðu þið svona stórar myndir?

Í baðkerum. Þetta voru 1,26 m rúllur sem við vorum með.

Var einhver tíma hugsað um endingu?

Já, við gerðum það nú. Reyndum að skola vel.

Fannst þér það almennt um íslenska ljósmyndara?

Ja, jú. Það var tímabil þarna kringum 1970-80 þegar mikið af portrettum fór að gulna. Ég veit ekki hvað þetta er en hef tekið eftir því að í flestum tilfellum var þetta Agfa-pappír. Ég hef grun um að stór hluti Agfa brovira frá þessum tíma hafi verið gallaður. Þetta gekk eins og farsótt hérna á Íslandi og ég hef ekki haft spurnir af því annars staðar frá. Ég vann sjálfur myndir á þennan pappír og hluti af þeim gulnaði.

Var Agfa sem sé stóra nafnið þá?

Já, í svart-hvítu. Agfa brovira, record rapid og þessir finu pappírar. Agfa 118 E, sem Kaldal var með, var sannkallaður flauelspappír, það er ekkert sem jafnast á við hann.

Maður fékk oft skemmtileg verkefni í tengslum við þessar stóru sýningar. Það var fyrir Smjörlikisgerðina, Landssmiðjuna, Ölgerðina Egil Skallagrímsson. Verkefnið fólst oft í því að myndskreyta bara básana hjá þeim.

Hvernig bar stofnun Ljósmyndasafnsins hf. að?

Ég held að hugmyndin hafi komið frá Þorsteini Jónssyni ættfræðingi. Hann hafði verið búinn að gera einhverja ljósmyndasýningu fyrir Akranes sem tókst svo voðalega vel að fólk var farið að biðja hann um að fá keyptar myndir frá Akranesi. Og ég er hræddur um að hann hafi því haft einhverja stóra drauma um bisness í sambandi við Ljósmyndasafnið. Ég flæktist einhvern veginn inn í þetta en mér fannst hins vegar alveg kominn tími til að stofna ljósmyndasafn hérna. Við vorum þó ekki á sama máli um hvernig þetta ætti að ganga fyrir sig.

Hvaða hugmyndir voru nákvæmlega uppi um Ljósmyndasafnið þegar því var komið á laggirnar?

Ég held nú að það hafi verið jafnmargar hugmyndir og mennirnir sem að þessu komu voru margir. Ég var spurður að því hvort ég vildi vera með og sagði já. Þetta var rétt fyrir Scandinavia today 1982. Ég var útnefndur til þess að hjálpa Ameríkönnum sem komu hingað frá Walker Art Center í Minneapolis af því tilefni. Þá sá maður hvað það var mikil óreiða

á öllu hérna hvað varðaði ljósmyndun. Það vissi enginn neitt og við gátum fundið merkilega hluti úti um allar jarðir á hinum og þessum stöðum. Hugmyndin var bara að hafa þetta safn sem gæti unnið fyrir sjálft sig, verið „autonom“. En það komst nú seint á koppinn og það var mjög erfitt að halda því gangandi peningalega séð. Ég held að flest allir hafi hugsað þetta þannig. Þetta var bara „hobby“ að gera eitthvað úr þessum hlutum. Þetta var áhugi fyrir ljósmyndinni í heild sinni, bæði sögu hennar og list. Við réðum jú Þjóðháttaráfræðing, Ívar Gissurarson, í þetta. Hugmyndin var sú að reka safnið með því að selja kópíur úr því og andvirðið af því væri notað til að halda safninu gangandi.

Gætirðu greint betur frá ástandinu sem blasti við þegar þú fórst um með mennina frá Walker Art Center?

Ástandið var mjög slæmt. Maður fann t.d. ekki nokkurn skapaðan hlut eftir Loft Guðmundsson. Seinna vissi ég reyndar hvernig stóð á því. Hann var jú á öllum stöðum þar sem eitthvað var að gerast og kvikmyndaði og ljósmyndaði. Varðandi kópíur og svoleiðis þá varð maður bara að þefa og grafa upp hlutina. Ég var fenginn til þess að fara með þessum mönnum um og finna íslenskar ljósmyndir frá fyrri og nýrri tíð. Þetta var heilmikið verk og við vorum lengi að þessu. Skoðuðum og skoðuðum. Það var svo sem margt stórmerkilegt sem við fundum. Það var ekki til neitt heillegt á einum stað. Þetta var úti um hvippinn og hvappinn. Á Þjóðminjasafninu var þetta náttúrulega í hirslum en ég er viss um að við höfum ekki fundið helm-inginn af því sem hefði sómt sér á þessari sýningu af íslenskrum ljósmyndun. Það var nú aðallega það. Þetta gat orðið svolítið fátæklegt því maður hreinlega fann ekki endilega bestu myndirnar. Þetta var í rauninni frumvinna sem við vorum að vinna þarna á örskömmum tíma. Það er ekki nógu gott að geta ekki svarað því hvort góðar ljósmyndir séu til frá einhverju vissu tímabili. Hugmyndin á bak við sýninguna „Frozen image“ var að sýna, í gegnum ljósmyndavélina, hvernig Skandinavarnar sáu sjálfa sig. Walker Art Center setti sýninguna upp á þeim forsendum. Upp úr þessari forvinnu í kringum „Frozen image“ fannst mér það alveg upplagt þegar ég var spurður að því hvort ég vildi verða með í því að gera eitthvað í þessum málum. Þetta kostaði náttúrulega mikinn tíma og mikla peninga að standa í þessu. Það var svo sannarlega ekki tilgangurinn að græða á arfleifð þjóðarinnar eins og stóð í Þjóðviljanum á sínum tíma um tilurð safnsins. Það hafði engum og allra síst ljósmyndur-

unum sem voru í þessu látið sér detta í hug að hægt væri að græða á þessu. Menn vissu það að ekki var gróði af svona hlutum.

Hverjir áttu þátt í stofnun Ljósmyndasafnsins?

Auk mín og Þorsteins Jónssonar voru það Ívar Gissurarson og Eyjólfur Halldórsson. Sigurgeir Sigurjónsson var með í byrjun, Ólafur Haukur Símonarson og kona Gísla Más Gíslasonar, Sigrún Valbergsdóttir, en hann var með í þessu líka. Þetta var eiginlega fólk sem þekkti Rósku. Hún var á tímabili að gera kvikmynd og maður lenti í því að hjálpa henni við þetta. Þetta var í kringum 1980. Það var ýmislegt sem gert var á þessu safni, m.a. fengu þeir ljósmyndasýningar hingað heim, t.d. Émile Zola og Margrethe Bourke White og svoleiðis lagað. Eina stóra verkið sem þetta safn fékk var í tengslum við afmæli Reykjavíkurborgar 1986 [sýninguna á Kjarvalsstöðum á móti Þjóðminjasafni] og upp úr því fékk borgin áhuga á þessu, þegar þeir kynntust því hvað þarna var. Þannig komust þau tengsl á.

Var þetta rætt hjá Ljósmyndarafélaginu?

Nei. Ljósmyndarafélagið var meira fagfélag, svona umræða komst aldrei í gang enda aldrei reynt að koma henni af stað. Umræðan gekk aðallega út á kennslu nema, verð, tilhögun almennt o.s.frv.

Hvað finnst þér um tímabilið frá því þú kemur heim og fram til nútímans?

Menn hafa svona um það bil hangið aftan í því sem hefur verið að gerast erlendis — „teikað“. Það er í raun og veru engin íslensk þróun, þetta eru allt saman tiskusveiflur sem menn hafa fylgt.

Finnst þér hafa orðið einhver framþróun í landslagsljósmyndun hér á landi?

Nei. Tæknilega jú en ekki myndrænt. Tækninni hefur náttúrulega fleygt fram. Verk Þorsteins Jóseppssonar eru góð. Það er ekkert betra sem verið er að gera í dag myndrænt séð nema kannski síður sé. Menn eru búnir að fá sér 6 x 17 og 6 x 12 vélar og jeppa til að komast á fjöll. Annað hefur ekki gerst. Ætli þetta hafi ekki staðið í stað, myndrænt séð. Þetta eru bara svona póstkortamyndir, það gengur allt út á landkynningu. Sem betur fer er þó eitt sem er horfið. Menn eru dottnir út úr „hvannamyndatökum“ í Vestmannaeyjum.

Svo ég útskýri þetta hugtak, kom eitt sinn til mín ákveðinn maður sem stóð í útgáfu með mynd af Vestmannaeyjum sem hann sagði um að væri mesta listaverk sem gert hefði verið í ljósmyndun. (Þetta var 35 mm Kodak slæts.) Maðurinn hafði greinilega lagst á magann undir hvönn, í Herjólf-

dal eða eitthvað svoleiðis, og tekið mynd af þorpinu og Heimakletti þannig að hvönnin rammaði myndina inn. Þetta hefði getað verið tekið á Mallorca því hvönnin virkaði eins og pálmalauf. Þetta var toppurinn. Sem betur fer er svona hugsunarháttur nú horfinn.

Egill var fyrsti neminn hjá þér. Hvað varð þess valdandi að þú tókst nema?

Það veit ég ekki. Rúnar Gunnarsson var giftur systur hans Egils og það var hann sem kom Agli að hjá mér sem nema. Egill var þá kornungur, byrjaði nám 1966. Þetta var þegar ég var að byrja að vinna í tengslum við Landsvirkjun. Í raun var það í gegnum ameríska verkfræðistofu. Það voru Ameríkanarnir sem réðu mig en ekki Landsvirkjun.

Nú varst þú virkur félagi í Ljósmyndarafélaginu, t.d. í fræðsludeild eins og fram er komið, og verður síðar formaður. Þú sagðir þig svo síðar úr félaginu. Hvers vegna?

Það er nú ekki svo langt síðan það var, tæplega tvö ár. Það eru nú margir búnir að spyrja mig að þessu. Ástæðan er hreint og klárt að losna við allt kvabb í eitt skipti fyrir öll. Ekkert annað, engin fýla, ekki neitt. Ég var bara búinn að fá nóg af því að vera alltaf að vinna við þetta, enginn friður. Svo sagði ég af mér sem formaður og þá byrjaði þetta að menn fóru að biðja mig: „Haltu nú áfram þarna... og vertu nú í þessu...“ Þá hugsaði ég með sjálfum mér að ég losnaði aldrei undan þessu öðruvísi en að segja mig úr félaginu. Punktur og basta.

Hefurðu gegnt einhverjum félagsstörfum á erlendum vettvangi?

Ég var formaður Norræna ljósmyndarasambandsins, Nordisk Fotografisk forbund. Þessu var skipt þannig að hvert land hafði formennsku í tvö ár. Ég var frá miðju ári 1991 fram á mitt ár 1993, þá tóku Norðmenn við. Það var alltaf skipt í júnímánuði. Það var einmitt á þessu tímabili sem við höldum hérna Norræna ráðstefnu, 1992. Það var þá sem ljósmyndasýningarnar voru hérna, innflutningurinn á þeim og allt þetta. Mér blöskraði þegar ég fór að taka saman eftir þetta [formannsskeið], ég hafði farið með hálfa milljón í ferðalög úr eigin vasa. Ljósmyndarafélagið hafði lítill fjárráð þó við fengjum einhvern tíma ferðastyrk. Þegar maður er í svona stöðu getur maður ekki sagt: „Heyrðu, ég á ekki fyrir því, ég kem ekkert á fund.“ Ekki þegar maður er í formennsku. Það er fljótt að koma þó maður haldi að þetta sé ekki mikið. Maður var að reyna að kaupa sér Apex miða og þurfti þess

vegna að dvelja einhvern lágmarkstíma úti og var þá bundinn af því að halda sér uppi í ákveðinn tíma ef maður hafði ekki kunningja til að gista hjá. Þá var þetta rándýrt en það var gaman.

Hvað finnst þér um ljósmyndasýningahald í dag. Stendur eitthvað upp úr?

Nei, mér finnst ekkert beint standa upp úr. Það er margt gott gert í dag. Það hafa ekki verið neitt hnitmiðaðar ljósmyndasýningar, nema hann Ívar [Brynjólfsson]. Hann hefur verið með tvær mjög góðar. Ég er ekkert voðalega hrifinn af þessum póstmóðernisma sem núna riður húsum. Hann getur verið góður en hann er ekki til að hrópa húrra fyrir hér uppi á Íslandi. Svo má nú segja að ljósmyndunin sé aðalvaxtarbroddurinn í nýlistinni. Myndlistamenn nota nú ljósmynda-tæknina en þar má eiginlega gera greinarmun í ljósmynduninni. Ennþá nota myndlistarmenn ljósmyndina sem „rekord“. Þeir eru að gera skýrslu um eitthvað. Það er tilbúningur sem þeir eru að gera. Þeir stilla upp, fólki, aðstæðum („sitúasjónum“) og öðru slíku og festa það í ljósmynd. Í sjálfu sér er þá ljósmyndin ekki megin-tilgangurinn heldur tilbúningurinn fyrir ljósmyndunina. Það er t.d. núna niðri á Mokka sýningin „Ein, Zwei, Drei Polizei“. Þetta er eftir Íslending sem er í Berlín. Sú sýning er „conceptualismi“ á háu stigi. Hann stillir upp figúrum í „interiöri“ og ljósmyndar. Listfræðingar myndu segja að listin í þeim myndum fælist í uppstillingunni, tilbúningnum á „sitúasjóninni“ sem síðan er ljósmynduð. Sumpart eru þetta eins konar mynda-„installasjónir“, myndagjörningar, það er verið að stilla upp gjörningum. Svo er það hins vegar það sem við köllum „straight fótógrafia“. Þar inni er náttúrulega landslagsljósmyndunin. Mannfræðingarnir hafa gripið hana alveg hreint og eru allir á kafi í henni. Ég hlustaði á einn mannfræðing, forstöðumann Ljósmyndasafnsins núverandi, halda fyrirlestur um ættjarðarást íslenskra ljósmyndara sem mótivasjón fyrir starfi þeirra. Það fannst mér nú vera svona heldur klént, því íslenskir landslagsljósmyndarar mynda peninganna vegna, til að selja myndirnar. Það þarf alveg vissa kategóriu af slíkum myndum til þess að þær seljist í túristabæklinga, almanök og svoleiðis lagað og kemur list í rauninni ekkert við. Þetta eru vel gerðir hlutir, vel séðir en það er engin meaning í myndunum. Það er bara verið að „rapportera“ þetta fallega íslenska landslag. Það er það sem bæklingahöfundar og ferðamála-

frömuðir vilja fá í sína bæklinga og borga fyrir. Þess vegna er þetta gert. Svo eru náttúrulega menn sem skapa landslagsmyndir en það sést ekki hérna, það er ekki sýnt en það eru nokkrir sem gera þetta hérna, sérstaklega í svart-hvítu en þá þarf maður að biðja um að fá að sjá þær. Slíkar myndir eru ekki gerðar í því augnamiði að geta selt höfundarréttinn af þeim þrisvar sinnum í einhverja bæklinga eða auglýsingar eða eitthvað svoleiðis. Þær eru skapaðar sem myndverk. Slíkt selst ekki til túristafrömuða.

Finnst þér þá fáir myndlistarmenn vera beinlínis að skapa myndverk?

Já, sem „straight fótógrafíu“ held ég að séu fáir ef nokkrir. Að vísu er einn íslenskur myndlistamaður búsettur í Köln sem gerir þetta svolítið, Ólafur Elíasson. Hann er svona einn af þessum mönnum sem er að gera það gott úti í heimi. Þetta er þessi „contemporary art“-ljósmyndun. Hann er nefnilega með íslenskt landslag en ekki myndir sem fara í bæklinga. Hann hefur eingöngu sýnt þetta erlendis. Ég veit ekki til þess að hann hafi nokkurn tíma komið með mynd hingað á sýningu. [Skömmu eftir að viðtalið var tekið var haldin sýning á verkum Ólafs Elíassonar á Kjarvalsstöðum í Reykjavík.] Íslensk ljósmyndun kemur víða við.

Rakstu litmyndaþjónustu fyrir ljósmyndara?

Já. Það byrjaði á því þegar maður kom heim, þá fór maður að fá beiðni um að taka litmyndir og maður kom sér upp framköllunaraðstöðu fyrir litmyndir og þetta vatt bara upp á sig. Svo komu aðrir ljósmyndarar til að fá að framkalla myndir hjá manni og smám saman vatt þetta upp á sig þar til þetta var orðið næstum því aðalvinnan.

Varð þessi þjónusta formleg á einhverjum ákveðnum tímamarki eða var þetta eitthvað sem óx jafnt og þétt? Þetta varð eiginlega formlegt þegar Ævar kom inn í Myndið skömmu eftir að Oddur Ólafsson fór yfir til Tímans. Ætli það hafi ekki verið 1964. Við vorum því tveir með þetta frá upphafi.

Voru það bara þið þá eða voruð þið með starfsfólk?

Þegar mest var voru sex manns. Þetta var bæði faglært fólk og svo aðstoðarfólk, t.d. ljósmyndararnir Jóhanna Ólafsdóttir og Egill Sigurðsson. Oft var það fólk sem ætlaði sér að fara í ljósmyndun en langaði að vinna við þetta fyrst. Við vorum með þrjá lærða ljósmyndara, á tímabili, af þessum sex þegar mest var. Þetta var heilmikil starfsemi en þeim mun fleira fólk, þeim mun minna upp úr þessu að hafa.

Hvers vegna seldir þú?

Sko. Langar mann ekki alltaf til að breyta til einhvern tíma? Menn komu að máli við mig um 1988 og vildu sameina fyrirtækin Myndverk og Myndið. Mér leist ekkert á það. Ég sagði svona í bríaríi að þeir gætu bara keypt þetta ef þeir byðu nógu vel, framköllunarvélarnar og framköllunarkúnnana. Ekki fyrirtækið sjálft heldur bara þjónustuhliðina af því sem var nú eiginlega aðalhlíðin. Nú þeir bara buðu nógu vel, ég seldi og fór að ljósmynda og ætlaði bara að verða einn. Þetta gekk nú ágætlega eftir að ég seldi, svona la la skulum við segja. Var bara að ljósmynda og framkalla fyrir sjálfan mig og var ekkert að þjóna neinum öðrum nema mínum ljósmyndakúnnum. Svo gerði ég þessa sýningu í Stöðlakoti 1993, það gekk allt ágætlega, en svo fæ ég þessi blessuðu Menningarverðlaun DV 1994 fyrir þá sýningu. Var útnefndur og fékk þessi verðlaun í listhönnun, eins og það heitir. Eftir þetta bregður svo við að það dettur allur bisness niður. Þessir sem ég kallaði þá baunadósafólk sem kemur með eina baunadós og segir að það vanti mynd af henni létu ekki sjá sig meir. Þessi verðlaun voru þess vegna bjarnargreiði. Ég hef enga beina skýringu á þessu. Kannski menn hafi haldið að ég væri orðinn svo finn að þeir þyrftu að borga mér tvöfalt fyrir. Ég var náttúrulega löngu kominn í tölvurnar, svo kemur það upp að ég lendi í svokölluðu Starfsmenntafélagi um tíma og fer að vinna þar að málefnum starfsmennta. Þar fer ég í hóp sem fjallaði um myndvinnslu í tölvum og kennslu í því og þá var ég ráðinn sem stundakennari til Myndlista- og handiðaskólans í það að kenna á tölvur þar. Þetta vatt utan á sig og svo fór ég í fullt starf þar. Ég sé um tölvuverið þar og er með kennsluskyldu. Kenni byrjunina og myndvinnsluna í tölvunum. Tölvuverið er fyrir allar deildir þannig að þetta starf mitt er ekki innan neinnar einnar. Að vísu hefur grafíska hönnunin sitt eigið tölvuver því þetta er nú þeirra aðalverkfæri en ég kenni þar líka að hluta til. Svo eru baunadósamennirnir farnir að koma aftur og þá tek ég að mér svona smáverk. Þ.e.a.s. gömlu kúnnarnir sem héldu tryggð við mig þrátt fyrir verðlaunaveitinguna.

Þú minntist á myndgæði. Áttu þá við kompósísjón myndarinnar eða gæði myndflatarins sjálf (framköllunarmál?/tæknileg atriði)?

Sko. Góð mynd hún inniheldur allt. Bæði tæknilega og myndrænt séð. Kompósísjónin er náttúrulega bara smáhluti af þessu, bara tilraunin til að

klassifisera hvernig mynd er upp byggð. Það er ekki hægt að skilja neitt í sundur af þessu í rauninni. Ég lít nú þannig á ljósmyndunina að um sé að ræða það sem við köllum „recording“, „conceptúalismann“, þ.e. „sitúasjón“ er búin til og hún „rekorderuð“ á ljósmynd til þess að viðhalda henni til seinni tíma. Svo er það hins vegar frásögn, þessi sjónræna (visuala) frásögn þar sem þú tekur ljósmynd af því að þú sérð eitthvað fyrir framan þig, það er einhver „sitúasjón“, eitthvað sem þú hefur sem þig langar til að túlka. Það getur verið landslag, það getur verið mannlíf, það getur verið einn maður — portrett. Þetta er það sem við köllum „straight fótógrafía“, frásögn af því sem maður hefur fyrir framan sig, því sem ekki er fyrirfram tilbúið. Það er voðalega erfitt að skilgreina þessa hluti. Við getum tekið dæmi. Ég hélt fyrirlestur úti í skóla um manninn en hann er August Sander. Hann er nú dálítið skemmtilegur ljósmyndari og góður. Það er líka skemmtilegt hvað hann er mikið tengdur Íslandi á skringilegan hátt. Hann er venjulegur portrettmáður sem vinnur fyrir sér, mjög hæfur ljósmyndari og fólk sóttist eftir því að láta hann taka myndir af sér, eða eins og Englendingar segja „take one's likeness“, búa til portrett. Þetta er voðalega skemmtilega sagt á enskunn: „He got his likeness taken.“ Það þýddi það að það var gert af mannum portrett, ekki bara passamynd. Sander tekur það svo upp hjá sjálfum sér að vilja lýsa 20. aldar mannfólkinu. Manneskjunum á 20. öldinni. Andlit „des zwanzigsten Jahrhunderts“ kallaði hann þetta og portretteraði hina og þessa menn í þessum eina tilgangi að sýna hvernig maðurinn leit eða lítur út á 20. öldinni, meðan hann var að þessu. Þetta er einn af fyrstu móðernistunum í ljósmyndun en þessi stefna hefst þarna í Þýskalandi eftir fyrri heimsstyrjöld þegar rómantíkin hverfur í fyrri heimsstyrjöld. Svo var þetta nú hrikaleg saga því Sander lenti í nasistunum og þeir brenndu bókina hans sem hann var búinn að gefa út o.s. frv. Hann kom hins vegar filmunum sínum undan. Hélt svo eitthvað smávegis áfram eftir seinni heimsstyrjöldina en verður svo heimsfrægur eða menn uppgötva hann aftur þegar er sýning með honum á Fótókína í Köln um 1952 og heimsfrægur verður hann aftur þegar þrjár myndir eftir hann ferðast um með Family of Man sýningunni sem kom t.d. hingað til lands 1957. Steichen heyrir um hann í gegnum Fótókína sýninguna. Það er því í gegnum Family of Man

sýninguna að Sander verður svona þekktur almennt. Eftir það vita allir hver August Sander er. Það er ekki einn einasti maður í ljósmyndun eða listfræði sem ekki veit hver August Sander er. Það hafa verið skrifaðar þykkar bækur um hann, um hugmyndina á bak við þetta. Það er náttúrulega bara della. Það er svoleiðis þvælan sem búið er að skrifa um þennan mann því hann hafði bara gaman af því að lýsa mannverunum. Engir aðrir bakþankar. Fyrst og fremst frásögn. Svona lítur þessi út, svona lítur hinn út. Hann tók hverja stétt fyrir sig. Svo er búið að leggja alls konar meiningar í þetta hjá honum. Ég er viss um að August Sander er búinn að snúa sér tíu sinnum við í gröfinni yfir vitleysunni sem hefur verið skrifuð um hann.

Var sýningin þín, Fólk, undir einhverjum áhrifum frá frásagnarverkum Sanders af fólki?

Nei, sú sýning var ekki Sandersk. Sander er dálítið sérstæður ljósmyndari. Maður verður náttúrulega fyrir áhrifum frá þessum mönnum. Þetta var óskaplega fint og vel gerðir hlutir. Manni þykir vænt um það sem hann hefur gert. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég kynntist myndum Sanders fyrst. Ég held að það hafi verið í Danmörku en þar sá ég bækur með myndum eftir hann.

Hvert er viðhorf sjálfs þín til þessarar list-/iðngreinar? Hvað er listgrein og hvað er iðngrein? Rembrandt var iðnaðarmaður! Ha! Hann hafði verkstæði til að búa til myndir, selja samkvæmt pöntunum, hann hafði lærlinga sem máluðu fyrir hann hendur eða þetta eða hitt en það kalla hann allir listamann núna. Það er hægt að tjá sig með ljósmyndun eins og öllu öðru, teikningu, orði, tónlist, það er hægt að tjá sig, meiningar sínar eða upplifun eða frásögn í gegnum ljósmyndavélina. Það er hægt að gera þetta listrænt eða af list, skulum við segja. Orðið list þýðir bara kunnátta, sama á hvaða tungumáli. Þetta þýðir bara kunnátta, kundskab, kúnst, ars - artibus = þekking. Þetta er nákvæmlega það sama. Það hefur enginn náð að skilgreina þetta almennilega — nema tollurinn! Þar eru ljósmyndir ekki skilgreindar sem listaverk. Hreint og klárt. Íslenski tollurinn skilgreinir ljósmyndun ekki sem list. List er ekki virðisaukaskattskyld, það er hægt að flytja inn listsýningar og þarf ekkert að hafa neitt fyrir því. Það er enginn tollur, ekki neitt. Ef menn ætla hins vegar að flytja inn listsýningu sem inniheldur ljósmyndir eða ljósmyndasýningu þá þarf að leggja inn tryggingu fyrir virðisaukaskattinum. Þessu komumst við að 1992 þegar við héldum herna Norræna mótið, þá fengum við fimm erlendar

sýningar. Við þurftum að ganga persónulega í ábyrgð fyrir fjórum milljónum, fyrir virðisauka-skattinum af þessum sýningum af því að þetta var ekki list! Nákvæmlega. Skilgreiningin hjá tollinum er þessi. Þetta er ennþá svona.

Hafði það gildi fyrir þig á sínum tíma að kona þín var í listtengdu námi? Þ.e. snerti það viðhorf þitt til ljósmyndunar?

Já, þetta eru skyldir hlutir. Ég held að það hafi í og með haft áhrif á viðhorf mitt til ljósmyndunar. Maður er innan um þetta fólk sem er á Kunst-handverksskólanum. Maður er í þessum hóp og það hefur náttúrulega áhrif.

Hefurðu verið með á einhverjum samsýningum?

Jú, það var náttúrulega samsýningin sem Myndverk hélt á Kjarvalsstöðum. Ég hef verið með á Mandrama, heimssýningunni í Osaka í Japan. Tók myndir fyrir japanska sjónvarpið. Það var japanska sjónvarpið sem setti þessa mynd saman um mannlíf á öllum mögulegum stöðum í veröldinni. Stórt „show“. Ég man ekki eftir fleiri samsýningum. Það er ekki svo mikið um slíkt í þessu. Jú, ég sýndi með kunningja mínum sem er húsgagnahönnuður. Þar voru sem sagt ljósmyndir og húsgögn saman. Svo sýndi ég á sýningunni H₂O í Kaupmannahöfn en það var norræn listsýning.

III

Skrá yfir ljósmyndastofur sem starfræktar voru á árunum 1950-1970

Nafn Ljósmyndastofu	Heiti eigenda	Starfstími
REYKJAVÍK		
Ljósmyndastofa Ólafs Magnússonar Sigríður Zoëga og Co.	Ólafur Magnússon	1913-1954
	Sigríður Zoëga	1915-1955
	Steinunn Thorsteinson	1915-1955
Ljósmyndastofa Jóns Kaldal	Jón Kaldal	1925-1974
	Ingibjörg Kaldal	1974-1980
Ljósmyndastofa Lofts	Loftur Guðmundsson	1925-1952
	Ásgeir Kári Guðjónsson	1952-1996
Ljósmyndastofa Sigurðar Guðmundssonar	Sigurður Guðmundsson	1927-1978
	Inga Hrönn Pétursdóttir	1978-1992
	Alfred D. Jónsson	1931-1952
Ljósmyndastofa Alfreds D. Jónssonar Eddafoto	Guðmundur L. Hannesson	1931-1936
	Guðmundur L. Hannesson	1944-1981
	Vígfús Sigurgeirsson	1936-1984
Ljósmyndastofa Vigfúsar Sigurgeirssonar	Gunnar Geir Vigfússon	1968-
	Sigurhans Vignir	1939-um 1968
Ljósmyndastofa Sigurhans Vignis Filman	Þórarinn S. Sigurðsson	1946-1959
Ljósmyndastofa Jóns K. Sæmundssonar	Jón K. Sæmundsson	1946-1987
Ljósmyndastofa Carls Ólafssonar Asis	Carl Ólafsson	1947-1952
	Ingibjörg Sigurðardóttir	1947-1979
	Jóhanna Sigurjónsdóttir	1947-1979
	Hanna Brynjólfsdóttir	1952-1979
	Donald Ingólfsson	1979-1981
Ljósmyndastofan Erna og Eiríkur	Erna Theódórsdóttir	1949-1954
	Eiríkur Hagan	1949-1954
Ljósmyndastofa Hannesar Pálssonar Barnljósmyndastofan Stúdíó	Hannes Pálsson	Um 1950-
	Guðrún Guðmundsdóttir	1950-1967
	Guðmundur A. Erlendsson	1955-1961
	Gestur Einarsson	1955-1961
Ljósmyndastofa Péturs Thomsen Stjörnuljósmyndir	Pétur Thomsen	1957-1974
	Eliás Hannesson	Um 1956-1975
Hraðmyndir Ljósmyndastofa Þóris	Björn Pálsson	1959-
	Þórir Óskarsson	1959-
Oddur Ólafsson ljósmyndari Amatör	Oddur Ólafsson	1960-1963
	Oddur Þorleifsson	Um 1960-1996
Passamyndastofa Odds	Oddur Þorleifsson	1996-

Stúdíó Gestis	Gestur Einarsson	1961-1981
Stúdíó Guðmundar	Guðmundur A. Erlendsson	1961-1993
Ljósmyndastofa Óla Páls Kristjánssonar	Óli Páll Kristjánsson	1961-1972
Myndiðin	Leifur Þorsteinsson	1963-
	Oddur Ólafsson	1963-1964
	Ævar Jóhannesson	1964-1974
Ljósmyndast. Barna- og fjölskylduljósmyndir	Bjarni Jósef Friðfinnsson	1965-1985
	Gunnar Halldórsson	1985-1996
	Gunnar Leifur Jónasson	1996-
Nýja myndastofan	Hörður Hákonarson	1965-
Studio Mats	Mats Wibe Lund	1966-
Ljósmyndastofa Kristjáns Magnússonar	Kristján Magnússon	1967-
	Ingimundur Magnússon	Um 1980-1996
Ljósmyndastofa Gunnars Ingimarssonar	Gunnar Ingimarsson	1969-
Ljósmyndarar án stofu	Sigurður G. Norðdahl	1945-1974
	Sævar Halldórsson	1956-1983
	Gunnar Rúnar Ólafsson	1946-1965
	Ragnar Vignir	1949-1952
	Þorvaldur Ágústsson	1949-1972
AKRANES		
Ljósmyndastofa Ólafs Árnasonar	Ólafur Árnason	Um 1940-1991
	Guðmundur Garðarsson	1991-1996
ÍSAFJÖRÐUR		
Ljósmyndastofa Martinusar Simson	Martinus Simson	1918-1957
Ljósmyndastofa Jóns Aðalbjörns	Jón Aðalbjörn	1957-1972
Adda Aspelund	Arnþrúður (Adda) Aspelund	Um 1944-1960
SAUÐÁRKRÓKUR		
Pedersen ljósmyndaþjónusta	Stefán Pedersen	1958-
SIGLUFJÖRÐUR		
Kristfinnur Guðjónsson	Kristfinnur Guðjónsson	1944-1961
AKUREYRI		
Ljósmyndastofa Hallgríms Einarssonar	Hallgrímur Einarsson	1903-1948
	Kristján Hallgrímsson	1948-1963
	Jónas Hallgrímsson	1963- um 1977
Ljósmyndastofa Jóns og Vigfúsar	Jón Sigurðsson	1926-1956
	Vigfús L. Friðriksson	1926-1952
	Guðmundur R. Tíjámannsson	1926-1956
	Sævar Halldórsson	1952-1956
Eðvarð Sigurgeirsson	Eðvarð Sigurgeirsson	1936- um 1980
Guðmundur Tíjámannsson	Guðmundur R. Tíjámannsson	1956-1963
Filman	Sigurður Sveinn Stefánsson	1965- um 1973
Ljósmyndastofa Páls A. Pálssonar	Páll A. Pálsson	1967-
Kvikm., auglýsinga- og ljósmynd. Myndver	Matthías Gestsson	1968-1974

Ljósmyndarar án stofu	Ari Leó Björnsson	1945- um 1960
HÚSAVÍK		
Óli Páll Kristjánsson	Óli Páll Kristjánsson	1954-1961
Ljósmyndastofa Péturs	Pétur Jónasson	e. 1963-
ESKIFJÖRÐUR		
Ljósmyndastofa Vilbergs Guðnasonar	Vilberg Guðnason	1944-
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR		
Garðar Eyjólfsson	Garðar Eyjólfsson	1947-1954
VESTMANNAEYJAR		
Hörður Sigurgeirsson	Hörður Sigurgeirsson	1950-1960
Ljósmyndastofa Óskars Björgvinssonar	Óskar Björgvinsson	1963-
SELFOSS		
Ljósmyndastofa Suðurlands	Haukur Gíslason	1969-1987
	Gunnar Sigurjónsson	1987-1996
Filmverk	Gunnar Sigurjónsson	1996-
KEFLAVÍK		
Ljósmyndastofa Suðurnesja	Heimir Stígsson	1961-
HAFNARFJÖRÐUR		
Ljósmyndastofa Hafnarfjarðar	Anna Jónsdóttir	1930-1962
	Íris S. Sigurberg	1962-1997

Heimildir og heimildarmenn um starfstíma ljósmyndastofa

Ljósmyndasafn Reykjavíkur-Donald Ingólfsson	Iðnaðarmannatal Suðurnesja
Minjasafn Akureyrar-Hörður Geirsson	Jón Aðalbjörn Bjarnason
Þjóðminjasafn Íslands-Inga Lára Baldvinsdóttir	Jón Hannesson
	Jóhanna Sigurjónsdóttir
Ásgeir Kári Guðjónsson	Kennaratal
Birgir Thomsen	Kristján Magnússon
Björn Pálsson	Leifur Þorsteinsson
Guðmundur Garðarsson	Mats Wibe Lund
Guðrún Guðmundsdóttir	Oddur Ólafsson
Gunnar Halldórsson	Oddur Þorleifsson
Gunnar Ingimarsson	Páll A. Pálsson
Gunnar Leifur Jónasson	Ragnar Vignir
Gunnar Sigurjónsson	Símaskrá
Gunnar Geir Vigfússon	Sævar Halldórsson
Hörður Hákonarson	Stefán Pedersen
Hannes Pálsson	Þórir Óskarsson
Heimir Stígsson	Ævar Jóhannesson

Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970

Guðrún Harðardóttir

-
- 1 Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumörkun um viðgerð bæjarins. Þór Hjaltalín.
 - 2 Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús. Þór Hjaltalín.
 - 3 Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970. Guðrún Harðardóttir.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS